


# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**HELGARBLAÐ**
13. júní 2015
137. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl–júní 2014







ASQ 2014 WINNER

# BESTI
## flugvöllur Evrópu er orðinn
# BETRI

Nú er meira pláss, betri aðstaða, fjölbreyttari veitingar og meira vöruframboð á Keflavíkurflugvelli. Þannig verður besti flugvöllur Evrópu enn betri.

***Kynntu þér breytingarnar og nýjungarnar – sjáumst í KEF!***

KEF
KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR




# VERIÐ HJARTANLEGA
# **VELKOMIN**

*Aukinn farþegafjöldi kallar á meira rými og bætta aðstöðu. Nú stígur Keflavíkurflugvöllur stórt skref til að mæta aukningunni og búa sig undir framtíðina. Á nýju fríverslunarsvæði leggjum við áherslu á að veita farþegum fjölbreytta þjónustu í takt við mismunandi þarfir í mat, drykk og verslun. Verslanirnar bjóða stóraukið úrval af fatnaði, gjafavöru og íslensku handverki og veitingasvæðið er mun stærra en áður og úrvalið eftir því fjölbreyttara.*

*Íslensk menning og saga var innblástur fyrir hönnuði verslunarsvæðisins og heildarhönnun þess endurspeglar sérstöðu og margbreytileika landsins. Fjölmargir íslenskir hönnuðir og arkitektar komu að ferlinu, bæði við hönnun svæðisins í heild og einstakra verslana og veitingastaða.*




## FRÍHÖFNIN




Frábært úrval af íslenskri snyrtivöru, sælgæti og áfengi í bland við alþjóðleg vörumerki í hæsta gæðaflokki. Það finna allir eitthvað fyrir sig í Fríhöfninni.

## OPTICAL STUDIO




Gleraugu, linsur og tengdar vörur frá þekktustu framleiðendum á frábæru verði. Sjónmælingar og öll hefðbundin gleraugu afhent á innan við 15 mínútum.

## ELKO




Mikið úrval af vinsælustu raftækjunum. Öll helstu vörumerkin og verðið framúrskarandi hagstætt.

## PENNINN EYMUNDSSON




Úrval af bókum og tímaritum á íslensku og erlendum tungumálum. Gjafavara, ferðatöskur og ferðavara í úrvali.

## LOKSINS BAR




Mikið úrval af bjór, víni og snöfsum sem endurspegla íslenska framleiðslu. Notaleg kvöldstemning allan sólarhringinn.

## SEGAFREDO




Alþjóðlegt kaffihús fyrir kaffiþyrsta og kröfuharða. Ítalskur ís og glæsilegt úrval af brauðmeti, sætabrauði og drykkjum.

## MATHÚS




Vinaleg stemning og fjölbreyttur gæðamatur fyrir alla fjölskylduna. Morgunmatur, hádegisverður og kvöldverður.

## JOE & THE JUICE




Svalandi djúsar, heilsusamlegar samlokur og ilmandi kaffi, útbúið eftir pöntun í skemmtilegu andrúmslofti. Einnig frábært sem nesti í flugið.











# FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ
13. júní 2015
137. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## ÞAÐ VISSI ENGINN HVAÐ ÁTTI AÐ GERA VIÐ MIG

**Heiðar Logi Elíasson** segist hafa verið kolvitlaust barn. Hann passaði hvergi inn í skóla, var á stórum Rítalín-skammti og ólst upp á barnageðdeild. Hann hætti ungur að drekka og lét drauma sína rætast. Heiðar er fyrsti atvinnumaðurinn á brimbretti á Íslandi. ▶ 24



MYND/ERLENDUR THOR MAGNÚSSON



**BREYTTIST Í FEMÍNISTA**
Halla Tómasdóttir fann að kvenlæg gildi hennar gerðu hana að betri stjórnanda. ▶32
















# FRÉTTIR

## VEÐUR



Í dag er útlit fyrir ágætt veður, með hægri norðanátt, annars skýjað með köflum og dálítlar skúrir á Austfjörðum. Hiti 5 til 13 stig, hlýjast suðvestan til.

SJÁ SÍÐU 46

## GLEÐIFRÉTTIN

### Stuttmynd verðlaunuð

Hjónabandssæla, stuttmynd Jörundar Ragnarssonar, hlaut verðlaun fyrir besta handritið á hinni virtu Tel Aviv International Student Film Festival í vikunni. Mynd Jörundar hefur einnig verið verðlaunuð á hátíðum í New York, Prag og Montreal.



## FIMM Í FRÉTTUM HAFTALOSUN OG KVENNAÞING



**Lee Buchheit,** lögfræðingur sem var íslenskum stjórnvöldum til ráðgjafar við losun hafta, sagðist eiginlega vera orðlaus um lausnina á losun hafta. Ríkisfjármálin stórbatni og lánshæfismatsfyrirtækin horfi til þess.



**Bryndís Kristjánsdóttir** skattrannsóknarstjóri greindi frá því að gengið hefði verið frá kaupum á gögnum sem tengja Íslendinga við skattaskjól.



**Sigríður H. Jörundsdóttir,** sagnfræðingur á Landsbókasafninu, hefur hafið söfnun frásagna þeirra kvenna sem hafa stigið fram undir formerkjunum #þöggun og #konurtala.



**Birgir Jakobsson** landlæknir sagði stjórnvöld bera ábyrgð á að ljúka verkföllum með einum eða öðrum hætti.

**➜ Ragnheiður Ríkharðsdóttir,** formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, lagði til hreint kvennaþing til tveggja ára, 2017 til 2019.





**SPILLING** Forseti Gvatemala segir það stjórnarskrárbundna skyldu sína að segja ekki af sér embætti þegar á móti blæs. NORDICPHOTOS/AFP

Forseti Gvatemala hyggst ekki segja af sér embætti:

## Sætir rannsókn fyrir spillingu

**GVATEMALA Forseti Gvatemala, Otto Perez Molina, sagði á blaðamannafundi í gær að hann hygðist ekki segja af sér en forsetinn sætir nú rannsókn fyrir spillingu eftir að hæstiréttur samþykkti kröfu stjórnarandstöðunnar þar í landi um að rannsaka bæri athæfi hans.**

**Perez stendur frammi fyrir því að friðhelgi hans sem forseta verði afnumin og því verði hann sakhæfur.**

**Forsetanum er gefið að sök að hafa hylmt yfir með hátt settum tollvörðum. Tollverðirnir þáðu mútur frá viðskiptajöfrum sem forðast vildu að borga skatta.** - þea

Ný skýrsla um líðan barna:

## Stríðni eykst í Fjarðabyggð

**SKÓLAMÁL** Börn í Fjarðabyggð á Austfjörðum eru vinafærri og stríðni hefur aukist á meðal drengja.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu sem lögð var fram á fundi fræðslunefndar Fjarðabyggðar á miðvikudag. Skýrslan tók til barna í fimmta til sjöunda bekk.

Í skýrslunni kemur jafnframt fram að nemendur upplifi í auknum mæli að þeir séu hafðir út undan af jafningjum. - snæ

Fjórtán ára nemi handtekinn:

## Nemi stakk kennara sinn

**BRETLAND** Fjórtán ára grunnskólanemandi í Bretlandi hefur verið handtekinn vegna gruns um tilraun til manndráps. Frá þessu greinir BBC.

Drengurinn stakk fimmtugan kennara sinn í grunnskólanum Dixons Kings Academy í gærmorgun og lagði svo á flótta.

Kennarinn var í kjölfarið fluttur á sjúkrahús en ekki er talið að hann hafi hlotið innvortis blæðingar. Samkvæmt upplýsingum lögreglu er ástand hans stöðugt. - ngy

# Sakar ABC á Íslandi um mútur í Kenía

Þórunn Helgadóttir hefur helgað líf sitt hjálparstarfi fyrir ABC barnahjálp í Kenía. ABC á Íslandi sagði henni upp störfum en Þórunn heldur starfinu ótrauð áfram. Miklar deilur standa nú milli félaganna tveggja. Þórunn segir að framkoma ABC á Íslandi sé siðlaus.

**SAMFÉLAG** „Ég hef byggt upp starfið í Kenía síðan 2006 í samstarfi við samtökin á Íslandi og hef helgað líf mitt starfinu í Kenía og svo halda þau bara að þau geti tekið það allt af mér,“ segir Þórunn Helgadóttir, formaður ABC barnahjálpar í Kenía.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að deilur stæðu nú á milli ABC barnahjálpar í Kenía og ABC barnahjálpar á Íslandi. Þá var greint frá því að Þórunni hefði verið sagt upp störfum hjá ABC barnahjálp en hún væri föst á því að staða hennar í Kenía væri óbreytt, enda væri um tvö sjálfstæð félög að ræða. ABC barnahjálp á Íslandi heldur því hins vegar fram að félagið eigi ABC í Kenía og að Þórunn sé ekki lengur starfsmaður.

„Ég er með samstarfssamning í höndunum sem sýnir það skýrt að félögin eru tvö sjálfstæð félög og hafa samtökin því enga heimild til þess að segja mér upp,“ segir Þórunn og bætir við að samkvæmt lögum í Kenía reki hún félagið.

Árið 2006 fór Þórunn til Kenía fyrir hönd ABC til að skoða aðstæður fyrir uppbyggingu nýs skóla í fátækrahverfum í Naíróbí. Allar götur síðan hefur Þórunn helgað líf sitt hjálparstarfinu í Kenía og verið formaður félagsins.

„Þetta er ótrúlega sársaukafullt og við eiginmaður minn höfum lagt allt okkar líf í starfið og séð til þess að halda hjálparstarfinu á floti.”

Þá sakar Þórunn ABC barnahjálp á Íslandi um mútur. Hún segir að stjórnin á Íslandi beri fé í einstaka starfsmenn innan skólans í Kenía. „Þetta gera þau til þess að fá starfsmennina til að taka yfir skólann með valdi og taka yfir okkar starfsemi með valdi,“ segir Þórunn sem kveðst hafa áreiðanlegar heimildir fyrir ásökunum sínum. „Mér finnst þessi framganga siðlaus.“

Þá segir Þórunn að verst finnist henni að í kjölfar samstarfsslita félaganna missi hún styrktaraðila sem félagið í Kenía hafði fyrir milligöngu félagsins á Íslandi. „Það eru engir peningar að berast til félagsins úti núna og við missum þá styrktaraðila sem við höfum haft,“ segir hún.

Þórunn telur uppsögnina hafa komið í kjölfar þess að hún hafi ekki talið heppilegt að sameinast sænskum samtökum sem ABC barnahjálp á Íslandi hefur ákveðið að gera. „Það er ekkert sem við höfum gert í okkar starfi sem kallar á þessa framkomu af hálfu félagsins á Íslandi.“ nadine@frettabladid.is



**ÓSÁTT** „Þetta gera þau til þess að taka yfir okkar starfsemi með valdi,“ segir Þórunn Helgadóttir. MYND/GUNNARSALVARSSON

> **Þetta er ótrúlega sársaukafullt og við eiginmaður minn höfum lagt allt okkar líf í starfið og séð til þess að halda hjálparstarfinu á floti.**
> *Þórunn Helgadóttir, formaður ABC barnahjálpar í Kenía*






Meirihluti mála sem hafa verið rannsökuð er í viðskiptafræðideild:

# Fimm mál á Félagsvísindasviði

**MENNTAMÁL** „Sex mál komu á borð sviðsforseta á árinu 2014 vegna gruns um ámælisverða háttsemi,“ segir Daði Már Kristófersson, forseti Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands, um rannsóknir sviðsins vegna gruns um ámælisverða háttsemi nemenda innan deilda þess.



**DAÐI MÁR KRISTÓFERSSON**

Fréttablaðið hefur undanfarið fjallað um ámælisverðar lokaritgerðir sem viðskiptafræðideild Háskóla Íslands hefur til rannsóknar. Um tvö mál hefur verið fjallað á skömmum tíma. Annars vegar mál nýútskrifaðs háskólanema sem útskrifaðist með lokaritgerð þar sem þrjú viðtöl virðast fölsuð og hins vegar meintan ritstuld í lokaritgerð útskrifaðs viðskiptafræðinema frá árinu 2013.

Fjögur af þeim sex málum sem komu á borð sviðsforseta Félagsvísindasviðs á árinu 2014 voru vegna nemenda í lagadeild. Þá var eitt mál vegna nemanda í félags- og mannvísindadeild og eitt vegna nemanda í viðskiptafræðideild.

Samkvæmt upplýsingum frá Félagsvísindasviði Háskóla Íslands hafa þrjú mál vegna gruns um ámælisverða háttsemi nemenda verið rannsökuð á árinu 2015. Eitt mál vegna nemanda í lagadeild, annað vegna nemanda í stjórnmálafræðideild og það þriðja vegna nemanda í viðskiptafræðideild.

„Nýlega komu síðan upp tvö mál í viðskiptafræðideild. Þar stendur rannsókn yfir, sem ljúka mun innan tíðar,“ segir Daði um fyrrnefnd mál sem Fréttablaðið fjallaði um. - ngy



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Eitt málanna er vegna nemanda í lagadeild og annað vegna nemanda í stjórnmálafræði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




KRINGLAN.IS #KRINGLANICELAND FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

PIPAR\TBWA · SÍA

## 07.06.2015 → 12.06.2015



**50%** kvenna hafa verið áreitt kynferðislega við vinnu sína samkvæmt nýjum rannsóknum. Konur eru líklegri til að vera áreittar af yfirmönnum sínum og upplifa meiri öryggisskort en karlar.



**8** MILLJARÐA hefðu íslenskir neytendur sparað sér á ári frá 2011 til 2013 ef boðið hefði verið upp á innflutning á mjólkurfurðum samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ.



Á **11.** hverri mínútu býr starfsfólk við ónæði á vinnustað sínum vinni það í opnu rými samkvæmt niðurstöðu alþjóðlegrar rannsóknar.




Íslenskar konur fá ávísað rúmlega **30** ÞÚSUND dagskömmtum af svefnlyfjum á hverjar þúsund konur á hverju ári á Íslandi í dag.



**861** dvalarleyfi var gefið út af Útlendingastofnun á fyrsta fjórðungi ársins. Flest þeirra voru veitt Bandaríkjamönnum.



**13,3%** landsmanna hafa aldrei lesið bækur og hefur sá hópur næstum tövfaldast á fjórum árum.



**FYRRVERANDI HERTOGAYNJA** Kristín á að hafa svikið út opinbert fé. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Svipt hertogaynjutigninni:

## Prinsessan gæti endað í fangelsi

**SPÁNN** Filipus Spánarkonungur hefur svipt systur sína, Kristínu prinsessu, titlinum hertogaynja af Palma.

Hún, ásamt eiginmanni sínum, Inaki Urdangarin, mætir fyrir dómstóla vegna ásakana um skattsvik. Þau eiga að hafa svikið út opinbert fé upp á 5,6 milljónir evra eða rúmlega 800 milljónir íslenskra króna í gegnum íþróttasamtök Urdangarin.

Þau hafna bæði ásökunum en ef þau eru sakfelld eiga þau yfir höfði sér fangelsisvist. - srs

Framleiðsla sjávarafurða:

## Minna útflutningsverðmæti

**SJÁVARÚTVEGUR** Árið 2014 nam verðmæti útflutningsframleiðslu sjávarafurða rúmum 248 milljörðum króna og dróst saman um 15 prósent frá fyrra ári. Er þar um að ræða samtölu útflutnings og birgðabreytinga sjávarafurða. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands.

Framleiðslan mæld á föstu verði dróst saman um 7,1 prósent. Fluttar voru út sjávarafurðir að verðmæti 272 milljarða króna, sem er um 10,5 prósenta samdráttur milli ára og í magni um 16,7 prósent. - ngy

# Róstusamt í ræðustólnum

Athygli vakti að landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra flutti frumvarp um bann á verkföll BHM og hjúkrunarfræðinga í stað forsætisráðherra. Frumvarpið verður að öllum líkindum samþykkt sem lög í dag.

**STJÓRNMÁL** Það kom mörgum stjórnarandstæðingum í opna skjöldu á þingfundi í gær að Sigurður Ingi Jóhannsson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, mælti fyrir frumvarpinu en ekki Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra.

„Við höfum lengi kallað eftir því að fram færi samtal og umræða um þessi mál en við höfum greinilega talað við vitlausa menn,“ sagði Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar.

„Við gerðum okkur ekki grein fyrir því að hæstvirtur ráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, færi með kjaramál. Því spyr ég nú, hví varð landbúnaðarráðherra ekki við kröfum okkar um að taka kjaramál til umræðu?“

Mikil ólga var á Alþingi í gær undir umræðum um lög á verkfall Bandalags háskólamanna og hjúkrunarfræðinga.

Umræður um frumvarpið stóðu enn á Alþingi þegar Fréttablaðið fór í prentun en að öllum líkindum verður fjallað um málið í allsherjar- og menntamálanefnd í dag og málinu lokið í seinni umræðum í kjölfarið.

Frumvarpið sem Sigurður Ingi lagði fram bannar allar vinnustöðvanir og aðgerðir til að knýja fram kjarabætur. Hafi deiluaðilar ekki skrifað undir kjarasamninga fyrir 1. júlí skal Hæstiréttur skipa þrjá menn í gerðardóm sem ákveður kaup og kjör félagsmanna þeirra stéttarfélaga sem um ræðir. Gerðardómur skal taka mið af kjörum þeirra stétta sem teljast sambærilegar í menntun, störfum, vinnutíma og ábyrgð. Auk þess skal gerðardómur gæta að stöðugleika efnahagsmála.

Hiti var í þingmönnum en meðal annars voru gerð hróp og köll að Gunnari Braga Sveinssyni utanríkisráðherra þegar hann sakaði stjórnarandstöðuna um kjarkleysi og hlaut Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata, lófatak úr áhorfendastúkum þegar hann hvatti þingheim til að leita annarra lausna en að setja lög á verkfallið.

Við upphaf þingfundar voru félagsmenn BHM og Félags hjúkrunarfræðinga mættir á Austurvöll til að mótmæla frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Hljóðið var þungt í fólki.

„Það er bara hörmuleg niðurstaða,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, um lagasetningu á verkföllin.

„Versta mögulega niðurstaða. Við höfum samningsrétt samkvæmt stjórnarskrá og viljum semja um kaup okkar og kjör. Fólk er mjög reitt, það er vonsvikið og finnst það hafa verið niðurlægt í þessu langa ferli. Við höfum ekki fengið alvöru samningaviðræður. Ríkið gerði ekkert til að reyna að koma í veg fyrir verkföllin. Staðan er mjög alvarleg.“

stefanrafn@frettabladid.is
snaeros@frettabladid.is



**ALVARLEG STAÐA** Stjórnarandstaðan segir ráðamenn loka augunum gagnvart vanda heilbrigðiskerfisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**„Hvernig var það þegar núverandi stjórnarandstaða setti lög á flugvirkja? Hvernig var umræðan hérna þá? Var það hroki og hræsni sem þá var um að ræða?**

*Gunnar Bragi Sveinsson*



**„Okkur er boðið upp á það með engum fyrirvara að þessi ríkisstjórn ætli að leysa þessar vinnudeilur einmitt í þingsölum með lagasetningu.**

*Katrín Júlíusdóttir*




**Nicorette® QuickMist munnholsúði, lausn** (inniheldur nikótín, inniheldur hjálparefnið etanól/alkohól, innan við 100 mg af etanóli/úða) er ætlaður til meðferðar við tóbaksfíkn með því að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum. Helst á að nota lyfið samhliða atferlismeðferð ásamt stuðningi. **Skammtar:** Hætta skal reykingum á meðan meðferð stendur. Börn yngri en 18 ára eiga ekki að nota lyfið. Fullorðnir: Nota má allt að 4 úða á klst. en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun og ekki fleiri en 64 úða á 16 klst. á sólarhring. Eftir 6 vikna meðferð á að byrja að draga úr daglegum úðafjölda. Ekki er mælt með notkun lengur en 6 mánuði. Sumir geta þurft meðferð í lengri tíma til að koma í veg fyrir bakslag. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna. Þeir sem aldrei hafa reykt. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skal einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar og leita ráða hjá lækni við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa fengið ofnæmisbjúg eða ofsakláða, eru með skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, sykursýki, ómeðhöndlað skjaldvakaóhóf, krómfíklaæxli, skeifugarnar- eða magasár eða vélindabólgu. Yfirfærð ávanabinding getur komið fyrir. Gæta skal þess að úða ekki í augu. **Aðgát í návist barna:** Nikótínskammtar sem fullorðnir þola geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir litlum börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. **Meðganga og brjóstagjöf:** Eingöngu skal nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst til fósturs og hefur áhrif á öndunarhreyfingar og blóðrás þess. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

IS/NIC/2014-12-Q-1

BEIN LEIÐ Í 40 ÁR

1975 | Bílabúð Benna | 2015

# AFMÆLISHÁTÍÐ

## BÍLABÚÐAR BENNA

**Í DAG LAUGARDAG, FRÁ KL. 12:00 TIL 16:00, AÐ VAGNHÖFÐA 23**

Bílabúð Benna er 40 ára og býður til afmælishátíðar af því tilefni.
Skemmtidagskrá og hressing fyrir alla fjölskylduna.

Sirkus Íslands | Lína Langsokkur | Sólin(n) frá Sandgerði | Andlitsmálun | Leiktæki
Pylsur og gos | Íspinnar | Blöðrur | Afmæliskaka | Afmælisleikur | Bílasýning

**DAGSKRÁ:**

**12:00** Hátíðin hefst
**13:30** Sirkus Íslands með sýningu
**14:00** Lína Langsokkur sýnir listir sínar
**14:45** Sólin(n) frá Sandgerði með Kidda Casíó í fararbroddi
**16:00** Hátíðinni líkur




ÖLGERÐIN
Kjörís

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum




**BARÁTTUANDI** Hjúkrunarfræðingar fjölmenntu á Austurvöll og á þingpalla í gær þegar umræða fór fram um lög á verkfall þeirra og BHM. Þungt hljóð var í fólki, en mikill baráttuandi og samstaða ríkti í hópnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Segja upp og fara

Hjúkrunarfræðingar segja stjórnvöld senda þeim fingurinn með fyrirhugaðri lagasetningu á verkfall. Mikill fjöldi hyggst segja starfi sínu lausu. Börn og makar fylgja hjúkrunarfræðingum sem ætla að leita nýrra starfa í nágrannalöndunum.

**KJARAMÁL** Þolinmæði hjúkrunarfræðinga fyrir láglaunastefnu stjórnvalda er að þrotum komin. Þetta segir hjúkrunarfræðingur sem staddur var ásamt um tvö hundruð öðrum að mótmæla á Austurvelli í gær.

Fjölmargir hjúkrunarfræðingar voru mættir fyrir framan Alþingishúsið þegar þingfundur átti að hefjast klukkan tíu í gærmorgun. Þrátt fyrir að þingfundi væri frestað til hálftvö síðdegis létu hjúkrunarfræðingar engan bilbug á sér finna.

Fréttablaðið ræddi við fjölmarga viðstadda og var hljóðið í þeim allt á einn veg. Ástandið væri ekki lengur viðunandi og ef lög yrðu samþykkt á verkfallið væri ekkert annað í stöðunni en að segja starfi sínu lausu.

Margir höfðu þegar útvegað sér leyfi til að starfa erlendis og voru farnir að skipuleggja flutninga með fjölskyldum sínum.

Aðeins einn hjúkrunarfræðingur sem Fréttablaðið ræddi við sagðist ætla að starfa áfram á Landspítalanum sama hvað á dyndi, hún ynni starfið af hugsjón en ekki vegna launanna sem væru skammarlega lág.

Verkfall hjúkrunarfræðinga hófst þann 27. maí síðastliðinn og hefur því staðið yfir í rúmar tvær vikur. Um 1.500 hjúkrunarfræðingar hafa lagt niður störf, en um 600 þeirra manna öryggislista sem eru í gildi.

BHM og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga sendu alþingismönnum áskorun um að hafna lögum ríkisstjórnarinnar. Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, og Ólafur G. Skúlason, formaður FÍH afhentu Einari K. Guðfinnssyni, forseta Alþingis áskorunina. Einar lofaði að gera þingheimi grein fyrir henni.

snaeros@frettabladid.is

## Hér stöndum við á meðan heilbrigðiskerfið er eyðilagt



### MÆLIRINN FULLUR

**Unnur Guðjónsdóttir**, hjúkrunarfræðingur hjá Heilsugæslu Reykjavíkur, er ákveðin í því að segja starfi sínu lausu verði lög samþykkt á verkfall hjúkrunarfræðinga. „Það er ekki boðlegt að vera í þessu starfi. Það er verið að biðja okkur um að segja upp.“ Hún er ekki einn þeirra hjúkrunarfræðinga sem sögðu starfi sínu lausu til að knýja fram samninga snemma árs 2014. „En nú er mælirinn fullur,“ segir Unnur.



### STJÓRNVÖLD SENDA FINGURINN

„Ég mun íhuga að flytja verði lög sett á verkfallið. Maðurinn minn, sem er sjúkraliði, tók ekki illa í það í gærkvöldi,“ segir **Anna Guðríður Gunnarsdóttir,** verkefnastjóri ung- og smábarnaverndar hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Anna segir að þrátt fyrir nokkrar meistaragráður nemi laun hennar fjögur hundruð þúsund krónum á mánuði. „Þetta er auðvitað ekki boðlegt. Stjórnvöld eru bara að senda okkur fingurinn.“



### ÖLL FJÖLSKYLDAN FÆRI MEÐ

**Árný Daníelsdóttir** er sérfræðimenntaður svæfingar- og bráðahjúkrunarfræðingur. Hún segir að lög á verkfall muni verða þess valdandi að hún íhugi alvarlega framtíð sína og segi upp hjá Landspítalanum. „Ef lögin verða staðreynd þá mun ég segja upp. Ég er ákveðin.“ Hún segir að fari svo muni hún, líkt og margir aðrir hjúkrunarfræðingar, leita sér að vinnu erlendis. „Ég er með norska hjúkrunarleyfið og mun sennilega finna mér vinnu úti með mína tvöföldu sérmenntun,“ segir Árný. „Ég á þrjá unglinga og mann og við munum öll flytja.“



### RÁÐAMENN MEÐ HELGISLEPJU OG HRÆSNI

„Mér finnst þetta til skammar fyrir þessa þjóð,“ segir **Ingibjörg H. Elíasdóttir**, hjúkrunarfræðingur og heilbrigðisfulltrúi hjá Reykjavíkurborg. „Þetta er barátta allra hjúkrunarfræðinga. Ég er hér til að sýna samstöðu með minni stétt og sjálfri mér.“ Ingibjörg segir kaldhæðnislegt að hjúkrunarfræðingar, sem kvennastétt, þurfi að mótmæla lökum kjörum þegar hundrað ár eru síðan konur fengu kosningarétt. „Maður var búinn að láta sig hlakka til að halda upp á 19. júní en svo er sparkað í mann liggjandi. Svo munu ráðamenn vera hér með helgislepjuna og hræsnina, talandi um hvað konur eru mikilvægar og flottar og hvað við höfum það gott,“ segir Ingibjörg. „Hér stöndum við á meðan það er verið að eyðileggja heilbrigðiskerfið.“



Frá kr.
109.900
Bókaðu sól á
Krít
22. júní í 10 nætur

Krít grípur alla sem þangað koma með sinni einstöku menningu og sögu, landslagi og ekki síst viðmóti eyjaskeggja sem hafa sinnt ferðamönnum af sinni alkunnu snilld svo áratugum skiptir án þess þó að tapa sérkennum sínum. Hér er enn að finna ekta gríska menningu í þorpunum þar sem menn og konur hittast undir húsvegg eða á kaffihúsum í lok dags og skrafa saman um daginn og veginn.

Maleme Mare
Frá kr. 131.900 m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 131.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 156.900 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.

SÉRTILBOÐ
m/allt innifalið

Marina Sands
Frá kr. 115.900 m/morgunmat
Netverð á mann frá kr. 115.900 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 132.900 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.

SÉRTILBOÐ
m/morgunmat

Omega
Frá kr. 109.900
Netverð á mann frá kr. 109.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 126.900 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.

SÉRTILBOÐ

Stökktu
Frá kr. 109.900 m/morgunmat
Netverð á mann frá kr. 109.900 m.v. 2-3 í íbúð/stúdíó/herbergi.
Frá kr. 139.900 m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr.139.900 m.v. 2-3 í íbúð/stúdíó/herbergi.

STÖKKTU

ENNEMM / SIA • NM68057 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
Akureyri • Sími 461 1099
www.heimsferdir.is
Heimsferðir


Vegabréf
2015
Náðu í Vegabréf N1 á næstu N1 stöð og byrjaðu strax að safna stimplum. Við hvern stimpil færðu skemmtilega stimpilgjöf.
Þegar Vegabréfið er fullstimplað skilarðu því inn á næstu N1 stöð og getur átt von á glæsilegum vinningum.
Samtals 100 vinningar!
Vinningar
Fjölskylduferð til Tenerife í viku í vetur 1x
Heimsferðir
3x Landmann ferðagasgrill
3x PlayStation 4 leikjatölva
3x Samsung S6
30x SKJÁREINN Áskriftarpakki í 3 mánuði
30x serrano Gjafabréf 5.000 kr
30x SAFFRAN Máltíð fyrir fjóra
Vegabréf 2015
N1
Það rignir stimpilgjöfum á N1 í sumar!
Hluti af ferðasumrinu
N1

Halda tónlistar- og grillhátíð:

## Kótelettur grillaðar til góðs

**SAMFÉLAG** Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna og Golfklúbburinn Tuddi hafa tekið höndum saman og halda fyrstu styrktarsölu á grilluðum kótelettum á tónlistar- og grillhátíðinni Kótelettunni BBQ Festival sem fram fer á Selfossi dagana 12. til 14. júní.

Allur ágóði af kótelettusölu rennur óskiptur til Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna. Markmiðið er að selja fimmtán þúsund kótelettur á hátíðinni sem gefnar eru af Golfklúbbnum Tudda. - ngy

Heilsugæslulæknar á Akureyri eru of fáir að mati forstjóra Heilbrigðisstofnunar Norðurlands:

# Ekki hægt að tryggja öllum heimilislækni

**AKUREYRI** Heimilislæknar á Akureyri eru ekki nægilega margir til að allir íbúar bæjarins geti fengið sinn heimilislækni. Jón Helgi Björnsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, segist ekki vita hversu margir Akureyringar eru án heimilislæknis en þeir séu talsvart margir.

„Þetta er vandamál okkar á Akureyri að það eru ekki nógu margir fastráðnir læknar við störf á heilsugæslunni í bænum. Við þyrftum að vera með um þrettán lækna en erum einungis með sjö lækna nú. Þetta vandamál hefur verið viðloðandi í nokkuð langan tíma en við vonum að við getum ráðið í stöður til að bæta ástandið.“ segir Jón Helgi.

Fastráðnum læknum á Akureyri hefur fækkað á Akureyri að sögn Jóns Helga og hafa námslæknar verið áberandi á heilsugæslunni. Í lok síðasta árs var heilsugæslan færð frá sveitarfélagi til ríkisins.

„Það er erfitt að ráða fasta lækna alls staðar, ekki bara á Akureyri,“ segir Jón Helgi. „Hins vegar vonum við að þeir námslæknar sem koma til okkar vilji vera áfram og því bindum við vonir um að snúa þessu við og höfum góðar vonir um að eitthvað af þeim læknum fari í fastar stöður hjá okkur.“ - sa



**VANTAR FIMM** Að mati forstjóra Heilbrigðisstofnunar Norðurlands þarf að ráða fimm heilsugæslulækna. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR






**KOSNINGABARÁTTAN** Helle Thorning-Schmidt forsætisráðherra á atkvæðaveiðum. NORDICPHOTOS/AFP

# Þráttað um árangurinn

Svo mjótt er á mununum í dönsku kosningabaráttunni að engin leið er að spá með neinu öryggi um það hvor blokkin verður ofan á, sú rauða eða bláa. Kosið verður til þings á fimmtudaginn í komandi viku.

**DANMÖRK** Fyrst eftir að Helle Thorning-Schmidt forsætisráðherra tilkynnti í lok maí að efnt yrði til kosninga núna 18. júní virtist allt stefna í að hægri flokkarnir, undir forystu Lars Løkke Rasmussen, myndu fella stjórnina.

Þetta nokkurra prósenta forskot bláu blokkarinnar svonefndu er nú horfið. Samkvæmt skoðanakönnunum skiptast kjósendur nánast hnífjafnt á milli fylkinganna.

Stóru flokkarnir tveir skiptast á um að kynna ný loforð til að laða að kjósendur, þar sem áherslurnar hafa meðal annars verið á atvinnumál, umhverfismál, skatta og flóttamannastrauminn til Danmerkur.

Á fimmtudagskvöldið mættust svo leiðtogar þeirra, þau Thorning-Schmidt og Løkke, í sjónvarpseinvígi, því þriðja sem efnt er til í þessari kosningabaráttu. Þar þrættu þau um það hvoru þeirra kjósendur gætu þakkað hagvöxt síðustu ára.

„Við höfum séð til þess að Danmörk er komin út úr kreppunni, og nei, Lars Løkke, það ert ekki þú sem hefur séð til þess. Það er mín pólitík sem hefur séð til þess,“ sagði forsætisráðherrann.

„Nú þykir mér, ærlega talað, að þú sért að skreyta þig með lánsfjöðrum,“ svaraði Løkke.

„Það ert þú sem ert að skreyta þig með lánsfjöðrum,“ svaraði þá Thorning-Schmidt.

Sitt sýndist hverjum um það hvort þeirra hafði betur í einvíginu.

Samkvæmt skoðanakönnun, sem birt var í Jótlandspóstinum í gær, segjast nærri 70 prósent Dana ekki hafa það á tilfinningunni að danskir stjórnmálamenn taki skoðanir og áhyggjur kjósenda alvarlega.

Almennt hefur tiltrú Dana á stjórnmálamönnum dalað mjög á síðustu árum.

gudsteinn@frettabladid.is

### → Flokkarnir í Danmörku

| | Kosningar 15. sept. 2011 | Skoðanakönnun Gallup 12. júní 2015 |
|---|---|---|
| **Rauða blokkin** | | |
| Sósíaldemókratafl. | 24,8 | 26,5 |
| Róttæki vinstrifl. | 9,5 | 4,8 |
| Sósíalíski þjóðarfl. | 9,2 | 4,7 |
| Einingarlistinn | 6,7 | 9,3 |
| Alternativet | – | 4,4 |
| **Samtals** | **50,2** | **49,7** |
| **Bláa blokkin** | | |
| Venstre, Frjálsl. fl. | 26,7 | 20,8 |
| Danski þjóðarfl. | 12,3 | 17,5 |
| Frjálslynda bandal. | 5 | 6,8 |
| Íhaldsflokkurinn | 4,9 | 4,3 |
| Kristilegir demókr. | 0,8 | 0,1 |
| **Samtals** | **49,7** | **50,1** |



SIMPLY CLEVER

ŠKODA







# Í dag höldum við SKODA-daginn hátíðlegan frá kl. 12 til 16

Fullkomin uppskrift að góðum laugardegi:

- **Reynsluakstur á liprum SKODA**
- **Glæsilegt úrval SKODA-bifreiða**
- **Pylsur, gos og blöðrur fyrir alla**

Glæsileg hönnun SKODA nær niður í minnstu smáatriði og gerir aksturinn skemmtilegri hvert sem þú ferð. Það er engin tilviljun að SKODA eru margverðlaunaðir og gæðin þekkja SKODA-eigendur á Íslandi best.

**Komdu og njóttu góðs dags með okkur!**



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · www.skoda.is



**Í SELALAUG** Tvær urtur í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum hafa nú kæpt kópum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJÉTUR

Ung simla og sprækir kópar:

## Fjölgun villtra dýra í Laugardal

**NÁTTÚRA** Fjölgun hefur orðið í hópi villtu dýranna í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal.

Simlan Regína bar hreinkálfi laugardaginn 30. maí. en það var í fyrsta skipti í sjö ár sem hreinkálfur lítur dagsins ljós í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Kálfurinn sem er simla braggast vel.

Faðirinn er tarfurinn Tindur sem var fluttur í garðinn af Fljótsdalsheiði fyrir tveimur árum. Fjölgun hefur einnig orðið í selalauginni en tvær urtur hafa kæpt kópum. **- ngy**

Morð á börnum í Palestínu:

## Hreinsa herinn af ásökunum

**ÍSRAEL** Rannsókn á morði Ísraelshers á fjórum palestínskum drengjum í júlí í fyrra hefur hreinsað herinn af öllum ásökunum um misbresti í árás hersins.

Skýrslan sem fylgdi rannsókninni greinir frá því að drengirnir voru við herstöð Hamas-samtakanna og að hermenn Ísraelshers sem beittu flugskeytum á þá hafi ekki getað gert greinarmun á drengjunum og Hamas-liðum. **- srs**

# Fórnarlamb þurfti að skipta um skóla

Þingfesting var í hópnauðgunarmálinu í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Fimm menn eru ákærðir en þeir neita allir sök. Fórnarlambið, sem er undir lögaldri, þurfti að flytja úr sveitarfélaginu sem hún bjó í og skipta um skóla vegna málsins.

**LÖGREGLUMÁL** „Við vonumst auðvitað til þess að þeir verði sakfelldir,“ segir Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir, réttargæslumaður fórnarlambsins í hópnauðgunarmálinu. Mál fimmmenninganna sem gefið er að sök að hafa nauðgað sextán ára stúlku í samkvæmi í Breiðholti í fyrra var þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Fórnarlambið var sextán ára þegar atvikið átti sér stað. „Brotaþoli hefur þurft að flýja heimili sitt ef við tölum hreint út. Hún hefur þurft að flýja heimili sitt og hefur búið annars staðar. Það er mjög erfitt í svona litlu samfélagi þegar það eru fimm aðilar sem ganga í sama skóla,“ segir Ingibjörg.



**HANDTEKNIR** Mennirnir fimm voru allir úrskurðaðir í gæsluvarðhald þegar málið kom upp í maí í fyrra. Þeir neita nú allir sök. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Foreldrar stúlkunnar fara fram á rúmar tíu milljónir króna í miskabætur fyrir hönd hennar. „Það var gerð há bótakrafa í málinu sem lýsir því hversu alvarlegt málið er. Þetta er einstaklega erfitt mál.

Það er mjög alvarlegt þegar svona hlutir koma upp og þú ert sextán ára og þarft að flytja í annað sveitarfélag.“

Eins og áður hefur komið fram lýstu fjórir mannanna sig saklausa við þingfestingu málsins í héraðsdómi í gær. Sá fimmti er búsettur í Svíþjóð en hann neitar líka sök.

Mennirnir eru allir ákærðir fyrir að hafa nauðgað stúlkunni og neytt hana til munnmaka. Í ákæru er því lýst hvernig stúlkan gat ekki spornað við verknaðinum af ótta við mennina fimm.

Þá er einn mannanna ákærður fyrir að hafa nauðgað henni aftur inni á baðherbergi íbúðarinnar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins átti atvikið sér stað í lok samkvæmis í heimahúsi eins hinna ákærðu í Breiðholti. Heimildirnar herma að nær allir gestirnir, sem flestir voru undir lögaldri, hafi verið farnir úr samkvæminu þegar atvikið átti sér stað og að stúlkan hafi jafnvel verið ein eftir með mönnunum. Einn mannanna tók atvikið upp á myndband sem síðar var sýnt samnemendum stúlkunnar í matsal skólans. Það myndband er lagt fram sem sönnunargagn í málinu. Maðurinn er ákærður fyrir að brjóta gegn blygðunarsemi og barnaverndarlögum með upptöku og birtingu myndbandsins.

Frestur til að skila greinargerð í málinu er til 2. september. Í kjölfarið fer fram aðalmeðferð.

snaeros@frettablad.is



**FRJÓSEMI KVENNA** Árið 2014 var frjósemi íslenskra kvenna 1,93 börn yfir ævina.

Helmingsminnkun frá 1960:

## Frjósemi stendur í stað milli ára

**HAGSTOFAN** Árið 2014 fæddust 4.375 börn á Íslandi, sem er svipaður fjöldi og á árinu 2013 þegar 4.326 börn fæddust. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands.

Það komu 2.233 drengir og 2.142 stúlkur í heiminn árið 2014, sem jafngildir 1.042 drengjum á móti hverjum 1.000 stúlkum.

Árið 2014 var frjósemi íslenskra kvenna 1,93 börn á ævi hverrar konu, eða sú sama og árið 2013, en þá hafði hún farið undir tvö börn í fyrsta sinn frá 2003.

Frjósemin nú er nærri helmingi minni en hún var um 1960, en þá gat hver kona vænst þess að eignast rúmlega fjögur börn á ævi sinni. **- ngy**



blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# GARÐADAGAR

## frábær tilboð um helgina!



### 10 STJÚPUR Í BAKKA

**999 kr.**

Fullt verð: 1.590 kr.



**Birki í bakka 40 stk**

**3.990 kr.**

40 stk. í bakka



**Margarita**

SPRENGI VERÐ

**699 kr.**

Fullt verð: 1.690 kr.



**Stór Hortensía**

**2.990 kr.**

Fullt verð: 3.990 kr.



KJARA KLÚBBUR %

**29.995 kr.**

Fullt verð: 42.995 kr.

**20% afsláttur**

BLACK&DECKER SLÁTTUVÉLAR



**Borð Bistro**

**2.990 kr.**

Fullt verð: 3.990 kr.

11230227

2899264

**Stóll Bistro**

**2.545 kr.**

Fullt verð: 3.690 kr.



3899600_7

**BOX garðstóll**

Litir: hvítur, dökkgrár og rauður

**7.990 kr.**

Fullt verð: 9.990 kr.




3000225

**Omega 200 gasgrill**

KJARA KLÚBBUR %

**17.900 kr.**

Fullt verð: 23.900 kr.

3 ltr




7049123

**Pallaolía Jotun Treolje**

**2.385 kr.**

Frábært verð



3899998

**Author Vectra 26"**

18 gíra

KJARA KLÚBBUR %

**29.900 kr.**

Fullt verð: 35.900 kr.



**20-30% afsláttur**

Wolfgarten garðverkfæri 20-25%
Hyper-Cut greina- og hekkklippur 30%
Fiskars greina- og hekkklippur 20%



**20% afsláttur**

ALLIR ÚTI- OG INNIPOTTAR



7009460-80

**Pensill fyrir pallaolíu 75-100 mm**

**995 kr.**

Verð frá

**Gildir til 15. júní meðan birgðir endast.** Með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
Tilboð gildir ekki af vörum merktum "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar„ og tilboðsvörum.

525 3000 • husa.is

Loforð sænskra stjórnvalda:

# Lægri skattur á lífeyrisþega

**SVÍÞJÓÐ** Sænska ríkisstjórnin lofar ellilífeyrisþegum lægri skatti á næsta ári, einkum þeim sem eru með lægsta lífeyrinn. Jafnframt á að hækka húsnæðisbætur fyrir þennan hóp en í honum eru margar konur.

Sænska ríkissjónvarpið greinir frá því að þeir sem eru með allt að 120 þúsund sænskum krónum í tekjur á ári eigi ekki að greiða hærri skatt en launamenn. Skatturinn gæti lækkað um rúmar 250 sænskar krónur á mánuði. - ibs

Jeb Bush, líklegur forsetaframbjóðandi Repúblíkanaflokksins, talaði um Rússland og Pútín:

# Segir Bandaríkin þurfa að sýna hörku

**BANDARÍKIN** Jeb Bush, líklegur forsetaframbjóðandi Repúblíkanaflokksins í Bandaríkjunum, kallaði Vladimír Pútín, forseta Rússlands, yfirgangsssegg (e. bully) í viðtali við fjölmiðla í Berlín á miðvikudag.

Sagði Bush, sem gæti orðið sá þriðji í sinni fjölskyldu til að gegna embætti forseta á eftir George W., bróður sínum, og George H.W., föður sínum, að í samskiptum sínum við Rússland þyrftu Bandaríkin að sýna af sér hörku. Pútín væri yfirgangsseggur og linkind í hans garð ýtti aðeins undir það sem Bush kallaði „slæma hegðun“.

„Til að allt sé á hreinu þá er ég ekki að tala um að við ættum að vera árásargjörn heldur ættum við að benda Rússum á afleiðingar gjörða þeirra. Það myndi koma í veg fyrir afleiðingar sem við viljum forðast,“ sagði Bush.

Heimsókn Bush til Þýskalands er liður í Evrópuferðalagi hans áður en hann tilkynnir framboð sitt í Miami 15. júní.

Frambjóðandinn verðandi flutti ávarp fyrir um tvö þúsund gesti á þriðjudagskvöld í Berlín og sagði í því að Bandaríkin og Evrópa hefðu sameiginlega hagsmuni af því að opna markaði á heimsvísu. Til samanburðar má nefna að um hundrað sinnum fleiri hlýddu á ávarp sem Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, flutti í aðdraganda forsetakosninganna 2008. - þea



**YFIRGANGSSEGGUR** Jeb Bush kallaði Vladimír Pútín yfirgangssegg. NORDICPHOTOS/GETTY









# Garðabær ætlar að byggja íþróttahöll

Garðabær hyggst hefja framkvæmdir við fjölnota íþróttahús í bænum á kjörtímabilinu. Stjarnan vill að húsið verði á Ásgarðssvæðinu en húsið gæti einnig risið í Vetrarmýri. Kostnaður við bygginguna gæti orðið nærri tveimur milljörðum króna.

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Stefnt er að því að hefja framkvæmdir við fjölnota íþróttahús í Garðabæ á kjörtímabilinu sem lýkur árið 2018.

Ekki er búið að taka ákvörðun um staðsetningu eða stærð byggingarinnar. Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, segir skiptar skoðanir á meðal bæjarbúa um hvar húsið eigi að rísa. Valið standi helst milli Vetrarmýrar við Vífilsstaðaveg milli Reykjanesbrautar og golfvalla Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar og Ásgarðssvæðisins milli Stjörnuvallar og Flataskóla.

Aðalsstjórn Stjörnunnar hefur lagt mikla áherslu á að húsið rísi á Ásgarðssvæðinu. „Við viljum hafa þetta í Ásgarði. Þá nýtist þetta best fyrir starfsemi félagsins í heild sinni. Þá geta allar deildir fengið að njóta hússins,“ segir Sigurður Bjarnason, formaður aðalstjórnar Stjörnunnar. Hann segir að í áætlunum þeirra sé gert ráð fyrir að húsið verði bæði tengt Sundlaug Garðabæjar og félagsheimili Stjörnunnar svo húsið nýtist bæjarbúum sem best.

Það sem helst hefur verið talið því til fyrirstöðu að íþróttahúsið rísi í Ásgarði er plássleysi á svæðinu. Sigurður segir að það ætti ekki að vera vandamál. „Það er búið að hanna líkan af svæðinu með húsinu á þar sem þetta fellur algjörlega inn í þau mannvirki sem eru á svæðinu,“ segir Sigurður.



**ÁSGARÐUR** Aðalstjórn Stjörnunnar vill að íþróttahúsið verði byggt milli Stjörnuvallar og Flataskóla með tengibyggingum yfir í félagsheimili Stjörnunnar og Sundlaug Garðabæjar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þar sem ekki er búið að ákveða endanlega stærð hússins og staðsetningu liggur endanleg kostnaðaráætlun ekki fyrir. Miðað við kostnaðargreiningu sem lögð var fyrir bæjarráð þann 19. maí má gera ráð fyrir að kostnaður við byggingu hússins geti hlaupið á bilinu 650 milljónir til 1.850 milljóna króna eftir því hve stórt hús verður byggt. Þá er búist við að kostnaður við rekstur hússins geti verið ríflega 200 milljónir króna á ári.

Gunnar segir að gert sé ráð fyrir að gervigrasvöllur verði í húsinu sem og aðstaða fyrir aðrar boltaíþróttir. Þá verði hægt að nýta húsið undir leikfimitíma grunnskóla bæjarins. Einnig er til skoðunar að hafa frjálsíþróttaaðstöðu í húsinu. Gunnar segir jafnframt að horft sé til þess að eldri borgarar hafi tækifæri til íþróttaiðkunar í húsinu.

„Við höfum notað þetta ár sem liðið er frá kosningum til að safna upplýsingum um stærðir og staðsetningu,“ segir Gunnar, enda sé að mörgu að huga áður en endanleg ákvörðun verði tekin. Ekki liggur fyrir hvenær sú ákvörðun verður tekin. ingvar@frettabladid.is








**LOK, LOK OG LÆS** Lögreglumaður stendur vörð um læstar dyr höfuðstöðvanna í Islamabad. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Barnaheill rekin úr landi:

# Samtök sökuð um CIA-tengsl

**PAKISTAN** Stjórnvöld í Pakistan hafa lokað skrifstofum Barnaheilla í Islamabad og gefið erlendum starfsmönnum þeirra 15 daga frest til að koma sér úr landi.

Samtökin eru sökuð um tengsl við bandarísku leyniþjónustuna CIA og þar með „andpakistanskt“ athæfi. Ásakanirnar virðast tengjast bólusetningarherferð, sem var blekkingarleikur á vegum CIA settur á svið til þess að nálgast Osama bin Laden, leiðtoga al-Kaída.

Samtökin hafa vísað þessum ásökunum alfarið á bug. - gb

# Konur eru konum bestar

## Hittumst í Kvennahlaupinu í dag, 13. júní.

## Hlaupið er á eftirtöldum stöðum:

**HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ:**

**Garðabær**: Hlaupið frá Garðatorgi kl. 14:00, upphitun hefst kl. 13:30.

**Viðey:** Hlaupið frá Viðeyjarstofu kl. 10:30. Siglt frá Skarfabakka kl. 10:15.

**Mosfellsbær**: Hlaupið frá íþróttavellinum að Varmá kl. 11:00.

**Kjós:** Hlaupið frá Kaffi Kjós við Meðalfellsvatn kl. 14:00.

**Vogar:** Hlaupið frá íþróttamiðstöðinni kl. 11:00.

**Reykjanesbær:** Hlaupið frá K-húsinu, Hringbraut 108, kl. 11:00. Upphitun hefst kl. 10:55.

**Sandgerði:** Hlaupið frá íþróttamiðstöðinni kl. 11:00.

**Grindavík:** Hlaupið frá Sundlaug Grindavíkur kl. 11:00.

**Garður:** Hlaupið frá íþróttamiðstöðinni í Garði kl. 11:00.

**VESTURLAND:**

**Akranes:** Hlaupið frá Akratorgi kl. 10:30.

**Hvalfjarðarsveit:** Hlaupið frá Heiðarborg í Hvalfjarðarsveit kl. 10:30.

**Borgarnes:** Hlaupið frá íþróttamiðstöðinni kl. 11:00.

**Hvanneyri:** Hlaupið frá Sverrisvelli á Hvanneyri kl. 11:00.

**Reykholt:** Hlaupið frá Fosshótel Reykholti kl. 11:15, upphitun hefst kl. 11:00.

**Stykkishólmur:** Hlaupið frá íþróttamiðstöðinni kl. 11:00.

**Grundarfjörður:** Hlaupið frá íþróttahúsinu í Grundarfirði kl. 11:00.

**Snæfellsbær:** Hlaupið frá Sjómannagarðinum í Ólafsvík kl. 11:00.

**Staðarsveit:** Hlaupið frá Lýsuhólsskóla í Staðarsveit kl. 11:00.

**Hellissandur:** Hlaupið frá Hraðbúð Hellissands kl. 11.00.

**Búðardalur:** Hlaupið frá Leifsbúð í Búðardal og Tjarnarlundi í Saurbæ kl. 11:00.

**VESTFIRÐIR:**

**Reykhólar:** Hlaupið frá Grettislaug kl. 11:00.

**Ísafjörður:** Hlaupið frá íþróttahúsinu í Torfnesi kl. 11:00.

**Súðavík:** Hlaupið frá Gamla pósthúsinu kl. 11:00.

**Bolungarvík:** Hlaupið frá sundlauginni kl. 11:00.

**Flateyri:** Hlaupið frá íþróttahúsinu á Flateyri kl. 11:00.

**Suðureyri:** Hlaupið frá íþróttahúsinu á Suðureyri kl. 11:00.

**Patreksfjörður:** Hlaupið frá íþróttamiðstöðinni í Bröttuhlíð kl. 13:00.

**Barðaströnd:** Hlaupið frá Birkimel kl. 20:00.

**Tálknafjörður:** Hlaupið frá íþróttahúsinu kl. 13:00.

**Þingeyri:** Hlaupið frá íþróttamiðstöðinni á Þingeyrarodda kl. 11:00.

**Borðeyri:** Hlaupið verður frá Tangahúsinu á Borðeyri kl. 13:30.

**Hólmavík:** Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni á Hólmavík kl. 11.00.

**Drangsnes:** Hlaupið frá Fiskvinnslunni Drangi á Drangsnesi kl. 11:00.

**NORÐURLAND:**

**Hvammstangi:** Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni á Hvammstanga kl. 11:00.

**Blönduós:** Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni á Blönduósi kl. 11:.00.

**Skagaströnd:** Hlaupið frá íþróttahúsinu á Skagaströnd kl. 11:00.

**Sauðárkrókur:** Hlaupið frá sundlauginni kl. 11:00.

**Hólar:** Hlaupið frá háskólabyggingunni á Hólum kl. 10:30.

**Varmahlíð:** Hlaupið frá Sundlauginni í Varmahlíð kl. 10:30.

**Hofsós:** Hlaupið frá sundlauginni á Hofsósi kl. 11:00.

**Siglufjörður:** Hlaupið frá Rauðkutorgi kl. 11:00.

**Akureyri:** Hlaupið í Kjarnaskógi frá Sólúrinu kl. 11:00. Upphitun hefst kl. 10:45.

**Eyjafjarðarsveit:** Hlaupið frá Íþróttamiðstöð Eyjafjarðarsveitar kl. 11:00.

**Grenivík:** Hlaupið frá íþróttamiðstöðinni kl. 11:00.

**Dalvík:** Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni á Dalvík kl. 10:45.

**Ólafsfjörður:** Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni á Ólafsfirði kl. 11:00.

**Hrísey:** Hlaupið frá Hríseyjarbúð kl. 13:00.

**Húsavík:** Hlaupið frá Sundlauginni á Húsavík kl. 11:00.

**Laugar:** Hlaupið frá Húsmæðraskólanum á Laugum kl. 10:00.

**Mývatn:** Hlaupið frá Jarðböðunum kl. 11:00.

**Kópasker:** Hlaupið frá Heilsugæslustöðinni á Kópaskeri kl. 11:00.

**Raufarhöfn:** Hlaupið frá íþróttamiðstöðinni við Skólabraut kl. 11:00.

**Þórshöfn:** Hlaupið frá íþróttamiðstöðinni á Þórshöfn kl. 11:00.

**Vopnafjörður:** Hlaupið frá Vopnafjarðarskóla kl. 11:00.

**AUSTURLAND:**

**Egilsstaðir:** Hlaupið frá Tjarnargarðinum á Egilsstöðum kl. 11:00.

**Seyðisfjörður:** Hlaupið frá Miðbæjartorgi kl. 10:30.

**Borgarfjörður Eystri:** Hlaupið frá Félagsheimilinu Fjarðarborg kl. 13:00.

**Reyðarfjörður:** Hlaupið frá Andapollinum á Reyðarfirði kl. 11:00.

**Neskaupstaður:** Hlaupið frá Nesbæ kaffihúsi kl. 11:00.

**Fáskrúðsfjörður:** Hlaupið frá sundlauginni á Fáskrúðsfirði kl. 10:00.

**Stöðvarfjörður:** Hlaupið frá Brekkunni kl. 11:00.

**Breiðdalsvík:** Hlaupið frá íþróttahúsinu kl. 11:00.

**Djúpivogur:** Hlaupið frá Íþróttamiðstöð Djúpavogs kl. 11:00.

**Höfn:** Hlaupið frá Sundlaug Hafnar kl. 11:00.

**Skaftafell:** Hlaupið frá Skaftafellsstofu kl. 15:00.

**SUÐURLAND:**

**Selfoss:** Hlaupið frá BYKO í Langholti kl. 11:00.

**Hamratunga:** Hlaupið frá Árnesi LAUGARDAGINN 20. JÚNÍ kl. 11:00.

**Sólheimar:** Hlaupið frá Grænu könnunni, Sólheimum kl. 11:00.

**Hveragerði:** Hlaupið frá sundlauginni Laugaskarði kl. 14:00.

**Ölfus:** Gengið FIMMTUDAGINN 18. JÚNÍ kl. 18:00 um Ölfus.

**Hraunborgir:** Hlaupið frá Þjónustumiðstöðinni í Hraunborgum kl. 13:00.

**Þorlákshöfn:** Hlaupið frá íþróttahúsinu kl. 12:00.

**Eyrarbakki:** Hlaupið frá Rauða húsinu kl. 11:00.

**Stokkseyri:** Hlaupið frá Sundlaug Stokkseyrar kl. 11:00.

**Flúðir:** Hlaupið frá íþróttahúsinu á Flúðum kl. 11:00.

**Hella:** Hlaupið frá íþróttahúsinu á Hellu kl. 11:00.

**Þykkvibær:** Hlaupið frá íþróttahúsinu kl. 10:30.

**Hvolsvöllur:** Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni á Hvolsvelli kl. 11:00.

**Seljalandsfoss:** Hlaupið frá Seljalandsfossi kl. 14:00.

**Kirkjubæjarklaustur:** Hlaupið frá íþróttamiðstöðinni kl. 11:00.

**Vík:** Hlaupið frá Íþróttamiðstöðinni kl. 11:00.

**Vestmannaeyjar:** Hlaupið frá Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja kl. 12:00.

SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ
13. JÚNÍ 2015

**Þátttökugjald:**

**12 ára og yngri: 1.000 kr.**

**13 ára og eldri: 1.500 kr.**

Innfalið er Kvennahlaupsbolurinn og verðlaunapeningur.

Sýnum öðrum hlaupurum tillitssemi og skiljum hunda og önnur gæludýr eftir heima.

NIVEA

SJÓVÁ


kronotex
FLOORS FOR LIVING
HÖRKU PLANKA
HARÐPARKET
VERÐ FRÁ 1.890 kr. m². 30 ÁRA ÁBYRGÐ


Birgisson
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is










**VALDAKLÍKA** Mótmælendur hópuðust saman til að mótmæla leyndinni sem hvílir yfir ráðstefnunni en fundargerðir hafa aldrei verið gerðar á Bilderberg-ráðstefnum. Auk þess fá fjölmiðlar engan aðgang að ráðstefnunni. NORDICPHOTOS/GETTY

Hin árlega Bilderberg-ráðstefna hafin í Austurríki:

## Valdamesta fólk heims fundar

**ALÞJÓÐASTJÓRNMÁL** **Árleg ráðstefna sem kennd er við hollenskt hótel að nafni Bilderberg hófst á hóteli í smábænum Telfs-Buchen í austurrísku Ölpunum rétt utan við Innsbruck í fyrradag.**

**Bilderberg-ráðstefnan er sótt af um 140 valdamestu manneskjum heims ár hvert og eru á meðal þátttakenda í ár Eric Schmidt, stjórnarformaður Google, og Beatrix, fyrrverandi drottning Hollands.**

**Meðal þeirra sem sótt hafa ráðstefnuna á árum áður má nefna Barack Obama, forseta Bandaríkjanna, Bjarna Benediktsson, Geir Haarde, Geir Hallgrímsson og Davíð Oddsson, auk fjölda annarra þjóðhöfðingja.** - þea

Aðalmeðferð í ofbeldismáli í Héraðsdómi Reykjaness:

## Sleginn með PlayStation-tölvu

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð í máli ákæruvaldsins gegn Kristjáni Markúsi Sívarssyni, Marteini Jóhannssyni og Ríkharði Júlíusi Ríkharðssyni hélt áfram í Héraðsdómi Reykjaness í gær.

Þremenningarnir eru ákærðir fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, frelsissviptingu og rán að morgni 24. febrúar í fyrra.

„Þeir ryðjast inn og ráðast á mig. Þeir tóku mig kverkataki og létu höggin dynja á mér. Ég held að Rikki hafi tekið mig kverkataki," sagði maðurinn þegar hann var beðinn um að lýsa atburðarásinni. Því næst segir maðurinn átökin hafa færst inn í íbúðina og út um svaladyr. Maðurinn segir Kristján Markús meðal annars hafa tekið PlayStation-leikjatölvu og slegið hann í andlitið. Áður hefur komið fram að Kristján vildi að maðurinn borgaði sér fimm miljónir króna því hann taldi manninn hafa eyðilagt fjölskyldulíf sitt.

„Ég fékk taugaáfall eftir að þeir fara út og ég ætlaði ekki að hringja á lögregluna heldur stúta mér. Ég sá ekki fram á það að ég væri að fara að borga fimm milljónir," sagði fórnarlambið. - skh/þea

REYKJAVÍKURBORG

Öflugur rekstraraðili óskast



# Vilt þú sjá um matarmarkað á Hlemmi?

Reykjavíkurborg tekur brátt yfir húsnæði á Hlemmi og leitar nú að rekstraraðila til að koma þar á fót veitinga- og matarmarkaði sem verði opinn alla daga.

Viðskiptavinir eiga að geta notið veitinga á staðnum og þar verði einnig í boði fjölbreytt úrval matar svo sem kjöt, fiskur, grænmeti, ávextir auk tengdrar sérvöru á borð við blóm og kaffi.

Nýr rekstraraðili mun taka þátt í að skipuleggja breytingar á hlutverki hússins í samvinnu við Reykjavíkurborg. Hann velur verslanir og veitingastaði til samstarfs, aflar tilskilinna leyfa, sér um kynningar- og markaðsmál og annast allan daglegan rekstur hússins, þar með talið rekstur á salernum og öryggisvörslu.

Umsóknir sendist á netfangið sea@reykjavik.is í síðasta lagi 6. júlí 2015 ásamt viðskiptaáætlun og upplýsingum um rekstraraðila.

Við val á rekstraraðila verður lagt til grundvallar nálgun við hugmyndina, hönnun og útlit, tenging við anda skipulags á svæðinu, þekking, reynsla og fjárhagsgeta viðkomandi ásamt viðskiptaáætlun.

Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á reykjavik.is/leiga

Reykjavíkurborg - skrifstofa eigna og atvinnuþróunar | Ráðhúsi Reykjavíkur - Tjarnargötu 11 | www.reykjavik.is/sea | s. 411 11 11



**DOMINIQUE STRAUSS-KAHN** Fyrrverandi yfirmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á vart afturkvæmt í stjórnmálin. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Strauss-Kahn sýknaður:

## Vitneskja um vændi ósönnuð

**FRAKKLAND** Dómstóll í Frakklandi sýknaði í gær Dominique Strauss-Kahn af ákæru um hórmang. Ekki þótti sannað að hann hefði vitað að um vændiskonur var að ræða þegar hann tók þátt í kynsvalli með þeim.

Strauss-Kahn hefur átt í málaferlum vegna ásakana um kynferðisbrot og hórmang allt frá árinu 2011, þegar hótelþerna í New York kærði hann fyrir kynferðisofbeldi. Hann þurfti þá að segja af sér sem yfirmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en kom sér undan málaferlum með peningagreiðslu til þernunnar. - gb

Umsagnir um úrgang óskast:

## Aukin endurnýting úrgangs

**UMHVERFISMÁL** Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskaði eftir umsögnum um ný drög að reglugerð um endurnýtingu úrgangs í gær. Markmiðið er að mæla fyrir því að stuðla að endurnýjun úrgangs þannig að hann teljist ekki lengur úrgangur og svo hann spilli ekki umhverfinu sem og heilsu manna og dýra. - þea




GE Bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilaka.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurl.
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
490 9090

HYUNDAI
Kauptúni 1 / Beint á móti IKEA / 575 1200

Björt framtíð fyrir iðn- og tæknimenntaða:

# Hleypidómar gagnvart námsvali

Forsvarsmenn yfirstandandi kjaraviðræðna hafa lagt ríka áherslu á virði menntunar. Háværar raddir háskólagenginna stétta segja laun sín í ósamræmi við menntun og hafa nýdoktorar nú tekið í sama streng. Öll krefjast þau launa til samræmis við menntun.

Kári Stefánsson gagnrýndi á dögunum baráttu Bandalags háskólamanna fyrir bættum kjörum. Sagði hann áherslu baráttunnar á menntun óheppilega – eðlilegra væri að reikna laun í hlutfalli við framlag fólks til samfélagsins. Háskólagráðan ein og sér ætti ekki að vera skilyrðislaus ávísun á hærri laun.



**Kristín Þorsteinsdóttir**

kristin@frettabladid.is

Umræða um virði menntunar er margslungin. Iðnmenntun á undir högg að sækja. Einungis 12% grunnskólanema skila sér nú í iðn- og tækninám að grunnskóla loknum. Hlutfallið virðist lækka með ári hverju. Verulegur skortur er á iðnmenntuðu starfsfólki og hafa atvinnurekendur lýst knýjandi þörf á fjölgun í stéttinni. Stjórnvöld hafa ítrekað lofað auknum stuðningi við iðn- og tækninám en þó virðast engar breytingar í sjónmáli.

Árum saman hefur iðnmenntun verið sett skör lægra en bókleg menntun – ríkjandi viðhorf víða í samfélaginu sem ratar til ungmenna innan skólakerfisins og heimilanna. Margir upplifa hleypidóma gagnvart námsvalinu – það sé annars flokks og á einhvern hátt ófullnægjandi. Þessi viðhorf eru röng og beinlínis skaðleg. Þau hefta framgang iðn- og verkmenntaskóla og draga úr fjölbreytni atvinnulífsins þegar fram líða stundir.

Einhvers staðar á vegferðinni virðist samfélagið hafa villst af leið. Það virðist hafa gleymst að iðnnám býður upp á raunveruleg tækifæri. Það býður upp á fjölbreytt störf og góða tekjumöguleika – stundum margföld laun sprenglærðs háskólafólks. Þegar háskólagengið fólk skríður undan kostnaðarsömum námsárum á hálfum þrítugsaldri hafa iðnmenntaðir jafnaldrar margir öðlast umfangsmikla reynslu og hafið sjálfstæðan rekstur. Verkefnaskortur og atvinnuleysi eru fáheyrð vandamál og eftirspurn eftir iðnlærðum er gífurleg. Nú þegar offramboð er af ýmsu háskólamenntuðu fólki er verulegur skortur á vel menntuðu handverksfólki.

Störf iðnmenntaðra hafa löngum verið álitin karlastörf. Konur skipa mikinn minnihluti iðnmenntaðra á öllum Norðurlöndum. Þrátt fyrir mikla atvinnuþátttöku kvenna virðist kynskipting eftir störfum enn mikil. Það þarf að hvetja konur til náms í iðngreinum og handverki. Kynbundið náms- og starfsval er afleiðing úreltra viðhorfa, sem þarf að breyta.

Öll viljum við vera metin að verðleikum. Við viljum að menntun okkar og framlag rati í launaumslagið. Við viljum að starfsval okkar sé virt og framlag okkar metið. Fjölbreytt menntun leggur grunn að bættum lífskjörum og traustum efnahag. Ljóst er að verulegt átak þarf til fjölgunar iðn- og tæknimenntaðs fólks á Íslandi. Þar bíða störfin. Stjórnvöld þurfa að leiðrétta skekkjuna í skólakerfinu og lyfta handverkinu á hærri stall – og öll þurfum við að ábyrgjast breytingu á ríkjandi viðhorfum. Við græðum öll á fjölbreytninni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## GUNNAR



MÍN SKOÐUN: JÓN GNARR

## Húðflúr

Húðflúr hefur vaxið mjög á Íslandi síðustu áratugi. Áður fyrr þurfti fólk að leita út fyrir landsteinana til að fá sér húðflúr. Það voru gjarnan sjóarar sem báru slíkar gersemar á sér og þá yfirleitt á upphandleggjum. Myndirnar voru og yfirleitt tengdar sjómennsku beint og óbeint. Og Íslandi. Sumir fengu sér jafnvel mynd af einhverri kerlingu og létu rita nafn unnustu



sinnar undir. En sjóaraþemað var algengast, akkeri, öldur og svoleiðis. Mjög fáar konur voru með húðflúr. Það þótti ekki sérstaklega kvenlegt. En svo breyttist það. Konur fóru að sjást með húðflúr. Og svo varð húðflúr að tísku.

Fleiri og fleiri fengu sér húðflúr. Húðflúrstofur voru opnaðar á Íslandi og þeim fjölgaði hratt. Gamla akkerið laut í lægra haldi fyrir austurlenskum táknum og „tribal“-mynstrum. Yfir Ísland flæddu ólíkir straumar og stefnur. Húðflúrin færðust af upphandleggjum og niður á fætur, kálfa og ökkla. Konur fengu sér gjarnan húðflúr á mjóbakið, rétt fyrir ofan rassinn, svokallað „tramp stamp“.

## Tattú anarkí

Nú er svo komið að algjört stjórnleysi virðist ríkja í íslenskum húðflúrum. Sumir hafa jafnvel svo mörg eða stór verk á sér að þau þekja meira pláss á líkama þeirra en ósnert húð. Stofurnar eru orðnar margar og við eigum nú marga húðflúrlistamenn hverra verk vekja heimsathygli. Gerðar eru miklar gæðakröfur til húðflúrstofa og eftirlit með hreinlæti og fagmennsku er mikið og eru þær nú sambærilegar við það besta sem þekkist erlendis. En það vantar ítarlegar heimildir um sögu húðflúrs á Íslandi. Hvað hefur orðið um hina gömlu íslensku húðflúrhefð? Er fólk alveg hætt að fá sér akkeri? Erum við hugsanlega að glata einhverri mjög merkilegri arfleifð og hvaða afleiðingar munu þessi erlendu áhrif hafa á menningu okkar og sögu? Getum við haft áhrif á þessa þróun með opinberum afskiptum? Við höfum oft gert það áður með prýðisgóðum árangri. Getum við búið til eitthvert kerfi sem hamlar erlendum áhrifum en ýtir um leið og hvetur til íslenskra? Nú eru margir sem bera á sér kínversk tákn og jafnvel andlitsmyndir af frægum útlendingum eins og til dæmis Jesú. En hvað með Mattías Jochumsson eða Hallgrím Pétursson? Er einhver með slík húðflúr? Ég held að þeir séu því miður fáir. En þessu má auðveldlega breyta. Ég legg til að við skoðum að stofna nefnd um þessi mál.

## Íslensk húðflúrhefð

Við getum sett saman góðan hóp af menntuðu og kláru fólki. Við þurfum íslenskufræðing, fulltrúa frá Árnastofnun og svo einn lögfræðing. Hópurinn kæmi með tillögur að verkferlum og yrði Alþingi ráðgefandi við lagasetningu. Alþingi mundi svo setja lög um húðflúr. Sama fólk og kom með tillögurnar mundi svo sitja í nefnd sem hefði það hlutverk að fylgjast með að lögunum væri fylgt. Höfuðmarkmið yrði að berjast gegn erlendum áhrifum. Bannað yrði að fá sér húðflúr sem enginn annar hefði haft áður, öll verk yrðu að byggja á hefð.

Ef valdafólk í samfélaginu reyndist vera með vafasöm húðflúr þá má leysa það með því að gera þau íslensk. Ef forsætisráðherra er til dæmis með japanska táknið fyrir frið húðflúrað fyrir ofan rassaskoruna á sér þá er það samþykkt. En ekki önnur japönsk tákn. Allar nýjungar og vafaatriði færu fyrir nefndina. Ef einhver hefði áhuga á að fá sér húðflúr sem ekki væri á lista yfir samþykkt húðflúr, til dæmis eitthvað sem viðkomandi hefði búið til sjálfur, þá yrði að sækja um það til Húðflúrnefndarinnar. Hún leyfði það sem henni fyndist í samræmi við íslenska húðflúrhefð en bannaði annað. Nefndarmenn gætu jafnvel skapað sér akademískan karríer úr þessu, skrifað bækur um íslenskt húðflúr og ferðast til útlanda og haldið ræður um sama málefni. Öll húðflúr sem nefndarmenn væru með yrðu auðvitað sjálfkrafa samþykkt og ef einhver færi að efast um réttmæti þeirra þá benda þeir á fræðibækur eftir sjálfa sig til staðfestingar. Ég held að þetta gæti verið sniðug hugmynd og atvinnuskapandi fyrir menntað fólk sem hefur lítið að gera.

Auðvitað væri svona nefnd aldrei hafin yfir gagnrýni. Ef tilvist nefndarinnar er dregin í efa þá vísar nefndin bara á Alþingi og ef Alþingi er spurt þá vísar það á einstaka nefndarmenn sem geta þá veitt hlutlausa umsögn um nefndina sem fræðimenn. Það ætti að duga til að rugla fólk í ríminu. Reglulega mundi svo fulltrúi nefndarinnar halda ræðu og benda á þá augljósu staðreynd að ef nefndin væri ekki að sinna sínu merkilega starfi við að framfylgja Húðflúrlögunum þá mundu allir þessir vitleysingar, sem Íslendingar eru, láta húðflúra á sig hakakrossa, klámmyndir og eitthvað sem þeir myndu sjá eftir síðar og Húðflúrnefndin væri í raun að bjarga okkur frá slíku. Og þá mundum við öll anda léttar á meðan Fjölnir tattú teiknar á okkur dollu af Gunnars mæjónesi.

# ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI

Siena-sófi

Nú 199.900 kr.

**17.571** kr. Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI

*12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing með VISA eða MasterCard.*

**SPARAÐU 25%** af SIENA-sófa



Siena-sófi

*2½ sæta sófi með legubekk. Fallegt pólýester áklæði. Verðflokkur A1. 269.900 kr. Nú 199.900 kr. Sparaðu 70.000 kr.*

Easy-sófi

Nú 199.900 kr.

SPARAÐU 70.000 kr.

**17.571** kr. Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI

*12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing með VISA eða MasterCard.*



Easy-sófi

*Opið horn + 3ja sæta. L 282 x D 200 cm. Fallegt grátt áklæði, 53,4% pólýester og 46,6% pólýpropylene. Verðflokkur A1. 269.900 kr. Nú 199.900 kr. Sparaðu 70.000 kr. Sófann er hægt að fá spegluðann.*

Deko head-haus

Nú 9.995 kr.

SPARAÐU 7.000 kr.



Deko head-haus

*Hreindýrshöfuð. 45 cm. 16.995 kr. Nú 9.995 kr.*

**SPARAÐU 50%** af Charme-glösum



Charme-glas

*Kampavínsglas. 18 cl. 395 kr. Nú 195 kr.*
*Hvítvínsglas. 43 cl. 495 kr. Nú 245 kr.*
*Rauðvínsglas. 57 cl. 495 kr. Nú 245 kr.*

Click-stóll

Nú 17.900 kr.

SPARAÐU 7.000 kr.



Click-stóll

*Stóll með plastrimlum og armhvílum úr gegnheilum harðvið. Ýmsir litir. 24.900 kr. Nú 17.900 kr.*

**SPARAÐU 25%** af öllum ábreiðum




**SPARAÐU ALLT AÐ 25-50%** af öllum mottum



**SPARAÐU 35%** af völdum sængurverum




Nature, Fjer eða Chili city-rúmföt

*Rúmföt. 100% bómull. 140 x 200/60 x 63 cm. 6.995 kr./stk. Nú 4.495 kr./stk.*

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is

laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30



**Frosti Logason, fjölmiðlamaður**

## Húsfundir eru toppurinn

Um helgina ætla ég að nýta mér langþráða stund milli stríða til þess að huga að einu af mínum ástríðufyllstu áhugamálum, en það eru málefni húsfélagsins heima á Birkimel. Húsfundir eru ákveðnir og óumflýjanlegir hápunktar tilveru minnar þessa dagana.



**Björt Ólafsdóttir, stjórnmálakona**

## Ólétt á Sumarmölina

Ég er að fara á Drangsnes á tónlistarhátíðina Sumarmölina. Ég fór líka í fyrra með stórfjölskylduna og kynntist yndislegu heimafólki sem tekur nú ekki annað í mál en að hýsa mig, óléttu konuna.



**Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, ritstjóri Stundarinnar**

## Stefnan tekin út úr bænum

Ég ætla að fara með morgunmat til ömmu og eiga smá gæðastund með henni. Svo er stefnan tekin á að fara út úr bænum, en mér finnst alltaf gott að kúpla mig út og finna ró úti í náttúrunni.



**Matthías Imsland, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra**

## Tveir í kotinu

Við verðum tveir í kotinu alla helgina, ég og Sölvi sonur minn, þannig að það verður bara kósí hjá okkur. Hápuntkur helgarinnar verður þegar við fylgjumst með litla bróður spila í markinu hjá ÍR.

# FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



**NIÐUR AÐ HÖFN** á nýtt kaffihús við Slippinn – Kaffislipp.




**SÆNSKU SAKAMÁLASÖGUNA** Skuggadreng eftir Carl-Johan Vallgren, í íslenskri þýðingu Þórdísar Gísladóttur.



**Á KK OG MAGGA**, laugardagskvöldið 13. júní, á Café Rósenberg á Klapparstíg.




**Á THE JINX: THE LIFE AND DEATHS OF ROBERT DURST** á Stöð 2 á sunnudag.


## Einfalt og vandað regluverk:
### Hvernig má tryggja árangur til lengri tíma?

**Málþing á vegum OECD og forsætisráðuneytisins, fimmtudaginn 18. júní 2015, frá kl. 9:30–14:00 á Hilton Reykjavík Nordica Hótel**

Málþingið fer fram á ensku, nema hvað hádegisverðarspjallið verður á íslensku.

Þátttökugjald kr. 10.000.

Skráningarfrestur er til 15. júní næstkomandi. Upplýsingar um skráningu má finna á vef forsætisráðuneytisins: *www.for.is/oecd*

**8:30 Skráning á málþingið**

**9:30 Ávarp**
Luiz de Mello, varaframkvæmdastjóri, OECD Opinber stjórnsýsla og svæðisbundin þróun

**9:45 Einfaldara og skilvirkara regluverk fyrir atvinnulífið**
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra

**10:00 Hugleiðingar um „sjálfbærni“ vandaðra löggjafarhátta**
Prófessor Gary Banks, formaður Regulatory Policy Committee hjá OECD og rektor stjórnsýsluskólans í Ástralíu og Nýja-Sjálandi

**10:30 Leiðir til að festa vandaða löggjafarhætti í sessi**
Tony Prosser, prófessor í opinberum rétti, University of Bristol
Gunnar Haraldsson, hagfræðingur við Háskóla Íslands, formaður ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur

**11:10–11:40 Kaffihlé**

**11:40 Pallborðsumræður – Stöðugir og vandaðir löggjafarhættir í framkvæmd**
- Anthony Teasdale, skrifstofustjóri Evrópuþinginu
- Bernard Welschke, framkvæmdarstjóri, ráðgjafarnefnd viðskipta og iðnaðar (BIAC)
- Céline Kauffmann, aðstoðarskrifstofustjóri OECD Regulatory Policy Division
- Katrín Jakobsdóttir, alþingismaður

**13:00 Hádegisverðarspjall um aðstæður á Íslandi: Samspil ráðuneyta og Alþingis í löggjafarmálum**
- Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri forsætisráðuneytinu
- Sigrún Brynja Einarsdóttir, forstöðumaður nefndasviðs Alþingis

OECD BETTER POLICIES FOR BETTER LIVES

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ




**BREIÐHYLTINGAR BJÓÐA Í PARTÍ** Hluti hóps listamanna og skipuleggjenda í höggmyndagarði Hallsteins Sigurðssonar myndhöggvara en þar munu Breiðhyltingar sýna listir sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Færa fjörið aftur heim í hverfið

Breiðholt festival er í dag þar sem boðið verður upp á listadagskrá, smiðjur og götumarkað. Breiðhyltingar eru kallaðir heim og munu troða upp.

**Erla Björg Gunnarsdóttir**
erlabjorg@frettabladid.is

Hugmyndin var að færa listamenn úr Breiðholti aftur heim í Breiðholtið,“ segir Valgeir Sigurðsson, einn skipuleggjenda Breiðholt festivals. „Okkur langaði líka að lífga upp á hverfið og þar sem það koma margir listamenn og framkvæmdafólk af þessu svæði er gaman að hóa í alla aftur. Sjón verður þeirra á meðal en hann var hluti af Medúsahópnum sem spratt upp úr Breiðholtinu þegar hverfið var að byggjast upp.“

Valgeir segir lítið af uppákomum í hverfinu og að hugmyndin hafi komið þegar hann var í göngutúr í dalnum þar sem festivalið er haldið, það er á grónu svæði í hjarta Seljahverfisins í námunda við gamla bæjarstæði Breiðholts sem hverfið dregur nafn sitt af.

„Þetta er tilvalið til að sjá framan í nágrannana og setja jákvæðan fókus á Breiðholtið en það er ekki endilega í allra hugum spennandi heim að sækja. Við viljum leiðrétta þann misskilning.“

Valgeir og listamenn sem koma fram á hátíðinni hafa staðið fyrir fullt af tónleikum og uppákomum í miðbæ Reykjavíkur. „Við höfum alltaf verið að dröslast niður í bæ þannig að þetta er viðleitni til að gera þetta heima í héraði.“

Á hátíðinni verður sem fyrr segir dagskrá með Breiðhyltingum, einnig verður dans- og tónlistarsmiðja í boði og markaður með sölubásum. Hátíðin endar með tónleikum þar sem Ben Frost, Kira Kira og Samaris koma meðal annars fram.

**Hvað?** Breiðholt Festival
**Hvar?** Gróðurhúsinu – Vogaseli 9, Hólmaseli, Ölduselslaug, Skúlptúrgarðinum í Seljahverfi
**Hvenær?** Í dag klukkan 13-22
**Aðgangur ókeypis**

# Ford Mustang frumsýndur í dag




## NÝR FORD MUSTANG
## FRUMSÝNING Í DAG KL. 12-16

Ford Mustang er stór áhrifavaldur vestrænnar dægurmenningar og ekkert lát er á vinsældum þessa glæsilega fáks. Sýningarbíllinn er Ford Mustang GT Premium búinn V8 vél sem er 435 hestöfl.

Komdu og skoðaðu nýjustu kynslóð goðsagnarinnar sem vekur hvarvetna eftirtekt og fær hjartað til að slá örar.

FORD **MUSTANG**

FRÁ **6.890.000** KR.

50 YEARS

## Sumarleikur Ford

**Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford og þú gætir haft heppnina með þér**

Allir sem reynsluaka Ford fara í pott og eiga möguleika á að vinna ferðavinning að verðmæti 250.000 kr.

Auk þess fá 10 heppnir að fara í bíltúr á Ford Mustang GT ásamt ökusérfræðingi Brimborgar.

**Komdu og reynsluaktu nýjum Ford**

Ford

ford.is

20 ára afmæli Ford hjá Brimborg

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

| Brimborg Reykjavík | Brimborg Akureyri |
|---|---|
| Bíldshöfða 6 | Tryggvabraut 5 |
| Sími 515 7000 | Sími 515 7050 |

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Allir sem reynsluaka nýjum Ford hjá Brimborg á tímabilinu 13.-30. júní 2015 fara í pott. Aðalvinningur: 250.000 kr. gjafabréf frá WOW air. Aukavinningar: 10 heppnir fá að fara í bíltúr á Ford Mustang GT ásamt ökusérfræðingi Brimborgar. Dregið verður 1. júlí. Allir nýir Ford bílar eru í boði til reynsluaksturs í Sumarleik Ford nema Ford Mustang GT. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

**ALENYA** hornsófi 3H2/2H2



Stærð: 305x215 cm.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Hnakkapúði ekki innifalinn í verði.

Sumar ÚTSALA
265.990
FULLT VERÐ: 379.990 KRÓNUR

**IBIZA** borðstofuborð
Ø 110 cm



Sumar ÚTSALA
37.493
FULLT VERÐ: 49.990 KRÓNUR

**DEVON** svefnsófi



Sumar ÚTSALA
99.990
FULLT VERÐ: 139.990 KRÓNUR



Slitsterkt áklæði, rósótt
og dökk grátt.
Stærð: 150 x 88 H: 83 cm.

LAZBOY®



Sumar ÚTSALA
125.993
FULLT VERÐ: 179.990 KRÓNUR

**PINNACLE** La-z-boy stóll.
Svart og brúnt leður. Stærð: B:80 D:85 H:104 cm.



**GALAXY**
barstóll

Sumar ÚTSALA
11.995
FULLT VERÐ: 23.990 KRÓNUR

**ANDREW**
borðstofustólar
hvítir, svartir og brúnir



Sumar ÚTSALA
13.993
FULLT VERÐ: 19.990 KRÓNUR

**ABBY** BORÐSTOFUSTÓLL



Sumar ÚTSALA
14.990
FULLT VERÐ: 24.990 KRÓNUR

Slitsterkt áklæði í
tveimur litum, grátt og ljóst.

**KENYA**
leðurhægindastóll



Sumar ÚTSALA
49.990
FULLT VERÐ: 59.990 KRÓNUR

Svart
bonded
leður.

**KENYA** hægindastóll



Sumar ÚTSALA
39.990
FULLT VERÐ: 49.990 KRÓNUR

Slitsterkt áklæði, margir litir.

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • **OPIÐ** Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17

SÍÐUSTU DAGAR

# Sumar ÚTSALA

ALLT AÐ

# 60%

AFSLÁTTUR

**BROSTE**
VIG matarstell



Sumar
ÚTSALA
VIG
50%
AFSLÁTTUR

3 LITIR – 50% AFSLÁTTUR

**PTMD-SILKIBLÓM**



Sumar
ÚTSALA
SILKIBLÓM
30%
AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL.

**HÚSGAGNAHÖLLIN**

OG Dalsbraut 1 • Akureyri **OPIÐ** Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 **EITT SÍMANÚMER** 558 1100




**HÆTTI UNGUR AÐ DREKKA** Heiðar vill hjálpa öðrum sem eru í sömu sporum. MYND/ERLENDURTHORMAGNUSSON

# OFVIRKUR SÖRFARI SEM TEKUR AF SKARIÐ

**Heiðar Logi Elíasson** er fyrsti atvinnumaðurinn á brimbretti á Íslandi. Hann er glaðlyndur og aðeins rúmlega tvítugur að aldri, en hefur lifað viðburðaríka ævi. Heiðar var rekinn úr skóla, var alla barnæsku á risaskammti af Rítalíni og ólst upp að einhverju leyti á geðdeild. Heiðar byrjaði ungur að drekka mikið, hætti og lífið breyttist. Hann hefur nú lært að beina orkunni á rétta staði.

> **Ég trylltist þegar ég var tekinn af lyfjunum. Á fjórða degi hringdi mamma upp á deild, hágrátandi, buguð og sagðist ekki geta meira. Ég held að hún hafi næstum því verið lögð inn sjálf.**

**Ólöf Skaftadóttir**
olof@365.is

Heiðar Logi er nýkominn frá Indónesíu úr ævintýraferð þegar blaðamaður nær af honum tali. Hann er einstaklega brosmildur, sólbrúnn og talar af ástríðu um brimbrettin, aðaláhugamál sitt. Hann segist ekki alltaf hafa verið á þeim góða stað sem hann er á í dag. „Ég var kolvitlaus þegar ég var barn. Það var ekki hægt að hafa mig í einum einasta tíma. Við vorum nýflutt til Danmerkur og ég var í skóla þar. Ég var sendur til skólastjórans að minnsta kosti einu sinni á dag. Þeir höfðu aldrei séð svona ofvirkt barn,“ segir Heiðar Logi skælbrosandi þegar blaðamaður hittir hann fyrir á kaffihúsi í miðbænum.

„Það eru til upptökur þar sem ég er hoppandi á milli borða í miðri kennslustund. Þetta var orðið þannig að ég mætti í skólann og einhver úr félagsmiðstöðinni var látinn sækja mig og fara með mig út úr kennslustofunni. Svo var mér skilað aftur í skólann rétt áður en honum lauk og ég sóttur. Ég var samt á trufluðum skammti af Rítalíni. Svo voru foreldrar mínir boðaðir á fund og sagt að þau gætu ekki haft mig lengur í skólanum. Þau mæltu með því að ég færi inn á barnageðdeild, og ég fór þangað,“ útskýrir Heiðar.

### Refsingar virkuðu ekki

Heiðar var sóttur heim til sín á leigubíl á morgnana og var keyrður á geðdeild og sendur heim eftir dagvistina í leigubíl. „Við vorum aðeins að læra og svo var verið að gera tilraunir á mér, til dæmis létu þau mig hætta á Rítalíni í viku. Þau vildu að ég væri lagður inn á geðdeild á meðan, en mamma vildi hafa mig heima. Ég trylltist þegar ég var tekinn af lyfjunum. Á fjórða degi hringdi mamma upp á deild, hágrátandi, buguð og sagðist ekki geta meira. Ég held að hún hafi næstum því verið lögð inn sjálf. Þarna er ég ekki nema sjö ára,“ heldur hann áfram og bætir við að mamma hans hafi enga stjórn haft á honum. „Ég var til friðs þegar stjúppabbi minn var á staðnum. Um leið og hann gekk út varð ég trylltur. Hann beitti ekki ofbeldi, en var mjög harður. Ég var settur í straff. Þau prófuðu allt.“

### Fagfólk eina svarið

Heiðar var þjónustaður af barnageðdeildinni í um það bil ár. „Þetta var æðislegt, þarna fékk ég að vera frjáls. Við lærðum frá tíu á morgnana til hádegis og svo fengum við frítíma. Það var aldrei verið að stjórna mér eða setja mér mörk, nema eðlileg mörk. Þarna fékk ég að gera það sem ég vildi. Ég hafði íþróttasal og tíma til að einbeita mér að því. Ég hef alltaf þurft að hafa lifandi hlutverk, einhverja aksjón. Ég gat til dæmis ekki leikið mér með leikföng, mér fannst það svo leiðinlegt.“

Eftir dvölina á geðdeildinni var Heiðar sendur í marga skóla. „Ég passaði hvergi inn. Í eitt skiptið fór ég í skóla þar sem flestir nemendurnir lifðu við einhvers konar þroskahömlun. Það var ein af skyndilausnunum. Það vissi enginn hvað átti að gera við mig.“ ▶




Íslensk Getspá

ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is

ÖBÍ
UMFÍ

Íslensk getspá er í eigu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.



**ÓLST UPP Á GEÐDEILD** Heiðar var alla barnæskuna á stórum skammti af Rítalíni. Hann hefur nú lært að beina orkunni á rétta staði.

### Öll skapandi hugsun hvarf

Heiðar var ellefu ára þegar hann loksins fór í skóla sem hentaði. „Þar voru alls konar krakkar, ofvirkir, þeir sem höfðu orðið fyrir einelti og allt þar á milli. Þar voru sex kennarar á hverja fimmtán nemendur og ég fékk stuðninginn sem ég þurfti. Á einu ári fór ég í gegnum stærðfræðibækur frá fimmta bekk og upp í fyrsta ár í framhaldsskóla og náði jafnöldrum mínum í dönsku. Árið eftir flutti ég til Íslands og fór í skóla hér.“

Heiðar upplifði sig enn stjórnlausan. „Ég var búinn að fatta hvernig ég átti ekki að gera mig að algjöru fífli, en ég var ennþá í ruglinu. Ég varð félagsfælinn af lyfjunum og fannst ég ekki búa yfir neinum persónuleika. Ég fann aldrei upp á neinu að segja því öll skapandi hugsun lá í dvala.“

Eftir þetta lá leið Heiðars í framhaldsskóla með jafnöldrum sínum. Hann var enn á lyfjunum og segist aldrei hafa staðið sig jafn vel í skóla og fyrstu önn sína í menntaskólanum. „Það gekk fáránlega vel. Ég kláraði 20 einingar. Svo ákvað ég einn daginn að hætta á Rítalíninu. Önnina eftir rétt slefaði ég upp í níu einingar og á þeirri þriðju sótti mamma mig í skólann einn daginn og bað mig að huga betur að náminu. Ég fékk svo mikið mótþróakast að ég mætti aldrei aftur. Ég held að skólataskan mín sé ennþá uppi í skóla,“ segir Heiðar og hlær.

### Vont að vera stjórnlaus

Þegar hér er komið sögu hafði Heiðar reynt aðeins fyrir sér á brimbretti. „Þegar ég hætti á lyfjunum þurfti ég að kynnast sjálfum mér aftur. Ég vissi ekkert hvað ég vildi. Þannig að ég var að slæpast og fann mikla huggun í sörfinu. Þetta hefur alltaf verið þannig, ef ég fæ enga útrás, þá er ég vonlaus.“

Heiðar hefur mikið lært inn á eigin ofvirkni og er í dag lyfjalaus, einstaklega jákvæður ungur maður. „Ég get ekki tekið of mikið að mér í einu, þá missi ég yfirsýn og fer í hálfgert panikk-ástand. Eins og þegar ég var lítill og mamma bað mig að taka til í herberginu mínu. Ég leit yfir herbergið, þar var allt í drasli og ég gat ekki með nokkru móti byrjað að taka til. Ef mamma setti mér hins vegar fyrir, kannski tvo eða þrjá hluti í einu, gat ég klárað þá. Þannig tók ég til í herberginu mínu þangað til ég varð tólf ára. Ef ég gat fengið að einbeita mér að einhverju einu, gerði ég það vel. Annars var ég í ruglinu,“ segir Heiðar og hlær. Hann segir málið fyrir fólk í sinni stöðu að hafa markmið. „Það er svo mikil orka í gangi og ef ég hef hef ekki neitt til að beina orkunni að, þá verð ég stjórnlaus.“

### Sonur fíkils

Heiðari var sagt frá því þegar hann var ungur að hann mætti ekki drekka áfengi með ofvirknilyfjunum. „Þegar ég var fjórtán ára vorum við vinirnir að plana fyrsta fylleríð. Ég man að ég fór heim um kvöldið; ég tók alltaf lyf á morgnana klukkan 8 og svo aftur klukkan 6 svo að það dygði út daginn. Mamma sagði mér að taka lyfin mín og ég sagði: Nei, ég er að fara að hitta strákana í kvöld og vil vera ég sjálfur. Hún sagði mér að taka töflurnar og ég neitaði aftur. Hún þráspurði mig þangað til ég sagði henni að ég ætlaði á fyllerí um kvöldið. Hún vissi ekki hvernig hún átti að bregðast við. Það var náttúrulega ekki hægt að hafa neina stjórn á mér, ég fann alltaf leið til þess að gera það sem ég vildi. Þannig að hún bað mig um að vekja sig þegar ég kæmi heim og að fara varlega,“ segir Heiðar.

Blóðfaðir Heiðars er fíkill og þegar talið berst að honum verður Heiðar ögn alvarlegri.

„Hann var allsgáður þegar ég fæddist en hefur háð mikla baráttu við fíknina. Hann er allsgáður í dag. Ég hef samt lært það að ég hef enga stjórn á því heldur, hvað hann gerir við sitt líf. Hann er pabbi minn og hann er mikill vinur minn og hann er æðislegur eins og hann er.“

Heiðar heldur áfram og segir móður sína alltaf hafa sagt að hann væri í áhættuhópi um að þróa með sér fíkn . „Ég tók ekkert mark á því. Hún þakkaði mér fyrir að hafa sagt sér frá því að ég ætlaði á fyrsta fylleríið mitt. Ég var hissa á því að ég væri að ganga út um dyrnar þetta kvöld. Svo fór auðvitað allt í einhverja vitleysu. Þannig var mín drykkjusaga öll, ég gerði alltaf einhverja ömurlega hluti. Ég var alltaf að hugsa hvort ég ætti nokkuð að vera að þessu. Ég var alltaf að reyna að hætta, eða minnka þetta. Ég var ungur og lífið snerist að miklu leyti um djammið. Ég tók ákvörðun þegar ég var pínulítill að ég myndi aldrei prófa dóp, út af pabba, og ég hef aldrei gert það.“

### Hætti sjálfur að drekka

Heiðar lærði til þjóns og hefur rekið bari og unnið á veitingastöðum um alla Reykjavík. „Ég var sérstaklega góður í því að útbúa kokteila og drakk mikið af þeim,“ segir Heiðar, léttur í bragði. „Ég hafði líka ferðast til Frakklands, í tveggja vikna sörfferð, þar sem ég sá hvernig menn umgengust vín þar. Rauðvín í hádeginu, ef því var að skipta. Ég heillaðist mikið af því, en ég var samt ekki lengi að átta mig á því að þetta væri ekki fyrir mig og var bara 19 ára þegar ég hætti að drekka. Það breytti miklu fyrir mig.“

Einu og hálfu ári eftir að Heiðar hætti að drekka var hann orðinn yfirþjónn á Loftinu og tók svo við sem rekstrarstjóri. „Mig hafði alltaf dreymt um að fara í ferðalög og hafði náð að púsla saman einhverri tveggja vikna Frakklandsferð sem endaði í rugli þegar ég var að drekka, en eftir að ég hætti að drekka er ég byrjaður að geta farið í þriggja mánaða ferðalög hingað og þangað, til Kanada, Kaliforníu. Ég er nýkominn úr þriggja mánaða ferðalagi um Indónesíu með kærustunni minni sem var ótrúlegt ævintýri. Það er alltaf eitthvað skemmtilegt. Þegar ég hætti að drekka fór orkan að fara í hluti sem ég vil gera. Og orkan er mikil! Ég er alltaf að gera svo skemmtilega hluti!“

### Gafst tíu þúsundum sinnum upp

Heiðar segir að það að losa sig við áfengi hafi haft þau áhrif að tækifærin komi frekar til hans. „Maður talar um það sem maður er að gera, býr til áhugaverðar samræður við fólk og þannig dúkka tækifærin upp. Alveg eins með sörfið. Þetta með að elta draumana og vera ekki alltaf að tefja. Frá því ég byrjaði að sörfa hafa allir hvatt mig til að gerast atvinnumaður. Ég var langyngsti sörfarinn á Íslandi en ég hélt alltaf að ég gæti það ekki. Ég gafst örugglega 10 þúsund sinnum upp á því að verða atvinnumaður en einhvern veginn var alltaf einhver í lífi mínu sem sagði eitthvað sem gaf mér drifkraftinn til að láta þetta verða að veruleika. Og byrja að trúa á sjálfan mig. Núna er ég með samning hjá fyrirtækjum sem hjálpa mér að ná markmiðum mínum og draumum í sportinu. Ég vinn eiginlega við það að skapa augnablik – búa til myndefni sem fólk sér og vonandi hugsar: Vá, mig langar að gera þetta.“

### Mataræðið breytir miklu

Heiðar lifir svokölluðum hreinum lífsstíl. Hann hefur aldrei verið í betra líkamlegu formi en nú. „Ég tók út allar mjólkurvörur, sykur, allt. Ég kalla þetta steinaldarmataræði. Allt sem vex, ekkert sem er búið til eða er bætt til að geta geymst betur, engar unnar vörur, hreint kjöt, fiskur, lífrænt grænmeti og ávextir, hnetur og fræ og rætur. Þegar ég breytti mataræðinu, var eins og yrði logn í hausnum á mér líka. Meinið er að svona mataræði er tímafrekt, en það er alltaf hægt að grípa sér eitthvað á Gló, ef illa stendur á. Ég varð miklu heilbrigðari, orkuríkari, á góðan hátt. Ég gat í fyrsta skipti sest niður og drukkið te í rólegheitum.“

Heiðar stundar líka jóga af miklum krafti. „Mig hefur alltaf langað til að vera liðugur og hef loksins fundið leið til þess án þess að drepleiðast,“ segir Heiðar og hlær. „Ég og kærastan mín stefnum á að verða Acro-jógakennarar fljótlega. Svo hef ég líka verið að hugleiða og hef mikinn áhuga á því. Það hjálpar mér svo mikið þegar ég verð tættur eða ofvirknin fer að taka yfir. Þá sest ég niður og næ að einbeita mér að hugleiðslunni. Það er eiginlega betra en Rítalín. Svo hef ég líka leiðir til þess að fá útrás. Ég spila til dæmis á flest hljóðfæri, aðallega á úkúlele.“

Heiðar vill nú, samhliða sörfinu, hjálpa krökkum í hans sporum. „Ég vil hafa áhrif á krakka sem standa frammi fyrir svipuðum erfiðleikum og ég stóð frammi fyrir. Það þarf að beina orkunni á rétta staði og ég get hjálpað til við það. Hvernig ég fer að því, kemur sennilega til mín seinna, en þangað til vona ég að mín saga hjálpi einhverjum.“

**„ Ég passaði hvergi inn. Í eitt skiptið fór ég í skóla þar flestir nemendurnir lifðu við einhvers konar þroskahömlun. Það var ein af skyndilausnunum. Það vissi enginn hvað átti að gera við mig.**

**„ Hann var allsgáður þegar ég fæddist en hefur háð mikla baráttu við fíknina. Hann er allsgáður í dag. Ég hef samt lært það að ég hef enga stjórn á því heldur, hvað hann gerir við sitt líf. Hann er pabbi minn og hann er mikill vinur minn og hann er æðislegur eins og hann er.**

**„ Ég gafst örugglega 10 þúsund sinnum upp á því að verða atvinnumaður en einhvern veginn var alltaf einhver í lífi mínu sem sagði eitthvað sem gaf mér drifkraftinn til að láta þetta verða að veruleika. Og byrja að trúa á sjálfan mig.**

**„ Þannig var mín drykkjusaga öll, ég gerði alltaf einhverja ömurlega hluti. Ég var alltaf að hugsa hvort ég ætti nokkuð að vera að þessu. Ég var alltaf að reyna að hætta, eða minnka þetta.**


ERÍKUR
HAUKSSON
BJÖRGVIN
HALLDÓRSSON
MATTHÍAS
MATTHÍASSON
STEFÁN
JAKOBSSON
& ROKKABILLÝBANDIÐ
HEIÐURSTÓNLEIKAR
THE BEATLES
HÁSKÓLABÍÓ 15. ÁGÚST 2015
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á MIÐI.IS
midi.is
PROMO




TILBOÐ GILDA FRÁ LAUGARDEGI TIL MÁNUDAGS


Sumargleði Garðheima
20% afsláttur
af öllum sumarblómum og matjurtum
ÁVAXTATRÉ OG BLÁBERJARUNNAR 20% ★ ALLIR POTTAR 20%
GARÐHÚSGÖGN 20% ★ SAFNKASSAR 20% ★ SLÁTTUVÉLAR 20%
VERKFÆRI OG KLIPPUR 20% ★ GRILL OG AUKAHLUTIR 15%
BLÖÐRULISTAMAÐUR FRÁ SIRKUS ÍSLANDS
HNÝTIR BLÖÐRULISTAVERK FYRIR BÖRNIN
MILLI 14 OG 16 » LAUGARDAG OG SUNNUDAG
ÍS Á 100KR
FÁÐU RÁÐGJÖF HJÁ SÉRFRÆÐINGUNUM
★ VIÐ HJÁLPUM ÞÉR AÐ VELJA RÉTTU GRÆJUNA FYRIR ÞIG
GRILLIÐ » SLÁTTUVÉLINA » KLIPPURNAR » VERKFÆRIN OFL.
★ GARÐYRKJUFRÆÐINGAR GARÐHEIMA VEITA RÁÐGJÖF UM
PLÖNTUVAL » ÁBURÐAGJÖF OFL. FYRIR GARÐINN
GARÐHEIMAR
Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is



**NBA-ÚRSLIT** Einvígi Golden State Warriors og Cleveland Cavaliers hefur staðið yfir að undanförnu með tilheyrandi vöku aðdáenda körfuboltans. NORDICPHOTOS/GETTY

# RÁÐ TIL ÞESS AÐ VAKA YFIR NBA Á NÓTTUNNI



Kjartan Atli Kjartansson
kjartanatli@365.is

Íslenskir NBA-áhugamenn deila ráðum til að halda sér vakandi og fræða lesendur um hvað sé best að gera í leikhléum. Áhorf á NBA tekur sinn toll af fólki daginn eftir.

Hin gríðarlega spennandi úrslit í NBA-deildinni njóta mikillar athygli hér á landi. Á samfélagsmiðlum má gjarnan sjá líflegar umræður á meðan leikirnir eru í gangi og á milli leikja er taktík liðanna krufin og frammistaða leikmanna ýmist lofuð eða löstuð, eftir því hvernig leikar enduðu.

Vegna tímamismunar á Íslandi og í Bandaríkjunum fara leikirnir fram á meðan flestir Íslendingar eru sofandi. Leikirnir hefjast yfirleitt í kringum miðnætti og standa fram eftir nóttu. NBA-áhugamenn þekkja það vel hversu erfitt getur reynst að halda sér vakandi yfir einvígi Golden State Warriors og Cleveland Cavaliers. Fréttablaðið fékk þrjá forfallna áhugamenn um deildina til þess að deila leyndarmálunum við að halda sér vakandi. Einnig voru þremenningarnir beðnir um að deila með lesendum hvort allar þessar vökunætur væru farnar að hafa áhrif á heilsu þeirra.

## Vaktavinnan bjargar vökunóttum

**Anna María Ævarsdóttir**
**flugfreyja, fjölmiðlafræðinemi og leikmaður KR í Domino's-deildinni**



**AÐDÁANDI Í TUTTUGU ÁR** Anna María hefur fylgst með NBA frá því hún var tíu ára gömul og safnaði öllu merktu Chicago Bulls. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Hvernig undirbýrð þú þig á leikdegi?** Það er alltaf sterkur leikur að fara á góða æfingu á kvöldin eftir vinnu eða skóla og taka smá lúr fyrir leik til að halda sér vakandi síðar um kvöldið. Svo má ekki gleyma „mönsinu“ en það er afar mikilvægur hluti af stemmaranum.

**Hvernig er dagurinn eftir leik?** Þar sem ég bý svo vel að vera í vaktavinnu og er algjör „B-manneskja“ þá finnst mér nauðsynlegt að fá að sofa út. Vinnufríin eru því kærkomin þegar NBA er í gangi. Það er ekki laust við að maður sé svolítið þreyttur eftir vökunótt í boði Stöð 2 Sport.

**Hvað gerir þú í leikhléum?** Ég eyði langmestum tíma mínum á samfélagsmiðlum þegar leikhlé og hálfleikur er, þá sérstaklega á Twitter. Það er alltaf skemmtilegt að lesa hnyttin tíst frá öðrum körfuboltaáhugamönnum nær og fjær sem spara oftar en ekki stóru orðin.

**Hversu lengi hefur þú fylgst með NBA-deildinni?** Ætli það séu ekki komnir góðir tveir áratugir síðan ég byrjaði að fylgjast með NBA. Ég man að minnsta kosti vel eftir mér 9-10 ára gamalli með möppur og pennaveski með öllu tilheyrandi merkt Chicago Bulls í skólatöskunni. Enda 3peat champs á þessu tímabili og Jordan að bæta MVP-titlum í safnið.

**Finnur þú mun á heilsu þinni á vorin og sumrin, þegar þú vakir lengur fram eftir?** NBA er bara lúxus á sumrin þegar skólanum og tímabilinu heima lýkur og „finals“ detta í gang. Þá leyfi ég mér alveg að vaka fram eftir nóttu þegar ég er í vaktafríi og sólarhringurinn fer í rugl. Heilsan er því bara góð og ég hressi mig oft við með því að fara í líkamsrækt.

**Er böl að vera NBA-áhugamaður?** Það er böl að vera NBA-áhugamaður… á Íslandi já! Tímamismunurinn er ekkert að hjálpa manni og oft þarf maður að sætta sig við endursýningar á leikjum þegar maður nær ekki beinu útsendingunni.

## Mikilvægt að velja réttu treyjuna

**Bragi Páll** **ljóðskáld**



**TEKUR ÚT KÖRFUBOLTAPYNNKUNA** Bragi Páll teflir eða þýðir bók í leikhléum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Hvernig undirbýrð þú þig á leikdegi?** Ef ég get þá reyni ég að sofa til hádegis á leikdegi. Þannig stilli ég líkamsklukkuna inn á bandarískan tíma og á auðveldara með að vaka fram eftir. Einnig eru leikdagar einu dagarnir þar sem ég leyfi mér að drekka kaffi eftir klukkan 16, en samt í stýrðu hófi. Af því ég þarf líka að geta sofnað stuttu eftir að leiknum líkur. Svo á ég um 20 NBA-treyjur og það fer því alltaf einhver tími í það mikilvæga ferli að velja réttu treyjuna fyrir hvern og einn leik.

**Hvernig er dagurinn eftir leik?** Ég er eiginlega í fæðingarorlofi, þannig ef ég hef tök á þá sef ég út. Annars tek ég glaður út körfuboltaþynnkuna ef mér tekst það ekki. Reyndar hefur þetta aðeins breyst eftir að ég gerðist áskrifandi að NBA-League Pass. Þar get ég nefnilega horft á leiki daginn eftir án þess að vita hvernig þeir fóru. Þá þarf ég bara að forðast alla samfélagsmiðla, hlusta ekki á fréttir og svara ekki í símann fyrr en ég er búinn að horfa á leikinn, þá er ég í góðum málum.

**Hvað gerir þú í leikhléum?** Það er misjafnt. Ég fylgist með því sem spjátrungarnir eru að segja á Reddit og Twitter. Stundum tefli ég styttri eða lengri skákir á netinu. Um þessar mundir er ég að þýða bók og það er ágætt að grípa í það inn á milli.

**Hversu lengi hefur þú fylgst með NBA-deildinni?** Fyrsta úrslitaserían sem ég man eftir var þegar Bulls unnu Pheonix 1993. Fyrsta serían sem ég man eftir að hafa horft á í heild sinni voru úrslitin 1996. Síðan þá hef ég alltaf reynt að fylgjast með úrslitunum, en síðustu ár, eftir að hægt var að kaupa áskrift á netinu, hef ég svo farið að horfa á alla leiktíðina.

**Finnur þú mun á heilsu þinni á vorin og sumrin, þegar þú vakir lengur fram eftir?** Flestir sem þekkja mig vita að á þessum árstíma er ég mjög fölur, með svefnskalla og fæst illa til að tala um annað en körfubolta.

**Er böl að vera NBA-áhugamaður?** Alls ekki. Það að fylgjast með NBA deildinni er eitt það skemmtilegasta sem ég geri, og þó geri ég mjög mikið af mjög skemmtilegum hlutum.

## Sjóntruflanir og ör hjartsláttur

**Haukur Viðar Alfreðsson**
**tónlistarmaður og sniðugmenni hjá Brandenburg**



**ÚR BUXUNUM** Það er heilagur siður hjá Hauki Viðari að afklæðast fyrir áhorf á NBA-leik. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Hvernig undirbýrð þú þig á leikdegi?** Ég tek þetta á samblandi af þrjósku og heimsku. Og Pepsi Max. Ég get sofið þegar ég verð gamall. Reyndar fer ég alltaf úr buxunum rétt áður en flautað er til leiks. Það er ekki hægt að horfa á NBA og vera í buxum.

**Hvernig er dagurinn eftir leik?** Ég fæ aldrei að sofa út. Hjól atvinnulífsins snúa sér ekki sjálf. En það má snúa þeim geispandi.

**Hvað gerir þú í leikhléum?** Skoða Facebook og Twitter. Þar eru menn sem eru mun fróðari um leikinn en ég. Ég les og læri. Tjái mig lítið sjálfur.

**Hversu lengi hefur þú fylgst með NBA-deildinni?** Síðan 1991 en þó með hléum. Lengi vel var ekki gaman að vera San Antonio-aðdáandi og þá var þetta ekkert heilagt fyrir mér. Svo hefur þetta ágerst með tímanum.

**Finnur þú mun á heilsu þinni á vorin og sumrin, þegar þú vakir lengur fram eftir?** Ég vaki ekki fram eftir meðan á tímabilinu stendur en úrslitakeppnin getur tekið á. En heilsan er ágæt. Smá sjóntruflanir og ör hjartsláttur hefur aldrei drepið neinn.

**Er böl að vera NBA-áhugamaður?** Alls ekki. Það er dásamlegt. Að ídólísera rúmlega tveggja metra háa, moldríka krakkaskratta sem myndu ekki einu sinni heilsa mér úti á götu er kannski ekki eðlileg hegðun þegar maður er 35 ára en svona er þetta bara.




Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka

# „Hvort er mamma með 20 ára forskot á mig eða ég á hana?“

**Fyrsta skrefið er að skrá sig á marathon.is**
Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka verður að morgni Menningarnætur þann 22. ágúst. Í boði verða vegalengdir við allra hæfi auk þess sem hægt er að fara heilt maraþon í boðhlaupi. Skráning er í fullum gangi á marathon.is.

Á hlaupastyrkur.is getur þú safnað áheitum og látið gott af þér leiða á hlaupum.

**Við erum Maraþonmæðgurnar!**
Maraþonmæðgurnar Halldóra og Steiney eru byrjaðar að æfa fyrir sitt fyrsta Reykjavíkurmaraþon. Fylgstu með undirbúningi og samkeppni mæðgnanna á Facebook og á Snapchat og fáðu hlaupaáætlun, lagalista og fleiri gagnlegar upplýsingar í leiðinni.

Fylgstu með á Facebook
**Maraþonmæðgurnar**

Fylgstu með á Snapchat
**Marathonmaedgur**

Íslandsbanki, stoltur stuðningsaðili í 18 ár.

Íslandsbanki

ENNEMM / SÍA / NM69240

# HAGAÐI SÉR EINS OG KARLMAÐUR TIL AÐ FALLA Í HÓPINN

**Halla Tómasdóttir** segist aldrei hafa ætlað að snerta á konumálum en með auknum þroska fann hún að kvenlægir eiginleikar hennar gerðu hana að sterkari stjórnanda. Í dag segist hún vera femínisti og velur sér verkefni sem hafa það að markmiði að virkja ónýttan kvenauð.



**VILL VIRKJA KVENAUÐINN** Halla er ráðstefnustjóri WE 2015 sem er í anda verkefna hennar á undanförnum árum. Á ráðstefnunni tekur til máls háskólafólk og leiðtogar alþjóðlegra fyrirtækja til að skapa samtal um efnahagslegan ávinning þess að virkja konur í viðskipta- og fjármálaheiminum. Hægt verður að fylgjast með samtalinu á vefsvæði RÚV og Inspiral.ly. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is

Halla er önnum kafin þessa dagana. Hún skipuleggur alþjóðlega ráðstefnu þar sem háskólafólk og leiðtogar alþjóðlegra fyrirtækja munu ræða hennar hjartans mál: Hvernig hægt sé að virkja kvenauðinn í samfélaginu og fjölga kvenkyns frumkvöðlum, leiðtogum, stjórnarmönnum og fjárfestum.

En kynjajafnrétti hefur ekki alltaf verið Höllu efst í huga og áður fyrr leit hún alls ekki á sig sem femínista. Það fór að breytast þegar hún flutti heim eftir tíu ára nám og störf í Bandaríkjunum. Verkefnin sem hún tók að sér hér á landi beindu sjónum hennar sífellt meira að vannýttum hæfileikum kvenna. Hún stýrði stjórnendaskóla HR og Auði í krafti kvenna, var framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, sat í stjórnum fjölmargra fyrirtækja, stofnaði Auði Capital og hefur undanfarin ár starfað erlendis við að virkja kvenauðinn. Í dag segist hún svo sannarlega vera femínisti sem lítur á jafnréttismál sem efnahagsmál, enda séu efnahagslegir hagsmunir af aukinni þátttöku kvenna í viðskiptalífinu augljósir. En hvað breyttist?

„Þegar ég var á þrítugsaldri trúði ég því ekki að kynið skipti máli, taldi þetta einfaldlega snúast um hæfni einstaklingsins. Á þessum tíma var orðið femínismi líklega heldur neikvætt orð í mínum huga og þegar ég lít til baka þá féll ég örugglega oft í þann pytt að haga mér eins og karlmaður á vinnustaðnum til að falla í hópinn. Ég gerði það algjörlega ómeðvitað. Ég er með mikla aðlögunarhæfni og horfði bara á hvernig leikurinn var spilaður og hermdi eftir.“

### „Æðra“ að vera í strákahópnum

Halla segist hafa verið með hlaðnar hugmyndir um jafnréttismál. Hún var alltaf mjög jafnréttissinnuð en lærði í námi og starfi að það væri vænlegra til árangurs að vekja ekki of mikla athygli á að vera öðruvísi.

„Það var betra að vera ein af hópnum – og í viðskiptum og fjármálum er hópurinn oftast karllægur. En svo steig ég út fyrir þægindahringinn og tók fyrsta „kvennaverkefnið“ þegar ég tók að mér að leiða Auði í krafti kvenna því ég var sammála því að það væri efnahagslegur ávinningur af því. Ég man að góður vinur minn spurði mig af hverju í ósköpunum ég vildi vera í svona konudæmi, þegar karlarnir fíluðu mig svo vel. Hann var svo einlægt hissa á mér. Hann gaf klárlega í skyn að ég væri að velja það „síðra“ þegar ég gæti verið að velja það „æðra“ – það er að segja strákahópinn.“

### Hleypti manneskjunni út

Halla hefur oft verið eina konan í þeim stjórnum sem hún hefur setið í. Hún segist hafa vel getað haldið áfram að starfa í Bandaríkjunum með tilheyrandi starfsframa og velgengni. En það kom að þeim tímapunkti að hún fór að spyrja sjálfa sig æ oftar hvað væri í raun og veru velgengni. Þær vangaveltur breyttu hugarfarinu smám saman og hefur hún í seinni tíð hiklaust valið að starfa við hluti sem samræmast sem best hennar gildismati.

„Velgengni hlýtur að vera þegar maður getur verið besta útgáfan af sjálfum sér í lífi og starfi. En ekki þegar maður þarf að leika eitthvað hlutverk. Þegar ég hóf störf í HR þá var ég næstum í fyrsta skipti ekki eina konan í stjórnendateyminu. Ég upplifði oftar en nokkru sinni áður að vera „ein af stelpunum“ og það kom mér skemmtilega á óvart hvað ég upplifði mikinn kraft – sérstaklega í því að sameinast í kringum þann skýra tilgang sem uppbygging háskóla hefur og þann samfélagslega ávinning sem slíkt starf getur skilað. Á sama tíma varð ég móðir og við það tengdist ég líklega betur sjálfri mér. Þetta var mjög annasamur tími, það skapaðist oft togstreita á milli heimilis og starfs. Alveg brjálað að gera hjá báðum foreldrum og stundum þurfti einfaldlega þriðja foreldrið til svo dæmið gengi upp. Ég áttaði mig á þessum tíma á því að ég bjó yfir hæfileikum sem ég nýtti ekki alltaf til fulls í starfi. Ég fann að ég varð einfaldlega betri og kröftugri stjórnandi þegar ég hleypti sjálfri mér út og leyfði mér að vera ég sjálf í vinnunni. Ég lærði í námi og starfi að það yrði alltaf að beita rökhugsun. Þannig að ég reyndi alltaf að klæða tilfinningar mínar í rökrænar umbúðir. En ég hef með árunum lært að treysta á innsæið og þori að fylgja því.“

### Missti trú á fjármálaheiminum

Halla lítur enn svo á að jafnréttismál séu í grunninn efnahagsmál en markmið hennar er þó ekki síður að leggja sitt af mörkum til að skapa mannlegt samfélag þar sem allir fá að njóta sín. Á þeim forsendum hefur hún unnið verkefni sín á síðustu árum.

„Það er ekkert leyndarmál að Auður Capital varð til því ég missti að ákveðnu leyti trú á fjármálamarkaðinn eins og hann var. Þannig að við Kristín Pétursdóttir, sem stofnaði fyrirtækið með mér, vildum koma kvenlægari gildum inn í fjármálaheiminn því hvoruga okkar langaði að taka þátt í þessum heimi eins og hann rúllaði þá. Okkur langaði að vera í viðskiptum og hagnast en vildum vinna út frá grunngildum sem hugnuðust okkur. Við vildum hagnað með hugsjón, þar sem fólk, samfélag og umhverfi skipta líka máli. Við lifðum af hrunið og okkar traust óx í öfugu samhengi við það sem gerðist annars staðar. Ég held það hafi gerst fyrir konur almennt á þessum tíma og orðræðan jókst um mikilvægi þátttöku kvenna í stjórnum og áhrifastöðum almennt, bæði hér á landi og annars staðar. En ég fæ stundum á tilfinninguna núna, sjö árum seinna, að það sé ekki langt í að okkur langi aftur í ójafnvægið. Einstein kallaði það geðveiki að gera alltaf sama hlutinn en vonast eftir nýrri útkomu. Ég vona að við náum að komast hjá þeirri sturlun.“

### Vont að raða já-fólki í kringum sig

Halla segir svarið vera samfélag sem er ekki í ójafnvægi heldur nýti hæfileika beggja kynja – við öll ákvörðunartökuborð. Hún bendir á að of karllæg gildi í fjármálaheiminum hafi brugðist okkur árið 2008 – og oft áður í sögunni. Hún er fylgjandi kynjakvóta í stjórnum því hún telur að konur komi inn í stjórnir með breyttar áherslur og þá verði öll umræða tekin frá fleiri sjónarhornum og ákvarðanataka og stjórnarhættir batni fyrir alla.

„Í grunninn snýst þetta ekki um karla og konur heldur um kvenlæga og karllæga eiginleika og nálgun – þetta snýst meira um gildismat eða kvarða og ég trúi því að okkur farnist best ef við tileinkum okkur hvorutveggja. Í viðskiptalífinu hafa áherslurnar verið of mikið öðrum megin og kvenlæg gildi – sem geta sannarlega komið frá bæði konum og körlum – hafa átt á brattann að sækja.

Kvenlægir eiginleikar leiðtoga eiga sérstaklega vel við á umbreytingartímum eins og við erum að fara í gegnum núna. Kvenlægur leiðtogi les í umhverfið og fær fólk með sér. Hann reynir ekki að vera hetja með öll svörin. Það er búið og löngu úrelt módel. Góður leiðtogi nær að láta ólíka starfsmenn blómstra og getur stýrt hópi sem er í eðli sínu ólíkur innbyrðis. Það má segja að allir sem hafa átt fleira en eitt barn vita hvað við fáum mikla þjálfun í því að láta ólíkan hóp búa saman. Vondur leiðtogi ræður þá sem eru alveg eins og hann og haga sér eins og hann. Hann raðar í kringum sig já-fólki og á þar af leiðandi á hættu að keyra fram af brúninni þar sem enginn er til staðar til að spyrja gagnrýnna spurninga á leiðinni.

Ég er bara almennt fylgjandi jafnvægi og blöndun. Það þarf að taka áhættu en líka spyrja spurninga um áhættuna. Það þarf einhvern með sterka siðferðiskennd en líka þann sem þorir að storka viðteknum venjum og er djarfari. Jafnvægið og krafturinn sem myndast þegar fólk á samtöl um málefni frá ólíkum sjónarmiðum býr til árangursrík teymi og árangursrík samfélög.“

### Í þágu allra að virkja mannauðinn

WE 2015 er vettvangur fyrir samtal milli karla og kvenna um það efnahagslega tækifæri sem felst í því að virkja kvenauðinn til jafns á við karlauðinn – ekki bara á Íslandi heldur um heim allan. Ísland stendur fremst í að brúa kynjabilið, samkvæmt World Economic Forum, og tilfellið er að margir horfa til okkar sem forystuþjóðar í þessum málum.

„Ein af ástæðunum fyrir því að ég vildi að ráðstefnan héti WE er að konur hafa mikið verið að tala við konur um þessi mál, en ég taldi gríðarlega mikilvægt að virkja karlana með í þetta mikilvæga samtal. Ef við skoðum tölurnar, þá eru einfaldlega fleiri karlar í áhrifastöðum í viðskipta- og efnahagslífi og því eru frekari framfarir ólíklegar án þeirra þátttöku. En tölurnar sýna líka svart á hvítu að viðskiptalegur og efnahagslegur ávinningur af jafnrétti er verulegur og það er mikilvægt fyrir forystufólk í atvinnulífi að skilja það.

Við trúum því að allir sem munu fara í gegnum þetta samtal muni læra margt og gera sér grein fyrir því að það sé í þágu okkar allra að virkja allan okkar mannauð til að snúa hjólum hagkerfisins, til að skapa jafnvægi í okkar viðskiptalífi og til að skapa samfélag sem er mannlegt og gjöfult fyrir alla. Hver gæti verið á móti því? Stundum verð ég hissa á því að við þurfum að vera að ræða þetta – þetta er svo augljóst!“



*Finnsdottir krukka*
*14.900.-*



*Finnsdottir lampi*
*79.900.-*



*Finnsdottir vasi*
*24.900.-*

# Bjóðum brúðhjónum upp á að gera brúðargjafalista.

**Brúðhjónin fá 10% inneign í versluninni af heildarúttekt listans og fallega gjöf frá okkur.**

**Brúðargestir geta svo sent okkur e-mail og gengið frá pöntun á netinu og fengið sent til sín eða sótt í búðina.**

***Einfaldara getur það ekki verið!***



*Fuss teppi*
*17.990.-*



*The Oak Men bakki*
*17.500.-*



*Fuss púði*
*13.990.-*

Snúran

*Síðumúla 21*
*S: 537-5101*
*snuran.is*

# 8 UPPÁHALDS ÖPPIN



Magnús Sigurbjörnsson
framkvæmdastjóri borgarstjórnarhóps Sjálfstæðisflokksins

**SWARM**
Ég „checka“ mig inn og læt mína nánustu vini vita hvar ég er. Þetta er eiginlega orðin dagbókin mín. Appið safnar líka tölfræði um hversu oft ég hef farið á staði.

**FACEBOOK MESSENGER**
Hægt að hafa samband við alla og langflestir eru á Facebook. Hægt og rólega að taka yfir SMS.

**SUNRISE CALENDAR**
Það var ekki nóg að sjá fundi vikunnar. Sunrise getur bætt við uppáhaldsíþróttaliðunum þínum og hvenær þínir uppáhaldssjónvarpsþættir eru sýndir!

**TWITTER**
Langskemmtilegasti samfélagsmiðillinn finnst mér.




**SWIFTKEY KEYBOARD**
SwiftKey-lyklaborðið er tilbreyting fyrir alla sem eru komnir með leið á venjulega lyklaborðinu. Lyklaborðið stingur upp á íslenskum orðum eftir því hvernig þú skrifar á lyklaborðið.

**LEGGJA**
Hefur sparað mér tíma og stöðumælasektir.

**PRODUCT HUNT**
Ég hef gaman af að uppgötva nýja hluti. Nýjustu öppin, vörurnar eða vefsíðurnar – allt á sama stað.

**KING OF BOOZE**
Ég var að leita að skemmtilegum leik í partýið um daginn og rakst á þennan sem heitir King of Booze. Leikurinn er settur upp sem borðspil þar sem partígestir leysa skemmtilegar þrautir. Hvet alla til að prófa ef þá vantar hugmynd í partí helgarinnar.



**BLETTIR Á DVERGPLÁNETU** Dawn-könnunarfarið náði mynd af sérkennilegum blettum Ceres.

## Skærir blettir Ceres myndaðir

Bandaríska geimvísindastofnunin NASA hefur birt nýjar myndir af skærum blettum á yfirborði dvergplánetunnar Ceres í smástirnabeltinu milli Mars og Júpíters. Að mati vísindamanna hjá NASA er líklegt að fyrirbærið sé tilkomið vegna samspils salts og íss en þeir viðurkenna þó að margt sé enn á huldu um blettina.

Flekkirnir eru staðsettir í 90 kílómetra breiðum gíg. „Björtu blettirnir á Ceres eru einstakir og eitthvað sem við höfum aldrei séð áður í sólkerfinu,“ sagði Chris Russell, yfirmaður Dawn-verkefnisins hjá NASA. Könnunarfarið Dawn myndaði blettina úr 4.000 kílómetra hæða í vikunni en það mun rannsaka yfirborð dvergreikistjörnunnar næsta árið.

Vísindamenn telja að að Ceres hafi eitt sinn stefnt í að verða pláneta á stærð við Jörðina eða Mars. Vonir standa til að Dawnkönnunarfarið varpi ljósi á hvað leiddi til þess að Ceres hætti að stækka.

# Stríðið um sýndarheima hefst

Oculus Rift-sýndarveruleikagleraugun verða fáanleg snemma á næsta ári. Bylting er í vændum í tölvuleikjaiðnaðinum og hið íslenska fyrirtæki CCP, ásamt öðrum, er í framvarðasveit hennar.

**Kjartan Hreinn Njálsson**
kjartanh@365.is

Allt frá því að Oculus Rift-sýndarveruleikagleraugun skutu upp kollinum á hópfjármögnunarsíðunni Kickstarter í ágúst árið 2012 hefur bylting vofað yfir tölvuleikjaiðnaðinum. Þremur árum síðar erum við enn að bíða. Mikið vatn hefur þó runnið til sjávar. Facebook hefur eignast Oculus VR, framleiðanda Rift-gleraugnanna, fyrir litla 230 milljarða króna og tugir tækni- og leikjafyrirtækja af öllum stærðargráðum hafa nú sambærilega tækni í þróun.

### Rift á næsta leiti

Forstjóri Oculus VR, Brendan Iribe, var ekki lengi að sannfæra leikjaheiminn um að byltingin sem lofað var væri sannarlega á leiðinni þegar hann steig á svið í troðfullum ráðstefnusal í San Francisco síðasta fimmtudag. Hann tilkynnti að Rift-gleraugun myndu koma á markað á fyrsta ársfjórðungi næsta árs og svipti jafnframt hulunni af endanlegri útgáfu Oculus Rift. „Þau eru létt, þú getur haldið á þeim í annarri hendi. Þetta er ekki ósvipað því að vera með venjuleg gleraugu.“

Iribe gat ekki upplýst ráðstefnugesti um hvenær gleraugun fara í sölu eða hvað þau munu kosta. Oculus VR verður áberandi á E3-leikjaráðstefnunni árlegu í Los Angeles sem haldin er í mánuðinum en líklegt þykir að Iribe muni þar kynna útgáfudag og verð. Flest bendir til að Rift muni kosta á bilinu 25.000 til 50.000 krónur.

Þá kynnti Iribe einnig Oculus Touch til leiks, afar nýstárlegan stýripinna fyrir gleraugun sem les og nemur hreyfingu handanna í þrívíðu rými og birtir spilaranum í sýndarveruleika. Þetta gerir honum kleift að teygja út hendurnar og hafa áhrif á sýndarumhverfið. Stýripinnarnir nema einnig staðsetningu og hreyfingu fingranna.

Þessi tækni nýtist aðeins í leikjum og hugbúnaði sem hannaður er frá grunni fyrir sýndarveruleika. Slíkur hugbúnaður er af skornum skammti. Þannig kynntu stjórnendur Oculus VR einnig tímamótasamstarf við Microsoft og munu spilara geta notað Xbox One-stýripinnann með gleraugunum.

### Með frá byrjun

Þegar kemur að sjálfum hugbúnaðinum hefur Oculus VR boðið fjölbreyttum hópi leikjaframleiðanda að þróa leiki fyrir Rift-gleraugun. Stjórnendur þessara fyrirtækja stigu á svið í San Francisco á fimmtudaginn og kynntu fyrstu kynslóð tölvuleikja fyrir sýndarveruleika. Mörg þeirra voru með fyrstu stuðningsaðilum Rift-verkefnisins, þar á meðal CCP, framleiðandi EVE: Online. Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, var fyrstur á svið í San Francisco og sagði það hefð hjá CCP að afmá línur milli raunheims og sýndarheims. Mantra fyrirtækisins væri að skapa sýndarheima sem hafa meiri þýðingu en raunheimurinn.

„Þetta er nokkuð klikkuð fullyrðing,“ sagði Hilmar Veigar. „Og við höfum oft tekist á um hana innan fyrirtækisins. En nú, þegar við verðum vitni að upphafi sýndarveruleikans, held ég að við höfum ekki tilefni lengur til að afsaka okkur.“



**OCULUS TOUCH** Luckey með sýndarveruleikagleraugun og Oculus Touch-stýripinnana. NORDICPHOTOS/GETTY

### Eitthvað allt annað

Þróun EVE: Valkyrie hófst með fyrstu tilraunaútgáfu Rift-gleraugnanna og verður með fyrstu fáanlegu leikjum á endanlegri útgáfu þeirra. Leikurinn er jafnframt fyrsta raunverulega (ef svo má að orði komast) tilraun CCP með sýndarveruleika. Spilarinn æðir um himintunglin í lítilli orrustuþotu og tekur þátt í loftbardögum þegar spilarar hvaðanæva úr heiminum mætast. Leikurinn hefur vakið gríðarlega athygli. Það er spilunin, það hvernig sýndarveruleiki er nýttur til að hafa áhrif á leikinn, sem leikjahönnuðir reyna nú að skilja og læra á.

„Með endanlegri útgáfu Oculus Rift-gleraugnanna getum við sagt að þú kemst ekki nær því að vera raunverulegur flugmaður í geimorrustuþotu en með EVE: Valkyrie,“ sagði Hilmar Veigar.

22. júní er síðasti dagurinn sem þú hefur til að hafa áhrif á niðurstöður í atkvæðagreiðslunni um kjarasamningana

Mundu að skila atkvæði þínu tímanlega. Ekki geyma það til síðasta dags

FLÓABANDALAGIÐ
EFLING STÉTTARFÉLAG
V.L.F. HLÍF
VSFK

ATH! Atkvæði póstleggist í síðasta lagi 18. júní



**20%**
AFSLÁTTUR AF
**Brooks skóm**
gildir til 15. júní

# Á HLAUPUM Í SUMAR!

**Glæsilegt úrval af hlaupafatnaði og hlaupaskóm á frábæru verði!**

**Einn heppinn viðskiptavinur fær Brooks skóna sína endurgreidda!**
Gildir til 15. júní

**Vinnur þú?**

Gildir til 15. júní

INTERSPORT KLÚBBURINN



**KLÚBB-TILBOÐ**
**7.190**
Fullt verð: 8.990

**NIKE** HIGH COMPRESS BRA
Íþróttatoppur með miklum stuðningi, DRI FIT efni. Margir litir. Stærðir: XS-XL.



**6.990**

**NIKE** MILER LS TOP
Dri Fit langermabolur sem hentar í alhliða líkamsrækt. Litir: Svartur, bleikur, blár. Stærðir: XS-XL.



**Góð kaup!**
**19.990**
Fullt verð: 24.990

**BROOKS** CASCADIA 10
Utanvega hlaupaskór með góðri dempun. Dömu- og herrastærðir.



**Góð kaup!**
**22.390**
Fullt verð: 27.990

**BROOKS** GLYSERIN 12
Hlutlaus hlaupaskór með dempun í hæl og tábergi. Dömu- og herrastærðir.



**13.990**

**UNDER ARMOUR** LAUNCH JACKET
Léttur hlaupajakki. Litir: Grár, gulur. Stærðir: S-XXL.



**15.990**

**UNDER ARMOUR** QUALIFIER
Léttur hlaupajakki. Litir: Svartur, gulur, fjólublár. Dömustærðir.



**10.490**

**UNDER ARMOUR** FLY BY TIGHT
Flottar compression buxur með neti aftan á hnjám. Litur: Svartar. Stærðir: XS-XL.



**21.990**

**UNDER ARMOUR** MICRO G
Góður hlaupaskór með dempun í hæl og tábergi. Dömu- og herrastærðir.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl.

**INTERSPORT AKUREYRI** / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
**INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA** / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 18. SUN. 13 - 17.
**INTERSPORT SELFOSSI** / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®

Markhönnun ehf

# netto

Kræsingar & kostakjör




**GRÍSAHNAKKASNEIÐAR**
GOÐI
-50%
**1.349**
ÁÐUR 2.698 KR/KG

**GRÍSALUNDIR**
GOÐI
-40%
**1.499**
ÁÐUR 2.498 KR/KG

**GRÍSAKÓTILETTUR**
GOÐI, ÚRBEINAÐAR
-50%
**1.220**
ÁÐUR 2.440 KR/KG



KJÖTSEL

**LAMBALÆRI, FERSKT**
KRYDDAÐ M. SALT/PIPAR
**1.477**
ÁÐUR 1.698 KR/KG



KJÖTSEL

**LAMBAHR. FERSKUR**
KRYDDAÐ M. SALT/PIPAR
**1.884**
ÁÐUR 2.298 KR/KG



**KJÚKLINGABRINGA**
M/PIPARMARINERINGU
**1.942**
ÁÐUR 2.398 KR/KG



**MANGÓ**
FERSKT
-50%
**275**
ÁÐUR 549 KR/KG




**FANTA 2 L**
APPELSÍNU/EXOTIC
**199**
ÁÐUR 229 KR/STK




**FREEZY MONSTER**
KLAKAR, 4 TEGUNDIR
**279**
ÁÐUR 329 KR/PK




**ÓDÝRT ÍS, 1L**
SÚKKULAÐI/VANILLU
**299**
ÁÐUR 383 KR/STK

**COOP SMÁKÖKUR**
175 GR, MINI
**199**
ÁÐUR 258 KR/PK

**COOP SMÁKÖKUR**
150 GR, 3 TEGUNDIR
**170**
ÁÐUR 205 KR/PK




**Tilboðin gilda 11. júní – 14. júní 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.




GRÍSASNITSEL GOÐI
-50%
1.249
ÁÐUR 2.498 KR/KG

KJÚKLINGAVÆNGIR HVÍTLAUKSGRILL
-50%
399
ÁÐUR 798 KR/KG

# Allt á grillið um helgina!




GRÍSABÓGUR FERSKUR, GOÐI
-40%
582
ÁÐUR 970 KR/KG



EGILS KRISTALL 2L SÍTRÓNU
189
ÁÐUR 236 KR/STK




SIMPLY SOAP 2 TEG 946 ML. 128 ÞV
2.869
ÁÐUR 3.298 KR/STK




SMOOTHIE, 2 TEG DIT VALG, 600GR
479
ÁÐUR 599 KR/STK

## Casa Fiesta vörur 20% afsláttur!



# HIN ÆGILEGASTA UPPREISN

FLÆKJUSAGA



**Illuga Jökulsson** rak í rogastans þegar hann fór að kynna sér furðu lítt þekktan atburð í sögu Kína.



RIDDARI Á TANG-TÍMANUM

Árið var 755 og austur í Kína var allt í blóma. Í hálfa aðra öld hafði Tang-ættin setið þar á valdastóli og ríkt yfir einhverju mesta friðsemdar- og framfaraskeiði í sögu ríkisins. Kína var langfjölmennasta ríki heimsins um þær mundir, íbúar líklega rúmlega 70 milljónir þegar þar var komið sögu og lífshættir alþýðu með því besta sem þekktist. Að vísindum, tækni og iðnaði stóð Kína öllum framar, en menning og listir blómstruðu líka. Ég hef það fyrir satt að hvorki fyrr né síðar hafi ljóðlist Kínverja náð svo ljúffögrum hæðum sem um miðja áttundu öldina. Og frekari sigurganga virtist blasa við. Landamæri ríkisins voru örugg, hirðingjaþjóðir Khítana og fleiri létu að vísu stundum ófriðlega í norðri en herforingjar Tang-manna áttu þó ekki í teljandi erfiðleikum með að halda þeim í skefjum. Í Suðaustur-Asíu voru nær eingöngu leppríki Kínverja, sama má segja um Kóreu og Japan í austri. Og þótt veldi Tíbeta væri nokkuð öflugt um þær mundir stafaði Kínverjum engin raunveruleg hætta þaðan. Í Mið-Asíu höfðu þeir sótt fram eftir silkileiðinni svokölluðu og þótt þeir hefðu örfáum árum fyrr beðið ósigur fyrir nýju kalífaveldi Abbasída í námunda við hinn fagra Ferghanadal, þá var lítill vafi á að ef verulega skærist í odda millum Abbasída og Kínverja myndu hinir síðarnefndu að lokum hafa sigur. Þó var veldi Abbasída hið eina í veröldinni sem gat keppt við Kínverja að styrk og stærð. Indland var um þær mundir klofið í mörg og sundurþykk ríki. Hið gamla stórveldi Býsansmanna var ekki svipur hjá sjón við austanvert Miðjarðarhafið, það var árið 755 undir stjórn keisara sem kallaðist Konstantín kúkur og þarf ekki að hafa fleiri orð um það. Í Vestur-Evrópu voru engin ríki sem náðu máli nema hvað Frankar voru byrjaðir að safna í þokkalegt veldi seinna; Karlamagnús var þá sjö ára.

### HINN GÓÐI VANAGANGUR



AN LUSHAN



XUANZONG KEISARI

Svo allt var lífið ábyggilega hið fegursta í augum Kínakeisara, hins sjötuga Xuanzong sem sat í hinni glæsilegu höfuðborg sinni Chang'an þar sem bjó að minnsta kosti milljón manns og jafnvel Mikligarður eða Bagdad komust varla í hálfkvisti við borgina að ríkidæmi og auðugu mannlífi og menningu. Allt gekk sinn góða vanagang eins og þegar best lætur hjá Kínverjum, stjórnsýslan var skilvirk og menn voru farnir að prenta bækur og gera tilraunir með peningaseðla. Lengra varð ekki komist í þá daga.

En … það er alltaf eitthvert „en“. Og nú kom til sögunnar alveg tröllvaxið og akfeitt „en“.

Maður hét An Lushan. Faðir hans var líklega úr Mið-Asíu en hann dó snemma og kom lítið við sögu drengsins. Móðir hans var Göktyrki og seiðkona mikil, að því er sagt er. Þegar An Lushan var ungur bjó hann í námunda við Beijing og upp komst að hann hafði gerst sekur um sauðaþjófnað. Kínverskur herforingi á svæðinu hreifst hins vegar af líkamsburðum piltsins og taldi hann geta komið að gagni í lögreglunni. An Lushan varð lögga og seinna hermaður. Hann var dugnaðurinn uppmálaður þótt hann yrði snemma svo feitur að athugasemdir þar að lútandi fylgja nærri öllum sögum um hann. Að lokum varð hann æðsti hershöfðingi Tang-ættarinnar í stöðugum skærum við Khítana í Mansjúríu og þar gekk á ýmsu. Hann átti til að ögra Khítönum til innrásar í ríkið svo hann gæti sótt fram gegn þeim, öðru sinni stóð til að lífláta hann fyrir alltof fífldjarfa árás sem endaði með ósköpum en velgjörðarmaður hans í hernum sendi hann þá til höfuðborgarinnar Chang'an þar sem hann leitaði á náðir Xuanzong keisara og fékk að halda lífinu.

> **Og hvað? Hvað er merkilegt við þetta? Var þetta ekki bara ein blóðug uppreisn af mörgum í sögu Kína þar sem skiptast á langir velsældartímar og svo grimmileg borgarastríð? Jú, vissulega, en eitt er það þó sem gerir uppreisn An Lushans makalausa í sögunni.**

### TRÚFASTA HJARTA

Nú kom í ljós að An Lushan hafði ekki aðeins hæfileika sem herforingi. Hann var líka smjaðrari svo af bar. Hann jós yfir keisarann og valdamikla embættismenn lofi og prísi og dýrum gjöfum og var um leið óþreytandi að lýsa yfir vináttu sinni og hollustu. Einu sinni spurði keisarinn þegar An Lushan kom í heimsókn: „Hvað geymirðu eiginlega í þessum villimannlega belg þínum?“ Og An Lushan svaraði að bragði: „Fyrir utan mitt trúfasta hjarta, ekki neitt.“ Og þar fram eftir götunum.

En raunar voru ýmsir farnir að efast um trúfesti þess hjarta sem An Lushan geymdi í belg sínum. Á leið sinni á toppinn hafði hann troðið ýmsum um tær og Guifei eftirlætiskona keisarans hafði til dæmis á honum illan bifur. Náfrændi hennar, Yang Guozhong, var einn af helstu keppinautum An Lushans um æðstu metorð í ríkinu, sá var reyndar gjörspilltur þrjótur og aumingi, en kannski velsældin og átakaleysið í ríki Tang-ættarinnar hafi þá verið orðin slík að makráður keisari eins og Xuanzong hafi ekki lengur áttað sig á þörfinni fyrir hæfileikamenn í stjórnsýslunni og því leyft vanhæfum smjaðurskjóðum að vaða uppi. Nema hvað, Guifei og Yang voru óþreytandi að lepja í keisarann að An Lushan hefði í undirbúningi uppreisn gegn honum, en Xuanzong vildi ekki trúa neinu illu upp á sitt trúfasta hjarta.

En raunin var sú að þau höfðu rétt fyrir sér. An Lushan hafði komið krónprinsi keisarans upp á móti sér og þóttist viss um að þegar prinsinn tæki við að Xuanzong látnum þyrfti hann sjálfur ekki að kemba hærurnar. Hann hafði því undirbúið uppreisn vandlega og komið sér upp þrautþjálfuðum herflokki Khítana sem hlýddu hverju hans orði. Hann hugðist notfæra sér að þótt keisarinn hefði öfluga heri á landamærunum var fátt um varnir inni í miðju ríkinu og í desember 755 hóf hann uppreisn sína og sótti frá borginni Yecheng, þar sem aðalbækistöðvar hans voru, og til höfuðborgarinnar. Hann taldi með nokkrum rétti að nú væru síðustu forvöð því Yang og aðrir keppinautar hans væru í þann veginn að skera upp herör gegn honum.

### HVER KEISARINN AF ÖÐRUM

Ég hirði ekki um að rekja gang uppreisnarinnar í smáatriðum. An Lushan lýsti sig nýjan keisara í byrjun árs 756 eftir að hafa hrakið Xuanzong á flótta frá Chang'an og þótt her hans biði ósigur í ægilegri orrustu við borgina Yongqiu, þá náði hann hinni fögru höfuðborg fyrr en síðar. Og var nú barist um allt Kína. Keisaratignin nýja varð hinum metorðagjarna manni ekki til neinnar gleði, An Lushan gerðist bitur og tortrygginn og lét pynta og aflífa þjóna sína og aðstoðarmenn af minnsta tilefni, og fór svo í ofanálag að missa heilsuna. Hann varð nærri blindur á skömmum tíma og á hinum ógnarmikla kropp skruppu fram illa lyktandi svöðusár og vellandi pollar. Í byrjun árs 757 var An Lushan skyndilega drepinn að ráði sonar síns, An Qingxu, sem lýsti sig síðan keisara og hélt uppreisninni áfram af fullum krafti. Hann var hins vegar óhæfur ræfill og 759 hafði einn helsti herforingi hans fengið nóg af ruglinu og drap An Qingxu keisara og settist sjálfur í keisarastólinn. Sá var hæfur herforingi en samviskulaus grimmdarseggur og var eftir tvö ár drepinn af syni sínum, sem gerðist þá sjálfur keisari en entist ekki nema í tvö ár.

Á ýmsu hafði gengið. Xuanzong hafði sagt af sér og sonur hans tekið við sem keisari Tang-ættarinnar. Þá horfði svo illa í baráttunni við An Lushan og menn hans að nýi keisarinn skrifaði kalífa Abbasída og beiddist aðstoðar og Almansúr kalífi brást vel við og sendi hraustan herflokk sem átti sinn þátt í að um síðir snerist stríðsgæfan Tang-ættinni í hag. Árið 763 biðu uppreisnarmenn endanlegan ósigur og síðasti keisari þeirra hengdi sig á flótta. Tang-ættin var nú aftur óumdeild á keisarastóli Kína og átti eftir að halda velli til ársins 904.

### HVE MARGIR FÉLLU?

Og hvað? Hvað er merkilegt við þetta? Var þetta ekki bara ein blóðug uppreisn af mörgum í sögu Kína þar sem skiptast á langir velsældartímar og svo grimmileg borgarastríð? Jú, vissulega, en eitt er það þó sem gerir uppreisn An Lushans makalausa í sögunni, og ræður því að við ættum ævinlega að muna þessi ósköp. Það er mannfallið.

Í sjö og hálft ár fóru herir Tang-ættarinnar og An Lushans og arftaka hans um hið blómlega og fjölmenna Mið-Kína þar sem milljónirnar bjuggu. Héruð skiptu um eigendur hvað eftir annað, miklar fólkorrustur voru háðar þar sem fólk hrundi niður, en enn meira manntjón varð af hungursneyðum og hrakningum sem stríðið rak fólk út í. Hin magnaða höfuðborg Chang'an var rjúkandi rúst þar sem fáeinar hræður sveimuðu um eins og vofur eftir að barist hafði verið um hana mörgum sinnum. Og alls hefur verið reiknað út – með því að rannsaka manntöl bæði fyrir og eftir uppreisnina – að hvorki meira né minna en 36 milljónir manna hafi látið lífið. Það er allt að því brjálæðisleg tala. Hún þýðir í raun og veru að nærri helmingur íbúa Kína hafi dáið beinlínis af völdum þessa villimannlega borgarastríðs. Þessi eina uppreisn á miðri áttundu öld kostaði sem sé nærri helming þeirra mannslífa sem síðari heimsstyrjöldin kostaði. Og ekki nóg með það. Hún þýðir líka að nærri einn sjötti hluti alls mannkynsins hafi fallið, en fyrir uppreisnina er talið að mannkynið hafi talið um 220 milljónir sálir. Samsvarandi hlutfall nú á dögum myndi þýða að 1,2 milljarðar létu lífið beinlínis af völdum þessa borgarastríðs í Kína.

### MARXÍSK GLERAUGU?

Skylt er að geta þess að til eru þeir sem telja mannfallið ekki hafa verið alveg svona mikið. Kannski hafi „ekki nema“ tæpar 20 milljónir fallið í þessari valdaránstilraun An Lushans. En jafnvel það væri auðvitað hryllilegt. Og það allra sorglegasta er, að allt þetta fólk dó bara út af persónulegum metnaði An Lushans. Það er sama hve þykk „marxísk“ gleraugu maður setur upp til að reyna að koma auga á undirliggjandi samfélagslegar eða pólitískar ástæður fyrir þessu fjöldamorði, þær sjást engar. Uppreisn An Lushans er afgerandi og skelfilegt dæmi um að einstaklingar geta svo sannarlega haft djúp áhrif á söguna. Og við munum líka eftir honum, við munum hvað hann sagði og gerði og hvernig hann dó, en við vitum ekkert hver þau voru eða hvað þau hétu, börnin sem dóu í milljónavís, svo stríðsherrarnir mættu fullnægja metnaði sínum.


DAGUR ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU

**Tilnefningar óskast til viðurkenninga umhverfis- og auðlindaráðuneytis**

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskar eftir tilnefningum til tvennra verðlauna sem afhent verða á **Degi íslenskrar náttúru**, 16. september næstkomandi.

**Fjölmiðlaverðlaun** umhverfis- og auðlindaráðuneytisins verða veitt fjölmiðli, ritstjórn, blaða- eða fréttamanni, dagskrárgerðarfólki eða ljósmyndara sem hafa skarað fram úr með umfjöllun sinni um íslenska náttúru. Til greina koma einstök verkefni eða heildarumfjöllun um íslenska náttúru.

Náttúruverndarviðurkenning **Sigríðar í Brattholti** verður veitt einstaklingi sem hefur unnið markvert starf á sviði náttúruverndar.

Tilnefningar ásamt rökstuðningi skal senda í síðasta lagi **16. ágúst 2015** á umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Skuggasundi 1, 101 Reykjavík, eða á netfangið **postur@uar.is**

UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

# ÍSLENSKI JARÐVARMAKLASINN

LAUGARDAGUR **13. JÚNÍ 2015**

**Kynningarblað**
**HS Orka, Efla, Orka náttúrunnar, KPMG, Mannvit, Verkís, Kadeco, Rarik og VSÓ**

Iceland Geothermal Cluster Initiative




Íslendingar fá 70 prósent allrar frumorku úr jarðvarma. Nærri 100 prósentum af frumorkuþörf landsins er mætt með endurnýjanlegum orkugjöfum.

# Ísland er land jarðvarmans

**Meginhlutverk Íslenska jarðvarmaklasans er að kynna Ísland sem land jarðvarmans en íslenskar hitaveitur og samofin nýting jarðvarmans eru einkennandi fyrir land og þjóð. Klasanum tilheyra að jafnaði 50 aðildarfélagar sem allir starfa nátengt iðnaðinum.**

Iceland Geothermal, sem í daglegu tali er kallað Íslenski jarðvarmaklasinn, er nátengt iðnaðinum og hefur að mestu leyti unnið að verkefnum sem gagnast honum, styrkja og efla nú og í nánustu framtíð. Að jafnaði hafa verið um 50 aðildarfélagar í klasanum og er grunnstarf hans fjármagnað með aðildargjöldum.

Viðar Helgason gegnir hlutverki klasastjóra en starfið snýr einkum að framþróun og styrkingu innviða íslensks jarðvarmaiðnaðar bæði innan lands og utan. Hann vinnur með og heyrir undir stjórn klasans en í henni sitja fulltrúar Arion banka, GEORGS, HS Orku, Íslandsbanka, Landsbankans, Landsnets, Landsvirkjunar, Mannvits, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Orkuveitu Reykjavíkur, VERKÍS og Vélaverkstæðis Hjalta Einarssonar (VHE).

„Helsta hlutverk Iceland Geothermal er að kynna Ísland sem land jarðvarmans enda fáum við Íslendingar 70% allrar frumorku úr jarðvarma. Þá er nærri 100% af frumorkuþörf landsins mætt með endurnýjanlegum orkugjöfum," segir Viðar en tilgangur klasasamstarfsins er einnig að styðja við samkeppni innan jarðvarmaklasans, bæta nýtingu auðlindarinnar og stuðla að virðisaukandi verkefnum.

Markmið samstarfsins er að sögn Viðars að skapa ný viðskiptatækifæri innan jarðvarmageirans og byggja upp samstarf innanlands og erlendis til að selja þjónustu og þekkingu. „Stefnan er að Ísland gegni lykilhlutverki í alþjóðlegri virðiskeðju jarðvarmaiðnaðarins."

### Ávinningurinn augljós

Frá upphafi hefur Iceland Geothermal verið hugsað sem vettvangur til að markaðssetja íslenskan jarðvarmaiðnað undir sameiginlegu vörumerki erlendis. „Ávinningur af slíku vörumerki er augljós þar sem aðgengi að upplýsingum um orku-, ráðgjafar- og iðnfyrirtæki er allt á einum stað. Þrátt fyrir að farið hafi verið rólega af stað var þegar ljóst árið 2014 að þessi nálgun væri að skila árangri því aðilar frá Þýskalandi, Alaska, Frakklandi, Ítalíu, Litháen, Póllandi, Indlandi, Mexíkó, Níkaragva og fleiri löndum hafa sett sig í samband við klasann til að kanna möguleika á samstarfi við íslensk fyrirtæki," upplýsir Viðar. Hann segir einnig mikilvægt fyrir íslenskar stofnarnir að geta vísað fyrirspurnum sem koma til þeirra til sérhæfðs iðnaðarklasa sem tryggir að erindi fái hlutlausa og málefnalega meðferð.

„Samstarf við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Íslandsstofu og aðra opinbera aðila hefur sömuleiðis reynst klasanum vel. Stjórn hans telur afar mikilvægt að eiga í góðu samstarfi við fulltrúa ríkisins og nægir í því sambandi að nefna samskipti við erlenda embættismenn sem vilja ræða um jarðvarmanýtingu við stjórnvöld og íslenskt atvinnulíf."

### Nýsköpun og aukin menntun

Hlutverk klasans innanlands er annars eðlis en erlendis, meðal annars vegna þess að tryggja verður að klasasamstarfið stangist ekki á við samkeppnislög. „Jarðvarmaiðnaðurinn er samheldinn og mikill samhugur ríkir um að þróa og styrkja innviði hans. Áhersluverkefni klasans hafa verið tengd nýsköpun og kemur klasinn meðal annars að viðskiptahraðli. Þá eru önnur verkefni tengd nýsköpun á landsbyggðinni í skoðun," upplýsir Viðar. Menntamál eru ekki síður mikilvæg fyrir klasann og er horft til þess að byggja upp námskeið á háskólastigi til að þjálfa verkfræðinga og tæknifræðinga til að vinna í jarðvarmageiranum. „Það er í þessu samhengi mjög mikilvægt að styðja við og bæta ímynd iðnnáms. Viðhald og rekstur orkuvera, hitaveitur og iðnaðurinn sem þjónar þessum atvinnugreinum líður nú um stundir fyrir skort á hæfum iðnaðarmönnum, sem hefur neikvæð áhrif á samkeppnishæfni íslensks samfélags."



> **Að mínu mati er nauðsynlegt að Íslendingar geri sér grein fyrir þeirri sérstöðu sem þeir búa við þegar kemur að upphitun híbýla sinna með jarðvarma.**
>
> *Viðar Helgason*

Önnur verkefni klasans eins og gerð kynningarefnis og heimasíða eru að sögn Viðars í stöðugri þróun. „Að mínu mati er nauðsynlegt að Íslendingar geri sér grein fyrir þeirri sérstöðu sem þeir búa við þegar kemur að upphitun híbýla sinna með jarðvarma. Jarðvarmaauðlindin er ein helsta forsenda þess að Ísland býður upp á þau lífsgæði sem við teljum sjálfsögð. Þeir sem muna örlítið lengra aftur en aftur fyrir miðja síðustu öld átta sig á þeim verðmætum sem jarðvarminn hefur skapað íslensku samfélagi. Íslenskar hitaveitur og fjölþætt og samofin nýting jarðvarmans einkennir íslenskt samfélag öðru fremur."



Klasar eru ekki búnir til heldur ráðast af samspili margra þátta.

# Lykilhugtak í samkeppnishæfni þjóða

Hugtakið klasi hefur verið skilgreint sem landfræðileg þyrping fyrirtækja og stofnana á ákveðnu sviði sem hafa sameiginlega hagsmuni og stuðningsnet. Þetta er hugmyndafræði sem Michael Porter, prófessor við Harvard-háskóla, er talinn upphafsmaður að og bókin „The Competitive Advantage of Nations, sem kom út árið 1990, er almennt álitin marka upphaf hennar.

Samkvæmt kenningu Michaels Porter er klasi lykilhugtak þegar kemur að samkeppnishæfni þjóða. „Grundvallaratriði í klasakenningunni er svokallaður „demantur“ sem endurspeglar samspil fjögurra meginþátta sem hafa áhrif á samkeppnishæfni þjóða og landsvæða. Þeir eru framleiðsluskilyrði, eftirspurnarskilyrði, tengdar atvinnu- og stuðningsgreinar og stefna fyrirtækja, skipulag og samkeppni. Samspil þessara krafta er birtingarmynd klasaumhverfisins en mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að klasar eru ekki búnir til heldur ráðast af fyrrgreindu samspili,“ útskýrir Hákon Gunnarsson, framkvæmdastjóri og stofnandi Gekon, sem fyrstu árin sá um rekstur Iceland Geothermal-klasasamstarfsins.

Þeir Michael Porter og Þjóðverjinn Christian Ketels hafa gert greiningu á Íslenska jarðvarmaklasanum í samvinnu við Gekon. „Hátt í 60 aðilar tóku þátt í því verkefni og komu þeir úr ýmsum áttum. Niðurstöðurnar sýna að Ísland er frá náttúrunnar hendi einstaklega vel úr garði gert hvað varðar aðgang að gæðaauðlind. Hátt hlutfall jarðvarmaorku sem hlutfall af frumorkunotkun þjóðarinnar, eða 70%, er einstakt í heiminum,“ segir Hákon.

Jarðvarmanýting á Íslandi hefur að mestu byggst upp og þróast síðastliðin 100 ár, mest þó á seinni hluta síðustu aldar. „Ísland er sterkur aðili

> **Grundvallaratriði í klasakenningunni er svokallaður „demantur“ sem endurspeglar samspil fjögurra meginþátta.**

á hinum alþjóðlega jarðvarmamarkaði þar sem öflugur jarðvarmaklasi er til staðar. Styrkur klasans felst í þróuðum aðferðum við fjölnýtingu jarðvarma, reynslumiklum sérfræðingum, góðum orðstír og viðamiklum tengslum á alþjóðlegum vettvangi. Veikleikarnir felast hins vegar í lélegu aðgengi að fjármagni, skorti á stærðarhagkvæmni fyrirtækja, erfiðu starfsumhverfi þeirra heima fyrir og dreifðum kröftum menntastofnana.“

Fyrstu þrjú árin var Iceland Geothermal-klasasamstarfið sem fyrr segir rekið af Gekon og allir aðilar þess voru með samninga við það. Árið 2013 varð afgerandi breyting á rekstri samstarfsins þegar „Iceland Geothermal-klasasamstarfið“ var stofnað. Þá var mynduð stjórn í stað fagráðs og gerður þjónustusamningur við Gekon um reksturinn. Æðsta vald í málum félagsins er hjá aðalfundi þess. Stjórnin er skipuð ellefu aðilum, þar af tveimur áheyrnarfulltrúum. Formaður stjórnar er Albert Albertsson, hugmyndasmiður HS Orku, en klasastjóri Viðar Helgason.



Jarðvarmanýting á Íslandi hefur að mestu byggst upp og þróast síðastliðin 100 ár.



Fagurblátt lón myndaðist við nýtingu jarðvarmavökvans og var Bláa lónið formlega stofnað árið 1992. Bláa lónið er einn vinsælasti áfangastaður erlendra ferðamanna hér á landi.

# Einstakur garður á heimsvísu

**Auðlindagarðurinn** er þyrping fjölbreyttra fyrirtækja umhverfis jarðvarmaver HS Orku í Svartsengi og á Reykjanesi. Öll fyrirtækin tengjast jarðvarmaverunum og nýta fleiri auðlindastrauma en þá hefðbundnu. Þróun Auðlindagarðsins hefur verið hröð síðustu árin enda þykir hann einstakur á heimsvísu og horft er til hans sem fyrirmyndar um skynsamlega nýtingu auðlinda víða um heim.

Umhverfis jarðvarmaver HS Orku í Svartsengi og á Reykjanesi hefur myndast þyrping fyrirtækja, Auðlindagarður, sem eiga það sameiginlegt að tengjast jarðvarmaverunum og nýta fleiri auðlindastrauma en þá hefðbundnu, þ.e. heitt og kalt vatn og rafmagn. HS Orka og Bláa lónið héldu í sameiningu ráðstefnu í Hörpu 28. maí síðastliðinn þar sem skýrsla um Auðlindgarðinn var kynnt. Yfirskrift ráðstefnunnar var fjölþætt nýting jarðvarma á Reykjanesskaga. Í skýrslunni, sem unnin var af Gamma ráðgjöf, kemur m.a. fram að fyrirtæki Auðlindagarðsins leggja til eitt prósent af vergri landsframleiðslu. Forseti Íslands ávarpaði ráðstefnugesti og sagði meðal annars að fjölnýting jarðvarmans væri merkilegasta framlag Íslendinga á öldinni.

HS Orka var stofnuð fyrir rétt um 40 árum sem Hitaveita Suðurnesja í þeim tilgangi að nýta jarðvarmann á Reykjanesskaganum til húshitunar í nálægum sveitarfélögum. Þegar farið var að bora eftir heitu vatni kom í ljós að jarðvarmavökvinn sem kom upp úr borholunum var mun heitari en vonir stóðu til, eða rúmar 240°C, en hitastig á Reykjavíkursvæðinu var rétt um 90°C. Auk þess var vökvinn með 2/3 af seltu sjávar. Vegna þessara aðstæðna þurfti að endurhugsa aðferðafræðina og var afráðið að nýta jarðvarmann til að hita upp ferskvatn sem notað yrði til húshitunar. Hátt hitastig jarðvarmavökvans leiddi af sér fleiri möguleika, t.d. í raforkuframleiðslu, og hófst raforkuframleiðsla í jarðvarmaverunum tveimur árum eftir stofnun fyrirtækisins.

### Bláa lónið verður til

Við nýtingu jarðvarmavökvans myndaðist fagurblátt lón við jarðvarmaverið. Fljótlega hófu menn að baða sig í lóninu og kom í ljós að náttúrulegur vökvinn hafði mjög jákvæð áhrif á ýmsa húðkvilla, sér í lagi psoriasis.

Árið 1992 stofnaði Grímur Sæmundsen læknir fyrirtækið Bláa lónið ásamt Edvard Júlíussyni, frumkvöðli úr Grindavík. Frá upphafi hefur Bláa lónið lagt ríka áherslu á þekkingaruppbyggingu og rannsóknir. Rannsóknir á jarðvarmavökvanum sem myndar Bláa lónið hafa leitt í ljós að vistkerfi hans og lækningamáttur er einstakur.

Bláa lónið er í dag einn vinsælasti áfangastaður erlendra ferðamanna sem heimsækja Ísland. Lónið er á lista National Geographic sem eitt af undrum veraldar sem segir meira en mörg orð um það hve einstakt það er. Bláa lónið og það frumkvöðlastarf sem er unnið þar hefur verið samofið frumkvöðlastarfi HS Orku. Bláa lónið nýtir alla auðlindastrauma jarðvarmaversins í Svartsengi, heitt og kalt vatn, rafmagn, gufu, jarðsjó og $CO_2$. Helstu lífvirku efni jarðvarmavökvans eru kísill, sölt og þörungar. Fyrirtækið hefur fengið bandarísk og evrópsk einkaleyfi fyrir nýtingu þörunga og kísils úr jarðvarmavökvanum í snyrtivörur og lyf.



Hópur fjölbreyttra fyrirtækja myndar Auðlindagarðinn.

Hugmyndafræðin við uppbyggingu jarðvarmavera HS Orku hefur alltaf miðað að því að allir auðlindastraumar séu nýttir og engu sóað. Á því byggir grunnhugmyndafræði Auðlindagarðsins. Hugmyndin um fjölnýtingu og framsýni starfsmanna HS Orku frá árdögum fyrirtækisins hefur leitt af sér fjölbreytta starfsemi í grennd við jarðvarmaverin. Hugmyndasmiður Auðlindagarðsins er Albert Albertsson, verkfræðingur og fyrrverandi aðstoðarforstjóri HS Orku. Hann hefur starfað hjá fyrirtækinu nánast frá stofnun og mótað hugmyndafræði Auðlindagarðsins.

### Mikið frumkvöðlastarf

Auk Bláa lónsins teljast til Auðlindagarðsins stærsta fiskeldi landsins, Stolt Sea Farm Iceland á Reykjanesi, sem nýtir volgan kælisjó jarðvarmaversins til ræktunar hlýsjávarfisksins senegalflúru. Haustak og Háteigur á Reykjanesi nýta gufu frá orkuverunum til fiskþurrkunar. Fyrirtækin nýta fiskhluta sem áður var hent eða voru illa nýttir og gera úr þeim næringarríkar afurðir sem seldar eru úr landi. Í Svartsengi má finna Orf líftækni sem hefur þróað nýstárlega aðferð til að framleiða verðmæt, sérvirk prótein sem eru notuð í húðvörur og til líf- og læknisfræðirannsókna. Carbon Recycling International framleiðir metanól sem m.a. er notað til íblöndunar í bensín. Í framleiðsluna nýtir fyrirtækið jarðgufu, koltvísýring og grunnvatn frá jarðvarmaveri HS Orku. Carbon Recycling hefur vakið mikla athygli um allan heim enda forgangsmál að draga úr losun gróðurhúsaloftegunda vegna nýtingar jarðefnaeldsneytis.

Þróun Auðlindagarðsins á síðustu árum hefur verið hröð. Hið mikla frumkvöðlastarf sem unnið hefur verið hjá HS Orku við nýtingu jarðvarmans og nýting Bláa lónsins á auðlindastraumum jarðvarmavers HS Orku hf. í Svartsengi er einstakur vitnisburður um kosti fjölnýtingar til aukinnar verðmætasköpunar. Auðlindagarðurinn er einstakur á heimsvísu og horft er til hans sem fyrirmyndar um skynsamlega nýtingu auðlinda.

# Aukin samvinna er mikilvæg

**Alexander Richter,** framkvæmdastjóri og stofnandi alþjóðlegu fréttaveitunnar ThinkGeoEnergy og markaðsstjóri Green Energy Group, segir stöðu Íslands innan alþjóðlega jarðvarmabransans sterka. Samkeppni hafi þó aukist og mikilvægt að íslensk fyrirtæki og stofnanir standi saman að því að kynna Ísland fyrir löndum sem huga að jarðvarmavirkjunum.

Staða Íslands innan jarðvarmabransans er mjög sterk enda starfa Íslendingar að verkefnum alls staðar í heiminum. Til dæmis í Asíu, Austur-Afríku, Suður-Ameríku og víðar," segir Alexander Richter. Hann stofnaði ThinkGeoEnergy árið 2010 en það er stærsta fréttaveita fyrir jarðhitaiðnaðinn í heiminum.

### Alþjóðleg samkeppni

Jarðvarmabransinn fer stækkandi í heiminum og er þannig orðinn nokkuð stór í löndum á borð við Bandaríkin og Nýja-Sjáland. „Þróunarverkefni í þessum löndum eru flest búin og því leita fyrirtækin að verkefnum utan landsteinanna líkt og íslensk fyrirtæki. Samkeppnin er því nokkur á markaðnum."

### Samvinna skiptir miklu

Alexander segir Íslendinga afar áberandi á alþjóðavettvangi jarðvarmans þar sem þeir koma að afar mörgum verkefnum um allan heim. Hann segir það hins vegar einnig geta stuðlað að veikleika fyrir íslensk jarðvarmafyrirtæki að dreifa kröftum sínum of víða. „Hættan er að fyrirtækin verði ekki samkeppnishæf," segir hann. Íslensk fyrirtæki þurfi þannig jafnvel að vera í samkeppni hvert við annað.

Hann telur mikilvægt að fyrirtæki og stofnanir sameini krafta sína, sérstaklega vegna þess að verkefnin eru flest í fjarlægum löndum.

Alexander segir menn vera að vakna til vitundar um mikilvægi samvinnu og tekur dæmi. „Nýverið var farin ferð til Níkaragva. Þar fóru fjölmörg fyrirtæki saman ásamt ráðherra til að kynna alls konar jarðhitaverkefni á borð við Auðlindagarðinn í Svartsengi og til að sýna hvað Ísland getur boðið upp á. Það var mjög sterkt," segir Alexander og bætir við að Íslenski jarðvarmaklasinn sé einnig mjög gott framtak. Þar vinni allir að sama markmiði, sem sé að kynna fyrir heiminum hvað Ísland hafi upp á að bjóða.

### Jarðhitaskólinn mikilvægur

Íslendingar koma nú þegar að mörgum verkefnum í Austur-Afríku og Alexander telur að Jarðhitaskólinn á Íslandi gegni stóru hlutverki í því. „Íslendingar hafa byggt upp þekkingu hjá fjölmörgum Afríkubúum. Fjöldi Kenýabúa hefur til dæmis sótt Jarðhitaskólann. Þegar þeir snúa aftur til Kenýa kjósa þeir helst að vinna með Íslendingum," segir Alexander og telur stöðu Íslands mjög sterka vegna þessa.

### Mikil tækifæri í Asíu

Alexander segir mörg tækifæri fyrir jarðvarmabransann liggja í Austur-Afríku og Suðaustur-Asíu. „Stærsti markaðurinn fyrir verkefni núna er í Indónesíu, á Filippseyjum og í Austur-Afríku, til dæmis í Kenýa, Eþíópíu, Rúanda og Tansaníu. Íslensk fyrirtæki eru nú þegar sterk í Afríku en þurfa að sækja meira til Asíu," telur Alexander. Hann segir Asíulöndin þó erfiðari viðureignar þar sem engin íslensk sendiráð séu í þessum löndum og því þurfi íslensk fyrirtæki að fá aðstoð til að kynna sig þar í landi. Það megi gera með auknu samstarfi fyrirtækja og stofnana á borð við Íslandsstofu.

Alexander segir orkuþörf þessara landa mikla og fara stöðugt vaxandi. Því séu mikil tækifæri þar. „Fyrir þessi lönd skiptir ekki máli hvaðan orkan kemur þótt græn orka sé vissulega ákjósanlegri. Í Indónesíu og á Filippseyjum er jarðhitavirkni og því liggur beint við að nýta hana til orkuöflunar. Í Kenýa er örlítið erfiðara að nýta jarðhitann en samt er ódýrara fyrir þá að vera með eigin orku en að kaupa hana dýrum dómum annars staðar frá."

### Möguleikar í Evrópu

Tækifærin liggja þó ekki aðeins í fjarlægum löndum. „Nú er verið að vinna að því með jarðvarmaklasanum að þróa samvinnu á milli fyrirtækja, ráðuneyta og sendiráða til að finna jarðhitaverkefni í Evrópu," segir Alexander. Hann segir hitaveitu í Austur-Evrópu afar háða rússnesku gasi og að mikil áhersla sé lögð á það innan ESB að breyta því. „Því er mikill áhugi í Ungverjalandi, Rúmeníu og Búlgaríu þar sem er jarðhiti að láta reyna á jarðvarmavirkjanir."

### Vandi að fjármagna

Eitt af þeim stóru vandamálum sem íslensk fyrirtæki eiga við að etja er að afla fjár. „Fyrirtækin fá lítið fé frá íslenska ríkinu. Önnur ríki geta fengið peninga úr þróunarbönkum en Ísland hefur sjaldnast beinan aðgang að peningum úr slíkum bönkum," segir Alexander. Því telur hann enn mikilvægara að efla samvinnu og samstöðu milli íslenskra fyrirtækja og stofnana í jarðvarmabransanum.



Alexander segir Íslendinga afar áberandi á alþjóðavettvangi jarðvarmans þar sem þeir koma að afar mörgum verkefnum um allan heim. MYND/GVA

ENNEMM / SÍA / NM69440



Endurnýjanleg orka

Við bjóðum sérþekkingu á orkuiðnaði

Eitt af sérsviðum Íslandsbanka er endurnýjanleg orka og umhverfisvænir orkugjafar. Hjá okkur starfar teymi sérfræðinga í orkumálum sem einbeitir sér að greiningu á orkuiðnaði og fjármálum fyrirtækja í orkugeiranum.

Við tökum virkan þátt í virðiskeðju jarðvarmaverkefna og höfum verið hluti af starfsemi Iceland Geothermal frá upphafi.

Þekking sprettur af áhuga.

ICELAND GEOTHERMAL CONFERENCE

Íslandsbanki er stoltur styrktaraðili alþjóðlegu ráðstefnunnar Iceland Geothermal Conference 2013 og 2016.

islandsbanki.is | Netspjall | Sími 440 4000 | Facebook

Íslandsbanki

# EFLA með verkefni um allan heim

**Starfsfólk EFLU er þverfaglegt teymi sérfræðinga sem sinnir fjölbreyttum verkefnum bæði hérlendis og erlendis en megináhersla í jarðvarmaverkefnum er í Tyrkland og Kenýa. Ólík og spennandi verkefni bíða starfsfólks fyrirtækisins í náinni framtíð.**

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki og ein af stærstu verkfræðistofunum á Íslandi. „Þungamiðjan í okkar rekstri er hérna heima á Íslandi en við lítum einnig á Noreg sem okkar heimamarkað. Þar rekur EFLA fyrirtæki, EFLA AS, sem sinnir Noregsmarkaði og vinnur mest að verkefnum tengdum raforkuflutningi. Einnig höfum við unnið mikið við samgöngumannvirki, í iðnaði og byggingartengd verkefni og hafa þau hingað til verið mest unnin frá Íslandi. Við erum svo með fleiri dóttur- og hlutdeildarfélög, meðal annars í Svíþjóð, Frakklandi, Póllandi, Dúbaí og svo Tyrklandi,“ segir Rúnar Magnússon, fagstjóri jarðvarma og hitaveitu hjá EFLU.

Starfsfólk jarðvarma- og hitaveitusviðs EFLU hefur starfað á þó nokkrum stöðum erlendis síðustu misserin. Að sögn Rúnars hefur megináhersla verið lögð á jarðhitaverkefni í Tyrklandi og Kenýa því þar er mikil og hröð uppbygging á nýtingu jarðhita. „Á þessum svæðum hefur verið lögð áhersla á aukna græna orku og nýtingu jarðhitaauðlinda til raforkuframleiðslu. Einnig höfum við komið að verkefnum í Bandaríkjunum, Króatíu og Indónesíu,“ segir Rúnar.

### Þverfaglegt teymi sérfræðinga

„Jarðhiti og nýting hans er það viðamikið verkefni að hann kallar á þverfaglegt teymi sérfræðinga. Meðal annars koma véla-, orku-, rafmagns-, byggingar- og umhverfisverk- og tæknifræðingar, tölvunarfræðingar, viðskipta- og hagfræðingar sem og jarðfræðingar að verkefnum hjá okkur. Verkefnin sem við höfum tekið þátt í eru frá því að vera á frumstigum, þar sem ákveðin svæði eru skoðuð með tilliti til nýtingar á jarðhita. Síðan taka við rannsóknir á sviðum efna-, eðlis- og jarðfræði til staðfestingar á því að nýtanlegur jarðhiti sé til staðar. Við vinnum líka að umhverfismati á verkefnum. Miklu máli skiptir að gera áreiðanleikakönnun á virkjunarkostum á hverju jarðhitasvæði fyrir sig sem endar í forhönnun og hagkvæmniathugun,“ útskýrir Rúnar.

Hann nefnir til dæmis að EFLA hafi nýverið lokið við athugun á stóru jarðhitasvæði í Tyrklandi þar sem vinnan fól í sér að staðfesta framleiðslugetu svæðisins og gengu eigendur frá kaupum á vélbúnaði til raforkuframleiðslu nú í maí. „Það má bæta því við að nýverið tók EFLA þátt í útboði á eftirliti framkvæmda á Þeistareykjum og áttum við hagkvæmasta boð í verkið og hefur Landsvirkjun samið við okkur um það.“

### Ísland er þekkt nafn í jarðhitageiranum

Aðspurður hvort íslensk fyrirtæki séu ekki í kjöraðstöðu vegna þekkingar sinnar á jarðhita svarar hann þessu: „Við Íslendingar erum afar stoltir af nýtingu okkar á jarðhita og erum duglegir að segja fólki frá reynslu okkar. Þetta gerir það að verkum að Ísland er þekkt nafn í jarðhitageiranum. Það gleymist stundum í umræðunni hérna heima að það er ekki sjálfgefið að komast inn í verkefni erlendis þrátt fyrir að vera frá Íslandi. Það eru lönd sem ekki hafa síðri hefð en við og hafa þróast og eflst mjög undanfarið í þekkingu á jarðhita. Má þar nefna að Nýja-Sjáland, Ítalía, Bandaríkin og Japan byggja á langri hefð í nýtingu á jarðhita. Þessa áskorun sjáum við hjá EFLU sem tækifæri til að þróast og tileinka okkur nýjustu tækni. Einnig þurfum við að viðhalda þeirri þekkingu sem fyrir er með stöðugri endurnýjun í greininni, þarna liggja tækifæri fyrir ungt og metnaðarfullt fólk að þróast með EFLU.“



Sunna Björg Reynisdóttir, kynningarstjóri EFLU og sérfræðingur á jarðvarmasviði, Rúnar Magnússon, fagstjóri jarðvarma og hitaveitu, og Guðmundur Þorbjörnsson framkvæmdastjóri. MYND/GVA



Nýtt starfsumhverfi fyrir jarðvarmasérfræðinga EFLU. AÐSEND MYND

> **Við Íslendingar erum afar stoltir af nýtingu okkar á jarðhita og erum duglegir að segja fólki frá reynslu okkar. Þetta gerir það að verkum að Ísland er þekkt nafn í jarðhitageiranum.**

### Í samstarfi með fremstu sérfræðingum

Jarðvarmadeild EFLU hefur unnið að verkefnum tengdum jarðhita í Tyrklandi í átta ár. Þar hefur starfsfólkið komið inn á frumstigum og aðstoðað við þróun á jarðhitasvæðum. Rúnar segir þessa vinnu vera oft mikið tengda jarðfræði, jarðeðlisfræði og jarðefnafræði en snúa einnig að hagkvæmniathugunum verkefna. „Til að styrkja hæfni EFLU í jarðhitaverkefnum höfum við tekið upp samstarf við aðila, svo sem ÍSOR hér á landi en einnig erum við í nánu samstarfi með teymi frá Bandaríkjunum í nokkrum verkefnum.

### Fjölbreytt verkefni

Sem dæmi um þá fjölbreyttu flóru verkefna nefnir Rúnar stóran alþjóðlegan framleiðanda sem rekur fjölda verksmiðja í Asíu. Aðalmarkmiðið er að gera framleiðsluna umhverfisvænni. „Okkar hluti snýr að orkunotkun við framleiðslu og hvernig megi draga úr henni sem og að kanna möguleikann á því að nýta jarðvarma og græna orku í auknum mæli.“

Annað dæmi um hve ólík vinnan hjá EFLU er, þá má minnast á verkefni fyrir ÍSAGA uppi á Hæðarenda í Grímsnesi. „Um er að ræða framleiðslu á koltvísýringi ($CO_2$) sem unninn er beint úr jarðhitaholum á svæðinu. Þessi óvenjulega hliðarafurð jarðhita er svo nýtt beint í innlenda framleiðslu á gosdrykkjum og bjór, og hefur verið vottuð til matvælaframleiðslu. EFLA hefur verið ráðgjafi ÍSAGA allt frá upphafi framleiðslunnar og gæði koltvísýringsins eru einstök,“ segir Rúnar.

### Mörg verkefni fram undan

Rúnar bætir við að gaman sé að segja frá því að EFLA hafi nú á fimmtudaginn skrifað undir samning við Þróunarsamvinnustofnun, um verkefni í Kenýa sem hefst í júní. „Verkefnið er hluti af áherslu Íslands í uppbyggingu á þekkingu á jarðhita og nýtingu hans í Austur-Afríku og erum við hjá EFLU mjög spennt að koma að þessari uppbyggingu.“

Eitt af stóru verkefnunum sem EFLA vinnur nú að er uppbygging og endurbætur á Bláa lóninu. Framkvæmdir eru hafnar við nýtt hótel sem og stækkun á lóninu. EFLA sér um alla verkfræðiráðgjöf og hönnun hótelsins í samvinnu við arkitektastofuna Basalt. „Stækkun baðaðstöðu kallar á breytingar á jarðsjávarlögn og hitakerfi, en lónið nýtir jarðsjó beint frá orkuveri HS Orku í Svartsengi,“ lýsir Rúnar og bætir við í lokin að jarðvarmaþekking EFLU sé einnig mikil á svæðisskrifstofum fyrirtækisins um allt land, á Austurlandi, Norðurlandi og Suðurlandi þar sem ýmsum verkefnum er sinnt, til dæmis má nefna hönnun og endurbætur á hitaveitum og sundlaugakerfum.

# Helmingur heita vatnsins úr Henglinum

**Kuldinn í ár olli metári í heitavatnsnotkun höfuðborgarbúa. Orka náttúrunnar sér höfuðborgarbúum fyrir helmingnum af öllu því heita vatni sem streymir um lagnirnar. Heita vatnið kemur úr jarðvarmavirkjunum fyrirtækisins á Hengilssvæðinu.**

Tæpar 35 milljónir tonna af heitu vatni streymdu til íbúa höfuðborgarsvæðisins fyrstu fimm mánuði ársins, sem er tæplega tíu prósentum meira en meðaltal áranna 2014 og 2013. Notkunin í maí 2015 var fjórðungi meiri en árin á undan. Íslensk heimili nota árlega að meðaltali fjögur til fimm tonn af heitu vatni á hvern fermetra húsnæðis.

Met hafa fallið í heitavatnsnotkun á höfuðborgarsvæðinu í hverjum einasta mánuði það sem af er ári. Um 90 prósent af heildarnotkun vatnsins fara í kyndingu á húsum. Nýliðinn maímánuður var sá þriðji kaldasti frá því að mælingar hófust og voru fyrstu tvær vikurnar sérlega kaldar. Óhætt er því að fullyrða að tíðarfarið hafi áhrif á heitavatnsnotkun landans.

ON rekur Nesjavallavirkjun og Hellisheiðarvirkjun. Stærsta uppspretta vatns í hitaveiturnar er Nesjavallavirkjun, með 300 megavatta varmaafl. Þar hafa 24 holur verið boraðar, á bilinu 1.000 til 2.200 metra djúpar, með allt að 380 gráða hita. Þegar fyrir lá að afkastageta Nesjavallavirkjunar væri að verða fullnýtt vegna sívaxandi notkunar á heitu vatni á höfuðborgarsvæðinu var ákveðið að ráðast í byggingu Hellisheiðarvirkjunar. Heitavatnsframleiðsla þar hófst árið 2010 og er framleiðslugeta þar nú 133 MW í varmaafli en miðað við full afköst gæti varmastöðin stækkað í 400 MW í framtíðinni og mun það gerast í tveimur til þremur áföngum eftir þörf á heitu vatni á höfuðborgarsvæðinu.



Nesjavallavirkjun er stærsta uppspretta heits vatns á höfuðborgarsvæðinu, með 300 megavatta varmaafl. 24 holur eru á svæðinu með allt að 380 gráða hita. MYND/ON



35 milljónir tonna af heitu vatni voru notaðar fyrstu fimm mánuði ársins. Hér sést hve nauðsynlegt það var að fá jarðvarmavirkjanirnar á Nesjavöllum og Hellisheiði til heitavatnsframleiðslu. Um helmingur alls heits vatns kemur frá Hengilssvæðinu.

**35 milljón tonn af heitu vatni voru notaðar fyrstu fimm mánuði ársins.**



Heita vatnið til höfuðborgarsvæðisins kemur víðs vegar að. MYND/ON

## *Ekki allt úr sama brunni*

Vatnið til höfuðborgarsvæðisins kemur úr ýmsum áttum. Íbúar í Grafarholti, Grafarvogi, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði fá alla jafna heitt vatn frá virkjunum ON – Nesjavallavirkjun og Hellisheiðarvirkjun – þar sem grunnvatn er hitað upp með jarðhita. Að auki er framleitt rafmagn í virkjunum tveimur.

Reykvíkingar vestan Grafarvogs, íbúar í Úlfarsárdal, Mosfellingar og Kjalnesingar fá heita vatnið jafnaðarlega frá lághitasvæðum í Reykjavík og Mosfellsbæ sem nýtt eru beint inn í dreifikerfið.

## *Hellisheiði fegruð með súrmjólk og mosa*

Orka náttúrunnar hóf markvissa uppgræðslu við Hellisheiðarvirkjun árið 2012 og hefur verkefnið skilað miklum árangri. Leitast var við að endurheimta staðargróður eftir framkvæmdir á svæðinu. Svokallaður mosagrautur, blandaður út í súrmjólk, er meðal annars notaður til verksins. Einnig er unnið með fræslægju, mosadreifingu og flutning á torfum sem hefur allt skilað góðum árangri.





Hér má sjá þær miklu breytingar sem orðið hafa á tveimur árum. Fyrri myndin er tekin á Hellisheiði árið 2012 og sú síðari á sama stað árið 2014, eftir uppgræðslu. (MYND/ON)

# Hljóðlát og umhverfisvæn samgöngubylting

**Orka náttúrunnar (ON) hefur á undanförnum árum opnað tíu hraðhleðslustöðvar fyrir rafbíla. Sú tíunda opnaði á Akranesi í síðustu viku.**

ON er í forystu um uppbygginguu innviða fyrir aukna rafvæðingu samgangna hér á landi. Fjölgun rafbíla er eitt helsta sóknarfæri Íslendinga í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þetta ræðst af því að útblástur vegna orkuframleiðslu hér er lítill en hann er helsti vandi flestra annarra þjóða.

Páll Erland, framkvæmdastjóri ON, segir rafbílavæðinguna á Íslandi komna til að vera. „Við höfum einsett okkur að nýta vel þau tækifæri sem felast í íslenskri náttúru þegar kemur að notkun á rafmagni sem orkugjöfum fyrir bíla. Þetta er ódýr og umhverfisvænn orkugjafi og rafbílarnir eru alltaf að verða betri og betri. Svo eru þeir auðvitað hljóðlátir,“ segir Páll. „ON ákvað að leggja sitt af mörkum til rafbílavæðingar landsins með því að setja upp hraðhleðslustöðvar sem gera rafbílaeigendum kleift að hlaða bíla sína hratt og vel á leið sinni milli staða. Hraðhleðslustöðvum er alltaf að fjölga, nú síðast opnuðum við tíundu stöðina á Akranesi.“



Framkvæmdastjóri ON segir rafbílavæðingu á Íslandi komna til að vera. Nú hefur ON opnað tíu hraðhleðslustöðvar á landinu til að stíga fyrstu skrefin í uppbyggingu innviða fyrir rafbílanotkun. MYND/GVA

Leiðtogar G7-ríkjanna, stærstu iðnríkja heims, tilkynntu viljayfirlýsingu á fundi sínum í Bæjaralandi í vikunni um að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda á komandi áratugum. Í samþykktinni segir að stefna skuli að því að hætta allri losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2100. Því á að ná með því að hætta alveg að nota jarðefnaeldsneyti; kol, olíu og jarðgas. Takmarkið á að vera hálfnað árið 2050, eftir 35 ár.

Páll segir þessa viljayfirlýsingu vissulega tímamót og Ísland ætti að einsetja sér að vera áfram í forystu þegar kemur að því draga úr notkun jarðefnaeldsneytis.

Halldór Þorgeirsson, yfirmaður stefnumörkunar hjá skrifstofu Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna, sagði á málþingi um loftslagsmál í vor að honum fyndist „gjörsamlega út í hött að við séum að nota jarðefnaeldsneyti til að fara frá einum stað til annars á þessari eyju“.

Páll tekur í sama streng og segir okkur Íslendinga hafa einstakt tækifæri í þessum efnum. „Við búum svo vel að 85% af orkunotkun landsins eru fengin frá jarðvarma og vatnsorku sem er umhverfisvæn orka. Það þýðir að verkefnið er að draga úr því jarðefnaeldsneyti sem notað er í 15% af orkunotkun landsins, þ.e. það eldsneyti sem fyrst og fremst er notað til að knýja bíla, flugvélar og skip. Þar af eru bílar með stærsta hlutann. Nú þegar tæknin er fyrir hendi þarf bara samhent átak almennings, fyrirtækja og stjórnvalda til að breyta þessu.“






**Takk fyrir móttökurnar**

Á rúmu ári hefur Orka náttúrunnar, í samvinnu við framsýna samstarfsaðila, opnað tíu hraðhleðslustöðvar þar sem rafbílaeigendur geta hlaðið bílinn á örfáum mínútum. Íslendingar reyndust heldur betur tilbúnir fyrir rafbílavæðinguna og saman eflum við vistvænar samgöngur og leggjum okkar af mörkum í þessari hljóðlátu samgöngubyltingu.

Fylltu á rafbílinn með Orku náttúrunnar.

**ORKA NÁTTÚRUNNAR** · Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is

ON
ORKA NÁTTÚRUNNAR

# Jarðvarmaklasi skiptir máli

**Víðtæk þekking og reynsla íslenskra jarðvísindamanna er eftirsótt víða um heim. Öflugur jarðvarmaklasi skiptir því miklu máli til að efla samstarf fyrirtækja, stjórnvalda, rannsóknarstofnana og háskólasamfélagsins. Fjöldi tækifæra er til frekara samstarfs á þessu sviði.**

Jarðvarmi er einn af grundvallarþáttum í orkubúskap Íslendinga. Á síðasta ári stóð jarðhiti undir tæplega 30% af raforkuframleiðslu í landinu og rúmlega 90% allra heimila landsins eru kynt með jarðhita. Markvissar rannsóknir og skipuleg nýting á jarðvarma, sem rekja má aftur til 1970, hafa sparað þjóðarbúinu milljarða króna og dregið úr innflutningi á jarðefnaeldsneyti, með tilheyrandi jákvæðum umhverfislegum áhrifum að sögn Ingva Más Pálssonar, skrifstofustjóra á skrifstofu iðnaðar og orkumála í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. „Fjöldi íslenskra fyrirtækja vinnur að málefnum sem tengjast rannsóknum og nýtingu á jarðvarma. Þessi fyrirtæki koma úr ólíkum áttum og því var það skynsamleg ákvörðun að efna til klasasamstarfs þeirra á milli fyrir nokkrum árum. Ég tel að þessi jarðvarmaklasi marki okkur ákveðna sérstöðu og sé lykill að því að efla samkeppnishæfni þessa iðnaðar til frekari vaxtar og þróunar, þar sem áhersla er lögð á sjálfbæra nýtingu jarðhitaauðlindarinnar og auknar rannsóknir.“

Ingvi segir að sú víðtæka þekking og reynsla sem jarðvísindamenn hér á landi, og fyrirtæki í geiranum, hafa aflað sér undanfarna áratugi að því er varðar nýtingu jarðvarma sé eftirsótt víða um heim þar sem jarðhita er að finna, hvort sem er til raforkuvinnslu eða húshitunar. „Öflugur íslenskur jarðvarmaklasi skiptir því miklu máli í þessu sambandi og hafa stjórnvöld stutt við bakið á honum frá stofnun hans. Hann er mikilvægur liður í því að efla hvers konar samstarf milli fyrirtækja á þessum vettvangi, stjórnvalda, rannsóknarstofnana og háskólasamfélagsins.“

### Umtalsverð áhrif

Að sögn Ingva hefur ekki verið tekin saman, svo hann viti, heildstæð greining á efnahagslegum áhrifum jarðvarma á íslenskt samfélag. „Þó er ljóst að þau eru umtalsverð og má þar t.d. benda á tæknigeirann og þjónustufyrirtæki tengd honum sem þjónusta jarðvarma- og orkugeira landsins á einn eða annan hátt. Áætlað hefur verið að fjöldi sérfræðinga sem starfa beint við jarðvarma sé um 1.000, en heildarfjöldi starfa sem tengjast jarðvarma er mun meiri.“

Hann bendir á nýlega skýrslu um Auðlindagarð á Reykjanesi en þar er talað um 500-600 störf sem tengjast beint jarðhitanýtingu á svæðinu og að annað eins megi rekja til óbeinna starfa. Þá kemur einnig fram í skýrslunni að talið sé að eitt af hverjum fjórum nýjum störfum á Suðurnesjum árið 2011 hafi tengst Auðlindagarðinum með einum eða öðrum hætti. „Sem áður segir erum við árlega að spara miklar fjárhæðir með því að nýta jarðvarma til húshitunar í stað innflutts jarðefnaeldsneytis og hefur Orkustofnun áætlað að árlegur sparnaður sé í kringum 115 milljarðar króna, miðað við að hitað væri með olíu. Ef menn vilja leika sér að tölum þá nemur þannig uppsafnaður núvirtur sparnaður fyrir þjóðarbúið um 2.300 milljörðum króna frá árinu 1915 til dagsins í dag. Það munar um minna.“



„Ég tel að þessi jarðvarmaklasi marki okkur ákveðna sérstöðu og sé lykill að því að efla samkeppnishæfni þessa iðnaðar,“ segir Ingvi Már Pálsson, skrifstofustjóri á skrifstofu iðnaðar og orkumála í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. MYND/GVA

### Fjöldi tækifæra

Ráðuneytið hefur að sögn Ingva átt í mjög góðu samstarfi við jarðvarmaklasann. „Frumkvæðið að stofnun hans var hjá atvinnulífinu og þeim fyrirtækjum sem mynda klasann og hefur ráðuneytið, og stjórnvöld almennt, stutt við klasann og þau verkefni sem unnin hafa verið á vettvangi hans án þess að vera beinn þátttakandi í klasanum.“

Hann segir fjölda tækifæra vera til frekara samstarfs sem sé til skoðunar. „Sem dæmi má nefna að stjórnvöld hafa reynt að liðka fyrir þátttöku íslenskra fyrirtækja í jarðhitaverkefnum erlendis, meðal annars í gegnum Þróunarsjóð EFTA og með samstarfssamningum við erlend ríki.“

Íslensk stjórnvöld hafa reynt að efla vitund um möguleika og kosti jarðvarmanýtingar í þeim löndum þar sem hann er að finna. „Staðreyndin er sú að t.d. innan Evrópusambandsins er takmörkuð þekking á jarðvarmanýtingu, hvort sem er til húshitunar eða raforkuvinnslu, en aukin hlutdeild jarðvarma í orkubúskap ESB-landanna, þar sem hún er möguleg, fellur einmitt vel að stefnumótun ESB um aukna hlutdeild endurnýjanlegrar innlendrar orku.“

# Erlend verkefni sífellt veigameiri

**Nýting jarðvarma er ekki einföld og þurfa þeir sem hyggja á gerð slíkra virkjana oft að leggja í töluverða fjárfestingu áður en liggur fyrir hvort af henni geti orðið. Þá kemur til kasta KPMG sem aðstoðar fjárfesta við að skilja áhættuna og draga úr henni.**

Endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækið KPMG er með eina stærstu ráðgjafardeild landsins en hún veitir fyrirtækjum og stofnunum alhliða fjármálaráðgjöf. Eins og flestir þekkja er KPMG jafnframt eitt stærsta ráðgjafarfyrirtæki í heimi með skrifstofur um allan heim. „Á ráðgjafarsviði okkar starfa um 30 manns með sérþekkingu í mismunandi atvinnugreinum. Þar af er fimm manna teymi sem sérhæfir sig í að þjónusta orkugeirann og orkufreka iðnaðinn,“ segir Gunnar Tryggvason sem leiðir þá vinnu, en teymið hefur unnið fyrir nánast öll orkufyrirtæki landsins og langstærstan hluta orkufreka iðnaðarins. Gunnar hefur jafnframt komið að stefnumótun stjórnvalda í orkumálum og sat í Orkustefnunefnd og var formaður Sæstrengsnefndar sem skilaði áliti sínu til iðnaðarráðherra fyrir tveimur árum.

Ísland hefur að sögn Gunnars mikla sérstöðu þegar kemur að nýtingu jarðvarma. „Hér hefur byggst upp mikil þekking sem er til dæmis mjög áþreifanlegt þegar horft er til íslenska jarðvarmaklasans. Við erum hluti af honum og erlendir viðskiptavinir leita til okkar bæði beint og í gegnum skrifstofur KPMG erlendis. Starf okkar felst aðallega í gerð fjárhagsáætlana og líkana fyrir ný jarðvarmaverkefni, í aðstoð við lánveitendur við mat á áhættu verkefna, í aðstoð við kaup og sölu jarðvarmafyrirtækja og verkefna og í gerð markaðsgreiningar fyrir þjónustufyrirtæki á jarðvarmamarkaði.

Stór hluti jarðvarmans í heiminum finnst í þróunarlöndum sem getur bæði talist jákvætt og neikvætt. „Það gerir fjárfestum erfiðara fyrir en þeir sem láta til skarar skríða leggja hins vegar óbeint sitt af mörkum til þróunaraðstoðar. Þá styðja alþjóðlegu þróunarbankarnir mjög við fjárfestingu í grænni orku í þróunarlöndunum og nýtur jarðvarminn ávinnings af því um þessar mundir.“

Sem stendur er KPMG að vinna í nokkrum verkefnum á erlendri grund. „Við erum að aðstoða indónesísk stjórnvöld við lánveitingar til jarðvarmaverkefna. Þá erum við að aðstoða viðskiptavini í Þýskalandi og Ítalíu við kaup á jarðhitaverkefnum. Í Austur-Afríku vinnum við svo að því að verðmeta jarðhitaverkefni svo dæmi séu nefnd,“ upplýsir Gunnar.

Jarðhitinn er að sögn Gunnars hluti af grænu byltingunni í heiminum. „Hann verður þó aldrei nema lítill hluti enda aðeins raunhæfur kostur á hluta jarðskorpunnar. Þar sem hann er raunhæfur er hann hins vegar gríðarlega góð viðbót enda er hann mjög áreiðanleg orkulind og algerlega óháður veðri, vindum og sólskini. Hins vegar er nýting jarðvarma alls ekki einföld og fjárfestar forðast hann stundum vegna þess að það er erfitt að gera sér grein fyrir áhættunni. Þar kemur til okkar kasta en við aðstoðum þá við að skilja áhættuna og jafnvel að draga úr henni.“

Gunnar segir mestu áhættuna fólgna í því að yfirleitt þarf að fjárfesta töluvert áður en liggur fyrir hvort hægt sé að nýta auðlindina.



Stór hluti jarðvarmans í heiminum finnst í þróunarlöndunum sem getur að sögn Gunnars bæði talist jákvætt og neikvætt. MYND/STEFÁN

Hann tekur dæmi: „Þegar um er að ræða vindorku þarf að fjárfesta langt undir einu prósenti af heildarfjárfestingu áður en tekin er endanleg ákvörðun um byggingu vindorkugarðsins. Einungis þarf að setja upp vindmæla sem eru mjög ódýrir og keyra þá í tvö ár. Þeir sem ætla að ráðast í gerð jarðvarmavirkjunar geta hins vegar þurft að fjárfesta um tíu prósent fyrir fram áður en ljóst er hvort af virkjuninni geti orðið,“ útskýrir Gunnar.

Hann segir að menn hafi í gegnum tíðina þurft að hverfa frá nokkrum verkefnum en sem betur fer verða þó flest þeirra að veruleika. „Menn eru þá verðlaunaðir með orkuveri sem gengur nánast 24 klukkustundir, sjö daga vikunnar árið um kring í áratugi og þess njótum við Íslendingar. Við vonumst svo til að geta breitt þá þekkingu út sem víðast.“ Sem dæmi má nefna elstu jarðvarmavirkjun Íslands í Bjarnarflagi sem byggð var fyrir 45 árum. Þótt notuð hafi verið tækni sem ekki þætti boðleg í dag þá er hún enn í gangi. Eigandi hennar hefur hins vegar fyrirætlanir um að endurnýja hana og stækka þegar leyfi liggja fyrir og markaðsaðstæður eru góðar.

Gunnar segir menn hafa skynjað talsverða lægð fyrst eftir hrun en síðustu misseri hefur markaðurinn tekið við sér og verkefnin hlaðist upp. „Við höfum auk þess verið að bjóða í verkefni með íslensku verkfræðistofunum en slík teymisvinna getur verið gríðarlega sterk og skilað miklum árangri. Við erum farin af stað með eitt verkefni með Mannviti og erum með annað útboð með Eflu sem við vonumst til að lenda.“



**Söngleikjatónleikar**
Sigríður Eyrún Friðriksdóttir kemur fram á söngleikjatónleikum í Hannesarholti á sunnudag ásamt Margréti Eir og Karli Olgeirssyni.
SÍÐA 6



**Systratónar**
Systurnar Þórunn, Dísella og Ingibjörg Lárusdætur halda tónleika í Hörpu á morgun.
SÍÐA 8










# BÚIN AÐ KAUPA ALLA LÍNUNA

**NORBERG KYNNIR** *Pharmaceris húðvörurnar henta Elmu Lísu vel en hún er með viðkvæma húð sem er oft undir miklu álagi eins og húð margra leikara.*

Til að húðin geti starfað eðlilega þurfa nokkrir þættir að vera í jafnvægi. Þar á meðal þarf náttúruleg fita á yfirborði húðþekjunnar að vera til staðar. Þessi fita myndar nokkurs konar verndarlag sem ver húðina fyrir utanaðkomandi áreiti, þurrki og öðrum skaðlegum umhverfisáhrifum. Ein ástæða þess að húðin verður ofurviðkvæm eða fólk fær ofnæmi er að þetta verndarlag er ekki í jafnvægi.

### LENGI LEITAÐ AÐ ÞVÍ RÉTTA

Elma Lísa leikkona er með viðkvæma húð og hefur lengi leitað að réttu vörunni fyrir sig. Húð leikara er undir miklu álagi í vinnunni og því þarf hún að hugsa sérstaklega vel um húð sína. Elma kynntist Pharmaceris þegar hún fór í apótekið sitt fyrir nokkrum mánuðum í leit að áhrifaríkum og öruggum vörum. „Ég tók strax eftir því að Pharmaceris A vörurnar eru án parabenefna. Ég ákvað að prófa þær og sé ekki eftir því. Þær henta mér ótrúlega vel og núna er ég búin að fjárfesta í allri línunni," segir Elma Lísa og brosir. Hún segir aðalkostina við Pharmaceris þá að vörurnar sem hún notar eru án parabena, þær henta húðgerð hennar fullkomlega og auk þess eru þær góðar fyrir budduna.

### OFNÆMISPRÓFAÐAR VÖRUR

Pharmaceris er þróað af vísindamönnum; húðlæknum, ofnæmislæknum, lyfjafræðingum, líffræðingum og sameindalíffræðingum. Vörurnar eru ofnæmisprófaðar og hannaðar til þess að ráða bót á mismunandi húðvandamálum. Pharmaceris A línan er sérstaklega hönnuð fyrir viðkvæma húð. Hún er þó ekki eingöngu fyrir þá sem hafa ofnæmi heldur einnig fyrir þá sem eru sérstaklega viðkvæmir eða vantar jafnvægi í húðina. Ef verndarlag húðarinnar er of þunnt eða veikt verður húðin viðkvæm fyrir utanaðkomandi áreiti, sem getur valdið húðvandamálum. Pharmaceris er með sérlínur við ýmsum húðvandamálum, T fyrir feita húð með bóluvandamál, N gegn roða og háræðasliti, P fyrir psoriasis og R fyrir rósroða.



**MÆLIR MEÐ PHARMACERIS**
Elma Lísa er ánægð með Pharmaceris vörurnar og mælir með þeim.
MYND/ERNIR




MYND/ERNIR

**ÖRUGGAR VÖRUR** Ofnæmis- og klínískt prófaðar – innihalda ekki paraben.

## SÖLUSTAÐIR

Norberg er með umboð fyrir Pharmaceris. Nánari upplýsingar á www.norberg.is Við erum líka á www.facebook.com/pharmaceris.is. Fæst í Apótekaranum, Lyfjaveri, Gamla Apótekinu, Lyf-jum og heilsu og völdum verslunum Lyfju.

Norberg Pharmaceris









# MADAME CARVEN FELLUR FRÁ

**GOÐSÖGN** *Tískugoðsögnin Madame Carven lést nýverið, 105 ára gömul. Hún var samtíða Christian Dior, Pierre Balmain og Hubert de Givenchy. Hún ruddi brautina fyrir aðra kvenhönnuði í tískuheimi sem stjórnað var af körlum.*

Madame Carven eða Carmen De Tomasso fæddist árið 1909 í Frakklandi. Hún lærði innanhússhönnun og arkitektúr við Ecole de Beaux Arts en ákvað að gerast kjólameistari í staðinn. Carmen var lítil og nett og þótti erfitt að finna föt við hæfi. Hún ákvað því að búa til fatalínu sem hentaði smágerðum konum árið 1945 undir nafninu Carven.

Hún sá fljótt að ungar konur höfðu úr litlu að moða þegar kom að fatnaði. Hönnuðir þess tíma einbeittu sér fremur að eldri konum. Hún fór því að hanna föt á yngri konur. Hún elskaði grænt og hvítt og bjó til grænan og hvítan sumarkjól sem hún kallaði Ma Griffe. Í dag er það heiti á frægu ilmvatni frá Carven og dregur dám af kjólnum.

Carven varð fljótt afar vinsælt merki og stjörnur kepptust við að klæðast því. Madame Carven hætti að hanna fyrir merkið þegar hún var 84 ára. Guillaume Henry var gerður listrænn stjórnandi merkisins árið 2009 og hefur síðan hafið þetta gamla merki aftur til vegs og virðingar.



**MADAME CARVEN** Frúin kunni tökin á markaðssetningu og hannaði til dæmis heila línu árið 1950 í anda myndarinnar Gone with the Wind sem kom út í Frakklandi á sama tíma.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429











**MIKIÐ ÚRVAL** Töskurnar úr smiðju Mörtu Jónsson eru af öllum stærðum og gerðum og fást í ýmsum litum. Verslunarstjórinn Kolbrún segir steingráu töskurnar njóta mikilla vinsælda um þessar mundir. MYND/STEFÁN

# GÆÐATÖSKUR Í MÖRTU JÓNSSON

**MARTA JÓNSSON KYNNIR** *Fallegar töskur úr ítölsku leðri, saumaðar af fagmönnum á Portúgal og hannaðar af skóhönnuðinum Mörtu Jónsson, fást í miklu úrvali í verslunum Mörtu Jónsson í Kringlunni og á Laugavegi 51.*

Segja má að í töskunum hennar Mörtu komi saman heilög þrenning; íslensk hönnun, ítalskt leður og saumaskapur Portúgala," segir Kolbrún Árnadóttir, verslunarstjóri Mörtu Jónsson í Kringlunni. Hún segir marga verða hissa sem koma í skóbúðina. „Það eru alls ekki allir sem átta sig á því mikla úrvali af töskum sem er að finna hérna," segir hún en allar töskurnar eru hannaðar af Mörtu líkt og allt annað í verslunum Mörtu Jónsson.

Úrvalið er mikið. Hægt er að fá allt frá litlum samkvæmisveskjum upp í stórar tuðrur. „Tuðrurnar eru vinsælastar núna," segir Kolbrún en mikið er lagt upp úr gæðum og vönduðum frágangi. „Töskurnar eru fóðraðar og með mjög skemmtilegt skipulag. Þar má finna fjölmörg hólf fyrir síma, lykla, varaliti og margt fleira."

Innt eftir því hvaða litir séu vinsælastir svarar Kolbrún: „Steingrái liturinn er mjög vinsæll núna en svarti liturinn er alltaf klassískur. Gulbrúnn tan-litur kemur líka sterkur inn. Litlu samkvæmistöskurnar okkar fást síðan í fleiri litum eins og rauðum og bláum."

Verslun Mörtu Jónsson í Kringlunni var opnuð í október í fyrra og Kolbrún segir viðtökurnar hafa verið afar góðar. „Í Kringlunni eru flestir viðskiptavinir okkar Íslendingar en útlendingar eru fleiri í verslun okkar á Laugavegi 51 sem var opnuð fyrir einu og hálfu ári."

## GOTT SKIPULAG

„Töskurnar eru fóðraðar með mjög skemmtilegt skipulag. Þar má finna fjölmörg hólf fyrir síma, lykla, varaliti og margt fleira."

Marta Jónsson er þekktust fyrir skóhönnun sína. Kolbrún segir fjölmargar nýjungar að finna þar. „Við erum nýbúin að fá herralínu og þá erum við farin að selja barnaskó með litlum skvísuhælum sem eru mjög sætir."



Stærðir
36-56
JIBBÍ JEIJ dagar-
25-50% afsláttur!
af völdum nýjum vörum dagana 13-16. júní
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
TÚNIKA
ÁÐUR 7.990
NÚ 5.990
st. 42-56
PILS
ÁÐUR 3.990
NÚ 990
st. 8-20
BUXUR
ÁÐUR 7.990
NÚ 3.990
st. 42-56
BOLUR
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
st. S-XL
SKOKKUR
ÁÐUR 4.990
NÚ 2.990
st. S-XL
BOLUR
ÁÐUR 2.990
NÚ 1.490
st. S-XL
KJÓLL
ÁÐUR 8.990
NÚ 3.990
st. 42-56
SKOKKUR
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.990
st. S-3XL
SKOKKUR
ÁÐUR 4.990
NÚ 2.990
st. S-XL
TOPPUR
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
st. S-3XL
SKOKKUR
ÁÐUR 6.990
NÚ 4.990
st. S-3XL
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

# ZLATAN HANNAR FYRIR DRESSMANN

**DRESSMANN KYNNIR** *Fótboltastjarnan Zlatan Ibrahimovic situr nú við teikniborðið í París og hannar nýja sportfatalínu fyrir Dressmann. Spennandi samstarf segir framkvæmdastjóri Dressmann á Íslandi. Fyrstu flíkurnar koma í verslanir í haust.*

Þetta er afar spennandi samstarf en Dressmann gerði samning við fótboltastjörnuna Zlatan Ibrahimovic í desember síðastliðnum. Hann mun hanna fatnað fyrir Dressmann og er þegar þetta er skrifað að vinna úti í París að línunni. Hún mun tengjast íþróttum á einhvern máta og fyrstu flíkurnar ættu að koma í verslanirnar í haust. Eftir áramót verður öll línan komin á markað,“ segir Jóhann Ingi Davíðsson, framkvæmdastjóri Dressmann á Íslandi.

Fyrirtækið er ekki ókunnugt samstarfi við stórstjörnur en árið 2011 var Dressmann í samstarfi við rokkhljómsveitina Rolling Stones um hönnun á fatnaði. Jóhann Ingi segir samstarfið við Zlatan lofa góðu en hann hitti fótboltastjörnuna nýlega.

„Zlatan ætlar að taka þetta alla leið. Við hittum hann í Austurríki um daginn og þar sagðist hann ætla að leggja allt í þetta. Hann sagði upp samningum við stórfyrirtæki eins og Nike og fleiri og er núna einungis í samstarfi við Dressmann.“



**FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI** Jóhann Ingi Davíðsson, framkvæmdastjóri Dressmann á Íslandi, segir uppgang hjá fyrirtækinu. Þá var Dressmann valið fyrirmyndarfyrirtæki af Credit Info árin 2013 og 2014. MYND/STEFÁN

### STÆKKA OG INNRÉTTA VERSLANIRNAR

Breytingar hafa staðið yfir í Dressmann undanfarnar vikur og mánuði, verslanir stækkaðar og innréttaðar upp á nýtt. Jóhann Ingi segir uppgang hjá Dressmann.

„Það er frábær gangur í fyrirtækinu en ólíkt öðrum fundum við fyrir mikilli aukningu í verslun eftir hrun sem hefur verið stígandi síðan. Við bjóðum enda upp á afar gott verð sem segir sitt. Þá var Dressmann valið fyrirmyndarfyrirtæki af Credit Info árin 2013 og 2014 sem við erum stolt af,“ segir Jóhann Ingi. „Árið 2013 opnuðum við búð í Smáralind sem kallast Dressmann X en þar erum við bara með fatnað í stærðum 2XL - 9XL. Við erum þessar vikurnar að taka verslunina í Smáralind í gegn, stækka hana og endurýja alla að innan. Stefnan er að allt verði klárt í ágúst. Þá stækkuðum við Dressmann-verslunina á Glerártorgi á Akureyri og endurnýjuðum á síðasta ári og stefnum á að taka verslunina í Kringlunni í gegn á því næsta,“ segir Jóhann.


**SUMARIÐ KOMIÐ** Pólóbolir í hressilegum litum verða heitir í sumar.


**EINVALALIÐ** Katrín Rós, verslunarstjóri í Smáralind, Ellert Baldursson, verslunarstjóri í Kringlunni, Guðrún Ýr stílisti og Kristrún Zakaríasdóttir fjármálastjóri.

### SUMARVÖRURNAR KOMNAR

Fram undan er sumarið og sumarvörurnar eru komnar upp á slár í verslunum Dressmann. Hvað er vinsælast?

„Gallakvartsbuxurnar eru afar vinsælar hjá okkur og stuttermabolir með prenti. Þetta sumarið verður einnig mikið af pólóbolum, röndóttum og einlitum í skemmtilegum litum. Stuttermaskyrturnar eru alltaf vinsælar og blazerjakkarnir. Við leggjum áherslu á smáatriðin og til dæmis er vinsælt að klæðast gallabuxum, skyrtu og blazerjakka með klút í vasanum, nota þverslaufu, ermahnappa og bindisnælur og fleira í þeim dúr. Smáatriðin skipta sköpum,“ segir Jóhann Ingi og bætir við að viðskiptavinir Dressmann fylli breiðan hóp.

„Markhópur Dressmann er sagður 35+ en fatnaður fyrir yngri hóp er alltaf að bætast við. Sniðin eru orðin þannig í gallabuxunum, skyrtum og jakkafötum og líka í blazerjökkunum að menntaskólakrakkarnir koma mikið til okkar. Dressmann er ekki lengur bara „kallabúð“ eins og hún var.“


**GOTT VERÐ** Hjá Dressmann er alltaf hægt að gera góð kaup.



**EKKI BARA 35+** „Markhópur Dressmann er sagður 35+ en fatnaður fyrir yngri hóp er alltaf að bætast við,“ segir Jóhann Ingi.




Dressmann®

KRINGLAN 5680800 / SMÁRALIND 5659730 / GLERÁRTORG 4627800 / DRESSMANN XL 5650304

# CROISSANT MEÐ SULTU OG OSTI

**LAKKRÍS Á LAUGARDÖGUM** *Sigríður Eyrún Friðriksdóttir vill helst ekki þurfa að rífa sig á fætur með látum á morgnana. Henni finnst gott að fá kanil út í kaffið og borðar lakkrís á laugardögum. Á morgun syngur hún á söngleikjatónleikum í Hannesarholti.*



**KÓSÝHEIT** Sigríður Eyrún horfir á barnatímann í sjónvarpinu um helgar. Á morgun syngur hún í Hannesarholti. MYND/GVA

**Hvernig eru hefðbundnar helgar hjá þér?** Hefðbundnir laugardagar og sunnudagar eru að vakna með dóttur minni og horfa á barnatímann. Bæði til að veita henni félagsskap og til að hlusta eftir því hvort ég sé ekki að standa mig í vinnunni. Hún veitir mér líka aðhald í því. Svo reynum við að gera eitthvað skemmtilegt eins og að fara í sund eða heimsækja góða vini.

**Sefurðu út eða drífur þig snemma á fætur?** Mér finnst ofsalega erfitt að byrja daginn á stressi, ef ég þarf ekki að flýta mér þá vakna ég bara í rólegheitum. En það fer eftir verkefnum hvort ég vakna snemma eða sef út.

**Færðu þér eitthvað gott í morgunmat um helgar?** Uppáhaldið á mínu heimili er að eiga frosin croissant sem við setjum í ofninn um helgar og borðum með osti og sultu.

**Hvernig viltu hafa kaffið?** Besta kaffið heima er úr svona espresso-mokkakönnu en þegar ég fer á kaffihús panta ég mér annaðhvort americano eða möndlu/soja-latte og set smá kanil út á.

**Uppáhalds laugardagsnammið?** Popp og lakkrís.

**Út að borða eða elda heima?** Stundum er voða gott að fara út en besti maturinn er sá sem er eldaður heima.

**Fá gesti eða fara í heimsókn?** Bæði betra.

**Hvað ætlarðu að gera um þessa helgi?** Ég ætla að fara á spunaæfingu í Haraldinum, það er kómedíu- og spunaaðferð sem Dóra Jóhannsdóttir leikkona kom með til landsins frá New York og er sjúklega skemmtileg. Á laugardaginn ætla ég að æfa mig fyrir söngleikjatónleika sem ég verð með á sunnudaginn í Hannesarholti ásamt Margréti Eiri og Kalla Olgeirs.

**Af hverju söngleikir?** Af því það er svo gott að syngja um lífið, og af hverju ekki?

**Áttu þér einhvern uppáhaldssöngleik?** Mary Poppins er ansi ofarlega á listanum af því það var svo fáránlega gaman og mikil upplifun að taka þátt í þeirri uppfærslu. Annars finnst mér erfitt að gera upp á milli. Það er eins og að segja uppáhaldslitur. Það fer svolítið eftir því í hvaða skapi ég er. Fiðlarinn á þakinu, Litla hryllingsbúðin, Vesalingarnir, Avenue Q og Into the Woods eru allir í uppáhaldi af mismunandi ástæðum.

**Áttu þér uppáhaldssöngleikjapersónu?** Ég væri mikið til í að leika Glindu í söngleiknum Wicked. Það er góða nornin úr Galdrakarlinum í Oz. Wicked er forsaga þeirrar sögu og gerist í Oz þar sem Elphaba (græna nornin) og Glinda eru ungar stelpur sem eru saman í skóla. Elphaba er lögð í einelti fyrir að vera græn og Glinda er vinsæla hressa stelpan.

**Hvernig undirbýrðu þig fyrir tónleika?** Ég teygi vel á og passa að drekka nóg af vatni og reyni að finna einhverja slökun.

**Hvað ætlarðu að gera á mánudaginn?** Á mánudaginn ætla ég að fara með barnið í leikskólann, finna mér einhverja hreyfingu og tala inn á teiknimyndir.





**Í Rekstrarlandi** aðstoða sérfræðingar okkar við rétt val á hjálparvörum við þvagleka en ávallt er um einstaklingsbundnar lausnir að ræða.

Eitt mesta úrval af hjálparvörum sem í boði er við þvagleka er frá hinum vandaða danska framleiðanda Abena. Vörurnar fást í öllum stærðum og gerðum og búa yfir rakadrægni sem hæfir hverju tilfelli fyrir sig þannig að auðvelt er að finna lausn sem hentar hverjum og einum.

Abena vörurnar eru flestar umhverfisvænar og framleiddar með það að markmiði að auka á þægindi notenda. Þær eru mjúkar viðkomu, þægilegar og umfram allt lítt áberandi.

**Skírteinishafar geta nú leitað beint til Rekstrarlands til þess að fá slíkar vörur afgreiddar auk þess sem við sjáum um að koma vörunum heim til notenda án aukakostnaðar.**

ABENA Because we care

**Upplýsingar fást í síma 515 1100 eða á heilbrigdi@rekstrarland.is.**

REKSTRARLAND – léttir þér lífið

**www.rekstrarland.is** Mörkinni 4 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100



# Betra blóðflæði

**Rauðrófu kristall 100% náttúrulegt**

*Einstök virkni og gæði - **þú finnur muninn***

Eftir fertugt framleiðir líkaminn **50%** minna **Nitric Oxide.** SUPER**BEETS** örvar **Nitric Oxide** framleiðslu strax. Bætt blóðflæði og aukin súrefnisupptaka hefur jákvæð áhrif á alla starfsemi líkamans, þ.m.t. hjarta og æðakerfi.

**ATH:** Breyting nítrats úr fæðu í **Nitric Oxide. (NO)** byrjar í **munni,** þess vegna er Super**Beets** tekið inn í vökvaformi, en ekki töfluformi.




**Íslensk vottun á virkni NO³**

Sýni rannsóknarstofa - Nýsköpunarmiðstöð Íslands

**Nitric Oxide Superbeets allt að 5 sinnum öflugri**

1. dós superbeets jafngildir 30 flöskum af 500 ml rauðrófusafa

*Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum*

Nánari upplýsingar www.SUPERBEETS.is Umboð: vitex ehf - Upplýsingasími 896 6949






GULL BYLGJAN


FELDZ garðsett
Tveir kollar 15.750 kr.
Borð 41.300 kr.
ORIGAMI
Plastbakki
1.925 kr.
SCARLETT plastáhöld
Bakki 1.347 kr.
Salatskál 2.065 kr.
AFRICA
Stóll með strigabaki
Græn- eða rauðmynstrað
8.050 kr.
30%
AFSLÁTTUR AF
SUMARVÖRUM
FRÁ HABITAT
SUMARPÚÐAR
Verð 2.790 kr.
SADIE plastprjónar
Fjórir saman í pakka
1.155 kr.
MAUI
Legustóll með strigabaki
Græn- eða rauðmynstrað
Áður 17.250 kr.
Nú 12.075 kr.
Öll verð eru afsláttarverð
nema annað sé tekið fram
30% AFSLÁTTUR
AF SUMARVÖRUNUM FRÁ HABITAT
SADIE plastáhöld
Margar tegundir
Til í rauðu og glæru
Kanna 2.065 kr.
Kampavínsglas 665 kr
Vínglas 595 kr.
Skál 665 kr.
Glas 525/595 kr.
ZENO garðsett
Borð og fjórir stólar
Hægt að leggja saman.
Yfirbreiðsla fylgir.
Áður 125.000 kr.
Nú 87.500 kr.
TEVA sólbekkur
Litir: Hvítt, gult
og rautt
Áður 14.500 kr.
Nú 10.150 kr.
FOLIE
Ljósasería inni/úti
6.230 kr.
BISAL útiblómapottar
Stór 6.930 kr.
Miðstærð 5.530 kr.
Lítill 4.060 kr.
30%
AFSLÁTTUR AF
SUMARVÖRUM
FRÁ HABITAT
habitat
SÍÐAN 1964
TEKK COMPANY
TEKK COMPANY OG HABITAT | Kauptúni | Sími 564 4400 | Opið mánudaga til laugardaga kl. 11-18 og sunnudaga kl. 13 -18 | Vefverslun á www.tekk.is









**ÞRJÁR SYSTUR** Lárusdætur verða með tónleika í Hörpu í sumar þar sem þær bæði rappa og syngja klassísk lög.
MYND/BJARNEY S. LÚÐVÍKSDÓTTIR

# RAPPA EINS OG REYKJAVÍKURDÆTUR

**SAMRÝMDAR SYSTUR** *Þórunn, Dísella og Ingibjörg Lárusdætur flytja lög úr flestum tónlistarstefnum á tónleikum sínum á morgun. Systurnar eiga margt sameiginlegt en allar eru þær áhugakonur um matreiðslu og listir.*

Forfeður systranna Ingibjargar, Þórunnar og Dísellu Lárusdætra eru öflugir tónlistarmenn. Þær ætla að rekja ættir sínar til merkra skálda og tónskálda og flytja þekkt íslensk lög á tónleikum sem verða haldnir í fyrsta skipti á morgun í Hörpu.

„Okkur þykir svo gaman að að syngja saman og það er svolítið langt síðan við gerðum það síðast þannig að við ákváðum að setja upp sýningu,“ segir miðsystirin Þórunn. Systurnar syngja á íslensku en tala á ensku á tónleikunum. „Þeir sem hafa komið á tónleika með okkur vita að við erum mikið í því að fíflast og skemmta okkur í leiðinni. Hugmyndin, sem við erum búnar að ganga með í maganum lengi, er sem sagt sú að fara ekki bara yfir þessa týpísku sögu íslenskrar tónlistar heldur miða þetta út frá okkur persónulega. Til dæmis var tónlist af skornum skammti hér á landi allt þar til fyrsta orgelið var flutt inn á nítjándu öld af Pétri Guðjónssyni, sem var langalangalangafi okkar, og Þorvaldur Steingrímsson, móðurafi okkar, var einn af fyrstu atvinnutónlistarmönnunum á Íslandi. Svo var pabbi trompetleikari og mamma leikkona þannig að við fáum tónlistina eiginlega beint í æð,“ segir Þórunn og brosir.



**LISTAKONA OG ÁHUGAKOKKUR** Þórunn og systur hennar eiga listir og matargerð sem sameiginlegt áhugamál.
MYND/GVA

### EKKI BEINT RAPPTÝPURNAR

Dísella útsetur allar söngraddir á tónleikum systranna og Stefán Örn Gunnlaugsson spilar á flygil. Systurnar ætla að flytja alls konar lög og fara í gegnum flestar tónlistarstefnur. „Þetta eru mest mjög þekkt lög sem við tökum, til dæmis *Hver á sér fegra föðurland* sem móðurbróðir afa Þorvaldar, Emil Thoroddsen, skrifaði þannig að það tengist okkur líka fjölskylduböndum. Svo röppum við lag eftir afkomanda einnar okkar, hana Sigurlaugu Söru sem er í Reykjavíkurdætrum. Þannig að allur skalinn verður tekinn.“

Blaðamaður má til með að minnast á að þær systur séu nú kannski ekki alveg týpurnar sem flestir sjá fyrir sér að leggi rapp fyrir sig. Þórunn tekur undir það og segir skellihlæjandi að það verði að minnsta kosti sjúklega fyndið að sjá þær rappa. „Við erum búnar að hlæja mjög mikið á æfingum og ætlum að rappa eins og Reykjavíkurdætur en svo verður fólk bara að dæma sjálft hvernig til tekst.“

### KVEIKJA OFT UPP Í ELDAVÉLINNI Á MILLI ÆFINGA

Mörgum þykir systurnar líkar í útliti en Þórunn segir þær alls ekki vera líkar að öðru leyti. „Þeir sem þekkja okkur ekki segja að við séum alveg eins en þeir sem þekkja okkur vel segja að við séum mjög ólíkar og ég er sammála því,“ segir hún og hlær. Hún bætir við að þær eigi nokkur sameiginleg áhugamál en að tónlistin sé í algjöru fyrirrúmi. „Okkur finnst öllum gaman að fara í leikhús og sækja tónleika en svo erum við allar miklar áhugakonur um matargerð og allar tilraunagúrmetkokkar. Þegar við höfum góðan tíma til að æfa þá er kveikt upp í eldavélinni líka.“

Þær systur búa sem stendur allar á landinu en það verður ekki lengi því Dísella fer aftur út í haust. „Hún hefur undanfarin ár búið í Bandaríkjunum en er heima núna af því að hún er í fæðingarorlofi, eignaðist nýlega lítinn Jökul Orra. Í sumar er hún að æfa hlutverk Lulu og heldur svo á vit ævintýranna í Stóra eplinu og Metropolitan-óperunni í haust. Ingibjörg starfar vanalega á öðrum vettvangi, hún er í stjórnunarstöðu hjá Icelandair en tónlistin gefur henni skemmtilegt tækifæri til að gera eitthvað allt annað endrum og eins. Tónleikarnir okkar verða því bara fram í ágúst þegar við þurfum allar að snúa okkur að öðrum verkefnum,“ segir Þórunn.

## STARFSKRAFTUR ÓSKAST !

### Nettó Búðarkór Kópavogi

vantar duglega og hressa starfskrafta í almenn verslunarstörf.

**Vinnutími:** Virkir dagar, kvöld og helgar. Viðkomandi þarf að vera 18 ára eða eldri.

Vinsamlegast sendið inn umsókn með ferilskrá á umsókn@netto.is fyrir 21.júní.

Allar nánari upplýsingar veitir Berglind Markúsdóttir verslunarstjóri í síma 861 - 4903.

*Nettó Búðarkór opnar á næstu vikum og hlökkum við til að þjónusta viðskiptavini okkar á nýjum stað.*



nettó



## ÓSKUM EFTIR JÁRNIÐNAÐARMÖNNUM/VÉLVIRKJUM

LNS Saga ehf. er ungt og framsækið fyrirtæki á verktakamarkaði, sem býður upp á spennandi og metnaðarfullt starfsumhverfi.

**ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?**
Vegna vinnu við Hverahlíðarlögn á Hellisheiði óskum við eftir umsóknum frá reynslumiklum járniðnaðarmönnum og/eða vélvirkjum.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla í uppsetningu á gufu- og skiljuvatnslögnum á yfirborði í stærðum DN500-1000 er kostur.
- Góðir samskiptahæfileikar og hæfni til að tileinka sér nýja hluti.
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Enskukunnátta.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur H. Harðarson í gegnum tölvupóst: olafur.hardarson@lns.is Áhugasamir sendi umsókn í gegnum ráðningarkerfi fyrirtækisins á heimasíðu: **www.lns.is** (undir starfsumsókn).

**Umsóknarfrestur er til og með 22. júní 2015**
Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar. Meðhöndlun umsókna er trúnaðarmál og öllum umsækjendum verður svarað.

LNS Saga ehf. Hlíðasmári 4, 201 Kópavogur. Sími +354 511 7040, lnssaga@lns.is

LNS Saga

Reykjavíkurborg

# Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Skóla- og frístundasvið annast rekstur 64 leikskóla, 36 grunnskóla og 6 frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar og hefur umsjón með daggæslu í heimahúsum. Jafnframt heyrir rekstur Námsflokka Reykjavíkur, skólasafnamiðstöðvar, myndvers, eins tónlistarskóla og fjögurra skólahljómsveita undir sviðið.

Markmið sviðsins er að veita börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða þjónustu og stuðla að samfellu í öllu starfi sem hefur velferð barna að leiðarljósi. Þjónusta sviðsins nær til rúmlega 20.000 barna og fjölskyldna þeirra og á fimmta þúsund starfsmenn eru þar starfandi.

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Yfirstjórn og samhæfing í þjónustu skóla- og frístundasviðs.
- Ábyrgð á stjórnun og framkvæmd skóla- og frístundamála í umboði skóla- og frístundaráðs.
- Undirbúningur mála fyrir skóla og frístundaráð ásamt ábyrgð og eftirfylgni með ákvörðunum ráðsins.
- Stefnumótun í skóla- og frístundamálum í samvinnu við skóla- og frístundaráð og umsjón með innleiðingu umbótaþátta ráðsins.
- Forysta við þróun og innleiðingu nýrra hugmynda og úrræða í skóla og frístundamálum ásamt mati á árangri og eftirliti.
- Ábyrgð á starfs- og fjárhagsáætlun ásamt annarri áætlanagerð.
- Ábyrgð á rekstri og stjórnsýslu sviðsins, þ.m.t. fjármálum og starfsmannamálum.
- Samstarf við opinbera aðila í skóla- og frístundamálum innan lands og utan.
- Sviðsstjóri tilheyrir yfirstjórn borgarinnar.

Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur á hæfni til þess að gegna starfinu ásamt framtíðarsýn varðandi mikilvægustu umbætur í skólamálum í borginni. Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Ísaksdóttir, starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar í síma 411-4216 eða með tölvupósti ragnhildur.isaksdottir@reykjavik.is

## Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á framhaldsstigi sem nýtist í starfi.
- Leiðtogahæfileikar og farsæl stjórnunarreynsla ásamt reynslu af því að leiða breytingar.
- Þekking og reynsla af rekstri og opinberri stjórnsýslu.
- Víðtæk þekking og reynsla af málefnum leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs.
- Þekking og reynsla af stefnumótunarvinnu.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Framsýni, metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku, ensku og kunnátta í norrænu máli er kostur.

*Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs heyrir beint undir borgarstjóra og um störf hans gilda reglur um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg ásamt verklagsreglum kjaranefndar. Ráðið er í starf sviðsstjóra til 5 ára.*

## Umsóknarfrestur er til 24. júní

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á www.reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í.

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Sérfræðingur í upplýsingatækni | Fjármála- og efnahagsráðuneytið | Reykjavík | 201506/631 |
| Sérfræðingur í upplýsingatækni | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201506/630 |
| Mannauðs- og gæðastjóri | Vinnueftirlitið | Reykjavík | 201506/629 |
| Starfsmaður í eldhúsi | Utanríkisráðuneytið | Reykjavík | 201506/628 |
| Framhaldsskólakennarar | Fjölbrautaskóli Snæfellinga | Grundarfjörður | 201506/627 |
| Framhaldsskólakennari | Fjölbrautaskóli Suðurlands | Selfoss | 201506/626 |
| Verkefnastjóri | Þjóðminjasafn Íslands | Reykjavík | 201506/625 |
| Sviðsstjóri mats- og hagsviðs | Þjóðskrá Íslands | Reykjavík | 201506/624 |
| Embætti dómara | Innanríkisráðuneytið | Reykjavík | 201506/623 |
| Sérfræðingur í ytra mati | Námsmatsstofnun | Reykjavík | 201506/622 |
| Ráðgjafar og teymisstjórar | Námsmatsstofnun | Reykjavík | 201506/621 |
| Framhaldsskólakennari | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201506/620 |
| Framhaldsskólakennari | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201506/619 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, móttökugeðdeild 32A | Reykjavík | 201506/618 |
| Deildarstjóri eldhúss og matsala | Landspítali, skrifstofa rekstrarsviðs | Reykjavík | 201506/617 |
| Yfirlæknir | Landspítali, rannsóknarsvið | Reykjavík | 201506/616 |
| Framhaldsskólakennarar | Menntaskólinn á Ísafirði | Ísafjörður | 201506/615 |
| Verk- eða tæknifræðingur | Vegagerðin | Reyðarfjörður | 201506/614 |
| Skrifstofumaður | Framh.skólinn í A.-Skaftafellssýslu | Höfn | 201506/613 |
| Bókavörður við Íslandssafn | Landsbókasafn Ísl. - Háskólabókasafn | Reykjavík | 201506/612 |
| Starfsmaður við aðhlynningu | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Húsavík | 201506/611 |
| Sjúkraliði | Landspítali, skurðstofur | Reykjavík | 201506/610 |
| Lögfræðingur | Héraðsdómur Suðurlands | Selfoss | 201506/609 |
| Atvinnuráðgjafi | Vinnumálastofnun | Skagaströnd | 201506/608 |
| Sérfræðilæknir í heimilislækn. | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Hveragerði | 201506/607 |

MOSFELLSBÆR Lágafellsskóli

## Lágafellsskóli í Mosfellsbæ
## Laus störf næsta skólaár

*Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi þar sem einkunnarorðin SAMVERA, SAMVINNA OG SAMKENND eru höfð að leiðarljósi*

**Umsjónarkennarastaða** á unglingastigi, kennslugreinar stærðfræði og náttúrufræði.
**Tónmenntakennsla**
**Umsjónarkennsla** á yngsta stigi.
**Stuðningsfulltrúar og skólaliðar óskast til starfa.**

Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga.
Upplýsingar veita Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 525-9200/896-8230 eða Ásta Steina Jónsdóttir deildarstjóri í síma 525-9200/692-0233.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist rafrænt á netfangið **johannam@lagafellskoli.is**

**Frístundaleiðbeinendur óskast til starfa við Frístundasel Lágafellsskóla.**

Upplýsingar veitir Ágústa Andrésdóttir, forstöðukona í síma 525-9200 eða 896-2682. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið **agusta@lagafellsskoli.is**

Frekari upplýsingar um störfin er að finna á heimasíðu Mosfellsbæjar **www.mos.is**

**Umsóknarfrestur um öll störfin er til 26.júní 2015.**
Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

# Mannauðsstjóri

GARÐABÆR

Garðabær óskar eftir að ráða mannauðsstjóra til starfa. Mannauðsstjóri fer með faglega forystu, leiðir stefnumótun, hefur eftirlit með og veitir ráðgjöf í mannauðsmálum bæjarfélagsins. Mannauðsstjóri heyrir undir bæjarritara og er þátttakandi í stjórnunarteymi bæjarstjóra. Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingi sem hefur áhuga á að starfa við stjórnun, þróun og eftirfylgni mannauðsstefnu Garðabæjar.

**Starfssvið:**

- Faglег forysta og stefnumótun á sviði mannauðsmála fyrir Garðabæ
- Ábyrgð á framkvæmd og þróun mannauðsstefnu
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur í mannauðsmálum
- Ábyrgð á starfsþróunar-, fræðslu- og þjálfunarmálum
- Ráðningar og ráðningarferli
- Mat á hæfni og frammistöðu starfsmanna
- Þátttaka við gerð launaáætlana við undirbúning fjárhagsáætlunar
- Ábyrgð á launavinnslu, túlkun kjarasamninga og samskipti við stéttarfélög
- Umsjón með gerð starfslýsinga og launasetningu starfa

**Menntunar - og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála er æskileg
- Reynsla og þekking á mannauðsmálum
- Reynsla af stjórnun og stefnumótunarvinnu
- Leiðtogahæfileikar og geta til að hvetja aðra til árangurs
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð skipulagshæfni, sjálfstæði og drifkraftur
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku
- Þekking og reynsla af kjaramálum
- Reynsla og þekking á starfsmannamálum hins opinbera er kostur
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Sambands. ísl. sveitarfélaga f.h. Garðabæjar og viðkomandi stéttarfélags. Með vísan í jafnréttisstefnu Garðabæjar eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um starfið.

Hjá Garðabæ starfa 900 manns í 700 stöðugildum. Í mannauðsstefnu Garðabæjar er fjallað um mikilvægi samvinnu stjórnenda og starfsmanna til að bæta þjónustu og verkferla með það að markmiði að ná fram hagræðingu í rekstri og auka ánægju viðskiptamanna. Í Garðabæ er lögð áhersla á samráð við íbúa, stöðugleika og faglega stjórnsýslu. Kannanir sýna að íbúar í Garðabæ bera traust til stjórnsýslunnar og eru ánægðir með þá þjónustu sem sveitarfélagið veitir.

**Umsóknarfrestur er til og með 29. júní nk.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent

VINNUEFTIRLITIÐ

# Mannauðs- og gæðastjóri

Vinnueftirlitið óskar eftir að ráða mannauðs- og gæðastjóra. Starfið heyrir undir forstjóra og er tvíþætt:

**Umsjón með mannauðsmálum:**
- Mótun og framkvæmd starfsmannastefnu
- Aðstoð við nýráðningar og móttöku og þjálfun nýrra starfsmanna
- Skipulag og framkvæmd starfsþróunar
- Yfirumsjón með launabókhaldi o.fl.

**Umsjón með gæðamálum:**
- Mótun og framkvæmd gæðastefnu
- Stuðningur við rekstur og þróun gæðakerfa
- Þróun upplýsingakerfa, þjónustumælingar o.fl.

**Menntunar - og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun í mannauðsfræðum og reynsla á sviði mannauðsstjórnunar
- Menntun og reynsla sem nýtist við gæðastjórnun
- Mikil færni í mannlegum samskiptum
- Skipulags- og greiningarhæfni, frumkvæði og sveigjanleiki
- Hæfni til að miðla upplýsingum og fræðslu
- Góð íslenskukunnátta, bæði talað mál og ritað
- Kunnátta í a.m.k. einu Norðurlandamáli og/eða ensku

Um er að ræða krefjandi starf, með starfstöð í Reykjavík en samskipti við starfsmenn stofnunarinnar um allt land. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í september nk. Laun eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.

Vinnueftirlitið er miðstöð vinnuverndarstarfs í landinu og byggir starf sitt á samþættingu eftirlits, fræðslu og rannsókna. Vinnueftirlitið starfar samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu www.vinnueftirlit.is.
Gildi stofnunarinnar eru **frumkvæði** - **fagmennska** - **forvarnir**.

**Umsóknarfrestur er til og með 29. júní nk.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Katrín Ólöf Egilsdóttir (katrin.egilsdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent



# Sérfræðingur í upplýsingatæknimálum

Meginhlutverk fjármála- og efnahagsráðuneytis er meðal annars að bæta stjórnunarhætti ríkisins og áætlanagerð, ásamt því að vera virkur aðili á sviði umbóta og hagræðingar í rekstri ríkisins. Ráðuneytið hefur frumkvæði, fagmennsku og árangur að leiðarljósi í starfsemi sinni.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið auglýsir starf sérfræðings á sviði upplýsingatækni. Markmið starfsins er að stuðla að auknum árangri í ríkisrekstri og að auka hagkvæmni og nýtingu upplýsingakerfa. Sérfræðingurinn starfar á skrifstofu stjórnunar og umbóta og verður hluti af umbótateymi ráðuneytisins.

**Helstu verkefni:**
Sérfræðingnum er ætlað að kanna kosti og gera tillögur um notkun upplýsingatækni til hagræðingar, samhæfingar, samvinnu, bættrar þjónustu og annarra almennra umbóta í ríkisrekstri. Jafnframt að efla hæfni ríkisins sem kaupanda upplýsingatækniþjónustu og tryggja að fjármunum sem varið er til upplýsingatækni nýtist á sem hagkvæmastan hátt.

Starfið krefst lausnamiðaðrar og skapandi hugsunar í umhverfi sem gerir ríka kröfu um aga og skipulag. Auk faglegrar þekkingar þarf viðkomandi að hafa framúrskarandi samskiptahæfni og getu til að ávinna sér traust samstarfsaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi, til dæmis tölvunarfræði, verkfræði eða tæknifræði
- Framhaldsmenntun á sviði verkefnisstjórnunar eða reynsla þar af er kostur
- Reynsla af stjórnun upplýsingatæknimála
- Þekking og reynsla af högun, uppbyggingu og innleiðingu upplýsingakerfa
- Stjórnunarreynsla er kostur en ekki skilyrði
- Gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun
- Geta til að setja fram upplýsingar með skipulegum og skýrum hætti í ræðu sem riti
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg og vald á einu Norðurlandamáli er kostur
- Góð samskiptahæfni, skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum auk hæfileika til að taka virkan þátt í teymisvinnu

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum.

**Umsóknarfrestur er til og með 29. júní nk.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent

# Öflugir forritarar - spennandi tækifæri

- Java hugbúnaðarþróun - Spring/Hibernate
- .NET hugbúnaðarþróun

Við leitum að hugbúnaðarsérfræðingum sem eru í hópi þeirra bestu.

Sjá nánari upplýsingar á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

# ÁSPRENT Á AKUREYRI
## ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA STARFSMANN Í BÓKBANDSDEILD

Um framtíðarstarf er að ræða. Starfið felst í vinnu við umsjón og keyrslu á brot- og röðunarvélum ásamt almennum störfum í deildinni. Starfið hentar aðila með grunnmenntun á sviði véla og tækja eða laghentum aðila með góðan skilning á vélbúnaði.

**Hæfniskröfur:**

- Þekking á vélbúnaði
- Þekking á pappír og bókbandi kostur
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Geta til að vinna undir álagi
- Hæfni til að vinna í hópi
- Stundvísi og reglusemi

**Nánari upplýsingar um starfið veitir G. Ómar Pétursson framkvæmdastjóri Ásprents Stíls.**

Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á **omar@asprent.is fyrir 20. júní nk.**

**Ásprent er hluti af Ásprenti Stíl ehf. sem er stærsta prentfyrirtæki utan höfuðborgarsvæðisins. Það starfrækir öfluga prentsmiðju, auglýsingastofu, útgáfu, stafræna prentþjónustu og skiltagerð.**

**Hjá fyrirtækinu starfa þrjátíu og fimm öflugir og drífandi starfsmenn með mikinn faglegan metnað og vilja til að veita framúrskarandi þjónustu.**

ÁSPRENT

Ásprent Stíll ehf. | Glerárgötu 28 | 600 Akureyri | Sími 4 600 700 | www.asprent.is

ÁS STYRKTARFÉLAG

# Vinna og virkni Spennandi og fjölbreytt starf

Ás styrktarfélag óskar eftir þroskaþjálfa, félagsliða og stuðningsfulltrúa í 100% störf í Stjörnugróf 7-9. Vinnutíminn er frá 8.30-16.30. Stöðurnar eru lausar frá 4.ágúst eða eftir nánara samkomulagi.

Um er að ræða vinnu- og virkni fyrir fullorðið fólk með fötlun. Starfsmaður tekur þátt í fjölbreyttum og spennandi verkefnum í samvinnu við góðan starfsmannahóp í sveigjanlegu og skemmtilegu vinnuumhverfi.

Upplýsingar veitir Sigurbjörg Sverrisdóttir í síma 414-0560. Umsókn sendist á **essy@styrktarfelag.is**. Einnig má sækja um í gegnum heimasíðu félagsins **www.styrktarfélag.is**

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum Áss styrktarfélags við SFR og ÞÍ.




**Langar þig til að vinna í framsæknum leikskóla?**

**Kópavogsbær** rekur 19 leikskóla með um 2.200 börnum og um 550 starfsmönnum. Unnið er eftir metnaðarfullri leikskólastefnu og aldurstengdum námskrám barna.

Störf leikskóla Kópavogs einkennast af **faglegum metnaði**. Unnið hefur verið að stefnumótun um umhverfismál, jafnrétti, fjölmenningu, forvarnir, stefnu gegn einelti og upplýsingatækni.

Leikskólarnir taka þátt í fjölbreyttum **þróunarverkefnum**, meðal annars í samstarfi við RannUng og vináttuverkefni Barnaheilla.

*Framundan er sameiginleg vinna leik- og grunnskólanna við stefnumótun í læsi og fjölmenningu. Fjölbreytt sí- og endurmenntun er í boði fyrir starfsmenn leikskólanna.*

*Kópavogsbær fékk hvatningarverðlaunin **Orðsporið 2015** fyrir að hafa skarað fram úr öðrum sveitarfélögum við að hækka menntunarstig starfsmanna leikskóla og stuðla að fjölgun leikskólakennara.*

*Síðastliðið skólaár stunduðu **25 starfsmenn** nám í leikskólakennarafræðum með stuðningi námsstyrkja leikskóla Kópavogs.*

Við hvetjum þig til að kynna þér **laus störf** í leikskólum Kópavogs og fjölbreyttar stefnur og starfsaðferðir leikskólanna.
**Nánari upplýsingar á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**.

Kópavogsbær

kopavogur.is

# Grunnskólakennari

Viltu starfa í uppbyggilegu og metnaðarfullu umhverfi? Við Grunnskólann í Sandgerði vantar áhugasama grunnskólakennara sem vilja taka þátt í uppbyggilegu og metnaðarfullu starfi. Alls eru 230 nemendur í 1. - 10. bekk í skólanum. Sjá nánar á heimasíðu skólans www.sandgerdisskoli.is.

Skólinn óskar eftir grunnskólakennurum í eftirfarandi störf:

**Umsjón á yngsta stigi**
Umsjónakennarar á yngsta- og miðstigi kenna flest allar námsgreinar í sínum umsjónarhópi.

**Upplýsingatækni og forritun**
**Stærðfræði á unglingastigi**
**Dönsku**
**Samfélagsfræði/þjóðfélagsfræði á mið- og elstastigi**
**Sérkennara**

Mikilvægt er að viðkomandi hafi reynslu af kennslu og starfi með börnum. Auk þess er mikilvægt að einstaklingurinn búi yfir góðri samskiptahæfni, sé stundvís, ábyrgur og tilbúinn til samstarfs og vinnu að þróunarverkefnum innan skólans. Kostur er að umsjónakennarar yngsta stigs þekki til PALS lestrarkennsluaðferðarinnar og séu tilbúnir að vinna eftir því kerfi.

Leiðarljós skólans eru vöxtur, virðing, vilji og vinátta og endurspeglast þau í daglegu starfi skólans. Skólinn starfar eftir hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar og er Heilsueflandi skóli.

Viðkomandi grunnskólakennari þarf að vera tilbúinn að setja sig inn í starfshætti skólans og geta hafið störf frá og með 1. ágúst 2015.

**Umsóknarfrestur er til og með 17. júní 2015.**

Nánari upplýsingar veita:
Fanney Dóróthe Halldórsdóttir, skólastjóri
fanney@sandgerdisskoli.is og Elín Yngvadóttir, aðstoðarskólastjóri eliny@sandgerdisskoli.is
Sími skólans er 420 7550

# Hugsaðu framtíð þína upp á nýtt!

marel.is/framtid

Viðmótsforritun fyrir tækjahugbúnað
Rennismiðir
Market Intelligence Manager
Tæknihöfundur
Rafhönnuður
Forritari
Vélahönnuður
**Market Intelligence Officer**
Rafvirkjar
Málmiðnaðarmenn
Hugbúnaðarsérfræðingur

marel

Vinnumálastofnun

# Atvinnuráðgjafi á Norðurlandi vestra

VINNUMÁLA STOFNUN

**Vinnumálastofnun** óskar eftir að ráða atvinnuráðgjafa fyrir þjónustuskrifstofu sína á Norðurlandi vestra sem staðsett er á Skagaströnd. Atvinnuráðgjafi veitir ráðgjöf, aðstoðar einstaklinga í atvinnuleit og atvinnurekendur í leit að starfsfólki. Atvinnuráðgjafi annast ýmis samskipti við hagsmunaaðila á svæðinu. Helsta markmið starfsins er að vinna gegn atvinnuleysi á Norðurlandi vestra.

Viðkomandi starfsmaður þarf að vera tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni og búa yfir ríkri samskipta- og skipulagshæfni. Honum ber að tileinka sér gildi **Vinnumálastofnunnar** sem eru: **Fyrirmyndarþjónusta; Virðing; Áreiðanleiki.** Næsti yfirmaður er forstöðumaður Vinnumálastofnunar á Norðurlandi vestra.

## Helstu verkefni:

- Vinnumiðlun og almenn ráðgjöf
- Móttaka umsókna og gagna
- Skráningar og upplýsingamiðlun
- Kynningar, starfsleitarfundir og námskeið
- Koma á og viðhalda tengslum við fyrirtæki
- Koma á og viðhalda tengslum við ólíka samstarfs og hagsmunaaðila

## Menntunar- og hæfnikröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af ráðgjöf og vinnumiðlun
- Samskipta- og skipulagshæfni
- Þekking af atvinnulífi svæðisins er æskileg

**Umsóknarfrestur er til og með 30. júní 2015.** Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

**Sækja skal um starfið á Starfatorgi:** www.starfatorg.is/serfraedistorf/nr/19606.

Umsókn um starfið skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

**Nánari upplýsingar veitir:**
Jensína Lýðsdóttir, forstöðumaður **Vinnumálastofnunar** á Norðurlandi vestra í síma 515 4800 eða með fyrirspurn netfangið jensina.lydsdottir@vmst.is

Fyrirmyndarþjónusta | Virðing | Áreiðanleiki

**Vinnumálastofnun** Kringlunni 1, 103 Reykjavík Sími 515 4800 **www.vmst.is**

# Bílstjórar óskast

Samskip óska eftir dugmiklum bílstjórum til starfa sem fyrst. Um er að ræða akstur og dreifingu vöru innan höfuðborgarsvæðisins

**Starfsmenn Samskipa þurfa að hafa metnað til að takast á við krefjandi verkefni og ná framúrskarandi árangri.**

**Hæfniskröfur bílstjóra:**

- Meirapróf er æskilegt en ekki nauðsynlegt
- Gerð er krafa um sterka öryggisvitund, góða ástundun og samviskusemi
- Starfsmenn verða að búa yfir lipurð í þjónustu og samskiptum
- Íslenskukunnátta er skilyrði
- Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreina sakaskrá

Áhugasamir, konur jafnt sem karlar, eru hvattir til að sækja um sem fyrst, umsóknarfrestur er til og með **21. júní 2015**

Eingöngu er tekið á móti umsóknum í gegnum vefsíðu okkar **www.samskip.is**

SAMSKIP
Saman náum við árangri



# *Hefur þú brennandi áhuga á tísku?*

## *Lindex Kringlunni*
óskar eftir að ráða þjónustustjóra sem hefur mikinn áhuga á að skapa tískuupplifun á heimsmælikvarða í skemmtilegu og líflegu vinnuumhverfi. Viðkomandi þarf að hafa áhuga á tísku og vera til þjónustu reiðubúinn.

## *Lindex Akureyri*
óskar eftir starfsfólki, sem er brosmilt, hefur mikla þjónustulund og brennandi áhuga á tísku, í fullt starf deildarstjóra og í hlutastörf.

## *Lindex*
rekur um 500 verslanir í 16 löndum en Lindex á Íslandi er fjölskyldufyrirtæki stofnað 2011 og rekur verslanir í Kringlunni, Smáralind og Glerártorgi Akureyri.

---

Umsóknir með ferilskrá berist á ***atvinna@ldx.is*** merktar Lindex Akureyri eða Lindex Kringlunni
Umsóknarfrestur er til og með 15. júní nk. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst, síðasta lagi 1. ágúst

LINDEX

ÍAV

# TRÉSMIÐIR

*ÍAV er eitt stærsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins sem byggir á áratuga reynslu í mannvirkjagerð.*

*Verkefni ÍAV eru á öllum sviðum byggingariðnaðar hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, opinberar byggingar eða aðra mannvirkjagerð sem og jarðgangagerð og jarðvinnuframkvæmdir bæði hérlendis og erlendis.*

*Við leggjum mikla áherslu á að ráða til okkar kraftmikla og framsækna einstaklinga, með góða hæfni í mannlegum samskiptum. Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og erum stolt af starfsandanum og þeim metnaði sem hjá okkur ríkir.*

*ÍAV er eina verktakafyrirtækið á Íslandi sem hefur bæði ISO 9001 gæðavottun og OSHAS 18001 öryggisvottun.*



ÍAV hf.| Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | sími 530 4200 | iav.is

ÍAV óskar eftir að ráða trésmiði til starfa í þjónustudeild fyrirtækisins.

Þjónustudeildin sinnir ýmiskonar viðhalds- og þjónustuverkefnum á höfuðborgarsvæðinu. Við leitum að metnaðarfullum trésmiðum með ríka þjónustulund gagnvart viðskiptavinum.

Starfið fellst meðal annars í viðhaldsverkefnum, breytingarvinnu, útkallsþjónustu og nýsmíði.

Menntun og hæfniskröfur eru eftirfarandi:

- Sveinsbréf í iðngreininni
- Vinnuvélaréttindi er kostur
- Almenn snyrtimennska
- Þekking, reynsla og sjálfstæði í starfi
- Fjölþætt reynsla af viðhaldsvinnu er kostur
- Reglusemi og stundvísi

Nánari upplýsingar veitir Magni Helgason mannauðsstjóri í síma 530 4200.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasvæði okkar www.iav.is - laus störf, umsóknarfrestur er til 1.júlí.

***Við breytum vilja í verk***

bsi. ISO 9001 Quality Management FM 512106 | OHSAS 18001 Occupational Health and Safety Management OHS 606809

# Sérfræðingur á fjármálasviði

Borgun óskar eftir að ráða reyndan og öflugan sérfræðing á fjármálasvið Borgunar. Borgun er leiðandi fjármálafyrirtæki í þróun og hagnýtingu lausna á sviði rafrænnar greiðslumiðlunar. Við leggjum áherslu á lipra og persónulega þjónustu og vinnum eftir gildunum **vilji, virði og vissa.**

## Helstu verkefni:

- Þróun og uppbygging viðskiptagreindarlausna (Business Intelligence) hjá Borgun í samvinnu við Upplýsingatæknisvið
- Gerð nýrra skýrslna ásamt uppfærslu á skýrslum sem eru í notkun
- Skýrsluskil til innri og ytri aðila
- Ýmsar greiningar og aðstoð við önnur svið félagsins
- Önnur tilfallandi verkefni innan fjármálasviðs

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af viðskiptagreind (Business Intelligence)
- Góð Microsoft Excel kunnátta
- Þekking á SQL og Business Objects er kostur
- Reynsla úr fjármálageiranum er kostur
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Sjálfstæði í starfi og hæfni til að vinna undir álagi

**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á www.borgun.is. Umsóknarfrestur er til og með 22. júní 2015.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Rakel Ýr Guðmundsdóttir mannauðsstjóri í síma 560 1561.

BORGUN

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is

# Kraftvélar óska eftir þjónustustjóra



## Starfssvið

- Yfirumsjón með rekstri varahlutaverslunar og verkstæðis
- Útbúa starfsferla fyrir starfsemi deildanna
- Samskipti við birgja og viðskiptavini
- Samningagerð
- Ýmsar greiningar sem fylgja rekstrinum
- Starfsmannahald

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í verkfræði, verkefnastjórnun, viðskiptafræði eða tengdum greinum
- Reynsla í sambærilegum rekstri er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni, þjónustulund, leiðtogahæfni og frumkvæði

**Umsóknir skulu sendar fyrir 21. júní á netfangið dora@kraftvelar.is**
**Öllum umsóknum verður svarað.**
**Hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um.**

KRAFTVÉLAR

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

---

HRAÐLESTIN
INDIAN STREET FOOD

## Laus störf hjá Hraðlestinni

Veitinga- og take away staðurinn Hraðlestin óskar eftir góðu starfsfólki í fulla vinnu sem og hlutastörf. Óskað er eftir starfsfólki í afgreiðslu eða til að starfa í eldhúsi, dag- og kvöldvaktir.

Hraðlestin er staðsett á Hverfisgötu, Lækjargötu, Kringlunni og í Hlíðarsmára. Áhugasamir eru beðnir um að senda óskir um starf ásamt ferilskrá á starf@hradlestin.is

www.hradlestin.is - S. 578-3838
facebook.com/hradlestin

---

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

## Leiðbeinandi / kennari óskast

Slysavarnaskóli sjómanna leitar eftir leiðbeinanda / kennara til starfa við skólann. Slysavarnaskólinn er í eigu Slysavarnafélagsins Landsbjargar og er staðsettur um borð í skólaskipinu Sæbjörgu. Tilgangur starfsins er vinna að markmiðum Slysavarnaskóla sjómanna sem eru að efla öryggisfræðslu sjómanna með öflugum skóla, sem uppfyllir íslenskar og alþjóðlegar kröfur um þjálfun sjómanna ásamt því að auka þjónustu við sjómenn og aðra aðila með fræðslu um slysavarnir við sjó og vötn.

**Starfið felur í sér m.a.:**

- kennslu á námskeiðum skólans í Reykjavík og á landsbyggðinni,
- þróun og undirbúning námskeiða, æfinga og nám sefnis um öryggismál sjómanna.
- viðhald námstækja og námsgagna skólans.
- viðhald skips og búnaðar skólaskipsins Sæbjargar.

Leitað er eftir heilsuhraustum einstaklingi með víðtæka reynslu til sjós, góða tölvuþekkingu auk þekkingu og reynslu í öryggismálum sjómanna. Æskilegt er að viðkomandi hafi kennsluréttindi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 1. september n.k.

Unnið er samkvæmt gæðastjórnunarkerfi ISO 9001:2000.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil ásamt mynd berist Slysavarnafélaginu Landsbjörgu, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík, merkt
“**Kennari/leiðbeinandi Slysavarnaskóla**”,
fyrir 20. júní n.k.

---

# ERT ÞÚ GAGNAGÚRÚ?

▶ Við leitum að öflugum sérfræðingi í viðskiptagreind (Business Intelligence) í þróunarteymið okkar.

Upplýsingatæknisvið Fjármálaeftirlitsins sér um þróun eftirlitshugbúnaðar og rekstur tölvukerfa, ásamt því að þjónusta starfsfólk og eftirlitsskylda aðila við notkun kerfanna. Einnig hefur sviðið eftirlit með upplýsingatæknikerfum eftirlitsskyldra aðila og sinnir rannsóknarhlutverki. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á greiningu og hagnýtingu gagna og að útfæra lausnir sem auka skilvirkni og yfirsýn.

## Starfssvið

- Þróun og hönnun á vöruhúsi gagna og gagnamódeli Fjármálaeftirlitsins
- Skilgreining á gagnamódelum, gæðareglum og skemum
- Innleiðing á gagnaskilum með XML og XBRL stöðlum
- Stuðningur við þróun á gagnaskilakerfi Fjármálaeftirlitsins
- Stuðningur við úrvinnslu og framsetningu gagna
- Önnur tilfallandi og tengd verkefni

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðeigandi háskólapróf í verkfræði, tölvunarfræði eða önnur sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af gagnagrunnum
- Þekking og reynsla af uppbyggingu og þróun á vöruhúsi gagna
- Þekking og reynsla af XML æskileg
- Þekking og reynsla á aðferðarfræði við mat á gæðum gagna
- Jákvæðni, nákvæmni og skipulögð vinnubrögð
- Áhugi á að vinna í Agile vinnukerfi með góðu teymi sem sífellt leitar leiða til að bæta sig

Umsjón með starfinu hafa Bjarni Þór Gíslason upplýsingatæknistjóri (bjarnithor@fme.is) og Árni Ragnar Stefánsson mannauðsstjóri (arni@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is, eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 29. júní. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu er rökstudd.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

---

Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar
Borgartún 34, 105 Reykjavík, S: 511 1515

## GUÐMUNDUR JÓNASSON EHF

Óskar eftir að ráða

# Bókhaldsfulltrúa

Vegna aukinna umsvifa og fjölmargra spennandi verkefna leitar fjármálasvið ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar að bókhaldsfulltrúa.

Starf bókhaldsfulltrúa felst aðallega í móttöku og flokkun á reikningum, færslu bókhalds og afstemmingum. Mikilvægt er að viðkomandi sé nákvæmur.

**Menntun, reynsla og hæfni**

- Menntun á sviði bókhalds og/eða viðskipta
- Reynsla af bókhaldsstörfum og bókhaldsforritum
- Jákvæðni og góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og nákvæmni

**Helstu verkefni**

- Bókun reikninga og afstemmingar
- Uppgjör dagsölu og posa
- Almenn bókhaldsstörf
- Önnur bókhaldsvinna og skýrslugerð

Um fullt starf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti byrjað sem fyrst. Vinnutími er frá 8-16 eða 9-17.

Umsóknum skal skilað rafrænt á netfangið stefan@gjtravel.is fyrir 18. júní.

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Staða aðstoðarskólastjóra Fellaskóla

Fellaskóli er heildstæður grunnskóli í Reykjavík þar sem rúmlega helmingur nemenda býr við annað tungumál á heimili en íslensku. Nemendur skólans eru alls um 320.

Í skólanum er leitast við að sníða skólastarfið í samræmi við eðli og þarfir nemenda. Í Fellaskóla er litið svo á að menningarlegur fjölbreytileiki auðgi skólastarfið og lögð er áhersla á að virðing sé borin fyrir uppruna og menningu einstaklinga. Við skólann er starfrækt sérdeild fyrir einhverf börn.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Að vera í forystu um mótun og framkvæmd faglegrar stefnu skólans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Reykjavíkurborgar
- Að hafa faglegt utanumhald um skólanámskrárvinnu og skólaþróunarverkefni
- Að vinna að starfsþróun
- Að bera ábyrgð á og stjórna daglegri starfsemi skólans í samstarfi við skólastjóra
- Að vinna að öflugu samstarfi innan skólasamfélagsins

**Menntunar og hæfniskröfur**
- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari og kennslureynsla í grunnskóla
- Reynsla af faglegri forystu í skólaþróunarverkefnum
- Stjórnunarreynsla í grunnskóla æskileg
- Metnaður í starfi og áhugi á skólaþróun
- Lipurð og færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsókn skal fylgja yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari auk annarra gagna er málið varðar. Einnig er óskað eftir að með umsókninni fylgi stutt greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarf. Staðan er laus frá og með 1. ágúst 2015.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

**Umsóknarfrestur er til 23. júní 2015.**

Nánari upplýsingar um starfið gefur Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri í síma 4117530 eða með því að senda fyrirspurn á kristin.johannesdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

www.skra.is
www.island.is

# Sviðsstjóri mats- og hagsviðs

Þjóðskrá Íslands óskar eftir að ráða öflugan og reyndan einstakling í starf sviðsstjóra mats- og hagsviðs á starfsstöð stofnunarinnar í Reykjavík.

Sviðsstjóri mats- og hagsviðs fer með yfirstjórn og þróun matskerfa og matsaðferðafræða fyrir fasteignamat og brunabótamat. Á mats- og hagsviði starfa sjö manns.

Sviðsstjóri mats- og hagsviðs stýrir starfsemi starfseiningarinnar með faglegt öryggi og rekstrarlega hagkvæmni að leiðarljósi í samræmi við hlutverk stofnunarinnar, markmið og starfsáætlanir. Hann stýrir starfsmönnum sviðsins, mótar vinnu starfseiningarinnar með því að setja hverju viðfangsefni markmið og eftir atvikum mælikvarða, starfsáætlun og að unnið sé samkvæmt gæðakerfi og staðli um öryggisstjórnun upplýsingakerfa.

**Helstu verkefni:**
- Árlegt endurmat fasteignamats og brunabótamats
- Ákvörðun matsaðferða
- Þróun og rekstur matskerfa
- Forsögn um matsframkvæmd
- Útgáfa hagrænna upplýsinga
- Yfirumsjón verkefna
- Samvinna við önnur svið stofnunarinnar
- Samskipti við önnur opinber stjórnvöld, hagsmunaaðila og viðskiptavini

**Hæfniskröfur:**
- Framhaldsmenntun á sviði verkfræði, stærðfræði eða annars háskólanáms sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun
- Marktæk reynsla af verkefnastjórnun stórra verkefna
- Greiningarhæfni og geta til að setja fram forskrift að tölvukerfum
- Reynsla af því að vinna í stórum og flóknum tölvukerfum
- Þekking og reynsla af gagnagrunnum og SQL
- Reynsla af því að vinna í öryggisstjórnun upplýsingakerfa æskileg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt sem og í hóp
- Forystuhæfileikar, metnaður og skipulagshæfileikar
- Góð kunnátta í íslensku og ensku er skilyrði og æskilegt er að kunna eitt Norðurlandamál

Um er að ræða fullt starf og þarf umsækjandi að geta hafið störf sem fyrst.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Athygli er vakin á því, að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurbjörg J. Narby Helgadóttir mannauðsstjóri hjá Þjóðskrá Íslands á netfanginu sjh@skra.is.**

Umsóknarfrestur er til og með **29. júní 2015**.

Umsóknum skulu fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknir óskast sendar á netfangið starfsumsoknir@skra.is.

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND

Hjá Þjóðskrá Íslands starfa yfir 100 starfsmenn. Verkefni stofnunarinnar eru mjög fjölbreytt og heldur stofnunin m.a. fasteignaskrá og þjóðskrá, gefur út fasteignamat og brunabótamat, rekur vefinn island.is og sér um útgáfu vegabréfa. Þjóðskrá Íslands leggur metnað sinn í að sinna verkefnum sínum af fagmennsku og áreiðanleika. Stofnunin hefur það að leiðarljósi að starfsmönnum líði vel í starfi og leggur áherslu á að vinnustaðurinn sé fjölskylduvænn. Gildi stofnunarinnar eru *virðing*, *sköpunargleði* og *áreiðanleiki*.

ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON

Ölgerðin er eitt stærsta fyrirtæki landsins á sínu sviði. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga. Starfsemi Ölgerðarinnar er vottuð skv. ISO 9001 og unnið er að úttekt samkvæmt ISO 22000.

# Verksmiðjustjóri

Ölgerðin óskar eftir að ráða verksmiðjustjóra til starfa.

### Ábyrgðarsvið
- Verksmiðjustjóri ber ábyrgð á starfsemi framleiðsludeilda Ölgerðarinnar
- Er ábyrgur fyrir að framleiðsluáætlanir náist í samvinnu við framkvæmdastjóra og áætlanastjóra

### Starfssvið
- Styður við markmið Ölgerðarinnar að vera fyrsti valkostur viðskiptavina og neytenda
- Stjórnunar- og rekstrarleg ábyrgð þeirra deilda sem honum tilheyra í samvinnu við framkvæmdastjóra
- Tekur þátt í vinnu vegna ISO 9001 og ISO 22000
- Hefur frumkvæði að umbótum í rekstri sinna deilda og tekur þátt í öðrum umbótaverkefnum
- Leitar alltaf hagkvæmustu leiða í rekstri með heildarhagsmuni Ölgerðarinnar að leiðarljósi

### Sambönd og samskipti
- Samskipti við stjórnendur og starfsmenn Ölgerðarinnar
- Samskipti við erlenda vélabirgja, núverandi og væntanlega, eftirlitsaðila og aðra sem koma að starfsemi sviðsins

### Menntun og hæfni
- Verkfræði-, tæknifræðimenntun og/eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi ásamt starfsreynslu sem nýtist í starfinu
- Hæfni í mannlegum samskipum
- Lausnamiðuð hugsun

### Upplýsingar veita:

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 22. júní nk.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

SVERIGES AMBASSAD

Reykjavik

## AMBASSADEN SÖKER EN HANDLÄGGARE

Ambassaden söker en ny medarbetare som förväntas ansvara för ekonomiadministration, bistå i hanteringen av handels- och kulturfrämjandet, med extern information, förfrågningar, mediabevakning och med översättningar.

För mer information besök ambassadens hemsida:

**http://www.swedenabroad.com/sv-SE/Ambassader/Reykjavik/Aktuellt/Nyheter/**

Märk att ansökningstiden har förlängts till den 26 juni 2015.

Grímsnes- og Grafningshreppur

## Kerhólsskóli, leikskóladeild

- **Leikskólakennara óskast í 100% störf og fáist ekki leikskólakennarar verður ráðið annað háskólamenntað fólk eða leiðbeinendur.**
- **Þroskaþjálfi óskast í 100% starf.**
- **Tónmenntakennari óskast í ca. 25% stöðu við báðar deildir.**

Kerhólsskóli er sameinaður leik- og grunnskóli með tæplega 70 nemendur á aldrinum 1. árs upp í 10. bekk. Skólinn er Grænfánaskóli og leggur áherslur á einstaklingsmiðað nám, umhverfismennt- og náttúrufræði, útikennslu, list- og verkgreinar. Kerhólsskóli flutti í nýtt húsnæði haustið 2014.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til skólastjóra,
sigmar@kerholsskoli.is, jonabjorg@kerholsskoli.is
ekki síðar en **sunnudaginn 28. júní nk**

Nánari upplýsingar gefur Sigmar Ólafsson skólastjóri og Jóna Björg Jónsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í síma 480-5520, 863-0463, 898-3077.

Umsækjandi þarf að sýna fram á hreint sakavottorð

**Heimasíða skólans: http:/www.kerholsskoli.is**

Fjölbrautaskóli Vesturlands

## Framhaldsskólakennari á rafiðngreinabraut við FVA

Fjölbrautaskóli Vesturlands óskar eftir að ráða kennara á rafiðngreinabraut frá 1. ágúst 2015. Laun eru samkvæmt stofnanasamningi FVA og kjarasamningi KÍ og fjármálaráðherra. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð.

**Umsóknum skal skilað fyrir 22. júní 2015** til Ágústu Elínar Ingþórsdóttur skólameistara **agusta@fva.is** sem jafnframt gefur upplýsingar um starfið í síma 4332504.

Áskilinn er réttur til að nýta auglýsinguna í 6 mánuði frá ráðningu

Skólameistari.

BAKO ÍSBERG

Höfðabakki 9. 110 Reykjavík. S. 595-6200
www.bakoisberg.is

Við óskum eftir að ráða rafvirkja í sérhæfða viðgerðar-og uppsetningarvinnu. Um er að ræða krefjandi starf hjá traustu fyrirtæki.

**Helstu verkefni**
- Viðgerðir og þjónusta á tækjum frá Bako Ísberg
- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Uppsetningar á tækjum frá Bako Ísberg
- Viðgerðir á kælitækjum

**Hæfniskröfur**
- Reynsla í viðgerðum á tækjum
- Rafvirki, vélvirki eða eitthvað sambærilegt
- Hæfni til að vinna sjálfstætt
- Skipulögð vinnubrögð
- Rík þjónustulund og samskiptahæfni
- Góð almenn tölvukunnátta

**Hvað veitum við**
- Góða sérhæfða þjálfun fyrir starfið
- Símenntun
- Tækifæri til sérmenntunar
- Góð laun fyrir rétta aðila

**Hvernig sækir þú um?**
Sendu umsókn þína til Bako Ísberg, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík.
Þú getur sent umsókn þína á netfangið throstur@bakoisberg.is
eða hringt í Þröst Líndal í síma 825-6260.
Við förum með umsókn þína sem trúnaðarmál.



# Tígrisdýr óskast!

**Við leitum að duglegu starfsfólki í Kringluna og Smáralind.**

Starfsfólk Tiger þarf að hafa ríka þjónustulund, gott auga fyrir útstillingum, góða samskipta- og skipulagshæfileika, vera hresst og snyrtilegt til fara.

Um 100% störf og hlutastörf er að ræða. Reynsla af afgreiðslu og stjórnun er æskileg. Viðkomandi þarf að geta byrjað sem fyrst.

Áhugasamir senda inn umsókn og ferilskrá fyrir **18. júní** n.k. á netfangið **atvinna@tiger.is**.

TIGER
Villidýr á verði
tiger.is · facebook.com/tigericeland

Félags - og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

## SKÓLAÞJÓNUSTA RANGÁRVALLA- OG VESTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU, HVOLSVELLI, AUGLÝSIR LAUST STARF LEIKSKÓLARÁÐGJAFA

**Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu óskar eftir að ráða leikskólaráðgjafa í 50% starf frá 1. ágúst. nk.**

**Starfssvið:**
Almenn kennsluráðgjöf við starfsfólk leikskólanna fimm á starfssvæði skólaþjónustunnar, auk sérkennsluráðgjafar og eftirfylgdar vegna fatlaðra barna og annarra barna með sérþarfir. Ráðgjöf til foreldra leikskólabarna og fræðsla til starfsfólk og foreldra. Leikskólaráðgjafi vinnur í nánu samstarfi við aðra starfsmenn sérfræðiþjónustunnar kennsluráðgjafa grunnskóla, sálfræðing og talmeinafræðing.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
Krafist er menntunar í leikskólakennarafræðum (helst mastersprófs) og framhaldsnám í sérkennslufræðum er æskilegt. Sjálfstæði, sveigjanleiki, skapandi og lausnamiðuð vinnubrögð og góð hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði. Reynsla af sambærilegu starfi og/eða framhaldsmenntun sem nýtist í starfi er æskileg. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags og launanefndar sveitarfélaga.

**Umsóknarfrestur er til 1. júlí nk.**

Umsóknir ásamt náms- og starfsferilsskrá berist á netfangið skolamal@skolamal.is, eða í pósti á Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, b.t. Eddu G. Antonsdóttur forstöðumanns, Ormsvelli 1, 860 Hvolsvelli. Nánari upplýsingar veitir Edda í netfanginu edda@skolamal.is.

# Tónlistarskóli Skagafjarðar auglýsir laus störf

Tónlistarskóli Skagafjarðar óskar eftir að ráða í þrjár stöður tónlistarkennara fyrir næsta skólaár.



**Tvo fiðlukennara** Frá og með 1. ágúst 2015. Annan í 100% stöðu og hinn í 50% forfallakennslu vegna fæðingarorlofs, sem getur kennt á selló og kontrabassa.

**Píanókennara** í 70% stöðu frá og með 1. ágúst 2015 til að kenna á Hofsósi, Hólum og Sólgarðaskóla í Fljótum. Æskilegt er að viðkomandi búi á Hofsósi.

**Menntunar- og hæfniskröfur** Æskilegt er að viðkomandi hafi fiðlu-/píanókennaramenntun eða sambærilega menntun ásamt reynslu af kennslu. Viðkomandi þarf að vera fær í mannlegum samskiptum og hafa ánægju af að vinna með börnum auk þess að vera metnaðarfullur og áhugasamur.





Störfin henta jafnt konum sem körlum. Laun og önnur starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við FT eða FÍH.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. júlí 2015**



Umsóknum sem greina frá menntun og fyrri störfum skal skila í gegnum heimasíðu sveitarfélagsins **www.skagafjordur.is** (störf í boði) eða í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins.

**Nánari upplýsingar** um störfin gefur Sveinn Sigurbjörnsson í síma: 453 5790 / 849 4092 eða með því að senda fyrirspurn á **tons@skagafjordur.is**

www.skagafjordur.is

Skagafjörður
– *lífsins gæði og gleði*

nýprent ehf / 062015

tempra
eps einangrun



## Tempra ehf, Íshellu 8, Hafnarfirði auglýsir eftir starfsmönnum í framtíðarstöður hjá fyrirtækinu

- Starfsmann í viðhaldsdeild. Aðstoðarmaður viðhaldsstjóra. Starfið felst í almennu viðhaldi á framleiðsluvélum verksmiðjunnar. Vinnu við steypumót framleiðsluvélanna. Kunnátta á rafsuðu (mig/tig) og almennri járnsmíðavinnu æskileg. Vegna sjálfvirknivæðingar verksmiðjunnar er rafmagns og tölvukunnátta nauðsynleg.
- Starfsmann í framleiðsludeild. Um er að ræða vaktavinnu á þrískiptum vöktum. Starfið felst aðallega í vinnu við framleiðsluvélar fyrirtækisins, gæðaeftirlit, pökkun og skráning á framleiðsluvörum í tölvukerfi.

**Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á póstfangið:**
**tempra@promens.com**
**merkt í Efni/subject: Atvinna**

Tempra ehf er stærsti framleiðandi frauðplastkassa fyrir fersk matvæli og frauðplast einangrun fyrir hús á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa um 20 manns. Reyklaus vinnustaður.

2014 Framúrskarandi fyrirtæki

---

## Vélstjóri á ferjuna Baldur.

**Sæferðir óska eftir að ráða vélstjóra á ferjuna Baldur.**

Lágmarksréttindi 3000 kw STCW III/3

Upplýsingar veitir yfirvélstjóri
S: 895 7797
**josef@simnet.is**

---

## SMIÐIR ÓSKAST

Nýstofnað Trésmíðaverkstæði á höfuðborgarsvæðinu óskar að ráða smiði.
Þurfa að geta unnið sjálfstætt og vera vanir innréttinga og húsgagnasmíði.
Ferilskrá/upplýsingar sendist á: box@frett.is merkt **Trésmíðaverkstæði.**

---

HEILSUGÆSLAN



## Svæðisstjórar heilsugæslustöðva

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laus til umsóknar störf svæðisstjóra heilsugæslustöðvanna í Glæsibæ, Grafarvogi og Mjódd. Svæðisstjórar munu jafnframt gegna samhliða starfi fagstjóra hjúkrunar eða fagstjóra lækninga samkvæmt nýju skipulagi.

Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, stefnumótandi hugsun og samskiptahæfileika.

**Umsóknarfrestur er til og með 13. júlí 2015.**

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni þar sem ólíkum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á.

Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kallar á nýja nálgun í starfsemi heilsugæslustöðva.

Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er hafin breyting á skipulagi og rekstri heilsugæslustöðva sem miðar að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og að bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari verður teymisvinna grunnstef í starfsemi stöðva, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum.

Í breyttu skipulagi mun starfsfólk fá aukið sjálfstæði til að móta starfsemina og til að útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

### *Helstu viðfangsefni og ábyrgð:*

- Ber ábyrgð á rekstri heilsugæslustöðvar gagnvart framkvæmdastjórn
- Skipuleggur heilsugæsluþjónustu í umdæmi stöðvar
- Þróar nýjungar og vinnur að breytingum í starfsemi
- Mótar, innleiðir og endurskoðar verkferla
- Byggir upp og styður við teymisvinnu og þverfaglegt samstarf
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu
- Stuðlar að gæðaþróun og árangursmati í starfi stöðvar
- Tekur þátt í gerð áætlana varðandi rekstur, þjónustu og áherslur í starfsemi stöðvar
- Er faglegur yfirmaður á sínu sviði og sinnir klínísku starfi eins og aðstæður leyfa

### *Menntunar- og hæfnikröfur:*

- Hjúkrunarfræðingur eða sérfræðingur í heimilislækningum
- Reynsla af starfi í heilsugæslu
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði stjórnunar
- Reynsla af þróunarstarfi og breytingastjórnun æskileg
- Nám í stjórnun æskilegt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt

### *Aðrir eiginleikar:*

- Vilji til að veita framúrskarandi þjónustu og efla heilbrigði íbúa svæðisins
- Áhugi og hæfni til að leiða þverfaglegt starf heilsugæslunnar
- Áhugi og hæfni til að nýta aðferðafræði straumlínustjórnunar
- Vilji til að skapa gott starfsumhverfi

### *Nánari upplýsingar:*

- Starfshlutfall er 100% og verður ráðið í starfið til 5 ára frá og með 1. október nk. eða eftir nánara samkomulagi
- Upplýsingar veitir Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri í síma 585-1300
- Allar umsóknir lækna verða sendar til stöðunefndar hjá Landlæknisembættinu
- Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum
- Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningar í störf
- Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar.

Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík. Sækja skal um á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**

PORT hönnun

---

NÁMSMATSSTOFNUN

## Sérfræðingur í ytra mati með áherslu á leikskólastig

óskast til starfa hjá Námsmatsstofnun. Starfið felst m.a. í undirbúningi og framkvæmd ytra mats á leikskólum og þátttöku í stefnumótum um mat á vegum stofnunarinnar.

**Menntunar- og hæfnikröfur**
- Háskólamenntun á sviði gæðamats eða í tengdri grein
- Reynsla og þekking á mati á skólastarfi. Þekking og reynsla af leikskólastarfi æskileg
- Þekking og reynsla í verkefnastjórnun, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Öryggi og reynsla í meðferð, greiningu og úrvinnslu gagna og góð tölvukunnátta
- Góðir samskiptahæfileikar og leiðtogahæfni
- Færni í miðlun upplýsinga í mæltu og rituðu máli.

**Umsóknafrestur er til og með 29. júní 2015.**

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf um miðjan ágúst. Um er að ræða hlutastarf.

Umsókn um starfið fylgi skrá yfir menntun og starfsferil, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið ásamt upplýsingum um umsagnaraðila. Umsókn sendist á skjalasafn@nams.is merkt: sérfræðingur í mati - leikskólar. Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar um starfið veita Þóra Björk Jónsdóttir thora@namsmat.is
Launa- og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna.

Alþingi hefur nú til meðferðar frumvarp um Menntamálastofnun sem mun taka við verkefnum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Námsmatsstofnun og Námsgagnastofnun. Gert er ráð fyrir að Menntamálastofnun taki formlega til starfa á árinu 2015 og að viðkomandi verði þá boðið starf við nýju stofnunina.

## Starfsmaður óskast

BJÖRGUN

**Björgun ehf leitar eftir vélvirkja /vélstjóra á verkstæði fyrirtækisins.**

*Björgun ehf er leiðandi framleiðandi steinefna til hverskonar mannvirkjagerðar á Íslandi. Félagið aflar hráefnis úr námum á hafsbotni með uppdælingu efnisins sem síðan er flutt til frekari vinnslu á athafnasvæði félagsins við Ártúnshöfða í Reykjavík. Björgun hefur um árabil stundað verktöku af ýmsu tagi, svo sem hafnardýpkun, uppdælingu á efni til landfyllinga fyrir ýmsa aðila og uppdælingu á efni til frekari framleiðslu á vegum annarra.*

**Við leitum að einstaklingi sem**

- er jákvæður og drífandi
- hefur hæfni til að vinna sjálfstætt og hefur víðtæka reynslu í viðgerðum á vélum og skipum
- hefur frumkvæði og öguð vinnubrögð

Umsókn um starfið ásamt starfsferilsskrá óskast sent á **bjorgun@bjorgun.is fyrir 24 júní**

---

MUFFINTOPKILLER

Barnið Okkar

## Sölustjóri

Fyrirtæki sem rekur bæði barnavöru- og kvenfataverslun í Hlíðasmára 4 í Kópavogi óskar eftir að ráða til sín framsækin og öflugan starfsmann í sölu og þjónustu.

Í starfinu felst almenn þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina. Viðkomandi þarf að hafa leiðtogahæfni til að leiða áfram þá starfsmenn sem fyrir eru, efla núverandi viðskiptasambönd og afla nýrra.Um 100% starf er að ræða.

Góð laun í boði fyrir réttan einstakling.

**Viðkomandi þyrfti að hefja störf 1. ágúst.**
**Vinsamlegast sækið um starfið á www.vinna.is/sala**

Nr.starfs:15353

---

HÓTEL ÍSLAND
REYKJAVIK ICELAND

**Hótel Ísland óskar eftir**

## Vaktstjóri í veitingadeild

Vaktstjóri í sal og öðrum svæðum. Þarf að vera jákvæður og hvetjandi orkubolti með reynslu úr veitingabransanum.

**Æskilegheit:**
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Reynsla af vaktstjórn í veitingasal eða hóteli
- Talar bæði íslensku og ensku

Fjölbreytt og skemmtileg vinna á glænýjum stað á Hótel Íslandi

**Umsóknir sendist á egill@hotelisland.is.**
**Umsóknarfrestur er til 19. júní.**
**Upplýsingar í síma 777-1424**

---




## Landslags- / skipulagshönnuður óskast

Verkís óskar eftir Landslags- og/eða skipulagshönnuði á Samgöngu- og umhverfissvið. Starfið felst í Landslags- og skipulagshönnun á Íslandi og í Noregi.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Landslagsarkitekt, skipulagsverkfræðingur eða skipulagsfræðingur með sérþekkingu í hönnun landslags og/eða skipulags
- Amk. 3 ára reynsla í hönnun eftir nám
- Starfsreynsla í Noregi er kostur
- Góð kunnátta í AutoCAD og/eða ArcGIS eða sambærilegum landfræðilegum upplýsingakerfum
- Jákvæðni, frumkvæði og góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli

Leitað er eftir jákvæðum einstaklingum sem hafa hæfni í mannlegum samskiptum og sýna sjálfstæði, metnað og frumkvæði í starfi. Nánari upplýsingar veitir Elín Greta Stefánsdóttir, mannauðsstjóri, egs@verkis.is

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafarfyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði.

Hjá Verkís starfa yfir 300 manns að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum á Íslandi og erlendis.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um fyrir 28. júní n.k. með því að senda póst á umsoknir@verkis.is.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

VERKÍS VERKFRÆÐISTOFA

Ofanleiti 2 - 103 Reykjavík - 422 8000

---

Lagardère TRAVEL RETAIL

## Ilmurinn er góður og metnaðurinn mikill

**Lagardére rekur sex veitingastaði og eina sælkerabúð í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Starfsmenn eru rúmlega 130 en vegna mikilla anna sjáum við fram á að fjölga þeim í 150.**

Í boði eru góð störf í eldhúsi, auk þjónustu- og afgreiðslustarfa. Kokkar, aðstoðarkokkar, aðstoð í eldhús, framreiðsla, afgreiðslustörf og uppvask. Boðið er upp á þjálfun í hverju starfi fyrir sig.

Við leitum að fólki á fastar vaktir, í aukastörf og útköll. Í föstum stöðum er unnið á vöktum, vinnutíminn er sveigjanlegur en yfirleitt frá kl. 05:00–17:00. Sé starfið hugsað sem aukastarf er vinnutíminn 05:00–08:00 eða 22:00–02:00, þá daga sem hentar best.

Við leitum að fólki með viðeigandi menntun og starfsreynslu. Starfsmenn þurfa að vera áhugasamir og tilbúnir að veita afburða þjónustu.
Áhugasamir sendi inn umsókn á **www.ltr.is** og **www.rada.is**
Í umsókninni skal tekið fram hvaða vinnutími og starfshlutfall hentar.
Öllum umsóknum verður svarað.

*Lagardère Travel Retail ehf. sér um rekstur veitingastaða og sælkeraverslunar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Markmið fyrirtækisins er að bjóða framúrskarandi þjónustu í lifandi og alþjóðlegu starfsumhverfi. Keflavíkurflugvöllur hefur þrisvar sinnum verið valinn besti flugvöllur í Evrópu.*

---

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Embætti dómara við héraðsdóm Reykjavíkur laust til umsóknar

Innanríkisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti dómara með fast sæti við héraðsdóm Reykjavíkur. Miðað er við að skipað verði í embættið frá og með 2. september 2015 eða hið fyrsta eftir að nefnd um hæfni dómara hefur lokið starfi sínu. Laun eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 620/2010 er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um: 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af dómstörfum, 3) reynslu af lögmannsstörfum, 4) reynslu af stjórnsýslustörfum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 8) upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni, 9) upplýsingar um andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum og 10) upplýsingar um tvo fyrrverandi/núverandi samstarfsmenn/yfirmenn sem geta veitt dómnefnd bæði munnlegar og skriflegar upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda, sbr. 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 620/2010 og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geti ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skiptir fyrir störf héraðsdómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) afrit af prófskírteinum, 2) afrit dóma í munnlega fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 3) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 4) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 5) útgefin fræðirit og ljósrit af tímaritsgreinum umsækjanda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 6) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem héraðsdómari.

Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum er áskilið að umsækjendur gefi upp netfang sem notað verður til að eiga samskipti við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Umsóknir skulu berast innanríkisráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík og í pósthólfið postur@irr.is, eigi síðar en 30. júní næstkomandi.

***Innanríkisráðuneytinu,***
***10. júní 2015.***

# Vöruþróunar- og tæknistjóri (CPO)

Við erum ný og **byltingarkennd greiðsluleið.** Við stuðlum að breyttum hugsunarhætti í viðskiptum. Við gerum þér kleift að kaupa hvað sem er, hvenær sem er, og á eins einfaldan máta og mögulegt er. Vilt þú vera **partur af teyminu?**

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Viðkomandi mun leiða hönnun og vinna að þróun á stafrænum vörum.
- Hafa umsjón með áætlanagerð og stefnumótun með þarfir fyrirtækisins að leiðarljósi.
- Vinna að stefnumótun fyrirtækisins með aðstoð greiningargagna (td. Analytics).
- Vinna með sölu- og markaðsdeild að fjárhagsáætlun og tekjumódeli.
- Skilgreina og þróa vinnuferla til að hámarka skilvirkni í síbreytilegu vinnuumhverfi.
- Vera leiðandi í hugmyndasköpun og undirbúningi á viðskiptahugmyndum.

## Hæfniskröfur

- Viðkomandi þarf að búa yfir færni í mannlegum samskiptum.
- Hafa næmt auga fyrir smáatriðum.
- Reynsla af forritun og kerfisþróun æskileg.
- Búa yfir góðum og sterkum grunni við vinnu greiningargagna (td. Analytics).
- Hafa þekkingu og reynslu af því að koma á laggirnar nýrri og farsælli vöru eða þjónustu.
- Viðkomandi þarf að vera drífandi, agaður og búa yfir miklum skipulagshæfileikum, góðri dómgreind og heilindum.
- Hafa reynslu af hönnun notendaviðmóta (e.UX).

Langar þig að ganga til liðs við okkur? Hefur þú það sem til þarf? Hafðu þá samband.

Sendu ferilskrána þína á: **job@netgiro.is**

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri Netgíró, Helga María, í síma 4 300 330 og með tölvupósti helga@netgiro.is.

**Sími 4 300 330** **www.netgiro.is**

**Netgíró**
**Betri leið til að borga**

Eldhús og matsalir

LANDSPÍTALI

# DEILDARSTJÓRI

*Við leitum eftir kraftmiklum stjórnanda til starfa tímabundið, frá 1. september 2015 til 31. maí 2018. Deildarstjóri ber ábyrgð á rekstri eldhúss og matsala sem framreiða 4.500 máltíðir á dag fyrir sjúklinga og starfsfólk Landspítala. Í eldhúsi og matsölum starfa um 105 manns. Markmið deildarinnar er að veita góða þjónustu, tryggja gæði framleiðslunnar og að fagleg framþróun sé ávallt í fyrirrúmi. Eldhús og matsalir fengu umhverfisvottunina Svaninn 2014.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Að stuðla að auknum gæðum og faglegum framförum
- Að auka skilvirkni í innri ferlum
- Að tryggja sem bestan árangur í málefnum starfsmanna
- Að rekstur eldhúsanna sé sem hagkvæmastur og innan fjárheimilda

**Hæfnikröfur**

- Faglegur metnaður og framúrskarandi samskiptahæfni skilyrði
- Sjálfstæði, frumkvæði og lausnamiðuð nálgun
- Hæfni og geta til að starfa í teymi
- Háskólamenntun á sviði matvæla- eða næringarfræða eða önnur sambærileg menntun æskileg
- Menntun á sviði rekstrar stóreldhúsa eða góð starfsreynsla æskileg
- Menntun og/eða reynsla af stjórnun æskileg

**Umsóknarfrestur er til og með 29. júní 2015.**

Starfshlutfall er 100% og laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Sótt er um starfið á landspitali.is undir „Laus störf". Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá.

Nánari upplýsingar veita Ingólfur Þórisson framkvæmdastjóri (ingolfth@landspitali.is, 543 1510) og Viktor Ellertsson mannauðsráðgjafi (viktore@landspitali.is, 543 1517).

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, skilvirka verkferla, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

---

SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS UM ÁFENGIS- OG VÍMUEFNAVANDANN

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR ÓSKAST

Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa við sjúkrahúsið Vog. Vaktavinna- starfshlutfall samkomulagsatriði.

**Upplýsingar veitir**
**Þóra Björnsdóttir hjúkrunarforstjóri Vogs.**
**Netfang:thora@saa.is**
**Sími 8247615**

---

NÁMSMATSSTOFNUN

## Ráðgjafar og teymisstjóri vegna læsisverkefnis óskast til starfa.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur falið Námsmatsstofnun að vinna að innleiðingu aðgerða til eflingar læsis. Verkefnið er hluti af aðgerðum í framhaldi af Hvítbók um umbætur í menntamálum.

### Ráðgjafar

Hlutverk ráðgjafa er að veita ráðgjöf og stuðning til skóla og sveitarfélaga og stuðla þannig að því að markmið um læsi náist. Ráðgjafarnir munu styðja kennara, foreldra skólastjórnendur og sveitastjórnir um allt land og miðla leiðum til að efla læsi nemenda í leik- og grunnskólum.

Ráðgjafarnir mynda teymi sem hefur höfuðaðsetur í Námsmatsstofnun en starfar með kennurum og stjórnendum um allt land. Áður en starfið hefst munu ráðgjafarnir hljóta leiðsögn sérfræðinga til undirbúnings.

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Leikskóla- eða grunnskólakennaramenntun, framhaldsnám æskilegt
- Þekking og reynsla af innleiðingu árangursríkra kennsluhátta, ráðgjöf og stuðningi við skólastarf
- Hæfni í sjálfstæðum og skipulögðum vinnubrögðum
- Þekking og reynsla í verkefnastjórnun æskileg
- Öryggi og reynsla í meðferð, greiningu og úrvinnslu gagna og að innleiða gagnreyndar aðferðir við umbætur í skólastarfi
- Góðir samskiptahæfileikar og leiðtogahæfni
- Færni í miðlun upplýsinga í mæltu og rituðu máli

### Teymisstjóri

Teymisstjóri stýrir starfi ráðgjafa stuðlar að góðum liðsanda. Hann skipuleggur umfang og framkvæmd verkefna, stuðlar að því að verkefnum sé lokið á tilsettum tíma, skilað innan skilgreinds kostnaðarramma og í samræmi við verklýsingu.

**Menntunar- og hæfnikröfur**
Uppfylli menntunar- og hæfnikröfur ráðgjafa en auk þess er krafist farsællar stjórnunarreynslu og framhaldsmenntunar í leik- eða grunnskólafræðum.

**Umsóknafrestur er til og með 29. júní 2015.**

Stefnt er að því að ráða allt að 10 ráðgjafa og að þeir hefji störf eigi síðar en 1. október 2015. Gert er ráð fyrir að verkefnið standi í 5 ár.
Nánari upplýsingar veitir Gylfi Jón Gylfason í síma 514-7500, netfang gylfi.j.gylfason@namsmat.is

Umsókn um starfið fylgi skrá yfir menntun og starfsferil, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið ásamt upplýsingum um umsagnaraðila. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því umsóknarfrestur rennur út.

Umsókn sendist á skjalasafn@nams.is merkt: kennsluráðgjafi eða teymisstjóri. Öllum umsóknum verður svarað. Launa- og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna.

---

Alþingi hefur nú til meðferðar frumvarp um Menntamálastofnun sem mun taka við verkefnum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Námsmatsstofnum og Námsgagnastofnun. Gert er ráð fyrir að Menntamálastofnun taki formlega til starfa á árinu 2015 og að viðkomandi verði þá boðið starf við nýju stofnunina.

---

# EFLA leitar að liðsauka á Suðurlandi

EFLA verkfræðistofa leitar að áhugasömu fagfólki fyrir starfsstöð fyrirtækisins á Selfossi.

Á EFLU Suðurlandi starfa nú 11 starfsmenn á tveimur megin starfssviðum, annars vegar þéttbýlistækni og hinsvegar byggingasviði. Saman mynda starfsmenn sviðanna öflugt og samhent teymi, sem vinnur náið með öðrum sviðum EFLU.

**VERK-, TÆKNI- EÐA BYGGINGARFRÆÐINGUR Á BYGGINGARSVIÐI.**

Hæfniskröfur:

- Að minnsta kosti B.Sc. gráða í verkfræði, tæknifræði eða byggingarfræði.
- Góð reynsla af mannvirkjahönnun.
- Kunnátta í norsku eða einhverju öðru norðurlandamáli æskileg.
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.

**IÐNFRÆÐINGUR EÐA TÆKNITEIKNARI.**

Hæfniskröfur:

- Reynsla í tækniteiknun á byggingasviði og/eða við kortagerð.
- Kunnátta í tölvuteiknun skilyrði (Autocad).
- Kunnátta í 3D tölvuteiknun æskileg (Revit).
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.

**Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal berast í gegnum heimasíðu EFLU, www.efla.is/umsokn-um-starf, fyrir 23. júní næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.**

Frekari upplýsingar veitir Páll Bjarnason svæðisstjóri, pall.bjarnason@efla.is.

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem veitir vandaða þjónustu á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. Við lítum á öll verkefni sem tækifæri til þess að stuðla að framförum og efla samfélagið.

EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 280 samhentra starfsmanna.

EFLA
VERKFRÆÐISTOFA

HÖFÐABAKKI 9 • 110 REYKJAVÍK • 412 6000 • www.efla.is • ÍSLAND • DUBAI • FRAKKLAND • NOREGUR • SVÍÞJÓÐ • PÓLLAND • TYRKLAND

## Alda Hótel Reykjavík óskar eftir að ráða starfmann í fullt starf í gestamóttöku.

Mikill metnaður er lagður í að gera hótelið að skemmtilegum og fjölbreyttum vinnustað. Við viljum vinna með jákvæðu, skemmtilegu og metnaðarfullu starfsfólki. Stefna hótelsins er að veita starfsmönnum sínum þægilegt og gott vinnuumhverfi sem gefur starfsmönnum kost á að vinna að faglegri þróun, svo þeir verði sem best fallnir til þess að sinna sínum störfum af kostgæfni.

**Starfssvið:**
- Ábyrgð á móttökusvæði Alda Hótel Reykjavík
- Móttaka gesta
- Bókanir í gegnum síma, t-póst og bókunarkerfi
- Samskipti við viðskiptavini
- Skipulag og þjónusta við hótelgesti

**Hæfniskröfur:**
- Haldbær menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af þjónustustörfum
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Framúrskarandi tungumálakunnátta skilyrði, enska og norðurlandamál.
- Framúrskarandi þjónustulund
- Hreint sakarvottorð
- Sveigjanleiki, hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi, glaðværð og jákvæðni eru skilyrði

**Umsóknir sendist á st@aldahotel.is**

ALDA HOTEL REYKJAVIK





# Menntasvið Kópavogsbæjar
## auglýsir eftir deildarstjóra leikskóladeildar

PIPAR\TBWA • SÍA • 152954

**Kópavogsbær rekur 19 leikskóla með um 2.200 börnum og um 550 starfsmönnum.**

**Störf leikskóla Kópavogs** einkennast af faglegum metnaði, framsækinni stefnumörkun og þátttöku í fjölbreyttum þróunarverkefnum. Markvisst er unnið að sameiginlegri stefnumótun leikskóla og grunnskóla í þeim tilgangi að styrkja samfellu milli skólastiga.

Kópavogsbær fékk hvatningarverðlaunin **Orðsporið 2015** fyrir að skara fram úr öðrum sveitarfélögum við að hækka menntunarstig starfsmanna leikskóla og stuðla að fjölgun leikskólakennara.

**Deildarstjóri leikskóladeildar** er næsti yfirmaður leikskólastjóra og faglegur leiðtogi. Hann er ábyrgur fyrir faglegum gæðum og metnaði leikskóla í Kópavogi, þróun og nýbreytni í starfi þeirra. Deildarstjóri er leiðandi í stefnumörkun, ber ábyrgð á eftirfylgni fjárhagsáætlunar leikskóla og hefur leiðandi áhrif á starfsanda og menningu í leikskólum Kópavogs.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leikskólakennaramenntun skilyrði
- Framhaldsmenntun á sviði leikskólakennarafræða, stjórnunar í menntastofnunum eða önnur sambærileg framhaldsmenntun skilyrði
- Reynsla af stjórnun í leikskólum skilyrði
- Fagleg forysta, sýn og vilji til nýbreytni og þróunar í leikskólastarfi

Allar nánari upplýsingar má finna á vef Kópavogsbæjar, **www.kopavogur.is**.

Umsóknarfrestur er til og með **29. júní 2015**.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef **Kópavogsbæjar**.

Kópavogsbær

kopavogur.is



www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

**Hafnarfjarðarbær er þriðja stærsta sveitarfélag landsins og þar starfa um 2000 manns. Áhersla er lögð á að hjá bænum starfi fólk sem getur veitt bestu þjónustu sem völ er á af þekkingu, ábyrgð og metnaði.**

**Viltu bætast í hópinn – sendu okkur umsókn.**

**Grunnskólar**
- Almenn kennsla á miðstigi og yngsta stigi í Hraunvallaskóla
- Sérkennsla í Hraunvallaskóla
- Textílkennari í Hraunvallaskóla
- Kennari í íþróttum í Hraunvallaskóla
- Kennari í dönsku í Áslandsskóla
- Skólaliðar í Setbergsskóla
- Heimilisfræðikennari í Setbergsskóla
- Umsjónarkennari í miðdeild í Setbergsskóla
- Umsjónarkennari í yngstu deild/miðdeild í Hvaleyrarskóla

**Leikskólar**
- Sérkennslustjóri í leikskólanum Tjarnarási
- Aðstoð í eldhúsi í leikskólanum Tjarnarási
- Leikskólakennari í leikskólanum Hvammi
- Leikskólakennari í leikskólanum Hörðuvöllum
- Yfirmaður eldhúss í leikskólanum Hörðuvöllum
- Listgreinakennari í leikskólanum Arnarbergi
- Aðstoðarleikskólastjóri í Hraunvallaskóla
- Sérkennari í Hraunvallaskóla
- Þroskaþjálfi í Hraunvallaskóla
- Leikskólakennari í Hraunvallaskóla
- Sérgreinastjóri í leikskólanum Arnarbergi

**Annað**
- Tómstundaleiðbeinendur og stuðningsfulltrúar á frístundaheimilum
- Félagsráðgjafi í Fjölskylduþjónustunni
- Starf á skammtímavistun fyrir fatlað fólk

**Sótt er um störfin á www.hafnarfjordur.is**



# STÝRÐU MEÐ STÆL!

## AÐSTOÐARVEITINGASTJÓRI ÓSKAST

Við viljum ráða duglegan og drífandi aðstoðarveitingastjóra á stað okkar við Nýbýlaveg. Um er að ræða 72% kvöld- og helgarvinnu fyrir konu eða karl.

Ef þú ert 24 ára eða eldri og vilt vinna hjá traustu fyrirtæki með skemmtilegu fólki þá gætum við verið að leita að þér.

**umsokn.foodco.is**
**atvinna@americanstyle.is**




American Style



# Sumarstörf 2015

## Óskum eftir að ráða í eftirtalin störf:

### Farangursþjónusta

80% starfshlutfall. Unnið er ýmist frá 08-17 eða 18-02 eftir vaktakerfinu 2-2-3.
Í starfinu felst skýrslugerð og ýmis þjónusta við farþega í komusal flugstöðvarinnar.
Stúdentspróf eða sambærileg menntun æskileg, tölvukunnátta og góð tungumálakunnátta skilyrði. Lágmarksaldur 20 ár.

### Hlaðdeild og fraktmiðstöð

100% starfshlutfall. Unnið á 12 tíma vöktum eftir vaktakerfinu 2-2-3.
Ökuréttindi og enskukunnátta skilyrði, vinnuvélaréttindi æskileg. Lágmarksaldur 19 ár.

**Mikilvægt er að umsækjendur búi yfir færni í mannlegum samskiptum, hafi ríka þjónustulund og séu stundvísir.**

**Sótt er um störfin rafrænt á www.airportassociates.com.**
**Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.**
**Umsóknarfrestur er til 15. júní 2015.**

Airport Associates
-at your service!

Starfsemi Airport Associates tekur til allrar þjónustu við farþega- og fraktflugvélar svo sem hleðslu flugvéla sem og annarar þjónustu á flughlaði, farþegainnritunar, hleðslueftirlits og alls þess er lítur að flugvélaafgreiðslu.
Meðal viðskiptavina okkar eru: British Airways, Cargolux, Delta Airlines, UPS, Air Berlin, Germanwings, Bluebird Cargo, Fly Niki, flybe, Aer Lingus, vueling, WOW air, Primera Air, easyJet, Norwegian, Transavia, Corendon, Volga Dnepr, Airbridge, ABX air og fleiri félög.

---

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Staða leikskólastjóra við leikskólann Jörfa

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Jörfa.**

Leikskólinn Jörfi við Hæðargarð er fjögurra deilda leikskóli í fallegu umhverfi í Bústaðahverfi.
Í leikskólanum er lögð áhersla á tilfinningatjáningu og lífsleikni. Aðal áhersluþættirnir eru góð sjálfsmynd, samskipti og félagsfærni. Stuðst er við hugmyndafræði Kari Lamer, John Dewey og Caroline Pratt. Gildi leikskólans eru virðing – gleði – umhyggja.

**Leitað er að einstakling sem býr yfir leiðtogahæfileikum og er tilbúinn til þess að leiða áfram metnaðarfullt leikskólastarf í Jörfa.**

**Meginhlutverk leikskólastjóra er að:**

- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Hafa yfirumsjón með daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leikskólakennaramenntun.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

**Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst 2015. Umsóknarfrestur er til og með 5. júlí 2015.**
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri leikskólahluta fagskrifstofu, sími 411 1111.
Netfang: hildur.skarphedinsdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.**

---

## FERÐARÁÐGJAFI

NORDIC VISITOR

Nordic Visitor leitar eftir metnaðarfullum ferðaráðgjafa til að sinna sölu og úrvinnslu á ferðum til Noregs.

Æskilegt er að viðkomandi hafi ferðast um eða búið í Noregi og skilyrði er að viðkomandi tali norsku, auk íslensku og ensku.

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á www.nordicvisitor.com/atvinna/**
**Umsóknarfrestur er 21. júní 2015.**

Nordic Visitor er framsækin ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í því að skapa góðar minningar með sérsniðnum pakkaferðum fyrir einstaklinga og hópa til allra Norðurlanda.

Fyrirtækið hefur verið í stöðugum vexti síðan það var stofnað árið 2002 og er í dag eitt af stærstu ferðaþjónustufyrirtækjum Íslands með um 60 starfsmenn.



VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2015

---

LÍFLAND
- FRÁ 1917 -

## LÍFLAND ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA STARFSMANN Í VERSLUN LYNGHÁLSI 3

**Helstu verkefni:**
- Almenn verslunarstörf

**Hæfniskröfur:**
- Söluhæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð þekking á reiðvörum og/eða búvörum
- Fagleg framkoma og almenn snyrtimennska nauðsynleg

**Umsóknarfrestur er til og með miðvikudeginum 17. júní 2015.**

Nánari upplýsingar veitir Bjarni Þór Logason í síma: **540 1104.**

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að senda umsókn og ferilskrá á atvinna@lifland.is

---

## Auglýst eftir félagsráðgjafa við Félagsþjónustu Seltjarnarness

Óskað er eftir að ráða félagsráðgjafa í fullt starf. Helstu verkefni starfsins eru félagsleg ráðgjöf og fjárhagsaðstoð, barnavernd, málefni fatlaðra og forvarnir. Einnig önnur verkefni sem falla undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

Starfsréttindi í félagsráðgjöf
Lipurð í mannlegum samskiptum
Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu

**Umsóknarfrestur er til og með 22. júní n.k.**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun liggur fyrir. Starfsferilsskrá skal fylgja umsókn um starfið. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og Félagsráðgjafafélags Íslands. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. september n.k.

Nánari upplýsingar veitir
**Snorri Aðalsteinsson félagsmálastjóri.**
**snorri@seltjarnarnes.is sími: 5959100**

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um starfið.
Á Seltjarnarnesi búa um 4500 manns.
Lögð er áhersla á að tryggja íbúum góða alhliða þjónustu.
Sótt er um starfið á vef Seltjarnarnesbæjar, seltjarnarnes.is – Störf í boði.

*Félagsþjónusta Seltjarnarnesbæjar*
Seltjarnarnesbær seltjarnarnes.is

---

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is
HAGVANGUR

**Múrari / Múraranemi.**
Áhugasamur nemi og/eða múrari óskast til starfa.
Upplýsingar í síma: 893-5612

Reykjavíkurborg

## Kennarastöður við Ölduselsskóla.

**Við Ölduselsskóla eru lausar til umsóknar tvær stöður kennara**

- Umsjónarkennara í 2. bekk. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af Byrjendalæsi.
- Kennara til að sinna sér- og stuðning skennslu á unglingastigi Ölduselsskóla. Kennsla fer bæði fram í námsveri og í almennum námshópum. Réttindi til að starfa sem sérkennari í grunnskóla æskileg.

**Hæfniskröfur:**

- Grunnskólakennarapróf
- Færni í samskiptum
- Faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Reynsla og áhugi á að starfa með börnum

Nánari upplýsingar gefur Börkur Vígþórsson skólastjóri, **borkur.vigthorsson@reykjavik.is**

Umsóknarfrestur er til og með 16. júní og skal umsóknum skilað á vef Reykjavíkurborgar **http://reykjavik.is/laus-storf**

*Ölduselsskóli er heildstæður grunnskóli og eru nemendur skólans um 460 talsins Einkunnarorð Ölduselsskóla eru færni, virðing og metnaður, þar sem lagt er upp með að starfsmenn og nemendur sýni metnað í námi og starfi, leitist við að bæta færni sína og beri virðingu fyrir sér, öðrum og umhverfinu. Skólinn státar af öflugri kennslu í bóklegum og verklegum greinum. Mikil áhersla er lögð á samvinnu kennara með það að markmiði að halda úti öflugu skólastarfi án aðgreiningar. Skólinn starfar eftir eineltisáætlun Olweusar.*

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

## Grundarfjarðarbær

## Menningar- og markaðsfulltrúi

Grundarfjarðarbær auglýsir lausa til umsóknar stöðu menningar- og markaðsfulltrúa. Um er að ræða 100% starf. Starfið er laust frá 20. júlí 2015.

Leitað er að metnaðarfullum, drífandi og framsýnum einstaklingi sem er reiðubúinn að leita nýrra leiða og þróa áfram starf menningar- og markaðsfulltrúa.

**Helstu verkefni:**

- Rekstrarstjórn með Upplýsingamiðstöð Grundarfjarðar – Sögumiðstöðinni
- Kynningar- og markaðsmál
- Umsjón með menningarviðburðum og hátíðum
- Vinabæjarsamskipti
- Íþrótta- og æskulýðsmál
- Vefmál

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Góð haldbær menntun og reynsla sem nýtist í starfinu. Háskólamenntun æskileg.
- Metnaður, hugmyndaauðgi, skipulagshæfni og leiðtogahæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar.
- Hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti á ensku og íslensku. Frekari tungumálakunnátta er mikill kostur.

Upplýsingar um starfið veita bæjarstjóri og skrifstofustjóri í síma 430 8500 eða á netfangi **thorsteinn@grundarfjordur.is** og **sigurlaug@grundarfjordur.is**. Umsóknir skulu sendast á ofangreind netföng. Umsókn skal fylgja greinargóð starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

**Umsóknarfrestur er til 28. júní nk.**

# Are You Flexible?

LS Retail is looking for a dedicated person to join our Partner Operations team. The team communicates with Microsoft and LS Retail partners around the world regarding our software and services.



**Essential education and qualifications:**
- Bachelor's Degree
- Good Excel Knowledge
- Experience with Microsoft Dynamics NAV is a quality, but not a requirement
- Service-minded Attitude
- Fluency in written and spoken English

We seek a collaborative, result-driven individual, with strong balance of technical and business knowledge that is able to contribute to our team in a fast-paced environment.

**Deadline: June 21. Full time position.**

**For further information please contact:**
Sigrún Dóra Sævinsdóttir
CPO
sigrun@LSRetail.com

**Find it on our web:**
www.LSRetail.com/about-us/careers

Microsoft Dynamics NAV

VR HÁSTÖKKVARI ÁRSINS 2015

LS Retail
www.LSRetail.com




## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Bæjarskrifstofur Garðabæjar**
- talmeinafræðingur

**Hofsstaðaskóli**
- skólaliði

**Flataskóli**
- leikskólakennari eða starfsmaður við leikskóladeild

**Hjúkrunarheimilið Ísafold**
- hjúkrunardeildarstjóri
- sjúkraliðar
- starfsmenn í aðhlynningu

**Álftanesskóli**
- Umsjónarkennari á yngsta stigi

**Leikskólinn Bæjarból**
- sérkennslustjóri

**Leikskólinn Akrar**
- sérkennsla

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar, **www.gardabaer.is**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

**KriVil ehf leitar eftir öflugum kerfisstjóra til reksturs tölvukerfis viðskiptavinar**

***Ábyrgð og helstu verkefni:***

Almennur rekstur tölvukerfa
Uppsetning á tölvum, IP símum og hugbúnaði.
Rekstur netþjóna.
Rekstur netbúnaðar/viðnets.
Þjónusta og samskipti við notendur.

***Menntun og hæfni:***

Kerfisfræði eða sambærilegt.
Microsoft vottanir æskilegar.
Minnst 2 ára starfsreynsla við þjónustu tölvukerfa.
Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.

*KriVil ehf er lítið rótgróið fyrirtæki í upplýsingageiranum, með aðaláherslu á rekstur tölvukerfa.*

**Umsóknarrestur er til og með sunnudeginum 21.júní 2015.**
**Umsókn og frekari upplýsingar sendist á kristjan@krivil.is**

## Hugbúnaðarsnillingur óskast...

Prógramm leitar að starfsmanni í fullt starf. Ef þú ert áhugasamur og ábyrgur einstaklingur, hefur löngun í fjölbreytt og krefjandi verkefni þá áttu erindi við okkur. Prógramm er ört vaxandi fyrirtæki, fjárhagslega sterkt og býður upp á gott vinnuumhverfi á besta stað í Reykjavík.

**Helstu verkefni:**
- ASP.NET vefir í Web Forms og MVC
- C# forritun, .NET, vefþjónustur (XML/SOAP)
- Nýsmíði, viðhald og þróun hugbúnaðarkerfa
- Oracle forritun í PL/SQL og SQL

Æskilegt er að umsækjandi hafi klárað eða sé kominn langleiðina með tölvunar- og eða kerfisfræði frá Háskólanum í Reykjavík, Háskóla Íslands eða frá sambærilegum skólum.

Reynsla úr hugbúnaðargeiranum er kostur og góð meðmæli gefa tóninn. Vinsamlegast greindu stuttlega frá þeim verkefnum á hugbúnaðarsviði sem þú hefur unnið við fram að þessu og á hvaða hátt þitt framlag var við þau.

Ef þú hefur áhuga, sendu þá endilega umsókn á **vinna@programm.is**

Prógramm var stofnað 2007. Allt frá upphafi hafa markmið og gildi okkar verið þau sömu, einfaldleiki, nákvæmni og gleði. Prógramm á samstarf við fáa viðskiptavini en stóra og mikilvæga fyrir íslenskt samfélag. Við sérhæfum okkur í þróun og hönnun á sérsmíðuðum hugbúnaði.

PRÓGRAMM
Prógramm ehf • Suðurlandsbraut 6 • 108 Reykjavík • www.programm.is



**Seyðisfjarðarskóli auglýsir laus störf.**

**Við leitum að öflugum liðsmönnum, sem eru tilbúnir til samvinnu um þróun skólastarfs, í eftirtalin störf:**

- 100% starf kennara. Um er að ræða kennslu í íþróttum og bóklegum greinum ásamt list- og verkgreinum.

***Við leitum að einstaklingi með leyfisbref til kennslu í grunnskóla, faglegan metnað, hæfni í mannlegum samskiptum og áhuga á að taka þátt í þróunarstarfi.***

- Starfsmaður í skólaseli og stuðningsfulltrúi 100% starf. Mögulegt er að skipta starfinu í tvennt, þ.e. 45% í skólaseli og 55% sem stuðningsfulltrúi.

***Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af starfi með börnum.*** Seyðisfjarðarskóli er lítill skóli sem byggir á samkennslu árganga og vinnur að þróun skólastarfs í anda fjölmenningar og fjölbreytra kennsluhátta.

**Umsóknarfrestur er til 26. júní.**
Skriflegri umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal skila á skrifstofu Seyðisfjarðarkaupstaðar, Hafnargötu 44, 710 Seyðisfjörður.

**Nánari upplýsingar veita:**
Þorsteinn Arason skólastjóri í síma 470-2300, gsm 860-1172
Jóhanna Gísladóttir í síma 470-2300, gsm 895-1316

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Stjórnsýslusvið**
- Fulltrúi í bókhaldsdeild

**Leikskólar**
- Deildarstjóri í leikskólann Núp

**Grunnskólar**
- Skólaliði í dægradvöl í Kópavogsskóla
- Grunnskólakennari á miðstig í Smáraskóla
- Þroskaþjálfi í Álfhólsskóla
- Umsjónarkennari á miðstig í Álfhólsskóla
- Samfélags-/stærðfræðikennari í Hörðuvallaskóla
- Náttúrufræðikennari í Hörðuvallaskóla

**Velferðarsvið**
- Sjúkraliði í Roðasali – dagþjálfun fyrir minnissjúka
- Starfsmenn óskast í frekari liðveislu

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst **www.kopavogur.is**

Kópavogsbær
kopavogur.is

**Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar**
**Borgartún 34, 105 Reykjavík, S: 511 1515**

## GUÐMUNDUR JÓNASSON EHF
Óskar eftir að ráða

# Bókhaldsfulltrúa

Vegna aukinna umsvifa og fjölmargra spennandi verkefna leitar fjármálasvið ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar að bókhaldsfulltrúa.

Starf bókhaldsfulltrúa felst aðallega í móttöku og flokkun á reikningum, færslu bókhalds og afstemmingum. Mikilvægt er að viðkomandi sé nákvæmur.

**Menntun, reynsla og hæfni**
- Menntun á sviði bókhalds og/eða viðskipta
- Reynsla af bókhaldsstörfum og bókhaldsforritum
- Jákvæðni og góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og nákvæmni

**Helstu verkefni**
- Bókun reikninga og afstemmingar
- Uppgjör dagsölu og posa
- Almenn bókhaldsstörf
- Önnur bókhaldsvinna og skýrslugerð

Um fullt starf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti byrjað sem fyrst. Vinnutími er frá 8-16 eða 9-17.

Umsóknum skal skilað rafrænt á netfangið stefan@gjtravel.is fyrir 18. júní.

## Samskip leita að öflugum starfsmanni í lestun til framtíðarstarfa

**Starfsmaður í lestun tryggir að lestun og losun flutningabíla fyrirtækisins sé ávallt með öruggum og hagkvæmum hætti og að vörumeðhöndlun sé í samræmi við vinnureglur.**

**Hæfnikröfur:**
- Meirapróf og lyftararéttindi eru æskileg
- Færni í mannlegum samskiptum, jákvæðni og rík þjónustulund
- Íslenskukunnátta
- Skipulagshæfni og framtakssemi
- Kraftur, kappsemi, reglusemi og stundvísi

Áhugasamir eru hvattir til að sækja um sem fyrst, umsóknarfrestur er til **21. júní nk.**

Tekið er á móti umsóknum í gegnum vefsíðu okkar **www.samskip.is** og óskað er eftir að ferilskrá fylgi umsókn.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

SAMSKIP
Saman náum við árangri

Starf hjá
comma,



## Comma leitar að drífandi verslunarstjóra.

Góð reynsla af sölustörfum, brennandi áhugi á tísku. Framúrskarandi þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
Reynsla af verslunarstjórnun og afgreiðslustörfum er kostur og brosmildi æskilegt.
Einungis einstaklingar 30 ára og eldri koma til greina.
**Umsóknir með mynd og ferilskrá sendist á umsoknir@comma.is**

comma,
facebook.com/commaIceland

SORPA

# ÚTBOÐ

SORPA bs., Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík, auglýsir eftir þátttakendum í opið útboð:

**Þjónusta við grenndarstöðvar fyrir pappírsefni, plast og gler**
**Nr. 061501**

Samningstími er 6 ár, frá 4. janúar 2016 til 3. janúar 2022, með möguleika á framlengingu í allt að 2 ár.

**Verkefnið felst í eftirfarandi verkþáttum:**
- Útvegun heppilegra gáma
- Reglubundin tæming gáma og losun þeirra í Gufunesi og Álfsnesi
- Viðhald gáma
- Þrif á grenndarstöðvum
- Gagnaskráningu

**Helstu magntölur eru:**
- Heildargámafjöldi er 235 stk
- Líklegt magn endurvinnsluefna er 1.700 tonn/ár

Afhending útboðsgagna verður á bílavoginni við móttökustöð SORPU bs. í Gufunesi, 112 Reykjavík, frá þriðjudeginum 16. júní, gegn kr. 10.000.- gjaldi.

Tilboð skulu hafa borist á skrifstofu SORPU bs. Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík, eigi síðar en þriðjudaginn 11. ágúst 2015 kl. 11:00 og verða þau opnuð þar í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

# Vaktmaður

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn auglýsir laust starf vaktmanns í hússtjórn. Um er að ræða fullt starf sem unnið er í vaktavinnu.

Hlutverk hússtjórnar er að sjá um viðhald og rekstur Þjóðarbókhlöðunnar, vakta kerfi og búnað hússins, annast samskipti við þjónustuverktaka og aðstoða starfsmenn um ýmsa þjónustu. Vaktmenn bera ábyrgð á símsvörun og öryggisgæslu húss, starfsmanna og gesta.

Starfssvið
- fylgjast með hússtjórnarkerfi hvað varðar brunaboð, ljós, hita og raka.
- fylgjast með eftirlitsskjáum og umferð í húsi.
- sinna ýmsum viðhaldsverkefnum.
- koma að öllum viðfangsefnum hússtjórnar, s.s. sorphirðu, öryggisgæslu, þrifum, garðyrkju, símsvörun, flokkun pósts og móttöku vara.

Hæfnikröfur
Starfsmaður þarf að hafa víðtæka reynslu af starfi með iðnaðarmönnum, iðnmenntun sem nýtist í starfi er kostur, vera þjónustulipur og góður í samskiptum, hafa tölvukunnáttu og færni til að leysa úr vandamálum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólafur Guðnason hússtjóri, s. 525-5670, olafurgu@landsbokasafn.is
Umsóknarfrestur er til og með **21. júní 2015**.
Sótt er um starfið á vef Landsbókasafns, landsbokasafn.is, undir Bókasafnið > Laus störf.

Við ráðningar er tekið mið af jafnréttisáætlun safnsins. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn | Þjóðarbókhlöðunni | s. 525-5600 | www.landsbokasafn.is
Þekkingarveita í allra þágu

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

# Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

**Góður sölumaður óskar eftir atvinnu/ verkefnum/ kaupum á litlu fyrirtæki, má vera fyrirtæki sem þarfnast endurskipulagningar.**

Tilboð sendist á box@frett.is merkt: **„Fyrirtæki-1306“**

**150 fermetra iðnaðarhúsnæði í vesturbæ Kópavogs til leigu á hagstæðu verði**

Góð lofthæð og stórar innkeyrsludyr. Góð staðsetning á miðju höfuðborgarsvæðinu. Nánari upplýsingar á **hofudborgin@hofudborgin.is**

Landsvirkjun

## Útboð nr. 20122
## Þeistareykjavirkjun
## Skiljur

Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í skiljur fyrir Þeistareykjavirkjun í Þingeyjarsveit samkvæmt útboðsgögnum nr. 20122.
Í megindráttum velst verkið í efnisútvegun, smíði og flutning á gufu- og rakaskiljum ásamt tilheyrandi búnaði.
Öll framleiðsla skiljanna, þar með talin smíði, eftirlit, prófun og CE-merking, fellur undir reglugerð um þrýstibúnað nr. 571/2000.
Skiljurnar eru að mestu smíðaðar úr fínkorna svörtu stáli P275NH.

**Helstu magntölur eru eftirfarandi:**

- Gufuskilja er 3,2 m í þvermál og um 16 m löng í heild. Innra rúmmál er um 120 m3 og stálþyngd er um 36.300 kg.
- Hver rakaskilja er 2,8 m í þvermál og um 8,1 m löng í heild. Innra rúmmál er um 49 m3 og stálþyngd er um 13.000 kg.

**Verkinu skal að fullu lokið 30. júní 2016.**
Útboðsgögn verða aðgengileg á útboðsvef Landsvirkjunar **http://utbod.lv.is** frá og með þriðjudeginum 16. júní 2015.
Tilboðum skal skila til Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, fyrir klukkan 12:00 fimmtudaginn 16. júlí 2015.
Tilboð verða opnuð kl. 14:00 sama dag og lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

SORPA

# ÚTBOÐ

SORPA bs., Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík, auglýsir eftir þátttakendum í opið útboð:

## Gámaleiga, flutningur og losun gáma frá endurvinnslustöðvum SORPU bs
**Útboð nr. 061502**

Samningstími er frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2020.

Verkefnið felst í útvegun opinna og lokaðra gáma auk pressugáma, alls 146 stk ásamt því að sjá um flutning og losun úrgangs sem berst til endurvinnslustöðvanna.

Meginverkefni verktaka er að tryggja að á endurvinnslustöðvum SORPU séu ávallt til reiðu gámar fyrir mismundandi tegundir úrgangs. Mismikið berst til stöðvanna eftir vikudögum, árstíðum og veðri.

**Árið 2014 bárust alls um 36.000 tonn.**
Heimilt er að bjóða í eina eða fleiri endurvinnslustöðvar. Samningar geta því orðið einn eða fleiri, allt að sex.

SORPA vill stuðla að notkun umhverfisvænna orkugjafa. Því er gerð krafa um að minnst einn krókbíll til flutninga á gámum nýti metan eða metan/olíu blöndu.

Afhending útboðsgagna verður á bílavoginni við móttökustöð SORPU bs. í Gufunesi, 112 Reykjavík, frá þriðjudeginum 16. júní, gegn kr. 15.000.- gjaldi. Gögnin eru útprentuð og á geisladiski.

Tilboð skulu hafa borist á skrifstofu SORPU bs. **Gylfaflöt 5**, 112 Reykjavík, eigi síðar en **þriðjudaginn 11. ágúst 2015 kl. 10:00** og verða þau opnuð þar í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

# ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Hljóðkerfi fyrir Borgarleikhús – 2ja umslaga,** útboð nr. 13513.
- **Snjótroðari fyrir Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins,** EES útboð nr. 13434.
- **Stórhöfði – Viðarhöfði. Endubætur gatnamóta 2015,** útboð nr. 13545.
- **Háaleitisbraut. Hjólastígur. Brekkugerði – Miklabraut 2015,** útboð 13546

Nánari upplýsingar er að finna á **www.reykjavik.is/utbod**

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Dráttarvél,** útboð nr. 13543.

Reykjavíkurborg óskar eftir tilboðum í 3,5–4,5 t. fjórhjóladrifna dráttarvél.
Vélin skal vera búin stiglausri gírskiptingu og komast gegnum 2,5 m há undirgöng.
Útboðsgögn verða til sölu frá 15 júní í þjónustveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14

Nánari upplýsingar er að finna á **www.reykjavik.is/utbod**

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

ÍSAFJARÐARBÆR

# Útboð

**Ísafjarðarhöfn óskar eftir tilboðum í stálþil, stagefni og stálprófíla fyrir Mávagarð:**

**Útboðið nefnist:**
**Mávagaður extension, Port of Isafjordur Steel Sheet Piles, Anchorage Material and Steel Tubes**

Um er að ræða efniskaup fyrir viðlegu, um 10,7 m langa sem verður viðbót við núverandi Mávagarð.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Stálþil: | 60 tonn |
| Stagefni: | 10 tonn |
| Stálprófílar: | 3,5 tonn |

Útboðsgögn verða afhent í afgreiðslu **Verkís hf.** að Ofanleiti 2, 103 Reykjavík, frá og með þriðjudeginum 16. júní n.k.
Tilboð verða opnuð á sama stað **þriðjudaginn 7. júlí n.k. kl. 11:00.**

VERKÍS
VERKFRÆÐISTOFA

Grímsnes- og Grafningshreppur

**Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps óskar eftir tilboðum í verkið**

## Dreifikerfi Kiðjabergi og Hestlandi

Verkið skal framkvæma samkvæmt útboðsgögnum og öðrum þeim gögnum sem þar er vísað til.

Verkið felur í sér lagningu dreifikerfis í einangruðum PEX hitaveitulögnum í sumarhúsahverfum Kiðjabergs og Hestlands. Gerð er krafa um að verktaki geti sýnt fram á reynslu í sambærilegum verkum.

**Helstu verkþættir eru meðal annars:**
- Jarðvinna – Gröftur lagnaskurða, fleygun, söndun lagna og frágangur.
- Pípuvinna – Útlögn og samsetning PEX lagna
- Vegþveranir sumarhúsavega.

Alls á að leggja um 9200 m af einangruðum PEX hitaveitulögnum.

**Útboðið er opið.**
Afhending útboðsgagna verður á rafrænu formi frá og með **fimmtudeginum 18. júní 2015**. Væntanlegir bjóðendur munu fá gögnin afhennt með því að senda upplýsingar um sig með tölvupósti á Börk hjá Tæknisviði Uppsveita: *borkur@gogg.is*

***Opnun tilboða verður föstudaginn 3. júlí 2015 kl. 11 á skrifstofu Grímsnes og Grafningshrepps.***

LANDSNET

**Rammasamning um hugbúnaðagerð - samningskaup**

Landsnet óskar eftir áhugasömum aðilum til þátttöku í samningskaupum um rammasamning vegna hugbúnaðargerðar. Gögn um samningskaupin má finna á vef Landsnets **www.landsnet.is eftir kl. 16. Þann 16. júní 2015.**
Frestur til að skila þátttökutilkynningum rennur út þann 3.júlí 2015 kl. 12.00.

BÍLASTÆÐASJÓÐUR

## 100 ÁRA AFMÆLI KOSNINGARÉTTAR KVENNA FEMINÍSKIR VIÐBURÐIR Í BÍLAHÚSUM

Bílastæðasjóður auglýsir eftir samstarfsaðilum til að standa fyrir femínískum viðburðum í bílahúsum sjóðsins í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Viðburðirnir geta verið með ýmsum hætti, en hafa sama markmið og aðrir viðburðir á vegum borgarinnar, að fagna þeim árangri sem náðst hefur í jafnréttisbaráttunni en stuðla jafnframt að frekari framförum, enda hefur jafnrétti kynjanna ekki verið náð. Í framhaldinu verði unnar tillögur og þær lagðar fyrir bílastæðanefnd til samþykktar ásamt framkvæmda- og kostnaðaráætlun.

Tekið verður fagnandi á móti hugmyndum að viðburðum og tillögum að samstarfi í gegnum netfangið bilastaedasjodur@bilastaedasjodur.is

**Áhugasamir sendi tillögu/tillögur ásamt helstu upplýsingum um verkefnið fyrir 5. júlí 2015**

*Bílastæðasjóður Reykjavíkur*
*Vonarstræti 4*
*101 Reykjavík*

# LIND FASTEIGNASALA

# 510 7900

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is



Þórunn | Andri | Hannes | Stefán | Jóhanna | Kristján | Bjarni | Gunnar | Arna | Venni | Anton | Kristín | Þórey | Lára | Harpa | Magnús

**OPIÐ HÚS ›** 13. júní 14:00 – 14:30





## Drápuhlíð 48
105 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 85 fm FJÖLBÝLI HERB: 2

Vel skipulögð íbúð með sérinngang sem hefur fengið gott viðhald í gegnum árin. Skipt um járn og pappa á þaki 2005, skólp og dren endurnýjað 2005, húsið málað að utan 2007.

*Heyrumst*
Magnús › 699 2010 **29.900.000 kr**

**OPIÐ HÚS ›** 15. júní 17:30 – 18:00





## Austurbrún 25
104 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 24,5 fm FJÖLBÝLI HERB: 2

Um er að ræða 72,3 fm 2ja herbergja íbúð í kjallara í þríbýlishúsi við Austurbrún í Reykjavík. Frábærlega vel staðsett og vel skipulögð eign á rólegum stað við Austurbrún.

*Heyrumst*
Andri › 690 31111 **24.500.000 kr**

**OPIÐ HÚS ›** 15. júní 16:00 – 16:30



## Túnbrekka 4
200 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 110,7 fm FJÖLBÝLI HERB: 3

Vel skipulögð 88 fm íbúð á 2.hæð í fjórbýli auk 22,7 fm bílskúrs. Vestur svalir. Fallegt útsýni. Snyrtileg sameign. Næg bílastæði.

*Heyrumst*
Bjarni › 662 6163 **31.900.000 kr**

**OPIÐ HÚS ›** 15. júní 17:00 – 17:30



## Norðurbraut 39
220 HAFNARFJÖRÐUR

STÆRÐ: 151 fm HÆÐ HERB: 7

Fimm svefnherbergja íbúð á 2. hæð. Stofa með arni. Tvennar svalir, suður og vestur. Útsýni. Stutt í verslun, grunn- og leikskóla, sund o.fl.

*Heyrumst*
Bjarni › 662 6163 **36.900.000 kr**

**OPIÐ HÚS ›** 14. júní 17:30 – 18:00





## Austurkór 121-125
203 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 149,5 fm RAÐHÚS HERB: 3

Mjög falleg og vel skipulögð raðhús á einni hæð ásamt bílskúr við Austurkór. Eignirnar afhendast fullbúnar að utan sem innan en án gólfefna

*Heyrumst*
Andri › 690 3111 **48.500.000 kr**

**OPIÐ HÚS ›** 16. júní 17:30 – 18:00





## Álfkonuhvarf 45
203 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 105,8 fm FJÖLBÝLI HERB: 3

Þriggja herbergja íbúð á 1 hæð í nýlegu fjölbýli. Parket á gólfum og góðir skápar, úr stofu er afgirtur hellu lagður pallur.

*Heyrumst*
Kristján › 696 1122 **29.900.000 kr**

**OPIÐ HÚS ›** 15. júní 18:30 – 19:00





## Flókagata 60
105 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 155,8 fm HÆÐ HERB: 4

Sérhæð með bílskúr í fjögurra íbúða húsi, þrjú svefnherbergi og tvær stofur. Dúkur og teppi á gólfum, eldri innrétting í eldhúsi. Einstök staðsettning

*Heyrumst*
Kristján › 696 1122 **45.900.000 kr**





## Skipholt 50 A
105 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 162 fm HÆÐ HERB: 3

Einstök endurhönnuð og endurnýjuð íbúð. Innanhúshönnun var í höndum Leifs Weldings og Berglindar Berndsen. Allar innréttingar og hurðar eru sérsmíðaðar af Fagus úr reyktri eik.

*Heyrumst*
Hannes › 699 5008 **59.900.000 kr**





## Austurkór 65
203 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 121 fm FJÖLBÝLI HERB: 4

**Ný íbúð laus til afhendingar strax.** Björt og falleg enda íbúð með sérinngangi og verönd. Þrjú rúmgóð svefnherbergi. Fallegt 16 íbúða hús. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar frá Axis.

*Heyrumst*
Hannes › 699 5008 **35.900.000 kr**

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

FASTEIGNASALAN **TORG**
Áb. Sigurður Gunnlaugsson lfs.

# 520 9595

Fasteignasalan TORG   Garðatorgi 5   210 Garðabær   www.fstorg.is

kraftur • traust • árangur

# Garðatorg 4
## 210 Garðabær



**20 ÍBÚÐIR SELDAR!**



Dæmi um íbúð

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Íbúð nr:** | 0209 | **Svalir:** | 11,9 m² |
| **Stærð:** | 115,7m² | **Bað:** | 2 |
| **Herbergi:** | 3-4ra | **Verð:** | **kr. 47.500.000** |
| **Bílastæði:** | Já | | |

**GLÆSILEG SÝNINGARÍBÚÐ**

# OPIÐ HÚS
## SUNNUDAGINN 14. JÚNÍ
## KL.14:00 – 15:00



**RJÚKANDI HEITT CHAQWA KAFFI Á KÖNNUNNI OG OMNOM SÚKKULAÐI**

**SÖLUFULLTRÚAR VERÐA Á STAÐNUM OG TAKA VEL Á MÓTI ÖLLUM**

**Einstaklega glæsilegt** 4-5 hæða fjölbýlishús í nýjum miðbæ Garðabæjar. Í húsinu eru 42 íbúðir frá 75 m2 til 190 m2 auk stæðis í bílageymslu.

Við hönnun íbúðanna var leitast við að hámarka notagildi íbúða og nýta stórbrotið útsýni sem staðsetning húsanna býður uppá.



CHAQWA · HEIMILI & HUGMYNDIR · omnom CHOCOLATE · ÞG-VERK · Vogue fyrir heimilið · SMITH & NORLAND Nóatúni 4 Sími 520 3000 www.sminor.is · TÍSKA.IS

# BORG
FASTEIGNASALA

Borg fasteignasala
Síðumúla 23
108 Reykjavík
www.fastborg.is

# 519 5500



| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þóra Birgisdóttir | Brandur Gunnarsson | Gunnlaugur Þráinsson | Héðinn Birnir Ásbjörnsson | Sigurður Fannar Guðmundsson | Hildur Birkisdóttir | Ingimar Ingimarsson | Þórunn Sigurðardóttir | Vilborg G. Hansen | Stefán Páll Jónsson | Úlfar Þór Davíðsson | Stefán Jóhann | Jóhanna Sigurðardóttir | Gísli Elí Guðnason | Axel Axelsson |
| Fasteignasali | Sölumaður | Sölumaður | Fasteignasali | Sölumaður | Sölumaður | Hrl. | Sölumaður | Fasteignasali | Sölumaður | Fasteignasali | Fasteignasali | Sölumaður | Sölumaður | Sölumaður |
| 777 2882 | 897 1401 | 844 6447 | 848 4806 | 897 5930 | 663 4539 | 519 5501 | 778 7707 | 853 7030 | 781 5151 | 897 9030 | 864 8808 | 662 1166 | 698 5222 | 820 6478 |

OPIÐ HÚS | 6 herb. | 321 m²





Opið hús mánudaginn 15. júní kl. 18.00-18.30

## Sævangur 33

Stórglæsilegt einbýlishús á stórri hraunlóð í norðurbæ Hafnarfjarðar með miklu útsýni.

Húsið var allt endurnýjað að innan árið 2008. Gott skipulag þar sem eru 4 stór herbergi, stórar og opnar stofur með mikilli lofthæð, glæsilegt eldhús og sameiginleg rými sem henta stjórfjölskyldum. Innréttingar frá Brúnás og vandað efnisv

**Þóra**
Fasteignasali
777 2882

**Verð: 84.000.000**

5 herb. | 184,2 m²



## Huldubraut 56

Parhús á frábærum stað í vesturbæ Kópavogs, innst í enda götunnar. Hús á þremur pöllum, innbyggður bílskúr. útsýni er til norðurs yfir Nauthólsvíkina og höfðuborgina.

**Gunnlaugur**
Sölumaður
844 6447

**Verð: 56.900.000**

OPIÐ HÚS | 2 herb. | 59,4 m²



Opið hús þriðjudaginn 16. júní kl 17:30 -18:00

## Lynghagi 20- miðhæð

Björt og falleg miðhæð við Lynghaga í vestubæ Reykjavíkur. Íbúðin er tveggja herbergja og skráð alls 59,4 fm. Eignins skiptist í hol, eldhús, baðherbergi svefnherbergi og stofu. Parket og flísar á gólfum.

**Úlfar Þór**
Fasteignasali
897 9030

**Verð: 28.900.000**

6 herb. | 141,1 m²



## Galtalind 17

Góð áhvílandi lán – hægt að yfirtaka rúmar 36.000.000,- með greiðslubyrði 162.000 pr. Mánuð Góð íbúð fyrir stóra fjölskyldu með möguleika á 5 herbergjum á frábærum stað miðað við skóla, leikskóla, þjónustu og verslanir.

**Þóra**
Fasteignasali
777 2882

**Verð: 38.900.000**

OPIÐ HÚS | 3 herb. | 73,5 m²



Opið hús mánudaginn 15. júní kl. 17.00-17.30

## Eskihlíð 6a

Falleg og sjarmerandi íbúð á 1. Hæð (ekki kjallari) í Hlíðunum. Íbúðin er með 2 svefnherbergi og opna og skemmtilega stofu með útgengi út á svalir mót s-vestri.

**Þóra**
Fasteignasali
777 2882

**Verð: 28.500.000**

OPIÐ HÚS | 4 herb. | 122,1 m²



Opið hús mánudaginn 15. júní kl. 17:00

## Austurkór 65

Ný íbúð á 1.hæð til afhendingar við kaupsamning. 4ra herbergja íbúð á 1. hæð með frábæru útsýni. Sér inngangur. Björt og falleg stofa með útsýni yfir borgina, svalir sem vísa til s-v eru 22 fm.

**Þóra**
Fasteignasali
777 2882

**Verð: 39.000.000**

OPIÐ HÚS | 4-6 herb. | 126-213m²



Opið hús mánudaginn 15. júní kl. 18:00

## Vindakór 5-7 - 203 Kópavogur

Rúmgóðar og smekklegar fullbúnar íbúðir. Sér inngangur af lokuðum svalagangi eða lóð. Merkt stæði í lokuðum bílakjallara (1-2). Stórar svalir eða sérnotareitur á lóð. Fjölþætt þjónusta fyrir alla aldurshópa og góð tenging við náttúru.

**Þóra**
Fasteignasali
777 2882

**Gunnlaugur**
Sölumaður
844 6447

**Verð: 38.900.000**

92,8 m²



## Skeiðarás 10 - Laust við kaupsaming

92,9 fermetra iðnaðarhúsnæði miðsvæðis á góðum stað í Garðabæ. Húsnæðið er eitt stórt rými en í endan hefur verið stúkað af kaffistofa og salernis aðstaða undir milli loftir sem virkar sem góð geymsla.

**Stefán Páll**
Sölumaður
781 5151

**Verð: 15.400.000**

5 herb. | 200 m²



## Mánabraut 4

Efri sérhæð í tvíbýli ásamt hluta af neðri hæð. Samtals 200 fm, í grónu og skjólsælu hverfi í vesturbæ Kópavogs. Eignin var byggð 1994. Þrjú svefnherbergi og möguleiki á því fjórða. Stór og glæsilegur sólpallur í bakgarði.

**Sigurður Fannar**
Sölumaður
897 5930

**Verð: 56.900.000**

OPIÐ HÚS | 3-4 herb. | 95-141m²



Opið hús sunnudaginn 14. júní kl. 16:00 - 17:00

## Holtsvegur 23-25

Sölusýning á glæsilegum 3ra-4ra herbergja íbúðum. Með bílageymslu, íbúðinar skilast fullbúnum án gólfefna. Íbúðinar eru frá 95-141 m2 með góðum svölum.
Aðeins 7 íbúðir eftir!

**Gísli Elí**
Sölumaður
698 5222

**Brandur**
Sölumaður
897 1401

**Verð frá: 36.400.000**

OPIÐ HÚS | 96 m²



Opið hús mánudaginn 15. júní kl 18.00

## Helluvað 11

Glæsileg og björt 96fm. íbúð á jarðhæð með stæði í bílskýli. Vel skipulögð og rúmgóð. Gott eikarparket og flísar á votrýmum. Snyrtilegar innréttingar og góður sólpallur.

**Þórunn**
Sölumaður
778 7707

**Verð: 31.800.000**



# SKÓGUR TIL SÖLU

**Domusnova kynnir: 39,4 hektara asparskógur í landi Þrándarlundar í Skeiða og Gnúpverjahreppi örstutt frá Þjórsárdal (~100km frá Reykjavík)
ásamt 1,09 hektara lóð við Þrándarlund/Þrándarholt.**

**Skógurinn var að mestu gróðursettur á árunum 1991-1994 og er að mestu ösp af mismunandi kvæmum en einnig er greni að litlum hluta.**

**Ásamt skóginum fylgir 1,09 ha lóð sem er við bæina Þrándarlund og Þrándarholt. Lóðin nær frá þjóðvegi og teygir sig upp í brekku sem snýr á móti suðri. Möguleiki er á gera heimreið frá þjóðvegi upp að hugsanlegu bæjarstæði í brekkunni þar sem er fallegt útsýni.**

**1/10 hlutur í Hitaveitu frambæja fylgir landinu.
Hitaveitan er ein sú hagstæðasta á landinu.**

## Upplýsingar um skóginn:

Meðalaldur 22 ár

Skógur þekur um 31 ha

Meðalhæð er um 9,9 m

Meðalþvermál í 1,3m hæð er 15,3 cm

Viðarrúmmál er um 125 m3/ha

Heildar bolrúmmál er um 3.500 – 4.000 m3

Rafmagn er komið á svæðið

Spennandi tækifæri við nýtingu

**TILBOÐ ÓSKAST**



Einar Hannesson
hdl.Löggiltur
Fasteignasali og
leigumiðlari

DOMUSNOVA
Fasteignasala venjulega fólksins... Fasteignasala
Nýbýlavegur 8. 2.hæð 200 Kópavogur domusnova.is S: 527 1717

Stefán Páll
Sölufulltrúi
s: 694-7186
stefanp@domusnova.is



# FRÁBÆR LAUSN

**ICECARE KYNNIR** *Hay Max er áhrifaríkur, lífrænn og lyfjalaus frjókornatálmi fyrir þá sem þjást af frjókornaofnæmi. Jón Páll Pálmason mælir með honum.*

Hay Max er áhrifaríkur, lífrænn og lyfjalaus frjókornatálmi fyrir þá sem þjást af frjókornaofnæmi. Hann hefur fengið fjölda viðurkenninga, meðal annars frá bresku astma- og ofnæmissamtökunum. Hay Max er einfaldur í notkun og kemur í veg fyrir að frjókorn komist inn í líkamann. Hay Max er framleiddur úr hágæða, vottuðum lífrænum efnum, býváxi, ilmkjarnaolíum, Aloe vera og sólblómaolíu, og er vottaður fyrir grænmetisætur. Hay Max hentar ófrískum konum, konum með barn á brjósti og börnum.

**ALLTAF MEÐ HAY MAX**

Jón Páll Pálmason, þjálfari í knattspyrnu, hefur góða reynslu af notkun Hay Max. „Ég er að þjálfa meistaraflokk í fótbolta og er því mikið úti við á sumrin. Ég hef verið mjög slæmur, alltaf pirraður í augunum á þessu tímabili þegar frjókornin eru sem mest í loftinu. Ég ákvað að prófa Hay Max og smurði því í kringum augun og við nasirnar. Það var eins og við manninn mælt, ég fann mikinn mun á mér og er núna alltaf með dósina á mér þegar ég er úti. Ég mæli hiklaust með Hay Max gegn frjókornaofnæmi.“ Hay Max-salvinn er lyfjalaus sem þýðir að syfja er ekki ein aukaverkana öfugt við mörg ofnæmislyf.

**FANN LOKSINS LAUSN**

Ólöf Inga Birgisdóttir hefur verið með frjókornaofnæmi í um þrjátíu ár eða frá því hún var þriggja ára gömul. „Sumrin hafa alltaf verið hreint helvíti og það að æfa fótbolta eða vera í unglingavinnunni hér áður fyrr var hin mesta þrekraun. Ég hélt þetta út á þrjóskunni þótt ég væri með stöðugt nefrennsli og augun svo bólgin að ég sá ekki út um þau. Nýlega fékk ég slæmt ofnæmiskast sem varði í heilan dag þrátt fyrir að ég væri búin að taka ofnæmistöflur og nota nefsprey en ekkert virkaði og ég var við það að tapa gleðinni. Þegar ég fór í apótekið ákvað ég að grípa með mér eina dós af Hay Max. Áður en ég bar Hay Max á mig þvoði ég mér í framan og eftir um það bil tuttugu mínútur var ég laus við nefstíflurnar og hnerrann! Ég gat verið úti í allan daginn að dúlla mér í garðinum og fann ekki fyrir ofnæmiseinkennum,“ segir Ólöf Inga og brosir.



**ÁNÆGÐUR MEÐ HAY MAX** Jón Páll er betri af frjókornaofnæmi þegar hann notar Hay Max. MYND/ERNIR




IceCare
Þín heilsa

**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR**

Vörurnar fást í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, **www.icecare.is**

# ÁRANGURINN KOM Á ÓVART

*Sólarexem hefur plagað Hrönn lengi en eftir að hún fór að nota Perfect Tan er hún laus við það og nýtur þess að vera í sólinni.*

Hrönn Ægisdóttir hefur lengi verið með sólarexem og hefur orðið sérstaklega slæm þegar hún fer í frí til sólarlanda. „Ég fæ alltaf sólarexem þegar ég fer í sól og það hefur bara aukist með árunum. Ég er einnig mjög oft þurr í húðinni vegna vanvirkni í skjaldkirtli,“ útskýrir Hrönn.



**MUN BETRI HÚÐ** Hrönn finnur mikinn mun eftir að hún fór að taka Perfect Tan-töflurnar og nú er hún laus við sólarexem. MYND/GVA

Þegar hún sá umfjöllun um Perfect Tan í blöðunum og að Perfect Tan-töflurnar frá New Nordic gætu fyrirbyggt að fólk fái sólarexem í fríinu leist henni svo vel á það að hún ákvað að prófa. „Ég sé ekki eftir því, ég fór í sólina í fyrrasumar og aftur í vetur og fann ekki fyrir neinu sólarexemi. Ég varð einnig mun betri í húðinni, fékk ekki þennan mikla þurrk í sólinni. Þvílíkur munur því ég var alltaf mjög slæm af sólarexeminu, sérstaklega á bringunni og einnig á handleggjum.

Til viðbótar varð ég svo ánægð með húðlitinn, ég fékk mun fyrr brúnan og fallegan húðlit í sólinni. Þetta kom mér verulega á óvart og ég er mjög ánægð með árangurinn því það er svo gott að vera laus við sólarexemið,“ segir Hrönn. Hún bætir við að enn annað hafi komið henni skemmtilega á óvart. „Það var að neglurnar urðu svo sterkar. Það varð svona til að auka ánægjuna enn frekar.“




**PERFECT TAN**

- **Getur komið í veg fyrir sólarexem.**
- **Húðin verður ekki eins þurr.**
- **Brúnni og fallegri húðlitur.**
- **Vara sem virkar.**

# VERTU MEÐ MELTINGUNA Í LAGI Á FERÐALAGINU

*Bio-Kult er öflug blanda vinveittra gerla.*




**BIO-KULT ORIGINAL:**

- Einstök og öflug blanda af 14 mismunandi vinveittum gerlum.
- Hefur góð áhrif á meltinguna.
- Þarf ekki að geyma í kæli.
- Óhætt að nota að staðaldri.
- Hentar vel fyrir fólk með soja- og mjólkuróþol.

## Leiðarvísir Frutin®

Fæða sem getur valdið **brjóstsviða**





**Kaffi**
Kaffi, gos, te, íste, annar vökvi eða matur sem inniheldur koffein ætti að varast því það getur valdið brjóstsviða. Hér skiptir máli að passa skammtastærðirnar og huga að koffeinmagninu sem innbyrt er.

**Alkóhól**
Vín, bjór eða eftirlætis kokteillinn þinn geta valdið brjóstsviða, sérstaklega þegar neytt er með stórri máltíð. Alkóhól slakar á hringvöðva vélindans og því ná magasýrurnar að flæða upp í vélindað.





**Hnetur, ostur, lárpera og djúsí steik**
Eiga það sameiginlegt að vera feitur matur. Fita hægir á tæmingu magans sem getur aukið þrýsting á hringvöðva vélindans og valdið brjóstsviða.



**Súkkulaði**
Auðvitað, það getur verið hlaðið koffeini og fitu, en súkkulaði getur líka valdið brjóstsviða. Súkkulaði slakar nefnilega á hringvöðva vélindans þannig að það eykur líkur á brjóstsviða. Spurning um að pakka bara saman öllu súkkulaðinu sem þú átt og gefa það.



**Sítrusávextir**
Appelsínur, greipaldin og ávaxtasafar eru mjög súrir, sérstaklega þegar neytt er á tóman maga.

**Frutin® getur í alvörunni hjálpað þér að neyta þessarar dásamlegu fæðu án þess að eiga á hættu að fá óþægindi eftir máltíðina.**




Frutin eru náttúrulegar tyggitöflur sem eru framleiddar af einkavarinni aðferð við að nýta trefjar sem gera það að verkum að þegar þær eru tyggðar myndast róandi, froðukennt lag í efri hluta magans. si leið er því bæði náttúruleg og snjöll til að berjast við hækkandi sýrustig í maganum án þess að nota lyfseðilsskyld lyf.
Takið 1-2 töflur eftir þörfum.
Barnshafandi konur geta notað Frutin. Börn undir 12 ára mega ekki nota Frutin.
Inniheldur eingöngu náttúruleg efni ss. Dolomita kalk og piparmyntu.

**Frutin fæst í næsta apóteki, heilsuverslunum og einnig í heilsuhillum stórmarkaðanna.**

IceCare
Þín heilsa



**Á NETINU** Netið er uppspretta upplýsinga en margar hverjar eru ekki kórréttar. Því þarf að vanda valið þegar leitað er ráða um mikilvæg málefni. NORDICPHOTOS/GETTY

# LEITA HEILSUUPPLÝSINGA Á NETINU

**UNGLINGAR OG NETIÐ** *Átta af tíu bandarískum unglingum leita að upplýsingum um heilsutengd málefni á netinu og rétt um þriðjungur þeirra hefur breytt hegðun sinni eftir upplýsingum sem fengust á netinu. Upplýsingunum þarf þó að taka með fyrirvara.*

Netið er góð leið til að afla sér upplýsinga um hin ýmsu málefni. Vísindamenn við Northwestern-háskólann í Evanston í Bandaríkjunum gerðu nýlega könnun á því hvort bandarískir unglingar leituðu sér upplýsinga um heilsutengd málefni á netinu.

Í ljós kom að átta af tíu unglingum hafa leitað upplýsinga um heilsu á netinu og að þriðjungur þeirra hafa breytt hegðun sinni vegna upplýsinga sem þeir fundu á netinu. Þannig prófuðu sumir unglingar heilsusamlegra fæði, minnkuðu gosdrykkju eða æfðu þegar þeim leið illa.

Þrátt fyrir þetta er netið þó aðeins í fjórða sæti yfir það hvar unglingar leita vitneskju um heilsutengd mál. Könnunin sýndi að 55 prósent unglinga fá mikið af upplýsingum um heilsuna frá foreldrum sínum, 32 prósent úr heilsuáföngum í skóla, 29 prósent frá læknum og hjúkrunarfræðingum og 25 prósent á netinu.

1.200 bandarískir unglingar á aldrinum 13 til 18 ára tóku þátt í könnuninni sem lögð var fyrir í lok árs 2014 og fram til 2015. Í könnuninni, sem lögð var fyrir á netinu, voru unglingar spurðir hvernig þeir leituðu uppi, fengju og mætu heilsutengdar upplýsingar.

Fjórðungur unglinganna sagðist fá mikið af upplýsingum um heilsu á netinu og meira en þriðjungur sagðist fá einhverjar upplýsingar um heilsu á netinu.

84 prósent höfðu leitað eftir upplýsingum um heilsu í það minnsta einu sinni. 58 prósent sögðust yfirleitt byrja á því að slá leitarorð inn í Google. Helmingur þeirra sem notuðu leitarvélar sagðist ýta á efsta valkostinn en unglingarnir töldu hann vera best til þess fallinn að svara spurningum þeirra.

Sumir hafa varað við þeirri þróun að unglingar leiti sér upplýsinga á netinu þar sem sum ráð sem má finna þar geti fremur skaðað en komið að gagni. Því er mælt með að foreldrar ræði vel við unglinga og bendi þeim á að skoða ávallt uppruna allra upplýsinga með gagnrýnum augum.

Unglingar eru þó ekki alveg fæddir í gær. Þannig kom í ljós í könnuninni að aðeins 14 prósent þeirra treystu síðum sem enduðu á .com miðað við 37 sem treystu .edu-endingu. Aðeins tíu prósent sóttu sér upplýsingar um heilsu af samskiptamiðlum á borð við Twitter og Facebook.

Skólaverkefni voru helsta ástæða þess að unglingar leituðu upplýsinga um heilsu á netinu en 45 prósent leituðu leiða til að bæta eigin heilsu. Aðrir leituðu meðal annars upplýsinga um sjúkdómseinkenni eða leituðu upplýsinga fyrir fjölskyldu og vini.

## LEITA FYRST Á GOOGLE

58 prósent sögðust yfirleitt byrja á því að slá leitarorð inn í Google. Helmingur þeirra sem notuðu leitarvélar sagðist ýta á efsta valkostinn.






# SUMARBOMBA

# 30-50%

**AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM**



COSMO
Kringlunni

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Lærðu að sigla seglskútu, kænu eða kjölbát. Námskeið fyrir börn og fullorðna. Sjá nánar inn á www.brokey.is

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS
4. september 1969
Félag allra hundeigenda

**VOFF.IS - NÝ HVOLPASÍÐA**
www.voff.is er hvolpasíða Hundaræktarfélags Íslands, þar geturðu fengið upplýsingar um got, ræktendur, tegundir ásamt greinum um hvolpauppeldi, allt á einum stað. Hundaræktarfélag Íslands stuðlar að góðri meðferð, aðbúnaði, uppeldi og heilsufari hvolpa. Leitaðu þér nánari upplýsingar á www.hrfi.is og www.voff.is



**GRINDARBÚR Á GÓÐU VERÐI**
Stærð 61 cm verð 6.990,-
Stærð 76 cm verð 8.990,-
Stærð 91 cm verð 10.990,-
Stærð 107 cm verð 12.990,-
Stærð 122 cm verð 14.990,-
Dýraland Mjódd s.587-0711
Dýraland Kringlan 7 s.588-0711
Dýraland Spöngin 23 s.587-0744

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
gsm 777 1313

leiga@leiguherbergi.is

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Atvinnuhúsnæði

**150 FERMETRA IÐNAÐARHÚSNÆÐI Í VESTURBÆ KÓPAVOGS TIL LEIGU Á HAGSTÆÐU VERÐI.**

Góð lofthæð og stórar innkeyrsludyr. Góð staðsetning á miðju höfuðborgarsvæðinu.

Nánari upplýsingar á hofudborgin@hofudborgin.is

**GARÐATORG - 1. HÆÐ**
Hagstæð leiga. 115 fm Verslunar-/Skrifstofurými á fyrstu hæð. Hentar í ýmiskonar starfsemi. Góð staðsetning og gott ástand eignar. Aðgengi að framan og að aftan. S 615-4077

**MEÐLEIGJANDI ÓSKAST AÐ ATVINNUHÚSNÆÐI !**
Í 106fm rými uppá Höfða, innkeyrsludyr og port, wc. Laust 1. júlí. Uppl. í s. 898 4202 og baldur@btverk.is

## Geymsluhúsnæði

**SUMARTILBOÐ**
**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting



**VILTU STÖKKVA Í SÓLINA ?**
Vel staðsett einbýlishús til leigu á Spáni (Alicante svæðinu) með stórum garði og einkasundlaug. Svefnpláss fyrir allt að 8 manns Laust 17.júní -5.júlí. Lamarinacosta@gmail.com S.5501200

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**LOFTORKA REYKJAVÍK EHF**
Óskar eftir vönum vélamönnum til malbikunarframkvæmda
Upplýsingar í síma 565 0875 eða 892 0525

**SMIÐIR ÓSKAST**
Þurfa að geta unnið sjálfstætt.
**G Verk sími 618 8100**

**FJALLSÁRLÓN EHF.**

**ÓSKAR EFTIR ÖFLUGUM STARFSMANNI**
Um er að ræða framsækið ferðaþjónustufyrirtæki sem sinnir siglingum með ferðamenn um Fjallsárlón, sem er um 50 km austan við Skaftafell. Gisting í boði.

Umsóknir óskast sendar á info@fjallsarlon.is. S: 6668006.

Vanur flakari óskast. Trained filletter needed. Erum í Hafnarfirði. Uppl. í s. 899 8033

Óskum eftir starfsfólki við þrif og herbergisþjónustu. Við nýtt hótel, Hótel Heiðmörk í Kópavogi. Uppl í S: 898 7510

Gröfumenn og verkamenn óskast. Uppl. í s. 899 1335

Óskum eftir að ráða dyraverði um helgar. 25 ára og eldri, bæði kyn Dyravarðarréttindi skilyrði Uppl. í síma 770 1516

**VÉLSTJÓRI ÓSKAST**
3000hö vélstjóri óskast til afleysinga í júlí. Umsóknir sendist á johann@bjorgun.is

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir duglegu starfsfólki í sumarvinnu. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

Ó.e. vönum mönnum í málningavinnu uppl. í s. 8203439

**UPPLAGT FYRIR SKÓLAFÓLK !**
Starfsfólk óskast í hlutastörf í sumar í bóka-, ritfanga- og leikfangaverslun. Umsóknir sendist í: strokledur123@gmail.com

Óskum eftir starfsfólki við þrif og herbergisþjónustu. Við nýtt hótel, Hótel Heiðmörk í Kópavogi. Uppl í S: 898 7510

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## til sölu

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

## fasteignir

BRÚ FASTEIGNASALA
Elísabet Agnarsdóttir Lögg fast.



Rúnar Þór Árnason
Sölufulltrúi
s: 690-0595
runar@brufast.is



Knútur Bjarnason
Sölufulltrúi
s: 694-4217
knutur@brufast.is

**Sælureitur í sveitinni**
**BÓKAÐU SKOÐUN UM HELGINA**



**SJÓN ER SÖGU RÍKARI**
Stærð: 95,4 fm. hús á einni hæð
Lóð: 6.600 fm. eignarland
Staður: Nærri Reykholti í Bláskógarbyggð
Steyptur sökkull, stór pallur, heitur pottur, hitaveita og gróðursælt land. **Verð 28,9 millj.** Nánari uppl. veita Knútur & Rúnar

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**
KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS




**Langalína 7 - 210 Garðabæ**
Mjög falleg 116 m2, 3-4ra herbergja endaíbúð á fyrstu hæð ásamt bílastæði í bílageymslu og timburverönd í lyftuhúsi. Ca. 100m2 sérafnotagarður þar af 33m2 viðarpallur í vestur. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofugang, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Fallegar innréttingar og gólfefni. V. 39,9 m. Allar nánari upplýsingar veitir Svanþór í síma 698-8555.

**Einar Páll Kjærnested Löggiltur fasteignasali**

## fasteignir

# Klapparstígur 11
101 Reykjavík
Sjávarútsýni, svalir og eignarlóð.

**Stærð: 67,1 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1908**
**Fasteignamat: 22.250.000**

RE/MAX Senter








**Mánudaginn 15.júní frá kl. 17:30-18:30**

**Verð: 27.000.000**

RE/MAX Senter og Ingunn kynna: Íbúð á 2-hæð með sjávarútsýni og suðursvölum á eignarlóð í þessu fallega húsi á horni Klapparstígs og Lindargötu. Tilvalin eign fyrir fjárfesta.
Eignin skiptist í: 2 stofur, herbergi, eldhús, baðherbergi m/sturtu, svalir, sér geymslu og sameiginlegu þvottahúsi.
Íbúðin var áður 2ja herbergja og búið er að bæta 3ja herberginu við á teikningu.

Ingunn H Nielsen
Sölufulltrúi
611 6007
ingunn@remax.is



Vigdís Rós.
Lögg. fasteignasali
414 4700
vigdis@remax.is



**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

FÉKKSTU EKKI BLAÐIÐ Í MORGUN? KOM ÞAÐ OF SEINT?
Vinsamlegast láttu vita í gjaldfrjálst númer **800 1177** eða á **dreifing@postdreifing.is**
Póstdreifing
Hjálpaðu okkur að bæta þjónustuna.
Blaðið á að berast þér fyrir kl. 7:15 virka morgna og 8:15 á laugardögum
FRÉTTABLAÐIÐ

# Þingvellir / Nesjar




Afar fallegt og glæsilegt sumarhús í landi Nesja v. Hestvík, með stórfenglegu útsýni.

Húsið er skráð 64 fm hjá Fasteignamati og er á rúmlega 3500 fm eignarlandi

Fjögur svefnherbergi, stofa með miklu útsýni.

Skógi vaxið land sem er afar skjólsælt

Nánari upplýsingar veitir
**Jón Rafn Valdimarsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

**Fleiri myndir ásamt GoPro loftmynd má sjá á söluskrá www.miklaborg.is**

Verð: **28,5 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

# Kotvöllur

**Rangárþing Eystra**




Fallegt 4 hektara skógi vaxið land sem er vel skipulagt og undirbúið fyrir ýmis konar rækt.

Á landinu er rúmlega 90 fm sumarhús, gróðurhús, hænsnakofi og geymslur.

Yfir 22000 plöntur eru á landinu og tækifæri á að bæta við húsakosti.

Tilvalið fyrir einstaklinga jafnt sem ferðatengda þjónustu. Fljótshlíðin, jökullinn, Eyjarnar og Hekla eru í grennd.

Nánari upplýsingar veitir
**Jón Rafn Valdimarsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

**Fleiri myndir ásamt GoPro loftmynd má sjá á söluskrá www.miklaborg.is**

Verð: **47,5 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

Sundagörðum 2
Sími: 533-4800
www.midborg.is

MIÐBORG fasteignasala

Björn Þorri Viktorsson
Hrl. og lögg. fasteignasali

# Rauðalækur 69

**OPIÐ HÚS SUNNUD. Á MILLI 15.00 OG 15.30**




Glæsileg og mikið endurnýjuð 5 herbergja sérhæð á eftirsóttum stað í Reykjavík. Hús nýlega viðgert og steinað. Búlskúr fylgir eigninni. Topp eign á góðum stað. Stærð 153,4 fm. **V. 49,9m.**
Uppl. Gylfi S. 822-0700




Sunnudaginn 14. júní
14:00 - 15:00




# Þingvað 61-81 • 110 Rvk

**Stærð húsa 205 - 225 fm**

Verð frá 63,4m til 65,9m

6 - 7 herbergja
Skilast fullbúin án megin gólfefna.
Fjölskylduvænt og rólegt hverfi
Leikvöllur á sameiginlegri lóð
Stutt í náttúruperlur og útivistarsvæði

Allar nánari upplýsingar veitir Ólafur í síma 820-0303




## Smáratún 4 • 225 Gbr

Fallegt og vel skipulagt 6 herbergja einbýli á tveimur hæðum auk bílskúrs í grónu hverfi á Álftanesi.

Skipti skoðuð á minni eign í Garðabæ

Uppl. veitir Einar Karl í síma 895-8525




## Lindarvað 8 • 110 Rvk

Fallegt efri sérhæð með bílskúr í vinsælu hverfi. Rúmgóð herbergi og gott skipulag. Stórar þaksvalir. Stutt í skóla.

OPIÐ HÚS MÁN 15. JÚN KL 17:30-18

Uppl. veitir Lárus í síma 823-5050




## Sandavað 3 • 110 Rvk

Glæsileg og vel staðsett 3ja herbergja íbúð með stæði í bílageymslu. Íbúðin er á jarðhæð og með hellulagðri verönd.

OPIÐ HÚS MÁN 15. JÚN KL 17:30-18

Uppl. veitir Einar Karl í síma 895-8525




## Tjarnarbrekka 7 • 225 Gbr

Fallegt og vel skipulagt einbýlishús á tveimur hæðum á góðum stað á Álftanesi. Glæsilega innréttað.

Frábært fjölskylduhús

Uppl. veitir Einar Karl í síma 895-8525

DRAUMAHÚS
Lárus Óskarsson, löggiltur fasteignasali
414-4466 / 823-5050


# Capacent Ráðningar

Umsækjendur og atvinnurekendur • **www.capacent.is**

capacent

# Tekjur orkutengdra verkefna meiri utan Íslands

**Mannvit** sinnir fjölbreyttum verkefnum á sviði jarðhitaþróunar víða um heim. Velta í erlendum verkefnum tengdum orku hefur aukist undanfarin ár hjá fyrirtækinu og stefnt er að því að auka erlenda starfsemi þess enn frekar samhliða því að bæta þjónustu hér á landi.

Unnið hefur verið að því undanfarin ár að auka erlenda starfsemi Mannvits samhliða því að bæta þjónustuna við íslenska markaðinn. „Þetta helst í hendur og vöxtur erlendis tryggir viðskiptavinum okkar á Íslandi aðgang að enn meiri sérfræðiþekkingu,“ segir Árni Magnússon, framkvæmdastjóri orku. Hann bætir við að þegar árangur utan Íslands náist séum við í aðstöðu til að halda í okkar færustu sérfræðinga á sviði jarðhitanýtingar. „Samstarf fyrirtækjanna í jarðhitaklasanum hefur svo þau áhrif að við stöndum betur að vígi gagnvart erlendri samkeppni sem er býsna hörð. Á undanförnum árum hafa tekjur af orkutengdum verkefnum farið minnkandi innanlands. Á sama tíma hefur okkur hins vegar tekist að auka þjónustuna erlendis. Í heildina séð hefur velta í orkunni því aukist og árið 2014 hafa tekjur okkar í fyrsta skipti verið meiri utan Íslands. Það er jafnframt ánægjulegt að bygging Þeistareykjavirkjunar sé komin af stað og við vonum að það sé meira fram undan.“

## Frá jarðvísindum og borráðgjöf til virkjunarhönnunar

Árni segir að helstu styrkleikar Mannvits séu þeir að þar sé að finna sérþekkingu og reynslu á öllum sviðum jarðhitaþróunar á einum stað. „Þá á ég við þekkingu á sviði umhverfis- og jarðfræðirannsókna, borráðgjafar, virkjunarhönnunar, verkefnastjórnunar, eftirlits- og rekstrarráðgjafar. Þannig getum við annast alla þætti jarðhitanýtingar frá upphafi til enda. Með samspili Mannvits og dótturfélaga þess, Vatnaskila, LWRC í Bretlandi, Mannvits í Ungverjalandi og GTN í Þýskalandi, getur félagið tryggt faglega þjónustu á öllum sviðum jarðvarma. Hvert félag býr yfir tiltekinni sérþekkingu og saman mynda þau afar sterka heild,“ bætir hann við.

## Mannvit í fremstu röð

Ísland er mikilvægasti markaður Mannvits að sögn Árna en fyrirtækið er líka í fjölbreyttum verkefnum annars staðar í heiminum. „Eitt þeirra er svokallað EGS-rannsóknarverkefni í Ungverjalandi sem Evrópusambandið styrkti og mun líklega skipa Mannviti í fremstu röð tækni- og þekkingarfyrirtækja sem beita sér fyrir nýsköpun í nýtingu jarðvarma. Verkefni sem við vinnum í Afríku og Asíu eru virkilega spennandi og þar eru mikil tækifæri í jarðhitanum,“ segir Árni.

Mannvit er ráðgjafi eigenda í nokkrum virkjunum í Afríku. Eitt verkefnanna sem kemur til með að skipta verulegu máli til framtíðar að mati Árna er tæknileg ráðgjöf við jarðhitasjóð Geothermal Risk Mitigation Facility (GRMF) sem er fjármagnaður af þýskum og alþjóðlegum þróunarbönkum. „Sjóðnum er ætlað að aðstoða fyrirtæki á fyrstu skrefum jarðhitaverkefna og stuðla þannig að aukinni nýtingu á jarðhita um alla Austur-Afríku. Í Asíu komum við að hönnun og undirbúningi á jarðhitavirkjun á Biliraneyju í Filippseyjum fyrir Orku Energy og í Suður-Ameríku og Karabíska hafinu eru verkefni sem lofa góðu.“



Árni segir aukna starfsemi Mannvits erlendis tryggja viðskiptavinum hérlendis aðgang að meiri sérfræðiþekkingu. MYND/GVA




Sérfræðingar Mannvits leysa fjölbreytt verkefni í jarðvísindum, umhverfismálum, borun, áætlanagerð, vélaverkfræði, þróun tæknilausna og verkefnastjórn. Áratugareynsla og þekking skilar viðskiptavinum okkar traustri ráðgjöf á sviði orku, iðnaðar og mannvirkjagerðar samkvæmt ströngustu gæðakröfum.

MANNVIT

# Víða eru tækifæri til fjölnýtingar

**Bjarni Pálsson,** deildarstjóri virkjanadeildar hjá Landsvirkjun, segir að nýta megi efni sem falla til við jarðvarmavirkjanir á fjölbreyttan máta. Dæmin hafi sýnt að ýmiss konar framleiðsla og iðnaður geti sprottið út frá virkjunum og Landsvirkjun vinni stöðugt að því að kortleggja möguleika á fjölnýtingu. Á Þeistareykjum fellur meðal annars til heitt skiljuvatn, kísill og gastegundir.

Þeistareykjavirkjun er sett á laggirnar fyrst og fremst til að framleiða rafmagn en að auki fellur til varmi og skiljuvatn, sem í eru ýmis áhugaverð efni eins og kísill og einnig gastegundir," segir Bjarni Pálsson, deildarstjóri virkjanadeildar hjá Landsvirkjun.

Hann segir Landsvirkjun stöðugt vinna að því að kortleggja fleiri möguleika á nýtingu þeirrar orku og efna sem til falla við virkjanagerð. Margþættir möguleikar séu víða fyrir hendi.

„Við höfum verið að kortleggja möguleika á fjölnýtingu almennt fyrir allar virkjanir sem Landsvirkjun er með, ýmist í rekstri eða í undirbúningi, þó sérstaklega jarðhitavirkjanirnar. Erfitt er að kortleggja hverjir nýtingarmöguleikarnir nákvæmlega gætu orðið í þeim virkjunum sem ekki er búið að reisa þar sem við vitum ekki nákvæmlega hvað kemur upp með gufunni fyrr en allar holur hafa verið boraðar. Efnafræðilega eru tækifærin mikil en að láta hlutina ganga upp fjárhagslega er ekki alltaf í hendi," útskýrir Bjarni.

### Meta þarf sérstöðu hvers svæðis

Framkvæmdir eru hafnar við Þeistareyki og til stendur að byggja virkjunina upp í áföngum á komandi árum. Bjarni segir Þeistareykjavirkjun hafa þá sérstöðu að lágt hlutfall af gastegundum er í vatninu.

„Það er gott hvað varðar brennisteinsmengun og losun á koldíoxíði. Ef hægt er að beisla koldíoxíðið er hægt að gera ýmislegt við það, hreinsa og nota beint í gosdrykkjaframleiðslu eða í gróðurhúsum, en koldíoxíði er oft úðað inn í gróðurhús til að örva vöxt."

Þá væri einnig hægt að horfa til eldsneytisframleiðslu að sögn Bjarna. Krafan um umhverfisvæna orku verður sífellt háværari.

„Með síbreytilegu viðskiptaumhverfi geta viðskiptatækifæri sem ekki líta vel út á ákveðnum tímapunkti orðið áhugaverðari. Sérstaklega ef horft er til hækkandi eldsneytisverðs í heiminum. Það er orðið spennandi að líta til innlendrar orkuframleiðslu. Við hjá Landsvirkjun erum sérstaklega áhugasöm um rafbílavæðingu en það er meira. Það fellur til dæmis til vetni og koldíoxíð í jarðhitavirkjunum, það má hugsanlega blanda þessu saman. Sjálfur hef ég trú á að rafbílavæðingin aukist hér á landi. Það er þegar búið að dreifa rafmagni um allt land og tiltölulega lítið mál að setja upp rafhleðslustöðvar."

### Kröfluvirkjun gott dæmi um fjölnýtingu

Með Kröfluvirkjun hefur verið horft til fjölnýtingar. Þar fellur til tiltölulega hátt hlutfall koldíoxíðs sem er það efni sem notað er í eldsneytisframleiðslu.

Hvað varðar jarðhitaauðlindina segir Bjarni Kröfluvirkjun heppilegan stað fyrir slíkt. En á móti komi þó að virkjunin stendur fjarri stærsta markaðssvæðinu, sem er suðvesturhornið.

„Það þarf að kortleggja bæði styrkleika og veikleika miðað við staðsetningu hverrar virkjunar fyrir sig," segir Bjarni.

„Í Bjarnarflagi hefur virkjun verið síðan 1963. Á árum áður var raforkuframleiðslan aukabúgrein og gufan fyrst og fremst nýtt til að þurrka kísilgúr í Kísiliðjunni, að framleiða vikurplötur, kynda hitaveitu og síðustu árin hefur skiljuvatnið sem fellur til verið nýtt í baðlón. Þetta er dæmi um þegar fjölþætt nýting vindur upp á sig. Vegna þess að virkjunin er nálægt byggð og þjóðvegi 1, sem opinn er allan ársins hring, liggja áhugaverð tækifæri til nýta orkuna í iðnað eða í eitthvað sambærilegt við það sem sem gert er í Svartsengi.

Sérstaða jarðhitavökvans í Bjarnarflagi er að í honum er hátt hlutfall af vetni og þegar horft var til þess að hugsanlega vetnisvæða ökutæki á Íslandi var mjög litið til þessa svæðis. Við hjá Landsvirkjun erum tilbúin til að skoða frekari nýtingu með áhugasömum aðilum."



Bjarni Pálsson, deildarstjóri virkjanadeildar, vill stuðla að fjölbreyttari starfsemi í kringum virkjanir Landsvirkjunar. Tækifærin leynist víða. MYND/GVA

### Íslendingar feti framar

„Víða um heim er horft til þess hvernig hámarka megi ábatann af jarðhitavinnslu en það er enginn kominn eins langt og Íslendingar með Svartsengi. Þar tel ég að við stöndum framar öllum öðrum," segir Bjarni.

„Á Þeistareykjum er einnig mikil náttúrufegurð og fáir sem hafa komið á þetta svæði. Með virkjun batna samgöngur og þar gætu leynst tækifæri varðandi ferðamennsku. Það er víða hægt að gera miklu meira en við höfum verið að gera hingað til og við hjá Landsvirkjun viljum stuðla að fjölbreyttari starfsemi í kringum virkjanirnar okkar."



# Verkís í fararbroddi við hönnun vatnsafls- og jarðvarmavirkjana

**Verkfræðistofan Verkís** hefur komið að hönnun allra jarðvarmavirkjana á Íslandi og hannað flestar hitaveitur á landinu. Þá teygja verkefni Verkís sig um allan heim. **Páll R. Guðmundsson,** sviðsstjóri Orkusviðs, segir Verkís vænta mikils af klasasamstarfi í jarðvarma.


Holutoppsvirkjun GEG í Kenýa. MYND/LÝÐUR SKÚLASON

Verkfræðistofan Verkís er einn af stofnaðilum klasasamstarfs í jarðvarma og tekur þátt í samstarfsverkefnum sem unnið er að innan hópsins. „Verkís væntir mikils af klasasamstarfinu og vonast til að með öflugum jarðvarmaklasa á Íslandi og nánara samstarfi fyrirtækja á þessu sviði, geti fyrirtækið styrkt samkeppnishæfni sína og getu til að takast á við stór erlend verkefni á sviði jarðvarmanýtingar," segir Páll R. Guðmundsson, sviðsstjóri hjá Verkís, elstu verkfræðistofu landsins.

Fyrirtækið rekur uppruna sinn til ársins 1932 en Verkís var stofnað árið 2008 með samruna fimm fyrirtækja. Árið 2013 sameinuðust síðan Verkís og Almenna verkfræðistofan undir nafni Verkís.

### Verkís hefur komið að hönnun allra jarðvarmavirkjana á landinu

Verkís og forverar eiga langa sögu í ráðgjöf vegna virkjana og orkumannvirkja en fyrirtækið hefur í áratugi verið í fararbroddi í undirbúningi og hönnun vatnsaflsvirkjana á Íslandi.

„Í vatnsaflsvirkjunum höfum við komið að nýbyggingum síðan 1936, samanlagt afl yfir 1.400 MW, og að endurbyggingu vatnsaflsvirkjana síðan 1989, samanlagt afl um 1.200 MW," útskýrir Páll.

Þá hefur Verkís yfirgripsmikla þekkingu í jarðhita sem byggð er á langri reynslu á sviði jarðvarmavirkjana og hitaveitna. Verkís hefur komið að hönnun allra jarðvarmavirkjana á Íslandi og nánast öllum hitaveitum á landinu.

„Ráðgjöf við jarðvarmavirkjanir hófst árið 1976 með undirbúningi að virkjunum í Svartsengi og Kröflu og hafa slík verkefni verið nær óslitið síðan, nú síðast með vinnu við orkuver á Hellisheiði, á Reykjanesi, í Svartsengi og fyrir norðan á Þeistareykjum. Frá árinu 1962 hefur Verkís og forverar verið aðalhönnuðir hitaveitu á höfuðborgarsvæðinu."




Tvívökvavirkjun Atlas-Copco í Tyrklandi.

### Stór orkuverkefni Verkís víða um heim

Orkuverkefni Verkís erlendis hafa verið á sviði jarðvarma og vatnsorku. Þau markaðssvæði sem Verkís er einkum að vinna á í jarðvarma eru Kenýa og Tyrkland.

„Í Kenýa höfum við síðan 2010 unnið fyrir Green Energy Group (GEG) að þróun og útfærslu holutoppsvirkjana en holutoppsvirkjanir eru litlar jarðvarmavirkjanir, 3-10 MW, með eimsvala og kæliturni, staðsettar við borholur. Kostur slíkra virkjana er að þær koma í stöðluðum einingum og má reisa þær á skömmum tíma með litlu raski á umhverfi öðru en því sem hlýst af borun. Green Energy hefur sett upp 10 stöðvar með 13 vélum og er að fara að setja upp 5 til viðbótar og fleiri eru í undirbúningi," segir Páll.

Annað stórt verkefni Verkís í Kenýa um þessar mundir er ráðgjöf og hönnun vegna 35 MW jarðvarmavirkjunar í Menengai. „Þar er okkar verkkaupi alþjóðlegt orkufyrirtæki sem hefur tekið að sér að fjármagna, reisa og reka virkjunina en kenýska ríkisfyrirtækið GDC annast gufuöflun og rekstur jarðhitasvæðisins," segir Páll.

> **Annað áhugavert verkefni síðustu misserin er kennsla þar sem við höfum sent sérfræðinga til að kenna á sérhæfðum námskeiðum í jarðvarma.**
>
> *Páll R. Guðmundsson, sviðsstjóri hjá Verkís*

„Á árunum 2011 og 2012 vann Verkís ásamt öðrum íslenskum fyrirtækjum að mati á jarðhitasvæðinu Olkaria og í framhaldi af því hagkvæmnisathugun fyrir 5 jarðvarmavirkjanir, sem samtals eru 500 MW að stærð. Önnur verkefni í Kenýa hafa verið smærri og eru það þá einkum verkefni á sviði frumhönnunar, hagkvæmnisathuganir og mat á virkjunarkostum fyrir ýmsa aðila.

Í Eþíópíu erum við að vinna fyrir Reykjavík Geothermal og fleiri í samvinnu við Mannvit við uppbyggingu jarðvarmavirkjunar í Corbetti. Þar er í gangi mjög metnaðarfull áætlun um stóra jarðgufuvirkjun."

### Verkefni í Tyrklandi, Kína og Suður-Ameríku

Í Tyrklandi er mikill jarðhiti að sögn Páls og síðustu ár hefur Verkís þjónustað Atlas Copco, sem byggir þar meðal annars stóra tvívökvavirkjun. Í því verkefni hefur Verkís einkum aðstoðað við uppkeyrslu og rekstur ásamt hönnun á afldreifikerfi.

Önnur verkefni í Tyrklandi hafa verið frumhönnun og úttektir vegna orkuvinnslu og hitaveitna fyrir einkaaðila og lánastofnanir.

Í Suður-Ameríku hefur Verkís rekið útibú í Síle ásamt ÍSOR og unnið við ýmis verkefni í Síle, Mið-Ameríku og Karíbahafi eins og í El Salvador, á Dóminíku, Guadeloupe og St. Vincent.

Frá 1995 hefur Verkís komið að og veitt ráðgjöf vegna uppbyggingar hitaveitna í Kína. Fyrst fyrir Enex China og síðan Orku Energy og Shanaxi Green Energy. Verkefnin hafa fyrst og fremst verið forathuganir, ráðgjöf, eftirlit og áreiðanleikaskoðun og hafa verið unnin hér heima og í Kína.

### Sérhæfð námskeið í jarðvarma

„Annað áhugavert verkefni síðustu misserin er kennsla þar sem við höfum sent sérfræðinga til að kenna á sérhæfðum námskeiðum í jarðvarma. Þessi námskeið hafa verið haldin m.a. í Níkaragva, Eþíópíu, Kenýa og víðar," segir Páll.

### Markaðssvæði Verkís í vatnsorku

Í vatnsorku hafa markaðssvæði Verkís einkum verið Grænland, Georgía, Tansanía og Noregur.

Á Grænlandi rekur Verkís útibú og sinnir ýmsum verkefnum. Verkís annaðist ráðgjöf til Ístaks við byggingu þriggja vatnsaflsvirkjana. Verkefni Verkís í þessum virkjunum var hönnun byggingarvirkja, vél-, raf- og stjórnbúnaðar og aðstoð við uppkeyrslu og prófanir.

Í Georgíu er mikið að gerast í vatnsafli að sögn Páls og Verkís hefur unnið að mörgum verkefnum þar undanfarin ár.

„Okkar stærsta verkefni í Georgíu er hönnun Dariali-virkjunar sem er 108 MW þar sem við erum í samstarfi við Landsvirkjun Power og heimamenn. Hlutverk Verkís í því verkefni er verkhönnun, útboðshönnun og fullnaðarhönnun. Virkjunin er í byggingu og verður fullbúin vorið 2016.

Önnur verk í Georgíu eru smærri og hafa þau einkum verið frum- og hagkvæmnisathuganir á virkjunarkostum," útskýrir Páll.

„Í Tansaníu erum við að vinna að vatnsorkuverkefnum með Landsvirkjun Power sem er endurnýjun á búnaði í 5 vatnsaflsvirkjunum. Við höfum einnig unnið að mörgum vatnsorkuverkefnum í Noregi síðustu ár í samstarfi við norsk fyrirtæki og ein sér."

Nánari upplýsingar er að finna á **www.verkis.is**

# Merkilegar ráðstefnur fram undan

Tvær stórar alþjóðlegar ráðstefnur á sviði jarðvarma verða haldnar hér á landi á næstu árum. Iceland Geothermal Conference verður haldin á næsta ári en þar verður fókusinn á fjölnýtingu jarðvarma. Alheimsráðstefna jarðvarmans verður síðan haldin hér eftir fimm ár.

Íslendingar eiga stóran þátt í tveimur alþjóðlegum ráðstefnum á sviði jarðvarma sem haldnar verða hér á landi á næstu árum. Sú fyrri verður haldin á næsta ári og ber heitið Iceland Geothermal Conference (IGC 2016) en sú síðari ber heitið World Geothermal Congress (WGC 2020) og fer fram árið 2020. Aðkoma Íslendinga að skipulagi ráðstefnanna sýnir vel hversu framarlega þjóðin stendur á sviði jarðvarmavísinda að sögn Rósbjargar Jónsdóttur, viðburðastjóra hjá Iceland Geothermal-klasasamstarfinu, enda sé hér á landi að finna marga af fremstu sérfræðingum heims á þessu sviði. „IGC-ráðstefnan er eitt þeirra stóru verkefna sem Iceland Geothermal-klasasamstarfið stendur fyrir. Samstarfið hófst haustið 2009 og var fyrsta ráðstefnan haldin 2010, þegar Michael Porter prófessor og sérfræðingar hans hjá Harvard Business School kynntu kortlagningu Íslenska jarðvarmaklasans í samvinnu við ráðgjafarfyrirtækið Gekon. Markmið þessarar kortlagningar var að draga fram hvernig hægt væri að styrkja innviði atvinnugreinarinnar hér á landi.“

Ráðstefnan fór fram fyrir fullu Háskólabíói að sögn Rósbjargar en í kjölfarið hvöttu aðilar klasans til þess að byggt yrði á þessum grunni og sett á laggirnar alþjóðleg jarðvarmaráðstefna þar sem þekkingu og reynslu íslenskra sérfræðinga yrði komið á framfæri á heimavelli.

### Hámarksupplifun

„Ákveðið var að halda Iceland Geothermal Conference á þriggja ára fresti. Önnur ráðstefnan var haldin í mars 2013 og þóttist takast sérstaklega vel en hana sóttu 600 gestir af 40 þjóðernum. Þriðja ráðstefnan verður svo haldin í apríl á næsta ári þar sem fókusinn verður á fjölnýtingu jarðvarmans, sem er sérstaða Íslendinga.“

Að sögn Rósbjargar hafa nú þegar verið settir upp nokkrir hliðarviðburðir samhliða ráðstefnunni 2016 sem tryggir að vænta megi fjölda sérfræðinga alls staðar að úr heiminum til Íslands þessa vikuna. „Sérfræðingar sem við vinnum með við skipulagninguna kalla þetta frekar „jarðvarmavikuna á Íslandi“ en hefðbundna ráðstefnu. Reynt er að hámarka upplifun þátttakenda, faglega og félagslega, skapa þeim ný viðskiptatækifæri og möguleika á að efla þau sem fyrir eru, auk þess að ná að upplifa auðlindina af eigin raun. Vettvangsferðir eru þess vegna afar mikilvægur liður í dagskrá ráðstefnunnar.“



„Reynt er að hámarka upplifun þátttakenda, faglega og félagslega, skapa þeim ný viðskiptatækifæri og möguleika á að efla þau sem fyrir eru,“ segir Rósbjörg Jónsdóttir, viðburðastjóri hjá Iceland Geothermal-klasasamstarfinu. MYND/VALLI

Rósbjörg segir sérstöðu ráðstefnunnar ekki síst felast í nálægðinni við auðlindina, greiðum aðgangi að íslenskum jarðhitasvæðum og sérfræðingum, sérvöldum fyrirlesurum hvaðanæva að úr heiminum sem tryggja gæði ráðstefnunnar og fyrsta flokks aðstöðu. „IGC-ráðstefnurnar hafa stuðlað að því að Ísland er orðið vettvangur fyrir umræðu á sviði jarðvarma á heimsvísu. Með það að leiðarljósi er ljóst að við sjáum að þessi viðburður þróist í takt við þau málefni sem snerta jarðvarmageirann hverju sinni og tekið verður á þeim með markvissum hætti.“


Ísland tók formlega við umboðinu til að halda World Geothermal Congress fyrr á árinu. MYND/ÚR EINKASAFNI

### Hnepptu hnossið

World Geothermal Congress (WGC 2020) er alheimsráðstefna jarð-




# Í nútímaþjóðfélagi þurfa allir að hafa aðgang að rafmagni



Við flytjum rafmagn


ATHYGLI-06-2015

LANDSNET

Landsnet // Gylfaflöt 9 // 112 Reykjavík // Sími 563 9300 // landsnet@landsnet.is // landsnet.is // @Landsnethf



Nemendur frá 58 löndum hafa sótt nám við Jarðhitaskólann. MYND/JARÐHITASKÓLINN

## Útflutningur þekkingar

Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna hefur aðsetur í Reykjavík en skólinn var stofnaður árið 1979. Skólinn er rekinn af Orkustofnun samkvæmt sérstökum samningi við Háskóla Sameinuðu þjóðanna og hefur á þessu tímabili útskrifað 583 nemendur frá 58 löndum. Nemendur skólans hafa því flutt út dýrmæta þekkingu Íslendinga á þessu sviði og stuðlað um leið að uppbyggingu víða um heim í samstarfi við heimamenn.

Hlutverk Jarðhitaskólans hefur alla tíð verið að veita ungum sérfræðingum frá þróunarlöndum sérhæfða þjálfun í rannsóknum og nýtingu jarðhita. Fyrir vikið er skólinn mikilvægt framlag í þróunaraðstoð Íslendinga. Fyrstu árin voru Kínverjar fjölmennir í hópi nemenda en undanfarin ár hefur fjölmennasti hópur nemenda komið frá Austur-Afríku, þá helst Kenýa, en það land var það fyrsta sem náði 100 nemenda fjöldanum á síðasta ári.

Nemendur sem sækja skólann þurfa að vera frá þróunarlöndunum, hafa lokið háskólagráðu og unnið í eitt ár við jarðhita. Einnig verða þeir að vera yngri en 40 ára og tala ensku. Að námi loknu snúa þeir til baka til heimalands síns og eru skyldugir til að vinna í þrjú ár við ríkisrekin orkufyrirtæki og miðla þannig þekkingunni til baka inn í viðkomandi samfélag.

Síðasta útskrift var í október á síðasta ári en þá útskrifuðust 29 nemendur frá 14 löndum. Í dag eru 30 nemendur við nám í Jarðhitaskólanum frá 15 löndum en útskrift þeirra er áætluð í október á þessu ári.




Kjartan Eiríksson, framkvæmdastjóri Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., Kadeco, segir tækifærin mörg til uppbyggingar á Reykjanesi.

MYND/VALLI

# Ásbrú öflugt samfélag mennta og rannsókna á Reykjanesi

**Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf., Kadeco,** sérhæfir sig í fasteignaþróun, verkefnum sem auka samkeppnishæfni fyrirtækja á Reykjanesi og verkefnum sem efla frumkvöðlamenningu á Reykjanesi. Kadeco leiðir meðal annars uppbyggingu fyrrverandi varnarsvæðis til borgaralegra nota, svæðis sem nú heitir Ásbrú. Félagið er í eigu fjármálaráðuneytisins.

Hugmyndafræði Kadeco byggir á því að skapa á Ásbrú einstakt samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs þar sem aðilar koma saman og skapa nýjar lausnir og ný tækifæri," segir Kjartan Eiríksson, framkvæmdastjóri Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., Kadeco.

Þróunarfélagið sérhæfir sig í fasteignaþróun, verkefnum sem auka samkeppnishæfni fyrirtækja á Reykjanesi og verkefnum sem efla frumkvöðlamenningu á svæðinu og frá árinu 2006 hefur Kadeco leitt þróun og uppbyggingu varnarsvæðisins með ákveðna sýn að leiðarljósi.

Sú sýn byggir á helstu styrkleikum svæðisins, klösum tengdum heilsu, tækni og flugi og flugtengdri starfsemi þar sem stór nýsköpunarverkefni mynda kjarna að atvinnuuppbyggingu og skapa grundvöll fyrir smærri fyrirtæki. „Hryggjarstykki þessara klasa er svo öflugt mennta- og rannsóknarsamfélag þar sem fyrsta þróunarverkefni Kadeco, menntafyrirtækið Keilir, leikur stórt hlutverk. Markmið Kadeco og Keilis eru beintengd og mun sérhæft hlutverk Keilis verða drifkraftur vaxtar svæðisins í framtíðinni," útskýrir Kjartan.

### Tækifæri við alþjóðaflugvöll

Lega Ásbrúar við stóran alþjóðaflugvöll skapar tækifæri fyrir uppbyggingu margháttaðrar þjónustustarfsemi í tengslum við flug og flugsækna starfsemi. Að sögn Kjartans er horft til erlendra verkefna sem skilað hafa árangi.

„Með skýrri stefnumörkun, meðal annars að erlendri fyrirmynd, er hægt að innleysa þessi tækifæri og breyta þeim í verðmæta hagvaxtarvél sem mun opna nýjar gáttir fyrir íslenskt atvinnulíf. Það sem skipulega hefur verið staðið að slíkri uppbyggingu erlendis hefur náðst mikill árangur í uppbyggingu atvinnulífs og efnahagsumsvifa," segir Kjartan.



Frumkvöðlafyrirtækið geoSilica sem er til húsa í frumkvöðlasetrinu á Ásbrú er annað glæsilegt fyrirtæki í heilsuklasa Ásbrúar.

> **Með skýrri stefnumörkun, meðal annars að erlendri fyrirmynd, er hægt að innleysa þessi tækifæri og breyta þeim í verðmæta hagvaxtarvél.**

### Gagnaver og heilsutengd framleiðsla meðal verkefna

Ásbrú er í lykilaðstöðu til að laða að sér ábatasaman gjaldeyrisaflandi iðnað, svo sem gagnaver og heilsutengda framleiðslu og þjónustu. Rekstur gagnavera mun aðeins koma til með að aukast á heimsvísu ásamt eftirspurn eftir grænni orku að sögn Kjartans.

„Uppbygging gagnavera á Ásbrú er í örum vexti og starfa nú fjögur af fimm gagnaverum á landinu á Ásbrú. Þar á meðal er fyrsta gagnaverið á Ásbrú og jafnframt stærsta gagnaver landsins, Verne Global, sem nýlega lauk við hlutafjáraukningu fyrir tæplega 13 milljarða króna. Með því er ætlað að auka afkastagetu gagnaversins og útvíkka þjónustuframboð þess vegna vaxandi eftirspurnar."



Ásbrú er í lykilaðstöðu til að laða að sér ábatasaman gjaldeyrisaflandi iðnað svo sem gagnaver og heilsutengda framleiðslu og þjónustu.

### Forskot Íslands á forsendum hreinleika og grænna lausna

Markaðir tengdir heilsu eru í örum vexti á sama tíma og þeir eru að miklu leyti ómótaðir. Þekkingin í þessum geira er ekki bundin ákveðnum heimssvæðum eða fyrirtækjum og segir Kjartan Ísland hafa tækifæri til að skapa sér samkeppnisforskot á forsendum hreinleika og grænna lausna.

„Opnun og stækkun á örþörungaverksmiðju Algalífs á Ásbrú er vistvæn nýsköpun, og stór og mikilvægur áfangi í heilsutengdri uppbyggingu á svæðinu. Algalíf beitir nýrri tækni við ræktun örþörunga og starfar á hratt stækkandi næringarlyfjamarkaði með miklum vaxtartækifærum. Hagstæð skilyrði, svo sem hreinleiki umhverfisins ásamt kostnaði við raforku og vatn, er lykilþáttur í þróun og rekstri fyrirtækja sem þessa og þar liggur sérstaða Íslands."

„Frumkvöðlafyrirtækið geoSilica sem er til húsa í frumkvöðlasetrinu á Ásbrú er annað glæsilegt fyrirtæki í heilsuklasa Ásbrúar. Fyrirtækið framleiðir hágæða kísilríkar heilsuvörur úr affallsvatni jarðvarmavirkjana á Íslandi. Stofnendur fyrirtækisins eru fyrrverandi nemendur Keilis og var lokaverkefni þeirra upphaf þessa áhugaverða fyrirtækis."

### Stuðningur við uppbyggingu lykilatriði

Með þessum áherslum hefur skapast grundvöllur fyrir atvinnuþróun á svæðinu sem annars hefði ekki komið til. Kjartan segir stuðning við áframhaldandi uppbyggingarstarf menntunar og rannsókna lykilatriði í uppbyggingu svæðisins.

„Tenging Keilis við atvinnulífið er mikilvægur þáttur í að laða að erlenda fjárfestingu á Ásbrú og liður í því að grípa tækifærin sem flugvöllurinn skapar í alþjóðlegu umhverfi. Með samstilltum strengjum þessara þátta náum við að fjárfesta í samfélagi framtíðarinnar."

# Jarðhitasvæði, vatnsaflsvirkjanir og auðlindagarður í Níkaragva

Skrifað var undir rammasamning um jarðhitaverkefni í Níkaragva í nóvember í fyrra. Iceland Geothermal Power Nicaragua (IGPN) vinnur nú að lokafrágangi samninga um verkefnið og fjármögnun þess. Rannsóknir hefjast síðar á þessu ári ásamt undirbúningi borverks.

Stjórnvöld í Níkaragva eru í samstarfi við íslenska aðila í jarðhitamálum og má segja að heimsókn í Auðlindagarðinn í Svartsengi hafi öðru fremur orðið þess valdandi að ákveðið var að velja íslenska aðila til samstarfsins fram yfir samstarf við önnur erlend fyrirtæki sem eftir því höfðu leitað. Íslendingar hafa unnið að jarðhitamálum í Níkaragva í áratugi og eru þar vel kynntir. Paul Oquist, ráðherra þróunarmála í Níkaragva, kom til Íslands í júní í fyrra og heimsótti Auðlindagarðinn. Í framhaldinu kynnti ráðherrann hugmyndir Alberts Albertssonar, stjórnarformanns Jarðhitaklasans, fyrir Daniel Ortega, forseta Níkaragva. Eftir það var ákveðið að ganga til samstarfs við íslenska aðila.

## Iceland Geothermal Power Nicaragua stofnað um verkefnið

Í nóvember 2014 fór hópur fólks fyrir hönd íslenskra fyrirtækja og ráðherra orkumála, Ragnheiður Elín Árnadóttir, í heimsókn til Níkaragva. Þar var skrifað undir viljayfirlýsingu um orkuverkefnið sem nær yfir þrjú jarðhitasvæði, tvær minni vatnsaflsvirkjanir og auðlindagarð. Nú er unnið að lokafrágangi samninga og fjármögnun verkefnisins. Rannsóknir munu hefjast síðar á þessu ári. Íslandsstofa og Jarðhitaklasinn hafa aðstoðað verkefnið með margvíslegum hætti og stuðlað að framgangi þess.

„Um orkuverkefnið var stofnað sérstakt fyrirtæki, Iceland Geothermal Power Nicaragua S.A. eða IGPN," segir Kristján B. Ólafsson, hjá IGPN. Samstarfsaðili Kristjáns hjá IGPN, Örn Jóhannsson, segir félagið nú vera að leggja lokahönd á samningagerð og fjármögnun verkefnisins. „Horft er til 300 megavatta í uppsettu afli til raforkuframleiðslu og verður það byggt upp í nokkrum skrefum, eftir því sem svæðin eða auðlindin leyfir. Upphaflega var ætlunin að semja við íslenskt fyrirtæki um að sjá um slíkt verkefni frá forrannsóknum til raforkusölu. Ekkert fyrirtæki á Íslandi hafði þó áhuga á að taka að sér það heildarverkefni. Þess í stað eru fyrirtækin tilbúin til þess að taka að sér einstaka verkþætti. Niðurstaðan varð því að stofna IGPN. Til langs tíma hljóta íslenskir aðilar og fyrirtæki að skoða nánar þann möguleika að stofna orkufyrirtæki sem taki að sér heildarlausnir að fjármögnun meðtalinni," segir Örn. Þar kunni að liggja ónýtt viðskiptatækifæri fyrir íslensk fyrirtæki og Jarðhitaklasann.

## Horft er til frumkvöðlastarfs í orkunýtingu á Reykjanesi

Hugmyndafræðin kringum Níkaragvaverkefnið er þannig að horft verður til fleiri þátta en einungis raforkuframleiðslu, sem nýtir aðeins um tíu prósent af frumorku. Leitað verður allra leiða til þess að nýta þá orku sem úr borholum kemur. „Í heiminum öllum er einungis að finna fyrirmyndina á Reykjanesi og horft verður til þess frumkvöðlastarfs. Auðlindagarð í Níkaragva þarf að útfæra og byggja upp í samvinnu og samstarfi við heimamenn. Því er mikilvægt að horfa til þess að íslensk þverfagleg þekking og reynsla geti nýst sem grunnur og við bætist samstarf sem báðir aðilar hafa gagn af. Íslensk fyrirtæki og sérfræðingar munu í fyrstu verða leiðandi við uppbygginguna en horfa til þess að þjálfa upp og nýta framlag heimamanna. Í Níkaragva er fjöldi vel menntaðra enskumælandi einstaklinga. Þá er mikill fjöldi fólks frá Níkaragva búsettur í Bandaríkjunum og er tilbúinn að snúa til baka þegar góð atvinnutækifæri skapast," útskýrir Örn.

## Níkaragva er ákjósanlegt land fyrir jarðhitaverkefni

Þegar eru tvær jarðhitavirkjanir starfandi í Níkaragva, San Jacinto og Momotombo. Samtals eru virkjanirnar með 150 megavött í uppsettu afli en nú er unnið að fjármögnun frekari orkuöflunar og borunar til þess að auka nýtingu orkuveranna. „Níkaragva er á margan hátt ákjósanlegt land fyrir jarðhitaverkefni. Landið hefur þann lagaramma sem til þarf og áratuga reynslu varðandi kaup á raforku af einkafyrirtækjum til dreifingar inn á landsnet. Níkaragva hefur engar gjaldeyristakmarkanir þannig að hægt er að greiða fyrir raforkuna í Bandaríkjadal. Þá eru ráðamenn landsins tilbúnir til þess að greiða það einingaverð sem þarf til þess að standa undir uppbyggingu og rekstri á nýrri jarðhitavirkjun. Orkuþörfin í Níkaragva fer vaxandi og áætlað er að um 350 megavött þurfi til viðbótar fyrir rekstur nýs skipaskurðar sem er á teikniborðinu," segir Kristján.

## Hægt að virkja allt að 1.500 MW

Á jarðhitasvæðunum Masaya, Apoyo og Mombacho er áætlað að virkja megi rúm 300 megavött í raforkuframleiðslu en í heildina er áætlað að virkja megi allt að 1.500 megavött í landinu öllu. Níkaragva er 130 þúsund ferkílómetrar og þar eru nokkur eldfjöll og virkjanleg jarðhitasvæði. „Í ferðinni sem farin var í nóvember var gengið frá rammasamningi um fyrrnefnd jarðhitasvæði og til viðbótar um tvær minni vatnsaflsvirkjanir. Til viðbótar er lögð mikil áhersla á uppbyggingu auðlindagarðs. Þannig er horft til þess að ná sem mestri nýtingu úr þeirri orku sem borað verður eftir en eins og áður hefur komið fram eru einungis um tíu prósent af frumorkunni nýtt til raforkuvinnslu. Gríðarlegt magn frumorku verður í boði frá raforkuverum til frekari ráðstöfunar og nýtingar fyrir fyrirtæki auðlindagarðsins," bætir Kristján við.

Níkaragva tekur nú á móti um milljón ferðamönnum á ári og mikil uppbygging er í gangi varðandi fjölgun hótela og almennt í ferðaþjónustu. Ráðamenn landsins horfa því björtum augum til þess að geta bætt „heilsulóni" inn í flóru ferðaiðnaðarins.



Við undirritun rammasamnings um jarðhitaverkefnin í Níkaragva. Fyrir miðju má sjá Albert Albertsson, stjórnarformann Jarðhitaklasans, Daniel Ortega, forseta Níkaragva, og Ragnheiði Elínu Árnadóttur ráðherra. Til vinstri við Albert er Paul Oquist ráðherra.



Eldfjall í Níkaragva. Áætlanir gera ráð fyrir að í Níkaragva verði hægt að virkja allt að 1.500 MW í raforku jarðhitavirkjana.



Íslensk fyrirtæki á ferð í Níkaragva í nóvember 2014. Fyrir miðju á mynd eru Paul Oquist ráðherra og Ragnheiður Elín Árnadóttir ráðherra.



Örn Jóhannsson og Kristján B. Ólafsson, forsvarsmenn og stjórnarmenn í IGPN.



IGPN og Níkaragva hafa náð samkomulagi um þrjú jarðhitasvæði: Masaya, Apoyo og Mombacho. Fyrsta mat ÍSOR er að um áhugavert svæði sé að ræða.



Virkjunin á Skarðsdal var tekin í notkun í febrúar 2012. Viðbótarvatnið þaðan ætti að fullnægja þörfinni á Siglufirði um næstu framtíð. Meðalnotkun þar er nú um tuttugu lítrar á sekúndu og afltoppurinn 37 lítrar á sekúndu.

# Jarðhitaleit RARIK víða um land

**Hitaveitustarfsemi RARIK hófst árið 1991. RARIK á og rekur fimm hitaveitur, þrjár jarðvarmaveitur í Dalabyggð, á Blönduósi og Siglufirði en fjarvarmaveitur á Seyðisfirði og Höfn í Hornafirði. RARIK hefur látið hanna fjórar nýjar hitaveitur.**

Frá árinu 1995 hefur RARIK staðið að jarðhitaleit í samvinnu við nokkur sveitarfélög víðs vegar um landið. Sveitarfélögin eru Djúpivogur, Snæfellsbær, Stykkishólmur, Hornafjörður, Fáskrúðsfjörður, Grundarfjörður og Grímsey. Auk þess hefur RARIK staðið að jarðhitaleit í Reykjadal í Dalabyggð, að Reykjum í Húnavatnshreppi fyrir Blönduós og Skagaströnd og á Skarðsdal í Siglufirði.

RARIK hefur látið hanna fjórar nýjar hitaveitur: Hitaveitu fyrir Djúpavog sem er í biðstöðu því þörf er á frekari rannsóknum, hitaveitu fyrir Höfn í Hornafirði og hluta dreifbýlisins á milli Hoffells og Hafnar en unnið er að jarðhitarannsóknum þar, virkjun á Skarðsdal fyrir hitaveitu á Siglufirði, sem tekin var í notkun 2012, og hitaveitu fyrir Skagaströnd og hluta dreifbýlisins á milli Skagastrandar og Blönduóss, sem tekin var í notkun þann 1. nóvember 2013.

## Yfirvofandi vatnsskortur

„Þegar RARIK keypti hitaveitu Siglufjarðar árið 1991 var vatnsskortur yfirvofandi á svæðinu. Var þá skipt um sölukerfi, settir rúmmetramælar í stað hemla og við breytinguna minnkaði vatnsnotkun um 25,4 prósent. Ávinningur af sölukerfisbreytingunni gerði það að verkum að frekari vatnsöflun var hægt að fresta til ársins 2010 þegar boruð var vinnsluhola á Skarðsdal,“ útskýrir Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri RARIK. „Fljótlega eftir að borun Héðinsfjarðarganga hófst tók vatnsgæfni virkjunarsvæðisins í Skútudal að minnka, án þess að það sé fullkannað hvað valdi því. Árið 2007 varð því að stöðva afhendingu á „ótryggu vatni“ til aðila á Siglufirði. Pípulagningameistarar voru fengnir til að yfirfara stjórnloka hitunarkerfa húsa til að freista þess að bæta nýtingu á vatninu. Árið 2009 var olíukyndistöð hitaveitunnar ræst yfir mesta álagstíma ársins og ljóst var orðið að afla varð meira vatns fyrir Siglufjörð.“



Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri RARIK

## Virkjun á Skarðsdal

Möguleikar í vatnsöflun fyrir Siglufjörð voru nokkrir en fyrir valinu varð jarðhitaleit á Skarðsdal og rykið var dustað af skýrslum OS frá fyrri jarðhitaleit á svæðinu árin 1988-1990. Þann 26. ágúst 2010 voru tvær hitastigulsholur boraðar og í september 2010 var boruð vinnsluhola niður á 702 metra dýpi. „Virkjunin á Skarðsdal var tekin í notkun í febrúar 2012 eftir fjögurra mánaða prófun vinnsluholunnar. Viðbótarvatnið sem fékkst á Skarðsdal ætti að fullnægja þörfinni á Siglufirði um næstu framtíð,“ segir Tryggvi og bætir við að meðalnotkun þar sé nú um tuttugu lítrar á sekúndu og afltoppurinn sé 37 lítrar á sekúndu.

## Áttatíu prósent húsa á Skagaströnd tengd hitaveitunni

Þann 1. nóvember 2013 var ný hitaveita tekin í notkun á Skagaströnd og þá um haustið tengdust um níutíu viðskiptavinir hitaveitunni. „Á árinu 2014 héldu viðskiptavinir áfram að tengjast veitunni og í árslok 2014 höfðu 183 hús eða um áttatíu prósent húsa tengst hitaveitunni. Aðdragandinn að hitaveitunni á Skagaströnd var þannig að Skagstrendingar leituðu til RARIK um lagningu hitaveitu eftir að hafa um tíma leitað jarðhita án árangurs. RARIK forhannaði hitaveitu og mat arðsemina. Ekki reyndist grundvöllur fyrir veitunni, nema með sérstöku óafturkræfu stofnframlagi sem Skagstrendingar sjálfir sýndu áhuga á að leggja fram en við hrunið árið 2008 breyttust forsendur og málinu var frestað. Viðræður hófust aftur árið 2010 og var þá ákveðið að fara í nýtt hagkvæmnimat en forsendur fyrir því hagkvæmnimati voru nokkrar,“ lýsir Tryggvi.

Samkomulag náðist og niðurstaðan varð að sérstakt óafturkræft stofnframlag yrði að vera 230 milljónir króna sem sveitarstjórn Skagastandar lagði fram. „Samningur um lagningu veitunnar var undirritaður 30. desember 2011. Í samkomulaginu fólst að RARIK legði hitaveitu til Skagastrandar og verklok yrðu fyrir árslok 2013. “

## Áætlanir stóðust

Hleypt var á stofnpípuna 18. október 2013 til reynslu og fyrsta hús á Skagaströnd tengt skömmu síðar. Hitaveitan var svo gangsett með formlegum hætti þann 1. nóvember af stjórnarformanni RARIK. „Niðurstaðan er sú að bæði kostnaðar- og tímaáætlanir stóðust að flestu leyti frá því að lagt var af stað í þetta verkefni um áramótin 2011/2012,“ segir Tryggvi.

Hitaveitan á Skagaströnd fær, eins og hitaveitan á Blönduósi, vatn frá Reykjum. Í janúar 2013 var tekin í notkun ný þúsund metra djúp hola á Reykjum sem boruð var á haustmánuðum 2013 til að mæta auknu álagi vegna Skagastrandar.

## Fjarvarmaveitan á Höfn

RARIK rekur sjö megavatta kyndistöð og dreifikerfi fyrir fjarvarmaveitu á Höfn. „RARIK hefur í samstarfi við sveitarfélagið Hornafjörð staðið að jarðhitaleit frá árinu 2002, en þar á undan hafði sveitarfélagið í samstarfi við Stapa – Jarðfræðistofu stundað skipulega jarðhitaleit frá 1992. Boraðar hafa verið alls 33 hitastigulsrannsóknarholur við Hoffell-Miðfell. Fjórar holur eru dýpri en þrjú hundruð metrar, en aðrar grynnri,“ segir Tryggvi. Hann bætir við að RARIK hafi samið um jarðhitaréttindi við landeigendur Hoffells-Miðfells í ársbyrjun 2009, en borun tilraunavinnsluholu HF-1 hafi ekki hafist fyrr en í nóvember 2012, hún skilar á milli 15 og 20 l/s af rúmlega 70°C heitu vatni.

## Jarðhitaleitin heldur áfram

Á árinu 2014 var haldið áfram jarðhitaleit á Hoffelli fyrir hitaveituna á Höfn í Hornafirði. Þann 13. desember það ár lauk borun á 1.686 metra djúpri holu sem fékk heitið HF-2. „Borun holunnar gekk vel en aðstæður til borunar eru erfiðar á þessu svæði sökum þess hve bergið er hart. Með holunni er staðfest rúmlega 80 gráða heitt jarðhitakerfi á tæplega 1.700 m dýpi. Á hinn bóginn voru engar vatnsæðar sem tekur að nefna skornar þannig að hún bætir engu við fyrri vatnsöflun sem komin var með holu HF-1 sem gefur fimmtán til tuttugu lítra á sekúndu. Vatnsþörfin fyrir Höfn og nágrenni er allt að 80 lítrar á sekúndu. Næsta skref er frekari kortlagning á sprungukerfi svæðisins, áður en ákvörðun verður tekin um frekari borun.“

# Megum ekki missa forskotið

**VSÓ Ráðgjöf hefur mikla sérþekkingu á mati á umhverfisáhrifum og hefur áralanga reynslu af jarðvarmaverkefnum. Fyrirtækið hefur unnið að verkefnum jafnt á Íslandi sem og annars staðar í heiminum, til dæmis í Abú Dabí, Rúanda og Eþíópíu. Guðjón Jónsson, stjórnarformaður VSÓ Ráðgjafar, segir mikilvægt að Íslendingar haldi áfram að sýna frumkvæði í jarðvarmaverkefnum.**



„Við erum að tapa verkþekkingu og reynslu meðan framkvæmdir eru í lægð og þetta jafnvægi getur verið mjög viðkvæmt gagnvart erlendri samkeppni," segir Guðjón Jónsson, stjórnarformaður VSÓ Ráðgjafar. MYND/ERNIR

Við höfum komið að jarðhitaverkefnum í allmörg ár en fyrsta reynsla okkar af slíku nær aftur til áttunda áratugarins þegar við unnum að hönnun á undirstöðum undir gufuveitur í Kenýa," segir Guðjón Jónsson, stjórnarformaður VSÓ Ráðgjafar. „Sérsvið okkar er mat á umhverfisáhrifum, leyfisveitingar, heilbrigðis-, öryggis- og umhverfismál."

VSÓ Ráðgjöf hefur starfað með Hitaveitu Suðurnesja frá því í lok síðustu aldar. „Við höfum annast mat á umhverfisáhrifum vegna virkjana, borplana, vegagerðar og veitulagna og séð um skipulagsmál í tengslum við þessi verkefni," segir Guðjón.

## Fjölbreytt verkefni

VSÓ Ráðgjöf hefur komið að mörgum jarðvarmaverkefnum hér á landi. Nýjasta verkefnið er á Reykjanesi en þar er fyrirhuguð virkjun í Eldvörpum. „Fyrir hana erum við að vinna við mat á umhverfisáhrifum, kanna leyfisveitingar og aðstoða við samskipti við sveitarfélögin varðandi skipulag," segir Guðjón og nefnir einnig fráveituverkefni í Svartsengi þar sem rætt er um að setja stokk frá Svartsengi niður að sjó vegna vandamála sem tengjast niðurdælingu á Svartsengissvæðinu.

„Við höfum einnig unnið með Orkuveitunni á Hellisheiði og unnum mat á umhverfisáhrifum vegna Bitruvirkjunar og Hverahlíðarvirkjunar. Hvorug þeirra hefur þó orðið að veruleika og óvíst hvort svo verði," segir hann. Fyrirtækið sá einnig um öryggiseftirlit á byggingartíma Hellisheiðarvirkjunar. „Þá sáum við um að tryggja öryggi starfsmanna og settum upp vöktunarkerfi."

## Starfa í mörgum löndum

VSÓ Ráðgjöf hefur komið að jarðvarmaverkefnum víða um heim. „Við höfum til dæmis unnið töluvert með Reykjavík Geothermal (RG). Fyrst í Abú Dabí þar sem við settum upp umhverfis- og heilbrigðiseftirlitskerfi vegna borunar í Masdar City," segir Guðjón en Masdar City er metnaðarfullt verkefni sem snýst um að búa til fyrstu kolefnisfríu borg heims. „Gert var ráð fyrir 50 þúsund íbúum í borginni og Reykjavík Geothermal seldi framkvæmdaaðilunum þá hugmynd að nota jarðhita til að kæla borgina. Verkefnið var mjög skemmtilegt og lærdómsríkt enda strangar reglur sem gilda um umhverfis- og öryggismál hjá aröbunum."

VSÓ Ráðgjöf hefur einnig unnið með RG í Rúanda. „Það er eitt af fátækari ríkjum í Afríku en þar telja menn að sé að finna nokkurn jarðhita. Verkefni okkar snerist um framkvæmdaráðgjöf til landsvirkjunar Rúanda. Í samstarfi við RG settum við upp kerfi sem þeir gátu notað til þess að vakta öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismálin hjá framkvæmdaaðilum sem þeir myndu ráða inn í verkefnið."

Einnig hafa fyrirtækin tvö átt í samstarfi í Eþíópíu. „Fyrst ber að nefna Corbetti-svæðið en þar unnum við fyrstu matsskýrsluna, komum henni í gegnum valferil embættismanna, skiluðum skýrslu og unnum mat á umhverfisáhrifum. Við komum einnig að forhönnun innviða virkjunarinnar, vatnsveitu og vega. Það verkefni er enn í gangi. Síðan er komið nýtt svæði, Tule Moye, þar sem rannsóknir eru enn í gangi en þær lofa góðu. Það er afar spennandi svæði og erum við að vinna mat á umhverfisáhrifum og undirbúningi virkjunarinnar. Áætlað er að hvort svæði um sig geti borið um 500 MW virkjun."


Þorp í hlíðum Tule Moye í Eþíópíu, þar sem unnið er að rannsóknum vegna jarðvarmavirkjunar.


Starfsmenn Reykjavík Geothermal ræða við heimamenn í Tule Moye í Eþíópíu.

## Meta áhrif á samfélagið

Guðjón segir talsverðan mun á því að starfa á Íslandi eða í Afríku. „Í Afríku fagna menn svona framkvæmdum og vilja einnig skoða jákvæðar hliðar á orkumeðhöndluninni í matsskýrslum. Stærstu matsverkefnin geta tekið allt upp í tvö ár og kalla á aðkomu margra sérfræðinga til að meta áhrif framkvæmdanna á náttúruna og samfélagið," segir Guðjón og tekur dæmi um rannsókn sem afrískt verkfræðifyrirtæki er að gera fyrir RG og VSÓ Ráðgjöf vegna Tule Moye. „Þeir þurfa að skila okkur gögnum sem fjalla um áhrif á dýralíf, vatnsbúskap, jarðveg og loft en auk þess áhrif á samfélagið. Allir alþjóðlegir fjárfestingaraðilar horfa mjög til þess hvernig samfélagið tekur í virkjunarhugmyndir. Til þess að afla fjármagns frá þróunarbanka er þannig mikilvægt að skoða hvort samfélagið samþykki svona framkvæmd á sínu svæði. Þetta er spennandi verkefni og allt annar heimur en hér heima," útskýrir Guðjón. Hann tekur sem dæmi að í kringum Tule Moye sé múhameðstrúarfólk í meirihluta. „Lögð er áhersla á að spyrja konurnar og ungt fólk sérstaklega en samfélaginu er að mestu stjórnað af körlum."

## Slæmt að tapa forskoti

Erlendir aðilar í jarðvarmaiðnaði horfa til Íslands vegna reynslu Íslendinga af jarðvarma. „Forskot okkar felst aðallega í því að við eigum nýjustu jarðvarmavirkjanirnar og Hellisheiðarvirkjun er sú nýjasta og flottasta í heiminum. En það er frumkvæði sem við höldum aðeins í vissan tíma," segir Guðjón og gagnrýnir framkvæmdaleysi ráðamanna enda hafi lítið verið unnið að opinberum framkvæmdum frá 2008. „Jarðhitamarkaðurinn á Íslandi er í talsverðri lægð. Ekkert fé fæst til framkvæmda frá opinbera geiranum og einu framkvæmdirnar sem eru í gangi eru á vegum einkaaðila. Þeir eru síðan háðir erlendu fjármagni og því má segja að nokkurs konar kyrking sé í gangi gagnvart orkugeiranum og gagnvart stóriðjuverkefnum," segir Guðjón og getur þess að meginhluti af veltu VSÓ Ráðgjafar vegna jarðvarmaverkefna komi frá útlöndum.

„Ef ekkert verður að gert munum við tapa því forskoti sem við höfum því Íslendingar eru í heilmikilli samkeppni við aðrar þjóðir sem nýta jarðhita. Við erum að tapa verkþekkingu og reynslu meðan framkvæmdir eru í lægð og þetta jafnvægi getur verið mjög viðkvæmt gagnvart erlendri samkeppni."

Vild

Fríðindakerfi fyrir áskrifendur 365

# SKRÁÐU ÞIG Í VILD!

**Allir áskrifendur sjónvarps- eða fjarskiptaþjónustu 365 fá nú sjálfvirkan afslátt hjá fjölda fyrirtækja og verslana án þess að þurfa að biðja um hann. Það eina sem þarf að gera er að skrá greiðslukort fjölskyldunnar í VILD á 365.is.**





Trans-Atlantic

**30.000 KR. AFSLÁTTUR**
af golfferð til Flórída með Trans Atlantic

Splass

**40% AFSLÁTTUR**
af bílaþvotti hjá Splass.

skráðu þig á 365.is

Tivoli – 50% AFSLÁTTUR
Skemmtigarðurinn í Grafarvogi – 50% AFSLÁTTUR
Einar Ben Restaurant – 30% AFSLÁTTUR
Efnalaugin Björg – 30% AFSLÁTTUR af skyrtuhreinsun
Kol Kitchen • Bar – 25% AFSLÁTTUR
25% AFSLÁTTUR
20% AFSLÁTTUR
GAP – 20% AFSLÁTTUR

Plusminus Optic – 20% AFSLÁTTUR
Alparnir – 15% AFSLÁTTUR
Italiano Pizzeria – 15% AFSLÁTTUR
Booztbar – 15% AFSLÁTTUR
Nýherji – 15% AFSLÁTTUR
15% AFSLÁTTUR
Barðinn – 15% AFSLÁTTUR
Sólning Renndu við – 15% AFSLÁTTUR
Michelsen Úrsmiðir síðan 1909 – 15% AFSLÁTTUR
The Sushi Train – 12% AFSLÁTTUR

Serrano Fresh • Happy • Mex – 10% AFSLÁTTUR
name it – 10% AFSLÁTTUR
10-11 – 10% AFSLÁTTUR
Sportlif.is – 10% AFSLÁTTUR
Olís – 7 KR. AFSLÁTTUR
ÓB – 7 KR. AFSLÁTTUR
Samsung Setrið samsungsetrid.is – YFIR 50.000 KR. AFSLÁTTUR
Úrval Útsýn – FERÐIR Á BETRA VERÐI
Hotel Express International – GISTING Á BETRA VERÐI

Vild

PIPAR\TBWA • SÍA

## Konráð og félagar á ferð og flugi 152

Bragi Halldórsson

„Þar fór í ver,“ sagði Konráð. „Okkur liggur á en þurfum að komast í gegnum þetta völundarhús fyrst.“ Hann dæsti og bætti við vonsvikinn, „við verðum of sein.“

Getur þú hjálpað félögunum að komast í gegnum þetta völundarhús?





## Myndin

**Hrafnhildur Anna Árnýjardóttir**
7 ára
sendi okkur þessa fínu mynd af hundi og beininu hans.







**LAND ROVER DEFENDER 130**
Verð: **4.200.000 Kr.**
Árgerð: **2003**

Nánar á sjalfsalinn.is
og í síma 863-5593

SJÁLFSALINN.IS


## Lestrarhestur vikunnar

**Edda Rós Eggertsdóttir** 12 ára




**Hvað er skemmtilegast við bækur?**
Mér finnst svo gaman að geta ímyndað mér það sem stendur í bókinni og hvernig persónurnar líta út.

**Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún?**
Dagbók prinsessu og hún fjallar um stelpu sem er prinsessa frá Genóvíu og alls konar hlutir koma upp á.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?**
Asnaskóli.

**Hvers lags bækur þykir þér skemmtilegastar?**
Unglingabækur og dýrasögur.

**Í hvaða skóla gengur þú?**
Rimaskóla.

**Ferðu oft á bókasafnið?**
Já, ég fer mjög oft.

**Hver eru þín helstu áhugamál?**
Lestur, dans, tónlist, söngur, sund og gæludýr.

*Að venju efna Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið til sumarlesturs meðal barna. Fyrir hverja lesna bók skrá lesendur nafn sitt og titil bókarinnar á þar til gerða miða, búa til úr þeim skutlur og skutla þeim í net sem eru í öllum söfnum Borgarbókasafns. Vikulega er einn þátttakenda útnefndur Lestrarhestur vikunnar og sá eða sú hlýtur bók að launum frá Forlaginu.*



**YFIRBUGA MEISTARA SINN** Hópur lítilla víkinga hefur sigrað kennara sinn, Tandra Auralokk, eftir að hafa lært allt um skylmingar í Víkingaskólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Má ekki slá á hausinn heldur flengja bossa

Í Víkingaskólanum er börnum kennt að skylmast á öruggan hátt og síðan leika allir saman, stórir og smáir. Virðing og að fylgja reglum eru mikilvæg atriði.

Á Víkingahátíð í Hafnarfirði verður margt í boði um helgina, þar á meðal verður Víkingaskóli fyrir börnin á dagskrá á hverjum degi klukkan 13.30.

Jökull Tandri Ámundason mun sjá um að kenna börnunum víkingaskylmingar.

„Við kennum börnunum að skylmast á öruggan hátt með sverðum, öxum og spjótum sem þau geta keypt á hátíðinni eða búið til sjálf og komið með,“ segir Jökull Tandri Auralokkur þegar hann er kominn í víkingaklæði.

„Það eru mjög stífar reglur. Það er bannað að slá í haus eða bak og ef maður kemur aftan að einhverjum má bara flengja á bossann.“

Eftir að börnunum hafa verið kennd helstu atriðin er þeim skipt í tvö lið og þau berjast. Að lokum fá börnin að skylmast við víkingana.

„Þá eru 30-40 krakkar á móti okkur öllum og þau vinna okkur náttúrulega með ofurefli. Krakkarnir eru alveg vitlausir í þetta. Stelpurnar eru oftar en ekki hættulegri því þær einbeita sér að því að ná tækninni og verða mjög hnitmiðaðar.“

Tandri segir víkingana vera stór börn að leika sér en að það að æfa víkingaskylmingar sé bara áhugamál eins og fótbolti eða golf.

„Þetta sport er æft af körlum og konum um heim allan.

> **Krakkarnir eru alveg vitlausir í þetta. Stelpurnar eru oftar en ekki hættulegri því þær einbeita sér að því að ná tækninni og verða mjög hnitmiðaðar.**

Skylmingar eru æfðar, bogfimi og handverk þar sem reynir á þolinmæði og fínhreyfingar. Við sem æfum þetta hérna á Íslandi erum í félaginu Rimmugýgi. Við erum eins og ein stór fjölskylda og lykilatriði er að bera virðingu fyrir náunganum. Einnig fáum við stundum verkefni og var stór hluti hópsins aukaleikarar í Game of Thrones þegar þættirnir voru teknir upp hér á landi.“




SJÓNVARP
BYLGJAN.IS
BYLGJUAPPIÐ
ÚTVARP
HLUSTAÐU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER
BYLGJAN 989

# KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
1. Leiðrétta aldur og hraða túra um fjórðu víddina (13)
11. Rýr innbyrti ljúf (8)
12. Fyrir tilstilli drauga fann ég fjórða mann í stjórn (13)
13. Gagnrýna samantekin sýnishorn (8)
14. Hitti karl hinna knýjandi þarfa til að standa að hinu og þessu (9)
15. Brunablaðra og munúðarmagi (12)
18. Útbýr óþrifagemsa í nafni svínarís (10)
19. Þau eru ekki mörg sem passa upp á sjaldséða (6)
21. Peningalykt minnir á malarmúkka (8)
24. Finn akstursmæli lærlings í umferð (7)
28. Kynlaust karldýrið hefur tekið upp sið refs (7)
29. Um listina að færa Skota úr flösku í skúta (7)
30. Vil að ég hýði dómstól og beiti til þess viðeigandi löggjöf (10)
33. Röltum í áttina að hjartnæmum (9)
34. Sannað krot um einn ruglaðan sem er orðinn stífur (10)
35. Geðveikt hratt (3)
37. Iss, þetta er kengruglað dund (3)
39. Hyggja fyrir hina vegna þeirra sem búið er að vökva (6)
41. Hef álit á illmenni en sel það fyrir slikk (9)
44. Nokkurnveginn ber að neðan, í það minnsta næst sér (12)
45. Hátt uppi af heiðri og ærlegheitum (9)
46. Fyrsta flokks elskhugi er fær um að breyta riðstraumi í jafnstraum (8)
47. Festast þá flón í fjöru og komast hvergi (13)

**LÓÐRÉTT**
1. Mannlaust kot við sjávarsíðuna, lagsi, þar býr karl með kálgarð og kannski kú (12)
2. Merki grefur mar milli þriggja álfa (12)
3. Ríður meðan ég blunda við mýrarbakkanál (9)
4. Finn fínerísskip og feitmetisstamp (9)
5. Tál tímabila freistar lúsanna (7)
6. Geng frá auðlind sem þau tóku út (6)
7. Hann nuddar dílana af töframpanum (6)
8. Sigla á flak, það er vesen (9)
9. Geiraleiðsla er bara annað orð yfir skífuklæðningu (9)
10. „Hér sé" segjum við við glugga hjá goðumlíkum verum en komumst ekki lengra (9)
16. Genið lemur leif að utan (9)
17. Ljós sterts, segir sá rófuristi (10)
20. Hey, taða? Eða var það öfugt? (7)
22. Feitur mósumagi? Nú tel ég mósu mæla ósatt (8)
23. Byrjar nú sprikl, og nú er það búið (8)
25. Kæri mig um kjarkmikið (7)
26. Rækta hrís villt og galið þótt gömul sé (7)
27. Hnullungabeita leiðir til bjánagangs (7)
31. Pest í kjölfar veikinda er vinsæl (9)
32. Flótti Bandaríkjamanna í baulurnar (9)
36. Gera tæplega 50 tæplega? (7)
37. Skaust bæði til og frá (6)
38. Petta eru algjörir naglar sem þú potar svona (6)
39. Tekst að frelsa sólguð úr afskekktu plássi (6)
40. Dragi frá því sem hún dró úr sjó (6)
42. Streyma hvar sem stokkur býðst (5)
43. Nældi í léttrugluð en voða ljúf grey (5)



Lausnarorð síðustu viku var
**Ó F R E M D A R Á S T A N D**

### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni **Dauðinn ekur Audi** eftir Kristian Bang Foss frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Eyjólfur Reynisson, Hafnarfirði.**




### LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist þekkingarleit sem virðist njóta furðu lítillar virðingar hér á landi. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 14. júní næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „13. júní".

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.









## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 7 | 1 | | | | | 6 |
| | | | 6 | 8 | 2 | | 7 | |
| 1 | | | | | 4 | | | 9 |
| | 1 | 2 | 9 | 5 | | | | |
| | 5 | 9 | | 1 | 8 | | 2 | 7 |
| | | | | | | | | |
| | | | 3 | | | 4 | | |
| 5 | | | | | | | 6 | |
| 4 | 7 | | | | | 1 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | | | 1 | 4 | | |
| 9 | | | | 4 | | | 3 | |
| 2 | 3 | | 9 | | 8 | | | 1 |
| | 4 | 9 | | | | | | 8 |
| | | 3 | 8 | 2 | 4 | | | 5 |
| 1 | | | 6 | | 5 | | 7 | |
| | 9 | 1 | 2 | 8 | | | | |
| | | | 4 | 1 | 6 | | 2 | |
| | | | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | | | | | | 8 | |
| 2 | 8 | | 4 | | 6 | | | |
| 5 | 1 | | | | 9 | | 2 | 4 |
| | | 7 | | | | | | |
| 8 | | 1 | | | | | 3 | |
| | | | | | 1 | | 5 | 7 |
| | 2 | | | | | | 7 | 5 |
| 6 | | | 8 | 5 | | | 4 | |
| | | | | | | 3 | 6 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 7 | 5 | 6 | 2 | 9 | 1 | 3 |
| 9 | 3 | 6 | 1 | 7 | 8 | 2 | 5 | 4 |
| 5 | 1 | 2 | 9 | 3 | 4 | 6 | 7 | 8 |
| 1 | 7 | 8 | 2 | 4 | 3 | 5 | 9 | 6 |
| 2 | 4 | 9 | 6 | 8 | 5 | 7 | 3 | 1 |
| 6 | 5 | 3 | 7 | 9 | 1 | 8 | 4 | 2 |
| 7 | 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 3 | 2 | 5 |
| 8 | 2 | 1 | 3 | 5 | 7 | 4 | 6 | 9 |
| 3 | 6 | 5 | 4 | 2 | 9 | 1 | 8 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 3 | 8 | 2 | 5 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 2 | 4 | 3 | 7 | 6 | 1 | 5 | 8 |
| 5 | 8 | 6 | 9 | 1 | 4 | 7 | 2 | 3 |
| 8 | 3 | 9 | 1 | 5 | 2 | 4 | 7 | 6 |
| 1 | 6 | 7 | 4 | 9 | 8 | 5 | 3 | 2 |
| 2 | 4 | 5 | 6 | 3 | 7 | 8 | 9 | 1 |
| 3 | 9 | 2 | 7 | 4 | 1 | 6 | 8 | 5 |
| 4 | 5 | 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 1 | 7 |
| 6 | 7 | 1 | 5 | 8 | 3 | 2 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 3 | 4 | 9 | 6 | 5 | 1 | 7 |
| 4 | 9 | 7 | 5 | 3 | 1 | 6 | 8 | 2 |
| 1 | 5 | 6 | 2 | 7 | 8 | 9 | 3 | 4 |
| 9 | 3 | 8 | 6 | 4 | 5 | 7 | 2 | 1 |
| 5 | 6 | 2 | 3 | 1 | 7 | 8 | 4 | 9 |
| 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 3 | 5 | 6 |
| 3 | 8 | 1 | 7 | 6 | 2 | 4 | 9 | 5 |
| 6 | 4 | 9 | 1 | 5 | 3 | 2 | 7 | 8 |
| 2 | 7 | 5 | 9 | 8 | 4 | 1 | 6 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.
Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## SPAKMÆLI DAGSINS

Gefstu ekki upp, velgengni í lífinu er langhlaup.

*– 8. geðorðið*

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Jan Gustafsson (2.640) vann sigur í stuttri skák gegn Dirk Koening (2.109) á Sardiníu.**

**Hvítur á leik**



**13. Rxf7+!** og svartur gafst upp. Pegar tveimur umferðum var ólokið voru bæði Jóhann Hjartarson og Friðrik Ólafsson í toppbaráttu mótsins. Lokaumferðin fer fram í dag.

**www.skak.is:** Mjóddarmót Hugins fer fram í dag.

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** varsla, **6.** gangflötur, **8.** árkvíslir, **9.** lúsaegg, **11.** tvíhljóði, **12.** stopp, **14.** bæ, **16.** mjöður, **17.** sigti, **18.** nálægt, **20.** kvað, **21.** togaði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** sams konar, **3.** í röð, **4.** sígild list, **5.** efni, **7.** litbrigði, **10.** skrá, **13.** tangi, **15.** drulla, **16.** andi, **19.** kyrrð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** vakt, **6.** il, **8.** ála, **9.** nit, **11.** au, **12.** stans, **14.** bless, **16.** öl, **17.** sía, **18.** nær, **20.** ku, **21.** dróg.
**LÓÐRÉTT: 1.** eins, **3.** aá, **4.** klassík, **5.** tau, **7.** litblær, **10.** tal, **13.** nes, **15.** saur, **16.** önd, **19.** ró.

Eirberg

LÍFSTÍLL

Kringlunni



# Fjölskyldufjör í Kringlunni

# 20% afsláttur

af öllum vörum, 13-16 júní

Eirberg Lífstíll, Kringlunni 1. hæð • Sími 569 3150 • eirberg.is



## 100 ára afmæli

**Björg Baldvinsdóttir**
**frá Eyrarlandi á Akureyri**

verður hundrað ára þann 16. júní nk.
Hún tekur á móti vinum og vandamönnum
í hjúkrunarheimilinu Sóltúni í Reykjavík
milli kl. 15 og 17.

---

✝



Móðir okkar og tengdamóðir,

**VALGERÐUR JÓNSDÓTTIR**
**frá Skarði í Dalsmynni,**

lést þriðjudaginn 9. júní sl. Útförin verður auglýst síðar. Færum starfsfólki og heimilismönnum að Grenilundi bestu þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug. Þeim sem vilja minnast Valgerðar er bent á Grenilund, sambýli aldraða á Grenivík.

**Jóhanna Sigurlaug Daðadóttir** **Ármann Óskar Jónsson**
**Sigrún Jóna Daðadóttir** **Finnur Finnsson**
**Líney Soffía Daðadóttir** **Gísli Sigurgeir Árnason**
**Hermann Skírnir Daðason** **Ólöf Tryggvadóttir**
**Jórlaug Valgerður Daðadóttir** **Jón Stefán Ingólfsson**
**Jón Heiðar Daðason** **Lára Svansdóttir**
**Svava Guðrún Daðadóttir** **Gestur Ragnar Davíðsson**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**KRISTJÁN LINNET EINARSSON**
**frá Vatnsholti,**

sem lést fimmtudaginn 4. júní, verður jarðsunginn frá Villingaholtskirkju í Flóa mánudaginn 15. júní klukkan 14.00.

**Margrét Rögnvaldsdóttir**
**börn, tengdabörn og barnabörn.**

---

✝



Hjartans þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**VILBORGAR GUÐJÓNSDÓTTUR**
**frá Oddsstöðum, Vestmannaeyjum,**

sem lést þann 8. maí síðastliðinn.
Sérstakar þakkir fær starfsfólk á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund fyrir einstaka umhyggju og vinsemd.

**Jón Viðar Jónsson**
**Guðjón Jónsson** **Elísabet Jóna Sólbergsdóttir**
**Sigríður Sía Jónsdóttir** **Birgir Karl Knútsson**
**og ömmubörn.**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinsemd við andlát

**INGA STEINARS ÓLAFSSONAR**
**frá Valdastöðum í Kjós,**
**Gullsmára 5.**

**Ninna B. Sigurðardóttir**
**Ágústa Kristín Steinarsdóttir** **Þórarinn Ásgeirsson**
**Þuríður Elín Steinarsdóttir** **Ragnar Björnsson**
**Jón Steinar Þórarinsson**
**Ninna Þórarinsdóttir**
**Jóna Þórarinsdóttir**
**Fanney Ragnarsdóttir**
**Kjartan Ragnarsson**

---

✝



Hjartans þakkir fyrir samúð, kveðjur og hlýhug við andlát og útför okkar elskulegu

**MARGRÉTAR ERLU**
**FRIÐJÓNSDÓTTUR**
**Arnarhrauni 9,**
**Hafnarfirði.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Drafnarhússins í Hafnarfirði og starfsfólks hjúkrunarheimilisins Sólvangs fyrir frábæra umönnun og hlýju.

**Þorkell Sigurgeir Júlíusson**
**Elísa Hjördís Ásgeirsdóttir**
**Júlíus Már Þorkelsson** **Guðlaug Sveinsdóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

---

# Fagnar með Sólinni

## Leikarinn og tónlistarmaðurinn Halldór Gylfason á fjörutíu og fimm ára afmæli í dag.

Halldór Gylfason, leikari og tónlistarmaður, stendur á miklum tímamótum í dag en hann fagnar 45 ára afmæli sínu. „Ég finn í raun engan mun, maður eru bara orðinn miðaldra. Helsti munurinn á því að vera miðaldra og ungur, er sá að ég nýti góða veðrið til þess að þvo bílinn minn, er kominn með vatnsglas á náttborðið og hækka í fréttunum,“ segir Halldór spurður út ellimerkin.

Þó að dagurinn í dag sé mikill tímamótadagur í lífi Halldórs er hann að mestu lagður undir í vinnu. „Í dag er Sólin frá Sandgerði að spila í 40 ára afmælisveislu Bílabúðar Benna, það verður hellings stuð þar. Svo er ég að leika í Billy Elliot á morgun þannig að það er nóg gera,“ segir hann.

Halldór er eins og alþjóð veit söngvari Sólarinnar frá Sandgerði en heitir þó Kiddi Casio þegar hann stígur á svið með sveitinni. „Ástæðan fyrir því að Sólin kemur þarna fram er sú að Kiddi Casio var að fá bílprófið aftur,“ segir hann og hlær. ▶



**Á TÍMAMÓTUM** Halldór Gylfason ætlar að halda tónleika í júní með sínum eigin lögum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ELÍNBORG STEFÁNSDÓTTIR**
**fóstra,**
**frá Fáskrúðsfirði,**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði síðastliðinn fimmtudag, 11. júní.

**Steindór Guðmundsson** **Inga Jóna Jónsdóttir**
**Áslaug Guðmundsdóttir** **Sigurður Thorarensen**
**Þórunn Guðmundsdóttir**
**Guðrún Guðmundsdóttir** **Ari Eggertsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför systur okkar,

**RAGNHILDAR HALLDÓRSDÓTTUR**
**SKEOCH**
**Mánatúni 4,**
**Reykjavík.**

**Guðný Ó. Halldórsdóttir**
**Kristín H. Halldórsdóttir**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**BERGLJÓT BALDVINSDÓTTIR**
**Strikinu 12, áður Fífuhvammi 37,**

lést mánudaginn 1. júní. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á samtökin Heilaheill.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**SIGRÍÐUR GÍSLADÓTTIR**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri, laugardaginn 6. júní. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 16. júní kl. 13.30.

**Gísli Jón Júlíusson** **Valgerður Valgarðsdóttir**
**Herdís María Júlíusdóttir** **Egill Jónsson**
**ömmu- og langömmubörn.**

---

✝



Hjartkær bróðir okkar,

**ÓLAFUR SIGURÐUR TÓMASSON**
**trésmiður,**

varð bráðkvaddur á heimili sínu þann 10. júní. Jarðarför verður auglýst síðar.

**Rannveig Tómasdóttir, Tómas Magnús Tómasson og**
**Guðrún Helga Tómasdóttir**

---

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vináttu og samúð við andlát og útför eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**GUÐMUNDAR SIGURMONSSONAR**
**Grenhóli,**
**Staðarsveit.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks sjúkrahúss Akraness og hjúkrunarþjónustu Karitas.

**Jónína Þorgrímsdóttir**
**Þorgrímur H. Guðmundsson** **Erla María Markúsdóttir**
**Garðar S. Guðmundsson** **Kr. Pétrún Gunnarsdóttir**
**Grétar O. Guðmundsson** **Christina Laursen**
**og barnabörn.**

---

✝



Elsku fallega ástkæra móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**SIGRÍÐUR PÁLSDÓTTIR**
**hjúkrunarfræðingur,**

lést á gjörgæsludeild Landspítala mánudaginn 8. júní. Útför hennar fer fram 19. júní kl. 11.00 frá Vídalínskirkju í Garðabæ.

**Helga Garðarsdóttir** **Jóhann G. Kristinsson**
**Harpa Jóhannsdóttir** **Thelma Jóhannsdóttir**
**Grímur A. Garðarsson** **Helga Árnadóttir**
**Marta Grímsdóttir** **Róbert Grímsson**

---

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

**SIGURÐUR RÚNAR TRYGGVASON**
**Tvaaker, Svíþjóð,**

lést í Hafnarfirði 10. júní síðastliðinn. Kveðjuathöfn verður frá Kapellunni við Hafnarfjarðarkirkjugarð mánudaginn 15. júní kl. 15.00. Jarðsett verður í Svíþjóð.

**Þorsteinn Sigurðsson**
**Ragnar Sigurðsson**
**Hrefna Sigurðardóttir**
**Erna Sigurðardóttir**
**tengdabörn, barnabörn, barnabarnabörn, systkini, fjölskylda og vinir.**

---

✝



Ástkær móðir okkar,

**ÁSDÍS FRIÐBERTSDÓTTIR**
**frá Súgandafirði,**

lést 9. júní á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Grund. Minningarathöfn verður í Fossvogskapellu þriðjudaginn 16. júní kl. 15.30. Jarðsett verður í Súgandafirði. Jarðarför auglýst síðar.

**Harpa, Jón Viðir og Margrét Njálsbörn**
**og aðrir aðstandendur.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

▶ Hann ætlar þó að reyna fá sér bröns með fjölskyldunni í dag.

Halldór er ungur í anda og segist í raun hugsa ennþá eins og hann væri átján ára. „Mér finnst ég vera að hugsa það sama og ég var að hugsa þegar ég var átján ára, nema það er erfiðara að framkvæma þær hugsanir í dag,“ segir hann og hlær.

Halldór á farsælan feril sem leikari og hefur leikið í um sextíu leikritum en hvað skyldi standa upp úr á löngum ferli? „Ég hef verið heppinn og hef gert margt skemmtilegt. Það sem hefur líklega gefið mér mest og það sem mér þykir vænst um er Sigtið. Við áttum það alveg sjálfir, skrifuðum og lékum, það var svo geggjað. Mér þykir líka vænt um ævintýrin í barnatímunum á sínum tíma,“ útskýrir Halldór.

Helstu fyrirmyndir hans hafa verið Charlie Chaplin og Woody Allen. „Tónlistarmaðurinn Frank Zappa var líka fyrirmynd. Hann var snillingur, svo klikkaður og óútreiknanlegur. Hann gat verið stórkostlegur og frábær og líka hundleiðinlegur.“ Talandi um tónlist, þá ætlar Halldór að halda tónleika þann 18. júní næstkomandi og leika sitt eigið efni ásamt hljómsveit. „Tónleikarnir verða á Kexi hosteli, þar mun ég koma fram og spila lög eftir sjálfan mig. Lögin spanna um það bil 25 ára tímabil.“ gunnarleo@frettabladid.is



**MÆÐGIN** Ólöf Þorvaldsdóttir skrifar og hannar bókina en Kristján Logason er höfundur myndanna.

## Mæðgin gefa út bók saman

Mæðginin Ólöf Þorvaldsdóttir og Kristján Logason hafa sent frá sér bókina Sindur, ljósbrot frá eyðibýli. Hún inniheldur listrænar og áhugaverðar ljósmyndir frá eyðibýlinu Narfastöðum og ljóðrænar örsögur og ljóð samin í takt við tilfinningar og minningar sem myndirnar kveiktu. Ólöf skrifar og hannar bókina en Kristján er höfundur myndanna.

Í formála og eftirmála kemur höfundur örlítið inn á ytri aðstæður og sögu bæjarins sem liggur fallega við sjó í Hvalfjarðarsveit og horfir mót jökli.

Bókin hefur fengið afar góðar viðtökur og þykir myndargripur, kveikir löngu grafnar minningar hjá sumum og spurningar hjá öðrum.

Leikkonurnar Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir og Hrefna Hallgrímsdóttir munu ásamt Bjarti Jörfa Ingvasyni og höfundum lesa upp úr bókinni í bókabúð Máls og menningar Laugavegi 18 í dag klukkan 15.00. Lilja Guðrún bjó á Narfastöðum í fjögur ár í æsku og kemur við sögu í bókinni. - glp

## MERKISATBURÐIR

**1846** Sölvi Helgason landshornaflakkari er dæmdur til að þola 27 vandarhögg fyrir flakk og svik. Hann var þekktur alþýðulistamaður.

**1870** Gránufélagið stofnað á Akureyri.

**1875** Jón Sigurðsson ávarpar skólapilta í Reykjavík og talar um frelsið.

**1920** Póstþjónusta Bandaríkjanna setur reglur um það að ekki megi senda börn í pinklum.

**1934** Adolf Hitler og Mussolini hittast á Ítalíu; seinna kallaði Mussolini Hitler „kjánalegan apa“.

**1941** Sigurður Jónsson forstjóri býður ríkinu Bessastaði „til þess að vera bústaður æðsta valdsmanns íslenska ríkisins“ og er boðinu tekið þann 18. júní.

**1971** Framboðsflokkurinn (O-listinn) býður fram í þremur kjördæmum og gerir grín að framboðum hinna flokkanna.

**ÞETTA GERÐIST** 13. JÚNÍ 1977

# Handsamaður eftir flóttatilraun

Þennan dag árið 1977 var dæmdur morðingi Martins Luthers King handsamaður eftir að hafa strokið úr fangelsi í annað sinn.

James Earl Ray fæddist árið 1928 inn í fátæka fjölskyldu í Miðvesturríkjum Bandaríkjanna. Hann hætti í skóla fimmtán ára gamall og gekk síðar í herinn. Árið 1949 var hann dæmdur fyrir innbrot í Kaliforníu og þremur árum síðar sat hann inni í tvö ár fyrir vopnað rán. Árið 1955 var hann dæmdur fyrir fjársvik. Eftir enn eitt vopnaða ránið árið 1959 var hann dæmdur í tuttugu ára fangelsi. Honum tókst að sleppa úr þeirri prísund árið 1967 með því að fela sig í flutningabíl sem flutti vörur úr fangelsinu.

Martin Luther King var skotinn til bana 4. apríl 1968, þegar Ray gekk enn laus. Rúmlega tveimur mánuðum eftir morðið var Ray handtekinn á Heathrow-flugvellinum í London þar sem hann gerði tilraun til að flýja Bandaríkin á fölsuðum passa og komast til Kanada. Hann var framseldur til Bandaríkjanna, þar sem hann viðurkenndi brot sitt og var dæmdur fyrir morðið. Þremur dögum síðar dró hann játningu sína til baka og hélt því fram til æviloka að hann hefði ekki myrt Martin Luther King.

Hinn 11. júní 1977 komst Ray aftur á lista FBI yfir eftirlýsta glæpamenn þegar hann og sex aðrir fangar sluppu úr fangelsi. Það var svo á þessum degi fyrir 31 ári að hann náðist og var færður aftur í fangageymslur.





## Veðurspá




### Laugardagur

Í dag er útlit fyrir sólríkt veður víða um land þó að ekki verði mikið hlýrra en í gær. Það stefnir samt ekki í sumarlegt veður norðaustan til þar sem líkur eru á næturfrosti og rigningu með köflum, en líklega ekki slyddu líkt og var í gær.

### Flóð og fjara

| REYKJAVÍK | | ÍSAFJÖRÐUR | | AKUREYRI | |
|---|---|---|---|---|---|
| FLÓÐ | FJARA | FJARA | FLÓÐ | FJARA | FLÓÐ |
| **3.31** 3,3 m | **9.48** 0,6 m | **8.56** 0,6 m | **2.27** 1,6 m | **1.36** 0,5 m | **7.38** 1,3 m |
| **16.02** 3,6 m | **22.23** 0,6 m | **21.33** 0,7 m | **15.28** 1,4 m | **13.46** 0,4 m | **20.13** 1,4 m |

**Tunglstaða**
Vaxandi
Fylling: 18%

**Sólarupprás** Kl. 2:59
**Sólarlag** Kl. 23:56

| Kaupmannah. | Oslo | Stokkhólmur | Gautaborg | Helsinki | Þórshöfn | Nuuk |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 21° | 20° | 25° | 17° | 18° | 8° | 1° |
| **London** | **Amsterdam** | **Paris** | **Berlin** | **Madrid** | **Brussel** | **Róm** |
| 21° | 19° | 24° | 29° | 21° | 23° | 32° |
| **Boston** | **New York** | **Orlando** | **Moskva** | **Singapúr** | **Tókýó** | **Sydney** |
| 25° | 25° | 26° | 25° | 28° | 21° | 15° |

### Reykjavík



| | Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|---|
| Hiti | 10° | 8° | 9° | 8° | 10° |
| Vindur | 4 | 13 | 6 | 8 | 6 |

### Ísafjörður



| | Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|---|
| Hiti | 8° | 9° | 7° | 2° | 8° |
| Vindur | 3 | 7 | 3 | 9 | 15 |

### Akureyri



| | Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|---|
| Hiti | 8° | 11° | 12° | 5° | 12° |
| Vindur | 3 | 3 | 6 | 6 | 8 |

### Egilsstaðir



| | Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|---|
| Hiti | 9° | 10° | 13° | 9° | 12° |
| Vindur | 6 | 10 | 9 | 4 | 1 |

### Kirkjubæjarklaustur



| | Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|---|
| Hiti | 10° | 6° | 8° | 12° | 12° |
| Vindur | 3 | 10 | 5 | 12 | 4 |







## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




SECRETSOLSTICE.IS
#SECRETSOLSTICE
SUMARIÐ 2015 NÆR HÁMARKI
SECRET SOLSTICE
19.-21. JÚNÍ 2015
LAUGARDALUR × REYKJAVÍK
6 DAGAR Í STÆRSTU TÓNLISTARVEISLU ÁRSINS !
ERTU MEÐ FRÍ Á MÁNUDAGINUM ?
EKKI LÁTA ÞIG VANTA Í STÆRSTA PARTÍ SUMARSINS!
MIÐASALA Á TIX.IS, Í LUCKY RECORDS OG MOHAWK



> Úbbs. Hún hrækti á hann – eða svo fannst honum að minnsta kosti og þetta átti hann erfitt með að fyrirgefa. Þetta var efalítið ástæðan fyrir því að hann keypti verkið og þannig leggur hver sitt í þetta.

**SÖGUMAÐUR** Guðrún Ásmundsdóttir er sögumaður af guðs náð og einstaklega lífleg og skemmtileg kona með hjartað á réttum stað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hvernig er hægt að hrækja á svona son?

Guðrún Ásmundsdóttir leikkona hefur hrækt á son sinn, Ragnar Kjartansson myndlistarmann, að hans beiðni á fimm ára fresti allt frá aldamótum. Gjörningurinn er myndbandsverk sem hefur farið sigurför um listaheiminn og fjórði hluti er nú sýndur í i8 Gallery.



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það hlýtur að vera eitthvað í þessu fyrst að þetta er orðið frægt um allan heim og listaheiminn svona óskaplega hrifinn,“ segir Guðrún Ásmundsdóttir, móðir Ragnars Kjartanssonar myndlistarmanns, sem í vikunni opnaði sýninguna Ég og móðir mín í i8 Gallery að Tryggvagötu. Þar sýnir Ragnar vídeóverk með endurteknum gjörningi sem hann hefur unnið á fimm ára fresti allt frá árinu 2000. Gjörningurinn felst í að móðir Ragnars hrækir á hann í sífellu þar sem þau standa fyrir framan myndavélina í stofu Guðrúnar á æskuheimili Ragnars. Verkin fjögur eru frá fimm og upp í tuttugu mínútur að lengd.

Guðrúnu Ásmundsdóttur leikkonu og móður Ragnars er margt til lista lagt. Ferill hennar í leikhúsinu spannaði um fimmtíu ár þar sem hún lék óteljandi hlutverk hjá Leikfélagi Reykjavíkur, leikstýrði og bjó efni til leiksýninga. Það er því ekki ofsögum sagt að Guðrún búi yfir mikilli reynslu en hún segir að hún hafi þurft að sækja djúpt í reynslubankann þegar sonur hennar bað hana um að stilla sér upp fyrir framan myndavél og hrækja á hann án afláts.

### Uppátektarsamur drengur

„Ég kippti mér nú ekkert mikið upp við þetta þegar hann hringdi og bað mig um að gera þetta fyrir sig. Hann hefur nú alltaf verið uppátektasamur, blessaður. Ég man til að mynda vel eftir því þegar hann kom heim einn daginn og sagðist vilja læra á selló. Þá var hann svona átta ára gamall og skotinn í stelpu sem bjó í götunni og var að læra á selló. Ég ræddi þá hugmynd við Göggu Lund söngkonu sem bjó hér í húsinu og hún vissi nú lengra sínu nefi. „Nei, selló er ekkert fyrir hann Ragnar. Trompet, það er hljóðfæri fyrir hann,“ sagði hún án þess að hika og það varð úr að Ragnar fór að læra á trompet til þess að ganga í augun á sellóleikara. En þeim ferli lauk enn hraðar en hann kom til þegar Ragnar fékk hláturskast þegar hann var að spila undir stjórn þess góða manns Páls Pampichler Pálssonar sem fékk nóg af vitleysisganginum í stráknum.

### Hrækingar og kaffi

Fyrst þegar hann kom til mín svo við gætum stillt okkur upp og ég hrækt á hann átti ég líka erfitt með að berjast við hláturinn. Ragnar kom ásamt vinum sínum sem sáu um að taka þetta upp og þá var þetta enn smátt í sniðum og enginn peningur í þessu. Ragnar skipti í hvíta skyrtu og svo stilltum við okkur upp og létum vaða. Að þessu loknu fór drengurinn í bað og við fengum okkur svo öll kaffi saman áður en við kysstumst bless.

Mér fannst svo mikil fásinna að vera að hrækja á þennan góða dreng. Ég þurfti því að nýta alla mína leikarareynslu og hæfileika til þess að komast í gegnum þetta án þess að fara að skellihlæja rétt eins og Ragnar framan í Pál um árið. Það er víst hægt að sjá þetta þegar horft er á verkið en svo þróaðist þetta áfram hjá okkur.

### Útrásarpésinn Ragnar

Fimm árum seinna fannst mér þetta ekki alveg eins erfitt. Gat betur haldið einbeitingunni við hrækingarnar á son minn eins undarlega og það hljómar. Skömmu eftir hrunið þá greip ég svo til þess ráðs að ímynda mér hann sem einhvern útrásarpésa sem með glannaskap og græðgi væri búinn að setja fjölda heimila á hausinn.

Það hjálpaði og talsvert meiri alvara var þá komin í hrækingarnar. Hann fékk það alveg óþvegið það árið. Svona er þetta eflaust litað af sinni samtíð hverju sinni en það er kannski rétt að taka fram að samband okkar Ragnars er alltaf afskaplega gott. Öðruvísi væri þetta ekki gerlegt.“



**HRÆKINGAR** Mynd úr verki Ragnars Kjartanssonar, Ég og móðir mín.

### Ítalska mamman

Guðrún er á því að inntak verksins sé efalítið margbreytilegt eftir auga þess sem á lítur. „Ég vil ekki vera að leggja mikið í þetta – læt það öðrum eftir. Ég hitti eitt sinn ítalskan milljónamæring sem keypti eitt þeirra örfáu eintaka sem er hægt að kaupa af Ég og móðir mín. Blessaður maðurinn var uppveðraður yfir því að hitta móður listamannsins en svo varð mér á að nefna að hún Sissa mín hefði verið að fá tilnefningu til leiklistarverðlauna og ég var eðlilega stolt af því.

Þá fór maðurinn í óskaplega fýlu út í mig. En sem móðir þá gat ég nú ekki látið þetta liggja og fór og talaði við blessaðan manninn og bað hann um að segja mér hvað amaði að. Milljónerinn stundi því þá upp að þegar hann hefði sem ungur lögfræðingur flutt sitt fyrsta stóra mál fyrir rétti hefði móðir hans verið á staðnum. Hann hefði nefnt hana í ávarpi við réttinn og boðið hana sérstaklega velkomna. Blaðamenn stukku til og óskuðu henni til hamingju með að eiga svona flottan son. Hún þakkaði pent en sagði svo: „Já, hann er fínn en þið ættuð að kynnast henni dóttur minni.“ Úbbs. Hún hrækti á hann – eða svo fannst honum að minnsta kosti og þetta átti hann erfitt með að fyrirgefa. Þetta var efalítið ástæðan fyrir því að hann keypti verkið og þannig leggur hver sitt í þetta.“

### Mæður á tvíæringi

Guðrún segir að það hafi vissulega verið gleðilegt að fá að vera hluti af velgengni sonarins. Þannig hafi Feneyjatvíæringurinn verið mikið ævintýri sem Ragnar hafi séð til að mamma gæti tekið þátt í. „Hann hringdi í mig og spurði mig hvort ég vildi ekki koma og vera með við opnun tvíæringsins. Ég sagði honum að ég hefði því miður ekki efni á svo veglegu ferðalagi en hann bað mig bara að vera alveg rólega með það. Svo talaði hann við umsjónarfólkið og sagði því að það væri algjörlega nauðsynlegt að móðir hans væri á staðnum við opnunina til þess að gefa fólki sína víðfrægu fiskisúpu.

Á hæðinni fyrir ofan Ragnar var búsettur listamaður frá Víetnam og honum fannst þetta svo góð hugmynd að hann krafðist þess að fá móður sína á staðinn til þess að gefa þá öllum kjúklingasúpu. Það fór svo að við stóðum þarna mæðurnar hvor úr sinni heimsálfunni með ausurnar á meðan þeir stukku fram á sjónarsviðið og slógu í gegn.“

### Svona sonur

Það er umhugsunarefni að leikkona sem á að baki fimmtíu ára feril skuli hafa lítið á milli handanna eftir allt sitt ævistarf. Guðrún segir að það sé vissulega áhyggjuefni hversu margir eldri borgarar í íslensku samfélagi búi við þröngan kost og framlag eldri kynslóða sé lítilsvirt af samfélaginu.

„Það sem gerðist hjá mér og í raun heilli kynslóð leikara hjá Leikfélagi Reykjavíkur var að við vorum í raun svikin um eftirlaun og það mörg hver eftir áratuga starf. Þetta er kynslóðin sem vann launalaust að því að safna fyrir nýju leikhúsi með miðnætursýningum í Austurbæjarbíói. Þegar við töpuðum að endingu dómsmáli þessa efnis þá hringdi Ragnar í mig frá New York og spurði mig hvort ég væri þá ekki illa sett.

Ég gat nú ekki neitað því að þetta væri ákveðið áfall. „Hvað er yfirdrátturinn hár, mamma?“ spurði hann mig þá og ég sagðist nú þurfa aðeins að athuga það en þá vildi hann fá að vita það strax. „Ég er á fundi hérna á Guggenheim-safninu og þeir eru að kaupa af mér verk. Hvað er yfirdrátturinn hár mamma?“ Ég stundi því upp að hann væri nú kominn í milljón sem hann óneitanlega var. „Allt í lagi, mamma.“ Og þar með var hann rokinn og svo borgaði hann upp yfirdráttinn minn með verkinu sem hann seldi Guggenheim. Hvernig er hægt að hrækja á svona son?“

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!



30% afsláttur

New York marinering

Hvítlauks og rósmarín marinering

Ítölsk marinering

ÍSLENSKT

## Marinering

Þú getur valið ókryddað eða með kolagrills, New York, hvítlauks og rósmarín eða ítalskri marineringu

**1059 kr. kg**

Verð áður ~~1524~~ kr. kg

Grísakótilettur með beini, ókryddaðar eða marineraðar

# Grillum í allt sumar



## Marinering

Þú getur valið ókryddað eða með New York, hvítlauks & rósmarín eða ítalskri marineringu

ÍSLENSKT

Ítölsk marinering

20% afsláttur

New York marinering

Hvítlauks og rósmarín marinering

**1349 kr. kg**

Verð áður ~~1699~~ kr. kg

Grísahnakki úrbeinaður, kryddaður eða ókryddaður





**1998 kr. pk.**

**Partýbakki**

Bradwurst pylsur, mini grillborgarar, mini hamborgarabrauð

Grillað í etta

Grillveisla Krónunnar

**2398 kr. pk.**

**Snöggi grillarinn**

Grilluð kjúklingalæri, grillaðir hot wings, grillaðar kjúklingalundir

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

## Nýtt, ferskt og gott





28% afsláttur

500g

**999 kr. fatan**

Verð áður ~~1399~~ kr. fatan

Bláber í fötu, 500 g

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# Óræður en áþreifanlegur strengur

Mireya Samper opnar í dag sýninguna Endurvarp í Listasafninu á Akureyri en hún hefur á síðustu árum unnið mikið í Japan og orðið fyrir miklum áhrifum af japönskum list- og menningarheimi. Mireya hefur að auki í fylgd með sér þrjá japanska gestalistamenn alla leið til Akureyrar.



„Ég vinn mest á pappír á þessari sýningu en það eru þarna bæði tví- og þrívíð verk, gjörningur, hljóðverk og vídeó og dans þannig að við erum alveg að klára þetta," segir Mireya Samper um sýninguna Endurvarp sem verður opnuð í Listasafninu á Akureyri í dag.

Sýningin endurspeglar ferli og áhrif sem Mireya hefur unnið með og upplifað, bæði á Íslandi og í Japan, undanfarin misseri. Fjallað er um innri og ytri kosmós, óendanleikann, eilífðina, endurtekninguna og hringrásina – innri og ytri hringrás.

Á sýningunni er að finna innsetningu, tví- og þrívíð verk eftir Mireyu ásamt verkum eftir japönsku gestalistamennina Tomoo Nagaii sem samdi hljóðverk með innsetningunni og vídeóverk eftir Higuma Haruo unnið upp úr samvinnu hans og Mireyu með sömu innsetningu. Þá er einnig japanska gjörningalistakonan Kana Nakamura þátttakandi í sýningunni.

„Ég er búin að vera fjórum sinnum í Japan allt frá 2000 og mislengi hverju sinni. Það kom fyrst þannig til að ég var að sýna á listahátíð á Indlandi þar sem ég kynntist japönskum listamanni sem bauð mér að koma til Japans að sýna á listahátíð þar. Ég heillaðist afskaplega mikið af landinu og menningunni en þó fyrst og fremst listheiminum. Þetta var eitthvað sem togaði sífellt sterkar í mig. Síðan þetta kom til hef ég mikið verið að rannsaka menningu þeirra og list, jafnhliða því að vera að garfa í japönskum efnum og áhrifum.

Svo var ég þátttakandi í stórri samsýningu í Litháen þar sem var mikið af Japönum. Þegar ég var að pakka saman þá gekk hjá virtur sýningarstjóri, leit á verkin mín og sagði: „Þetta er eftir japanskan karlmann." Mér fannst þetta afskaplega skemmtilegt en það sýnir eflaust líka hversu mikið þessi menning hefur fallið að því sem ég er að gera."

**„Ég finn mikið fyrir þessum tengslum. Listamenn þessara þjóða virðast eiga það sameiginlegt að vera í sterkum tengslum við náttúruna og menningarsögu sinna þjóða.**

Margir hafa á orði að í Japan sé ákaflega hart samkeppnissamfélag þar sem hraði og tækni ráða öllu. En Mireya segist ekki finna mikið fyrir þessu. „Nei, þetta er svo skipt samfélag, en það er helst að þeir Íslendingar sem hafa aldrei komið til Japans finni hjá sér þörf til að segja mér hvernig þetta er," segir Mireya og hlær og bætir við: „Listamannasamfélagið virðist ekki vera litað af þessari hörðu samkeppnishyggju. Japanskir listamenn eru ljúfir hver við annan – jafnvel fremur en íslenskir ef eitthvað er. Þeir eru að minnsta kosti lausir við það stress og þau formlegheit sem fólk þekkir kannski frekar úr viðskiptaheiminum."

Mireya segir að það séu einhver óræð en áþreifanleg tengsl á milli Íslands og Japans, þessara tveggja eldeyja í ólgandi hafinu. „Ég finn mikið fyrir þessum tengslum. Listamenn þessara þjóða virðast eiga það sameiginlegt að vera í sterkum tengslum við náttúruna og menningarsögu sinna þjóða. Þetta er eitthvað sem er farið að miklu leyti í Evrópu og í þessum steinsteypusamfélögum. Ég held að þetta sé alveg ómeðvitað en strengurinn er til staðar enda margt sameiginlegt með okkur eins og að vættatrú lifir líka góðu lífi í Japan. Vonandi munu sýningargestir líka finna þennan streng á sýningunni hér fyrir norðan. Hann er vel þess virði."

magnus@frettabladid.is


REYKJAVÍKURBORG









Öflugur rekstraraðili óskast

## Tækifæri fyrir verslun og veitingar í Mjódd

Reykjavíkurborg tekur brátt yfir húsnæði Strætó í Mjódd og leitar að rekstraraðila til samstarfs. Nýr rekstraraðili mun taka þátt í að skipuleggja breytingar á hlutverki húsnæðisins í samvinnu við Reykjavíkurborg og núverandi rekstraraðila í Mjódd. Hann velur verslanir og veitingastaði til samstarfs, aflar tilskilinna leyfa, sér um kynningar- og markaðsmál og annast allan daglegan rekstur hússins, þar með talið rekstur á salernum og öryggisvörslu.

Í Mjódd er áhugavert tækifæri fyrir veitingarekstur sem fer vel með hlutverki húsnæðisins sem þjónustustöð Strætó. Stöðin gegnir mikilvægu hlutverki innan leiðarkerfis Strætó og fara yfir 3.000 manns um hana daglega. Gert er ráð fyrir því að staðurinn auki fjölbreytni þjónustu í nærumhverfi hans og dragi til sín fólk og verði öllum opinn.

Áhugasamir sendi umsókn á netfangið sea@reykjavik.is í síðasta lagi 6. júlí 2015 ásamt hugmyndum um reksturinn, viðskiptaáætlun og upplýsingum um rekstraraðila.

Við val á rekstraraðila verða nýnæmi hugmyndar, hönnun og útlit, tenging við anda skipulags á svæðinu, þekking, reynsla og fjárhagsgeta hans ásamt viðskiptahugmynd metin.

Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á reykjavik.is/leiga

Reykjavíkurborg - skrifstofa eigna og atvinnuþróunar | Ráðhúsi Reykjavíkur - Tjarnargötu 11 | www.reykjavik.is/sea | s. 411 11 11




## Snart hjarta

Rakel Steinarsdóttir sýnir í grafíksal Hafnarhússins um þessar mundir sýninguna Snart hjarta. Sýningin var opnuð fyrir liðlega viku og vakti umtalsverða athygli en stendur þó aðeins fram yfir helgina.

Rakel byggir gjarnan verk sín á innsetningum í rými þar sem umfjöllunarefnin eru ýmiss konar hversdagslegir hlutir sem eru hluti af ferli eða hringrás sem er skráð og sett í annað samhengi. Hér vinnur hún tímatengt verk þar sem efniviðurinn er rekaviður.

Rakel segir að hugmyndir verkanna komi víða að og þau geta skírskotað til margra hluta. „Oft vinn ég þannig að náttúran eða umhverfið skapar hluta af verkinu og ég útfæri það svo, stundum á undan og stundum á eftir.

Þegar ég tíndi rekann var kreppan mikið í umræðunni og fannst mér því áhugavert að nýta mér auðlind sem var fleygt á land eftir dyntum veðurs og stöðu tungls. Í gegnum aldirnar hefur rekinn auðvitað verið nýttur til margra hluta eins og til húsbygginga og sem girðingarefni."

- mg

# POPP OG COKE

*Sígild tvenna sem er alltaf jafn góð*



FRÁBÆRT TVENNU-TILBOÐ




**299** kr.

COCA COLA 1 L + STJÖRNUPOPP 90 G

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

PIPAR\TBWA • SÍA • 132304




# Leyfilegt að mæta einn í tangó

## Tangóævintýrafélagið mun dansa frá sér allt vit um helgina og rúmlega það.

„Meginstefna okkar er að fólk getur alveg mætt eitt, það þarf ekki að koma með dansfélaga, en það má vissulega,“ segir Rut Ríkey Tryggvadóttir, formaður Tangóævintýrafélagsins sem stendur fyrir Tango Festivalito sem hófst í gær og stendur til 17. júní. Verður mikið um dýrðir um helgina, segir Rut. „Við byrjum í Kramhúsinu yfir daginn og færum okkur svo yfir á Stórhöfða 23 þar sem við verðum með svokallað „work shop“. Um kvöldið verður svo mikið ball, eða milonga, þar sem Helen La Vikinga og Fernando Corrado munu sýna dans,“ útskýrir Rut. Ekki er þörf á að taka þátt í öllu, fólk einfaldlega velur sér það sem heillar og greiða menn svo bara fyrir það. „Það er vel hægt að koma bara á ball, eða sækja stakan tíma. Bæði byrjendur og lengra komnir ættu sannarlega að finna eitthvað fyrir sig,“ bendir Rut á.

Rut segir mikinn áhuga meðal Íslendinga á tangódansi og þegar best láti séu haldin fjögur tangóböll í Reykjavík í hverri viku. „Tangóævintýrafélagið heldur til dæmis alltaf danskvöld á kaffihúsinu Sólon á mánudagskvöldum þar sem fólki gefst færi á að koma í ókeypis kynningartíma og smakka aðeins á þessum tangó.“ Lýkur dansveislunni ekki fyrr en 17. júní og þá með engum smá hvelli. „Þá ætlum við að vera í Ráðhúsinu, dansa og bjóða upp á ókeypis kennslu, en Tangóævintýrafélagið hlaut góðan styrk frá Reykjavíkurborg í tilefni 100 ára kosningaafmælis kvenna á Íslandi,“ segir Rut stolt að lokum. **- ga**



**TRYLLTUR TANGÓ** Kennarar á heimsmælikvarða bjóða upp á kennslu um helgina. MYND/ LAURA VALENTINO




# LAUGARDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**13. JÚNÍ 2015**

### Gjörningar

**10.00** Snart hjarta, einkasýningu Rakelar Steinarsdóttur í Grafíksalnum, norðanmegin í Hafnarhúsinu. Sýningin er aðeins þessa einu helgi.

### Tónleikar

**16.00** Minningartónleikar um Ágúst Ármann Þorláksson. Tvennir tónleikar verða í Egilsbúð Neskaupstað, kl. 16.00 og 20.00. Tónleikarnir verða um leið útgáfutónleikar á plötu með lögum Ágústar Ármanns. Allur ágóði af tónleikunum og plötusölu mun renna í minningarsjóð um Ágúst Ármann.

**20.00** Útgáfutónleikar Ensími. Fimmta plata Ensími kemur út í mánuðinum og hefur hún hlotið nafnið Herðubreið. Í tilefni af útgáfu plötunnar ætlar Ensími að blása til útgáfutónleika í Gamla Bíó.

**22.00** Tónlistamennirnir KK og Magnús Eiríksson koma fram á Café Rosenberg í kvöld. Á tónleikunum spila þeir lög úr lagasafni hvor annars auk sameiginlegra lagasmíða, en þeir hafa gefið út þrjár plötur með eigin efni. Aðgangseyrir er 2.000 krónur.

**22.00** Hollenska hljómsveitin Focus heiðrar Íslendinga með tónleikum á Græna hattinum á Akureyri í dag. Focus er þekktasta hljómsveit Hollands fyrr og síðar og njóta mikillar virðingar meðal tónlistaráhugamanna. Hljómsveitin var stofnuð 1969 og starfaði til 1978 en var endurlífguð 2002 og hefur túrað mikið síðan.

Því ég þekki sjálfur þær fyrirætlanir sem ég hef í hyggju með yður, segir Drottinn, **fyrirætlanir til heilla en ekki til óhamingju**, að veita yður vonarríka framtíð...

www.versdagsins.is

### Leiklist

**13.00** Leikhópurinn Lotta mun sýna Litlu gulu hænuna á Hvammstanga í dag, á Bangsatúni. Aðgangseyrir er 1.900 krónur.

**17.00** Leikhópurinn Lotta sýnir Litlu gulu hænuna í Fagrahvammi, Blönduósi, í dag. Aðgangseyrir 1.900 krónur.

### Fundir

**10.00** Ferðalag um ferðaþjónustuna, í hátíðarsal Norræna hússins.Rannsóknarmiðstöð ferðamála stendur fyrir málþingi um íslenska ferðaþjónustu sem stendur nú á tímamótum. Allir velkomnir.

### Uppákomur

**10.00** Valkyrjureið. Árleg Stúlknaferð 2015, og er öllum konum velkomið að vera með, annaðhvort á hjóli eða á bögglaberanum. Valkyrjureiðin hefur alltaf verið umlukin dulúð og leyndarmál hvert ferðinni er heitið. Hvar: Farið frá Hörpu tónlistarhúsi.

**12.00** Star Wars-dagur í Nexus. Brian Muir, myndhöggvarinn sem skapaði Darth Vader og hannaði Stormtrooper-búninginn mætir á svæðið. Mikið fjör. Hvar: Nóatúni 17. Allir velkomnir.

### Opið Hús

**10.00** Fundur fólksins er lífleg þriggja daga hátíð um samfélagsmál í Norræna húsinu og næsta nágrenni þess dagana 11. til 13. júní. Tjaldbúðir verða fyriri utan, auk kofa, sem lífga upp á hátíðarsvæðið. Hin ýmsu félagasamtök munu kynna sína starfsemi alla helgina, í bland við þétta dagskrá fyrirlestra og annarra uppákoma í Norræna húsinu. Allir hjartanlega velkomnir.

### Bæjarhátíðir

**13.00** Kótelettan BBQ Festival 2015. Bæjarhátíð á Selfossi. Stórfengleg dagskrá og mikið líf í bænum.

**13.00** Víkingahátíð í Hafnarfirði alla helgina, en þetta er í tuttugasta skipti sem hátíðin er haldin. Hvar: Fjörukráin Hafnarfirði.

### Tónlist

**14.00** Í dag verður boðið upp á tónlistardagskrá í Listasafninu á Akureyri, Ketilhúsi í tengslum við sýninguna Sköpun bernskunnar. Þar munu Lára Sóley Jóhannsdóttir og Hjalti Jónsson flytja efni af vögguljóðaplötunni Draumahöll sem er nýútkomin. Lára leikur á fiðlu og syngur, en Hjalti leikur á gítar. Flutt verður blanda af íslenskum og erlendum vögguljóðum og leitast við að skapa hugljúfa stemmningu. Allir hjartanlega velkomnir.

**19.30** Sumarhöllin 2015. Sóley, Retro Stefson, Tilbury, Ylja, Berndsen, Kveld-Úlfur og Borko koma fram. Hvar: Samkomuhúsinu Baldri Drangsnesi. Aðgangseyrir 5.000 krónur.

**22.00** Raggie-kvöld á Paloma, Naustinni. Aðgangur ókeypis.

### Myndlist

**14.00** Í dag opnar Gerður Guðmundsdóttir myndlistarmaður sýningu á textílverkum í Listasal Mosfellsbæjar. Heiti sýningarinnar er Hringrás og stef verkanna er fjölbreytni náttúrunnar. Verkin eru að mestu unnin úr ull, sem Gerður þæfir í voðir, þrykkir á og saumar út í, auk þess sem hún beitir blandaðri tækni og vinnur úr plasti og næloni. Aðgangur ókeypis.




# SUNNUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**14. JÚNÍ 2015**

### Leiklist

**13.00** Leikhópurinn Lotta sýnir Litlu gulu hænuna í Litla skógi á Sauðárkróki. Aðgangseyrir er 1.900 krónur.

### Dans

**20.00** Dansað verður Félagsheimili eldri borgara í Reykjavík í Stangarhyl 4. Hljómsveit hússins leikur fyrir dansi. Félagar taki með sér gesti. Aðgangseyrir er kr. 2.000 en kr 1.600 gegn framvísun félagsskírteinis.

### Tónlist

**20.00** Tina – Drottning rokksins verður sýnd í hinsta sinn á stóra sviði Hörpunnar í Eldborg í kvöld. Farið er yfir feril Tinu Turner í glæsilegri umgjörð en það eru þær Sigríður Beinteinsdóttir, Bryndís Ásmundsdóttir, Regína Ósk, Erna Hrönn og Stefanía Svarvarsdóttir sem ljá lögunum raddir sínar. Gestasöngvarar eru leikarinn Jóhannes Haukur og Vignir Snær. Dansarar eru undir stjórn Yesmine Olsson. Miðasala á harpa.is

**21.00** Hljómsveitin Atómbræður heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur ókeypis.

### Leiðsögn

**11.00** Dagur villtra blóma - flóran í borgarlandinu. Haldið verður upp á samnorrænan Dag villtra blóma í dag. Boðið er upp á tvær leiðsagðar gönguferðir um náttúruna í borgarlandinu; í Elliðaárdal kl. 11 og Fossvogi kl. 14. Fjallað verður um gróðurfar svæðanna og plöntur greindar til tegunda. Gestir eru hvattir til að taka með sér flóruhandbækur og stækkunargler. Pátttaka er ókeypis og allir velkomnir.

### Listamannaspjall

**15.00** Samræður á sunnudegi. Sirra Sigrún ræðir við gesti og segir frá verkum sínum á sýningunni Geymar í Listasafni Árnesinga. Aðgangur er ókeypis.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*


XYLITOL
WRIGLEY'S
Extra
white
SWEET MINT
sugarfree gum
XYLITOL
WRIGLEY'S
Extra
white
SWEET MINT
sugarfree gum
10 PIECES
BORÐA
DREKKA
TYGGJA
WRIGLEY'S
Extra
Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmíi



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FERSKUR KJÖRFUGL
749
kr. kg.
KJÖRFUGL Ferskur heill kjúklingur
Ali
598
kr. kg.
ALI Ferskur grísabógur
pepsi
598
kr. 4 x 2 ltr.
Snapple
279
kr. 473ml
Lemonade & Pink Lemonade
Snapple
1979
kr. kg
KJÖRFUGL Ferskar kjúklingabringur
ÍSLANDS LAMB
ÍSLANDSLAMB
Stolt kjötmeistarans
1998
kr. kg.
ÍSLANDSLAMB (blandaðar)
Grill-lambalærisneiðar
1698
kr. kg.
ÍSLANDSLAMB
Grill-lamba sirloinsneiðar
2298
kr. kg.
ÍSLANDSLAMB
Grill-lambalærisneiðar 1.fl.
2498
kr. kg.
ÍSLANDSLAMB Grill
lambakótilettur
3798
kr. kg.
Íslandslamb Lambafillet ferskt ókryddað
ÍSLANDS LAMB
Stolt kjötmeistarans
2998
kr. kg.
Íslandslamb Lambaprime ferskt ókryddað
Verð í þessari auglýsingu
Gilda a.m.k. til 14.júní
VALITOR
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



# FERSKT MEÐ FLUGI



**798**
kr. 500g

SPÆNSK **Jarðarber** 500g




**779**
kr. 400g

SPÆNSK **Kirsuber** 400g




**1198**
kr. 500g

SPÆNSK **Bláber** 500g



**198**
kr. stk.

AMERÍSKUR **Ferskur maís** ca.250g



**198**
kr. kg.

SPÆNSK **Gul melóna**



**198**
kr.kg.

SPÆNSK **Græn melóna**



**198**
kr. kg.

HOLLENSKT **Iceberg salat**



**198**
kr. kg.

HOLLENSKIR **Tómatar í lausu**



**198**
kr. kg.

HOLLENSKT **Kínakál**

VALITOR

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Verð í þessari auglýsingu
**Gilda a.m.k. til 14.júní**

**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

# LÍFIÐ

# Sýrlenskur matur fyrir fólk á flótta

Jamil Kouwatli, flóttamaður frá Sýrlandi, ásamt Sveini Kjartanssyni, kokki á Aalto Bistro, sáu um matseld á sýrlenskum mat á fimmtudaginn í tengslum við málþing um stríðið í Sýrlandi. Viðburðurinn var hluti af Fundi fólksins sem staðið hefur yfir í Norræna húsinu síðan 11. júní. Lokadagur hátíðarinnar er í dag og dagskrána má kynna sér á Nordichouse.is.



**NÓG AÐ GERA** Það var allt á fullu við að útbúa matinn og hráefnin voru fersk og girnileg.



**TIL NEYÐARAÐGERÐA** Ágóði matarsölunnar rann til neyðaraðgerða UNICEF fyrir börn í Sýrlandi og nágrannaríkjum.



**SÝRLENSKUR MATUR** Seldur var sambærilegur matur og borðaður er dagsdaglega í Sýrlandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**DUGLEGIR** Þessir vösku ungu menn aðstoðuðu við matseldina og réttirnir voru afskaplega girnilegir.


40%

OPNUNARTILBOÐ

40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

AÐEINS Í DAG, LAUGARDAGINN 13. JÚNÍ

Skartgripaverslunin Carat opnar á nýjum stað, að Hátúni 6a (sama húsi og Fönix). Við bjóðum nýja og gamla viðskiptavini hjartanlega velkomna í verslun okkar.

Útskriftargjafir, brúðargjafir, tækifærisgjafir.

CARAT

Haukur gullsmiður | Hátúni 6a | Sími 577 7740 | carat.is

# ÆVISAGA KRABBAMEINS

## STÓRBROTIN OG NAUÐSYNLEG BÓK

*„Vel skrifuð, raunsæ og umfram allt spennandi.“*

HELGI SIGURÐSSON, YFIRLÆKNIR OG PRÓFESSOR Í KRABBAMEINSLÆKNINGUM






PULITZER-VERÐLAUNAHAFI

Á LISTA *TIME* YFIR 100 MIKILVÆGUSTU BÆKUR SÍÐUSTU 100 ÁRA



Hér segir frá sjúklingum, læknum og vísindamönnum, rannsóknum og uppgötvunum, misskilningi og mistökum, árangri og sigrum.

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*



**Við reyndum að fá það í gegn gagnvart plötufyrirtækinu og dagskránni hér úti að fá að koma heim í sumar, það var alltaf eitt af okkar markmiðum og við erum ákaflega ánægðir með að það hafi gengið.**

**GERA ÞAÐ GOTT** Hljómsveitin Kaleo hefur haft í nógu að snúast undanfarna mánuði. Nýtt lag er væntanlegt frá þeim á næstunni. MYND/BALDVIN VERNHARÐSSON

# Erfiðast að yfirgefa fjölskylduna

Hljómsveitin Kaleo flutti til Bandaríkjanna í janúar og hefur síðustu mánuði komið fram víða vestanhafs og unnið að nýju efni. Líf meðlima sveitarinnar hefur því breyst mikið á örfáum mánuðum. Fréttablaðið heyrði í Jökli Júlíussyni, söngvara sveitarinnar.




Gunnar Leó Pálsson
gunnarleo@frettabladid.is


Hljómsveitin Kaleo skrifaði í desember í fyrra undir plötusamning við Atlantic Records og svokallaðan „publishing"-samning við Warner/Chappell Music. Í kjölfarið flutti sveitin til Bandaríkjanna og hefur nú verið búsett í Austin í Texas síðan í janúar.

Eruð þið ekkert komnir með ógeð hver á öðrum eftir fimm mánaða sambúð? „Jú, við erum komnir með ógeð. Nei, nei, ég segi svona. Þetta hefur gengið frekar vel, við búum saman í rúmgóðu húsi í Texas. Myndatökumaðurinn okkar og tour managerinn (ferðastjórinn) búa einnig með okkur og svo er hljóðmaðurinn einnig mikið með okkur þannig að þetta er svaka búskapur. Við erum allir svo góðir vinir og gerum allt saman þannig að það er auðvelt að slá öllu upp í grín og menn taka sig ekki of alvarlega," segir Jökull Júlíusson, söngvari og annar gítarleikari Kaleo, um sambúðina.

### 30.000 mílur á þremur mánuðum

Þrátt fyrir um fimm mánaða dvöl ytra hafa þeir félagar einungis eytt um fjórum til fimm vikum í húsinu sjálfu því þeir hafa verið á miklu ferðalagi. „Það er aðeins leiðinlegra að vera í rútunni en í húsinu og þá reynir mest á samveruna. Þetta er mikið ævintýri og maður er alltaf að sjá eitthvað nýtt. Suma daga situr maður í bílnum í 17 tíma en aðra daga er maður að skoða nýja staði og spennandi borgir. Dagarnir eru mismunandi, stundum þrjú eða fjögur gigg á dag og stundum fer allur dagurinn í eitthvað annað eins og stúdíó," útskýrir Jökull. Kaleo hefur ferðast um 20 til 30 þúsund mílur á síðustu þremur mánuðum og ferðast um í kringum 30 fylki. „Maður ræður ekkert rosalega miklu, maður fylgir stífu plani og það getur verið erfitt að syngja þrisvar eða fjórum sinnum á dag á þétt bókuðum túr. Við kunnum að meta frídagana, það er líka mikill kostur að það er oftast gott veður þar sem maður er. Við kvörtum ekki yfir því."

Hljómsveitin og teymi hennar ferðast um á tíu manna Sprinter. „Við erum með kojur og það geta fimm sofið aftur í. Þetta er helvíti þröngt þegar við erum sex eða sjö í bílnum en það er hægt að drepa tímann með því að spila FIFA, lesa eða horfa á sjónvarpið og fleira."

### Rolling Stones-tónleikar 17. júní

Atlantic Records er samvinnuþýtt Kaleo og fá strákarnir að taka upp í flottum hljóðverum þegar þeir hafa lausan tíma á viðkomustöðum sínum. „Við fáum að vinna í mjög fínum stúdíóum og höfum tekið slatta upp í Chicago, Los Angeles, Nashville og svo auðvitað í Austin." Þeir félagar eru þessa dagana staddir í Tennessee og spiluðu á Bonnaroo-tónlistarhátíðinni þar á dögunum. Þeir ætla að nýta stoppið vel. „Við verðum hér yfir helgina og ætlum að sjá fleiri listamenn hérna eins og Robert Plant og Billy Joel, við förum svo til Nashville að taka upp og ætlum meira að segja að halda upp þjóðhátíðardaginn með því að fara að sjá Rolling Stones 17. júní," segir Jökull ansæll.

### Hlakka til að koma heim

Lífið er þó ekki alltaf dans á rósum þegar þú ert í hljómsveit að elta drauminn erlendis og þarft að yfirgefa fjölskyldu og vini í langan tíma. Eruð þið ekki komnir með smá heimþrá eftir allan þennan tíma? „Það er auðvitað erfitt að yfirgefa fjölskylduna og vini og við getum ekki beðið eftir að koma heim. Við reyndum að fá það í gegn gagnvart plötufyrirtækinu og dagskránni hér úti að fá að koma heim í sumar, það var alltaf eitt af okkar markmiðum og við erum ákaflega ánægðir með að það hafi gengið," segir Jökull.

Þeir félagar hafa þó reynt að hvetja vinina til að koma í heimsókn enda búa þeir í stóru húsi með sundlaug og öðru slíku.

### Stutt stopp heima

Kaleo kemur til Íslands í tíu daga í júlí en þó verður tíminn á Íslandi annasamur. „Við komum heim í tíu daga í júlí og ætlum að nýta tímann vel. Við erum að fara að taka upp nokkur „live performance"-myndbönd því okkur langar að nýta íslensku náttúruna og íslenska sumarið í myndböndin. Það verður líka gaman að sýna Könunum Ísland. Það koma einhverjir á vegum Atlantic Records og einnig umboðsmaðurinn okkar og líklega einhverjir fleiri sem hafa verið að vinna með okkur hérna úti," segir Jökull um dvölina á Íslandi.

Kaleo kemur fram í Gamla bíói þann 11. júlí og verða tónleikarnir jafnframt einu sjálfstæðu tónleikar sveitarinnar á Íslandi á þessu ári. „Við erum gífurlega spenntir fyrir tónleikunum. Við erum að undirbúa stærra „show" og fáum til liðs við okkur úrvals hljóðfæraleikara. Síðustu tónleikar sem við héldum í Gamla bíói í nóvember heppnuðust frábærlega og við hlökkum til að gera enn betur. Einnig ætlar hljómsveitin VAR að hita upp og hvetjum við fólk til að kynna sér þau."

### Heiður að hita upp fyrir Kings of Leon

Hins vegar kemur sveitin aftur fram á Íslandi þann 13. ágúst þegar hún hitar upp fyrir hljómsveitina Kings of Leon í Nýju Laugardalshöllinni. „Það er auðvitað mikill heiður að fá að hita upp fyrir þá. Við hikuðum ekki þegar okkur var boðið að spila."

Kaleo hefur að undanförnu verið á fullu að kynna sitt nýjasta smáskífulag, All The Pretty Girls. Þeir félagar eru með nýtt lag sem stefnt er á að koma út sem allra fyrst. „Við erum að vinna í lagi sem heitir Way Down We Go sem er frekar mikill blús í grunninn. Hérna virka hlutirnir aðeins öðruvísi en heima. Það er ekki sjálfgefið að fá að koma singli út svona skömmu eftir að síðasti singull kom út. Þeir vilja ekki fleira en eitt lag í einu og það tekur töluvert lengri tíma að vinna hvert lag en gengur og gerist í Evrópu. Við höfum engu að síður fengið leyfi til að gefa lagið út á Íslandi svo að það styttist í það," útskýrir Jökull.

### Ekki orðnir milljónamæringar

Spurður út í peningamálin og hvort þeir félagar séu að hala inn mikið af peningum á þessu öllu saman, er svarið einfalt: „Við erum ekki búnir að græða mikinn pening. Persónulega erum við ekki að velta neinu gífurlegu, þetta eru bara peningar sem fara í að halda batteríinu gangandi. Það er ákveðin fjárhæð sem samið er um í byrjun, sá peningur er til að láta pakkann ganga upp í tveggja, þriggja ára plani. Við persónulega erum ekki að græða, við getum samt ekki kvartað þar sem við lifum á tónlistinni, það eru þvílík forréttindi að geta tekið upp með fólki sem þú vilt vinna með og starfað við tónlistina. Þrátt fyrir það þá er þetta hark og við reynum að hafa útgjöldin í lágmarki," segir Jökull og bætir við: „Þetta eru í raun fyrirframpeningur frá plötufyrirtækinu sem maður fær til að fjármagna planið sem er næstu tvö, þrjú árin."

**Persónulega erum við ekki að velta neinu gífurlegu, þetta eru bara peningar sem fara í að halda batteríinu gangandi.**

Eins og fram kemur hér að ofan nær þetta grunnplan Kaleo til tveggja til þriggja ára og verður sveitin mikið í Bandaríkjunum næstu árin. „Það sem eftir er af árinu munum við halda áfram að ferðast og spila í Bandaríkjunum ásamt því að klára upptökur á plötu. Við eigum gífurlega mikið af tónlist sem við hlökkum til að koma frá okkur. Hingað til hefur gengið mjög vel og við erum mjög spenntir fyrir framhaldinu."



**FLOTTUR FRONTMAÐUR** Jökull Júlíusson söngvari og annar gítarleikari Kaleo. MYND/MICHELLE STANCIL


NÝTT - NÝTT
TEYGJUHOPP
NÝTT - NÝTT
PEZ®
FYLGIR ÖLLUM SELDUM KORTUM
SUMARTILBOÐ
FÆRÐ 6.000 KR. INNEIGN
BORGAR 4000 KR.
TEYGJUHOPP
Á ÚTISVÆÐINU
pepsi
SMÁRA TIVOLI
SKEMMTUN FYRIR ALLA!
www.smarativoli.is / Sími 534 1900 / Smáralind
SUMAROPNUN
Mán. - fim. 12:00 – 22:00
Fös. – lau. 12:00 – 23:00
Sunnud. 13:00 – 22:00






















**1. SÆTI** Of Monsters and Men er að gera góða hluti og virðist vera að heilla heimsbyggðina á einu bretti. NORDICPHOTOS/GETTY

# Of Monsters and Men stökk í fyrsta sætið

**Önnur breiðskífa sveitarinnar náði toppsæti metsölulista allra platna á iTunes í gær, er það í fyrsta skipti sem íslensk hljómsveit kemst í fyrsta sæti listans.**

Önnur breiðskífa Of Monsters and Men, Beneath The Skin, náði efsta sæti á metsölulista allra platna á iTunes fyrr í gær. Þetta er jafnframt í fyrsta sinn sem íslensk hljómsveit kemst í fyrsta sæti heildarlista iTunes. Sveitin er í harðri samkeppni við hljómsveitina Muse sem gaf út plötuna Drone sama dag og OMAM.

„Ég held alveg örugglega að þetta hafi ekki gerst áður. Að önnur plata listamanns gangi svona vel sýnir að listamaðurinn er á mikilli siglingu. Of Monsters and Men gæti alveg orðið jafn stór og Björk með þessu áframhaldi. Þau eru búin að marka þá braut sem þau eiga að feta,“ segir Jónatan Garðarsson tónlistarsérfræðingur. „Hljómsveitir eru lengi að safna efni í sína fyrstu plötu en oft þegar önnur platan er í vinnslu er sveitin á þvælingi um allan heim að fylgja fyrri plötunni eftir og nær því kannski ekki að smíða nógu góð lög. Ef plata númer tvö gengur svona vel og er af sama kalíberi þá eru þau komin á þessa hæð og bjart fram undan,“ bætir Jónatan við.

Fyrr í vikunni kom sveitin fram í tveimur af stærstu þáttum Bandaríkjanna, Good Morning America á ABC og The Tonight Show with Jimmy Fallon, og flutti lagið Crystals. Sveitin er nú á heljarinnar tónleikaferðalagi.

Þá geta aðdáendur Of Monsters and Men nú útbúið sína eigin útgáfu af plötuumslagi Beneath The Skin á heimasíðu sveitarinnar.

- glp

➜ Platan Beneath the skin kom út 8. júní hérlendis en 9. júní í öðrum löndum.

➜ Fyrsta breiðskífa sveitarinnar, My head is an animal, kom út í september árið 2011.

➜ Sveitin er nú á tónleikaferðalagi og spilar næst í The Forum í London á þriðjudaginn.

➜ Uppselt er á tónleikana en The Forum tekur 2.300 manns.

# Sumarið byrjar í Smáralind



**Regnhlífar í kokteilana og regnhlíf fyrir göngutúrinn!**

Skildu regnfötin eftir heima og hafðu það sumarlegt með okkur. Við lofum logni og rjómablíðu í allt sumar!

## Opið í dag 11–18

**Vinnur þú 50.000 kr. gjafakort?**

Verslaðu í Smáralind dagana 12.–16. júní og þú gætir unnið 50.000 kr. gjafakort Smáralindar. Þú færð þátttökuseðil í næstu verslun, veitingastað eða á þjónustuborðinu 2. hæð.

**Dregið verður 18. júní.**

SMÁRALIND

Góða skemmtun

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM

## Grimmdin og íslenska geðveikin



„Við töluðum um að þetta væri Leikurinn með stóru L-i og nálguðumst hann þannig. Við ætluðum að gera betur en við gerðum í Tékklandi og gerðum það,“ sagði Aron Einar Gunnarsson eftir sigurinn í gær.

„Þetta var fyrir okkur. Að sanna að við getum unnið þessi stóru lið. Mér fannst við vera í betra formi en þeir. Margir spiluðu sinn síðasta leik 2. maí en við erum það fókuseraðir á þetta verkefni að allir héldu sér í mjög góðu formi. Við ætluðum aldrei að tapa þessum leik.“ Fyrirliðinn segir að íslensku strákarnir hafi reiðst þegar Tékkar komust yfir.

„Þú veist hvernig við erum. Við höfum alltaf trú á okkur og vissum allir að við myndum skora mark hérna á heimavelli. Það var grimmdin og íslenska geðveikin sem hélt okkur inni í þessum leik. Þetta var gífurlega mikilvægur og sætur sigur,“ segir Aron. **- hbg**

## Draumurinn er að komast áfram

**HANDBOLTI** „Við komum okkur sjálfar í svolítið erfiða stöðu í fyrri leiknum,“ segir Rut Jónsdóttir, leikmaður íslenska kvennalandsliðsins í handbolta, við Fréttablaðið um fyrri umspilsleikinn gegn Svartfjallalandi um sæti á HM í vetur.

Svartfjallaland vann fyrri leikinn, 29-18, og þurfa stelpurnar okkar því tíu marka sigur í Höllinni gegn einu besta liði heims ætli þær áfram.

„Það var svekkjandi að ná ekki betri úrslitum á útivelli en samt sem áður ætlum við að fara í leikinn einbeittar og það væri frábært að ná í sigur. Ef tækifæri gefst ætlum við okkur áfram. Draumurinn er að komast áfram,“ segir Rut.

Stelpurnar byrjuðu vel ytra og voru með sex marka forystu eftir tíu mínútur, en eftir það fór allt í baklás.

„Þær breyttu varnarleiknum eftir 20 mínútur og komu okkur úr jafnvægi. Svo áttum við bara í vandræðum með sóknarleikinn. Þetta er náttúrlega rosalega sterkt lið sem við erum að spila við,“ segir Rut.

Hún segir ekki alla von úti enn. „Ég er spennt að sjá hvernig þær mæta í þennan leik. Maður veit aldrei með þessar þjóðir, þær gætu ætlað að taka þetta með vinstri. Við ætlum að vera á tánum og mæta af fullum krafti,“ segir Rut Jónsdóttir.

Leikurinn hefst klukkan 14.30 í Laugardalshöll. **- tom**



**ERFITT** Stelpurnar verða að eiga frábæran leik. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**FRÁBÆR STAÐA HJÁ ÍSLANDI** Ragnar Sigurðsson og Kolbeinn Sigþórsson fagna sigri á Tékkum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Markið þeirra kveikti í okkur

**FÓTBOLTI** „Þetta var algjörlega ótrúlegur sigur,“ segir Kolbeinn Sigþórsson sem skoraði sigurmarkið gegn Tékkum í gær.

„Að sjá hvernig við komum til baka eftir að hafa lent undir var frábært. Við létum markið ekki á okkur fá og vorum enn þá betri eftir að hafa fengið markið á okkur. Við áttum skilið að skora og vinna,“ sagði Kolbeinn.

„Mér fannst þeir vera hræddir við líkamlega styrkinn hjá okkur. Maður fann að þeir báru virðingu fyrir okkur. Við vildum þetta meira og börðumst um hvern einasta bolta. Þetta Tékkalið er drullugott en við náðum að loka frábærlega á þá,“ sagði Kolbeinn.

„Markið þeirra kveikti enn frekar í okkur og það sýnir eina ferðina enn karakterinn í okkar liði. Það er ekkert grín að koma til baka á móti svona sterku liði,“ sagði Kolbeinn sem var mjög yfirvegaður þegar hann skoraði markið. „Ég beið aðeins með að skjóta og lét hann koma á móti mér. Það var frábært fyrir mig að skora enda langt síðan ég skoraði í landsleik. Það er frábært að við séum komnir í toppsætið og við viljum halda því. Við erum ekki komnir á EM samt. Ekki fyrr en við erum komnir þangað,“ sagði Kolbeinn og glotti. **-hbg**

# Getum Tékkað okkur inn

**Íslenska karlalandsliðið í fótbolta er komið hálfa leið til Frakklands eftir frækinn endurkomusigur á Tékklandi í gær. Ísland fór með þessum sigri upp í efsta sæti riðilsins og verður þar í allt sumar að minnsta kosti.**



Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is

**FÓTBOLTI** Íslenska þjóðin var send með bros á vör í sumarfrí eftir stórglæsilegan endurkomusigur, 2-1, hjá íslenska landsliðinu í fótbolta í gærkvöldi gegn því tékkneska. Eftir að lenda 1-0 undir, þvert gegn gangi leiksins, komu strákarnir til baka með mörkum fyrirliðans Arons Einars Gunnarssonar og Kolbeins Sigþórssonar og tryggðu sér sigurinn.

„Fyrri hálfleikurinn var eins og amerískur fótbolti. Bæði lið voru föst fyrir og reyndu að nýta sér föst leikatriði. Þeir fengu engin færi, ekkert frekar en í seinni hálfleik. Ég er mjög ánægður með stigin þrjú,“ sagði Lars Lagerbäck, annar landsliðsþjálfara Íslands, sæll og glaður á blaðamannafundi eftir leikinn.

Fyrri hálfleikurinn var ekki mikið fyrir augað. Hvorugt liðið vildi gera mistök enda leiddu mistök til allra þriggja markanna í fyrri leiknum. Íslenska liðið var þó hugrakkara og fékk nokkur ágæt tækifæri. Næst komst Gylfi Þór Sigurðsson því að skora þegar hann mundaði gullfótinn í tvígang úr aukaspyrnu rétt fyrir utan teig.

Gylfi var, eins og áður í keppninni, alveg frábær inni á miðsvæðinu með fyrirliðann Aron Einar Gunnarsson með sér. Aron Einar heldur áfram að spila eins og kóngur, límir saman vörn og miðju. Gylfi nýtur þess að spila við hliðina á honum og stýrði spilinu á miðsvæðinu eins og umferðarlögregla. Besti fótboltamaðurinn á Laugardalsvelli var í íslenska liðinu í gær.

„Fyrri hálfleikurinn var alveg eins og við bjuggumst við. Tékkarnir tóku ekki mikla áhættu og mér leið eins og þeir vildu fyrst og fremst verja stigið,“ sagði Lagerbäck.



**SIGURMARKIÐ** Kolbeinn Sigþórsson tryggir hér Íslandi 2-1 sigur á Tékkum og þar með toppsætið í riðlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Okkar menn ætluðu sér að vinna leikinn og komu flottir út í seinni hálfleikinn. Það var upp úr þurru sem Borak Dockal kom gestunum yfir með draumamarkið, en eftir það sýndu strákarnir úr hverju þeir eru gerðir og rúmlega það.

Ísland pressaði stíft eftir markið og leyfði Tékkunum ekki að fagna. Það var ekkert minna en sanngjarnt þegar fyrirliðinn Aron Einar stangaði boltann í netið eftir magnaða sendingu Ara Freys inn á teiginn.

Aron setti allan þann fítónskraft sem hann átti í skallann enda þarf ekkert minna til að koma boltanum fram hjá Petr Cech. Eftir markið var aldrei spurning um hvort liðið myndi skora aftur. Ísland var einfaldlega miklu betri aðilinn.

Tékkarnir réðu ekkert við liðspressu íslenska liðsins og gátu lítið annað gert en að sparka boltanum aftur í fangið á íslensku strákunum. Það er einfaldlega þannig að íslenska liðið er orðið svo gott, skipulagt og baráttuglatt að lið eins og Tékkland verður að sætta sig við löng neyðarspörk fram völlinn.

Enginn fagnaði marki Kolbeins Sigþórssonar meira en hann sjálfur. Eyðimerkurgöngunni loksins lokið. Hann hafði ekki átt neitt sérstakan leik fram að markinu þó að hann hafi verið duglegur eins og alltaf, en færið kláraði hann eins og heimsklassa framherji.

Ef við Íslendingar megum einhvern tíma tapa okkur í hinni alíslensku bjartsýni er það núna. Og sú bjartsýni er ekki byggð á sandi. Við eigum tvo heimaleiki eftir gegn slökustu þjóðum riðilsins, en þó erfiða útileiki. Verkefnið þarf að klára, engin spurning. Strákarnir fóru samt langt með að tékka sig inn til Frakklands í gærkvöldi.

„Ég væri að ljúga ef ég segði að við ættum ekki góða möguleika núna,“ sagði Lagerbäck sem er allt annað en yfirlýsingaglaður. Það ætti að segja okkur eitthvað.

„Við erum búnir að spila við öll bestu liðin í riðlinum og þau eiga eftir innbyrðisleiki.“ **tomas@365.is**

Tilboð 99.900,- M18 FUEL™



**M18 Set1-503X**
M18 CPD höggborvél
3x5,0 Ah. rafhlöður
**MW 4933 4481 15**

Tilboð 36.900,- M12



**M12BD D-402C**
Nett bor og skrúfvél
2x4,0Ah rafhlöður
**MW 4933 4419 35**

**KAUPAUKI**



**Milwaukee Fleece peysa fylgir öllum Milwaukee settum meðan birgðir eru.**

Tilboð 49.900,- M18



**M12 BPP2D-402B**
Hleðsluborvél og tifvél
2 x 4,0 Ah Red Li-Ion rafhl.
**MW 4933 4412 50**

Tilboð 179.900,- M18



**M18 PP6D-502B**
**MW4933 4510 39**

Tilboð 89.900,- M18



**M18BH-402C**
SDS+ borhamar 1,2J 2x4,0Ah rafhl.
**MW 4933 4433 30**

**Komdu og prófaðu nýjustu tækin. Milwaukee bíllinn verður staddur sem hér segir:**

VERKFÆRA SALAN
Síðumúla 11 - 108 Reykjavík
Sími 568-6899
Netsíða: www.vfs.is



| 15. júní | 16. júní |
|---|---|
| Mánudagur | Þriðjudagur |
| **Húsavík** Eimskip Vörubílaverkstæðið kl. 10:00 - 12:00 | **Vopnafjörður** Bílar og vélar Hafnarbyggð 14A kl. 09:00 - 11:00 |
| **Þórshöfn** Hamar kl. 15:30 - 17:00 | |


40.000
FBL
fréttaþyrstir notendur
Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar sem er og hvenær sem er.
Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með Fréttablaðsappinu.
Nálgastu appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum:
Download on the App Store
Download from Windows Store
Google play
FRÉTTABLAÐIÐ
Áheyrnarfulltrúum vantreyst í Garðabæ
FRÉTTABLAÐIÐ

# FRAMMISTAÐA LEIKMANNA Á MÓTI TÉKKLANDI Í GÆR



**FAGNAR** Kolbeinn Sigþórsson tryggði Íslandi sigur á Tékklandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**MAGNAÐUR** Gylfi Þór Sigurðsson átti enn einn stórleikinn fyrir Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**SANNUR FYRIRLIÐI** Aron Einar skoraði og var í lykilhlutverki á miðjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**HANNES ÞÓR HALLDÓRSSON, MARKVÖRÐUR 6**
Mætti hárprúður til leiks og hárið var ekki að flækjast fyrir honum. Reyndi lítið á hann. Öruggur í sínum aðgerðum. Gat lítið gert við markinu.

**BIRKIR MÁR SÆVARSSON, HÆGRI BAKVÖRÐUR 7**
Stóð vaktina vel í vörninni. Yfirvegaður og ekkert óðagot. Hleypti engu í gegnum sig. Tók takmarkaðan þátt í sóknarleiknum.

**KÁRI ÁRNASON, MIÐVÖRÐUR 7**
Klikkar helst aldrei í landsleikjum. Étur alla skallabolta og vinnur flest návígi. Leiðtogi í sterkri vörn.

**RAGNAR SIGURÐSSON, MIÐVÖRÐUR 8**
Sterkur fyrir, tímasetti tæklingar vel. Lét ekki teyma sig í ógöngur. Öflugur í loftinu. Hann og Kári traustir sem fyrr.

**ARI FREYR SKÚLASON, VINSTRI BAKVÖRÐUR 7**
Öflugur í vörninni. Eldfljótur og átti nokkrar ágætar sendingar og svo eina gullsendingu er Ísland jafnaði 1-1.

**BIRKIR BJARNASON, HÆGRI KANTMAÐUR 5**
Ekki hans besti dagur. Missti boltann of oft og náði lítið að ógna. Lét þó finna fyrir sér og vann mikla vinnu sem fyrr.

**ARON EINAR GUNNARSSON, MIÐJUMAÐUR (MAÐUR LEIKSINS) 8**
Fyrirliðinn frábæri jafnaði með stórglæsilegu skallamarki. Var sem brimbrjótur á miðjunni og tengdi liðið saman. Fórnaði sér hvenær sem hann gat, vann marga bolta og sinnti varnarvinnunni af miklum myndarskap. Sannur leiðtogi.

**GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON, MIÐJUMAÐUR 8**
Í öðrum klassa en aðrir miðjumenn. Frábær á boltann og alltaf hætta í kringum hann. Óheppinn að skora ekki úr aukaspyrnu. Virðist ekki geta spilað slakan landsleik. Ótrúlega duglegur og óþreytandi í að pressa miðjumenn Tékka.

**EMIL HALLFREÐSSON, VINSTRI KANTMAÐUR 5**
Var mjög kröftugur framan af fyrri hálfleik og vann nokkra bolta. Náði ekki að fylgja því eftir. Tapaði boltanum í fyrsta marki leiksins. Gaf sig allan í verkefnið og hætti aldrei.

**JÓHANN BERG GUÐMUNDSSON, FRAMHERJI 6**
Hörkuduglegur en kom lítið út úr allri vinnunni því miður. Gafst aldrei upp.

**KOLBEINN SIGÞÓRSSON, FRAMHERJI 7**
Óþreytandi dugnaðarforkur. Alltaf með pressu. Skilaði bolta vel af sér. Nýtti færið sitt og skoraði. Yfirvegaður og kláraði með stæl. Má aldrei líta af honum.

**VARAMENN**

**JÓN DAÐI BÖÐVARSSON (63. EMIL H.) 6**
Duglegur og átti sinn þátt í sigurmarki Íslands.

**RÚRIK GÍSLASON (93. KOLBEINN SIGÞÓRSSON) -**
Kom inn á í blálokin.





NAPOLEON HÁGÆÐA GRILL FRÁ KANADA

**NAPOLEON**, fjölskyldufyrirtæki frá Kanada, hefur verið starfandi í 38 ár og sérhæfir sig í að hanna og framleiða hágæða grill, eldstæði og fleiri vörur sem hægt er að treysta á.

byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN





**RÁÐGJAFINN** Eftir glæstan landsliðsferil sem leikmaður er Ólafur Stefánsson mættur aftur sem aðstoðarmaður leikmanna og þjálfara. Hann segir liðið aftur á réttri leið eftir deyfðina í Katar. Ísland stefnir nú á efsta sætið í riðlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vilja sópa upp eftir sig

## Íslenska landsliðið í handbolta mætir Svartfellingum í úrslitaleik um efsta sæti riðilsins á sunnudag. Ólafur Stefánsson segir meiri einbeitingu í liðinu núna.

**HANDBOLTI** Strákarnir okkar í íslenska handboltalandsliðinu mæta Svartfjallalandi í úrslitaleik um efsta sætið í fjórða riðli undankeppni EM 2016 í handbolta á sunnudaginn klukkan. 17.00. Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari vill ekki spá í hvort liðið sé komið á EM eða ekki eða hvað önnur lið þurfa að gera. Hann vill sigur.

„Það væri bara einfaldast að vinna þennan leik og taka fyrsta sætið. Það er aðalatriðið. Efsta sætið skiptir líka máli upp á styrkleikaröðun auk þess sem það væru ágætis skilaboð til annarra liða," sagði Aron við Fréttablaðið í gær.

### Meiri einbeiting

Ólafur Stefánsson var fenginn inn í þjálfarateymið eftir HM í Katar þar sem mikil deyfð var yfir liðinu. Strákarnir hafa spilað mjög vel í síðustu leikjum; pökkuðu Serbum saman heima, náðu jafntefli við þá úti og unnu svo Ísrael með tíu mörkum ytra á miðvikudaginn.

„Það er bara meiri einbeiting í liðinu," sagði Ólafur við Fréttablaðið í gær. „Menn vilja sópa upp eftir sig eftir smá lægð og komast aftur á þann stað þar sem liðið hefur verið."

Hann segir mikilvægt fyrir íslenska liðið að vera á meðal átta bestu þjóða heims en ekki einhvers staðar frá 9-16.

„Það væru líka röng skilaboð fyrir aðra sem eru að koma inn í þetta núna. Okkar stefna er að vera alltaf á meðal þeirra átta bestu. Þar þarftu að vera til að komast inn á Ólympíuleika og vera gjaldgengur í þessu," sagði Ólafur.

### Ekki spilað fyrir peninginn

Ólafur er sammála því að íslenska liðið hefur spilað vel í undanförnum leikjum og hann var ánægður með frammistöðuna í Tel Aviv.

„Þetta var vel gert, en það þarf ofboðslega einbeitingu til á þessum árstíma. Þetta er oft erfiðasti tíminn til að spila landsleiki. Sérstaklega fyrir menn í meistaraliðum eins og Guðjón Val, Aron og Róbert. Þar hefur verið mikið álag og mikil spenna," sagði Ólafur og hélt áfram:

„Menn þurfa þá gott ímyndunarafl og einbeitingu til að gíra sig upp í svona verkefni. Á móti er það líka það sem einkennir íslensku handboltahefðina og einhver föðurlandshyggja."

Hingað koma menn ekki til að spila fyrir vasapening. „Strákarnir koma hérna og spila ekki fyrir pening heldur eitthvað allt annað. Það er eitthvað sem menn þurfa að ná í og ef það gerist völtum við yfir þetta svartfellska lið."

### Leyfi til að fikta

Ólafur nýtur sín í þessu nýja hlutverki sem aðstoðarmaður þjálfara eða eins konar ráðgjafi þeirra og leikmannanna. Nógu djúpur er allavega handboltaviskubrunnurinn sem hann býr yfir.

„Mér finnst þetta fínt. Ábyrgðin er öll á þjálfurunum en mitt hlutverk er að vera léttur ráðgjafi inn á milli. Ég er svona tengiliður fyrir þjálfara og leikmenn," sagði Ólafur sem er bjartsýnn fyrir leikinn á sunnudaginn.

„Dínamíkin er góð og maður fann það þegar þeir mættu á móti Serbum. Það voru allt aðrir hlutir í gangi. Menn vildi sýna sig og sanna," sagði Ólafur Stefánsson.

tomas@365.is

### ➜ Svona hefur Ísland komist á síðustu átta Evrópumót

**EM Í KRÓATÍU 2000**
Vann Makedóníu í tveimur umspilsleikjum (Samanlagt 61-55)

**EM Í SVÍÞJÓÐ 2002**
Vann Hvíta-Rússland í tveimur umspilsleikjum (Samanlagt 56-50)

**EM Í SLÓVENÍU 2004**
Ísland tryggði sig inn með því að ná 4. sæti á EM 2002

**EM Í SVISS 2006**
Vann Hvíta-Rússland í tveimur umspilsleikjum (Samanlagt 67-55)

**EM Í NOREGI 2008**
Vann Serbíu í tveimur umspilsleikjum (Samanlagt 71-70)

**EM Í AUSTURRÍKI 2010**
Fyrsta sæti í 3. riðli undankeppninnar

**EM Í SERBÍU 2012**
Annað sæti í 5. riðli undankeppninnar (Þýskaland vann riðilinn)

**EM Í DANMÖRKU 2014**
Fyrsta sæti í 6. riðli undankeppninnar

**EM Í PÓLLANDI 2016**
Ræðst í Laugardalshöll á morgun.


NÝJAR VÖRUR Í LÚR

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM





**Henson Design**
Margir litir í boði. Margar tegundir af rúmgöflum. Fáanleg sem rafmagnsrúm.



**Trinus**
Fallegur horn- og tungusófi með hvíldarstól í enda. Margir litir í boði.



**Demetra svefnsófi**
Glæsilegur og virkilega vandaður svefnsófi frá Ítalíu.

Komdu í heimsókn
– og uppfylltu drauma þína um betri hvíld

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR BETRI HVÍLD



SUMARIÐ ER TÍMINN
OG STUNDUM ER TÍMINN EINS OG VATNIÐ
20% AFSLÁTTUR*
AF REGNFÖTUM
FRÁ GÆÐAMERKINU
DIDRIKSONS 1913
Grundsund SWEDEN
CKK 467
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

# NÝTT ÚTLIT - NÝIR TÍMAR

# NÝ VERSLUN




## VIÐ ENDURTÖKUM LEIKINN FRÁ SÍÐUSTU HELGI

# FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ!

ATH: Tilboðin gilda eingöngu í ELKO í Lindum 13. - 14. júní



30 stk.

Verð áður 4.995

**2.995**

40% afsláttur

gioteck

**BLUETOOTH HEADSET**

- Geoteck bluetooth headset fyrir Playstation 3

PS3GIOHSBT01



45 stk. alls

Þráðlaus

Frábær hljómgæði

Verð áður 14.495

**9.995**

31% afsláttur

Bluetooth™

jam

**ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL**

- Þráðlaus tenging – Bluetooth
- Innbyggður hljóðnemi – hentar vel með farsíma
- Stillir á hlið fyrir hljóðstyrk og lagaval
- Rafhlöðuending allt að 11 klst.

HXHP420BK/RD/WT



30 stk.

Chromebook

Google Chrome stýrikerfi

100GB fylgja með á Google Drive

1,5 kg

Verð áður 49.995

**34.995**

eða 3.409 kr. á mánuði

miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán, alls 40.900 kr. - ÁHK 36,5%

30% afsláttur

TOSHIBA

**CHROMEBOOK 13,3"**

| | |
|---|---|
| • Örgjörvi | Intel Celeron 1,4 GHz |
| • Vinnsluminni | 2GB DDR3 1600MHz |
| • Harður diskur | 16GB (+100GB á Google drive) |
| • Skjákort | Intel HD Graphics |
| • Skjár | 13,3" LED baklýst HD (1366x768) |
| • Stýrikerfi | Google Chrome |
| • Annað | HDMI, Bluetooth, rafhlöðuending allt að 8,5 klst., 1,5 kg |

TOSCB30102



finish

UPPÞVOTTATÖFLUR FYLGJA ÖLLUM SELDUM UPPÞVOTTAVÉLUM ALLA OPNUNARHELGINA

Þú sparar 20 þúsund

40 stk.

Kynningarverð

49.995

eða 4.702 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán, alls 56.425 kr. - ÁHK 24%

Verð eftir kynningu 69.995

A+ Orkuflokkur | 12 Manna | 48 db

Whirlpool

**UPPÞVOTTAVÉL**

- Stafræn vél sem gerð er fyrir innréttingu
- Seinkuð ræsing og 30 mín. hraðkerfi
- Spar- og kraftkerfi og kerfi fyrir viðkvæmt
- Lekavörn og sjálfhreinsandi affallssía

ADPU108WH



150 stk.

Verð áður 4.495

2.995

LOGIK

**SPORTBLANDARI**

- Lítríkur 250W sportdrykkjablandari
- Stiglaus hraði og stilling fyrir ísmola
- Blandar beint í tvo 300 ml plastbrúsa
- Brúsana má þvo í uppþvottavél

L300GR13E

33% afsláttur



30 stk.

Verð áður 13.995

9.797

TURTLE BEACH

**HEYRNARTÓL**

- Turtle Beach tölvuheyrnartól fyrir Playstation með útskiptanlegum eyrnapúttum, 4 mismunandi útlit. Tengimöguleikar eru 3,5 mm mini-jack, RCA og USB

TBEARMARVELSH

30% afsláttur



IPS 4,5" skjár

Full HD video 1080@30fps

4 kjarna örgjörvi

100 stk.

Verð áður 26.995

19.995

SONY

**GSM-XPERIA E3**

- IPS 4,5" snertiskjár (854x480)
- 5Mpix myndavél. Full HD video
- Quad- core 1,2 GHz örgjörvi
- 1GB vinnsluminni. 4GB minni

SONYE3(BLA/WHI/COP)

26% afsláttur



100 kr.

Yfir 100 DVD titlar á 100 kr. stk.



DUAL CORE | WiFi | 3D | 1200Hz | Bluetooth

55"

Panasonic

**LED SNJALLSJÓNVARP**

- Full HD – upplausn 1920x1080
- 1200Hz
- 4xHDMI, 1xSCART, 1xOptical o.fl.
- Stafrænn móttakari DVB-T2/C
- 3xUSB tengi fyrir myndbönd, tónlist og ljósmyndir
- 3D – 1 stk. gleraugu fylgja
- Smart TV með innbyggðu Wifi og Dual Core örgjörva
- Bluetooth

TX55AS650E

20 stk.

Kynningarverð

159.995

eða 14.190 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán, alls 170.275 kr. - ÁHK 11,5%

Verð eftir kynningu 199.995

Þú sparar 40 þúsund

Kiktu í ELKO í Lindum, fjöldi annarra opnunar-tilboða

ELKO LINDIR

# DAGSKRÁ

## SUNNUDAGUR



TVÖFALDUR ÞÁTTUR!

**Stöð 2 | 19:05**
**BRITAIN'S GOT TALENT**
Frábær skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna með stórkostlegu hæfileikafólki. Í seinni þættinum fer svo kosningin fram á meðal almennings í Bretlandi.

MEIRIHÁTTAR
SUNNUDAGUR!
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

**Stöð 2 | 20:40**
**MR. SELFRIDGE**
Stórskemmtileg þáttaröð um auðmanninn Harry Selfridge, stofnanda stórverslunarinnar Selfridges í Bretlandi.



**Stöð 2 | 21:30**
**SHAMELESS**
Bráðskemmtilegir þættir þar sem fjölskyldufaðirinn er forfallinn alkóhólisti, mamman löngu flúin og krakkarnir sjá um sig sjálfir.



**Stöð 2 | 22:25**
**60 MÍNÚTUR**
Vandaður þáttur í virtustu og vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi þar sem fjallað er um það sem hæst ber hverju sinni og fleira til.




**Stöð 2 | 23:15**
**THE JINX: THE LIFE AND DEATHS OF ROBERT DURST**
Vandaðir heimildarþættir þar sem kafað verður ofan í líf og feril bandaríska auðjöfursins Roberts Durst.




**Bíóstöðin | 22:00**
**THE DA VINCI CODE**
Tom Hanks leikur dulmálsfræðinginn Robert Langdon sem tekur að sér að rannsaka dularfullt morð á safnverði á Louvre-safninu.



**Krakkastöðin | 07:00-20:30**
**BARNAEFNI ALLA DAGA**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. Nánari upplýsingar á 365.is

### STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**07.01** **Strumparnir**
**07.25** **UKI**
**07.30** **Ævintýraferðin**
**07.40** **Elías**
**07.50** **Doddi litli og Eyrnastór**
**08.00** **Algjör Sveppi**
**09.00** **Grallararnir**
**09.20** **Kalli kanína og félagar**
**09.30** **Scooby-Doo! Leynifélagið**
**09.55** **Tommi og Jenni**
**10.20** **Xiaolin Showdown**
**10.40** **Ben 10**
**11.25** **iCarly** *(29.45)*
**11.50** **Nágrannar**
**113.10** **Nágrannar**
**13.35** **Poppsvar** *(3.7)*
**14.20** **Dulda Ísland** *(6.8)*
**15.10** **Lífsstíll** *(4.5)*
**15.40** **Heimsókn** *(7.8)*
**15.55** **Sjálfstætt fólk** *(26.26)*
**16.50** **Grillsumarið mikla**
**17.10** **Neyðarlínan** *(5.7)*
**17.40** **60 mínútur** *(36.53)*
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.55** **Sportpakkinn** *(94.100)*
**19.05** **Britain's Got Talent** *(10.18)*
**20.20** **Britain's Got Talent** *(11.18)*
**20.50** **Mr Selfridge** *(5.10)* Þriðja þáttaröðin um auðmanninn Harry Selfridge, stofnanda stórverslunarinnar Selfridges. Hún gerist á róstusömum tímum í Bretlandi þegar fyrri heimsstyrjöldin setti lífið í Evrópu á annan endann.
**21.40** **Shameless** *(3.12)*
**22.35** **60 mínútur** *(37.53)*
**23.20** **The Jinx. The Life And Deaths Of Robert Durst** *(4.6)*
**00.15** **Backstrom** *(13.13)*
**01.00** **Game of Thrones** *(10.10)*
**02.00** **Vice** *(11.14)*
**02.25** **Daily Show. Global Edition**
**02.50** **Misery** *(Eymd)*
**04.35** **Mr Selfridge** *(5.10)*
**05.25** **Fréttir**

### STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00** **Pólland - Georgía**
**08.40** **Armenía - Portúgal**
**10.20** **Ísland - Makedónía**
**12.00** **MotoGP 2015** Bein útsending frá Moto GP í Katalóníu.
**13.05** **Gíbraltar - Pýskaland**
**14.50** **Goðsagnir - Hörður Magnússon**
**15.25** **Ensku bikarmörkin 2015**
**15.55** **Rússland - Austurríki** Bein útsending frá leik Rússlands og Austurríkis í Undankeppni EM 2016.
**18.05** **NBA** Skemmtilegur heimildarþáttur frá NBA.
**18.35** **Svíþjóð - Svartfjallaland** Bein útsending frá leik Svíþjóðar og Svartfjallalands í Undankeppni EM 2016.
**20.40** **Úkraína - Lúxemborg**
**22.20** **Litháen - Sviss**
**00.00** **NBA - Final Game Golden State - Cleveland. Leikur 5** Bein útsending frá 5. leiknum í úrslitaeinvígi Golden State Warriors og Cleveland Cavaliers í NBA.

### STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**10.20** **N-Írland - Rúmenía**
**12.00** **Írland - Skotland**
**13.40** **Premier League World**
**14.10** **Leikmaðurinn** Sigurður Jónsson
**14.55** **Bestu leikirnir Chelsea - Arsenal - 29.10.11**
**15.25** **Stuðningsmaðurinn** Lúðvík Arnarson
**15.55** **Slóvenía - England** Bein útsending frá leik í Undankeppni EM 2016.
**18.00** **MD bestu leikirnir Inter - Arsenal - 25.11.05**
**18.30** **Manstu**
**19.20** **N-Írland - Rúmenía**
**21.00** **Slóvenía - England**
**22.40** **Víkingur - FH**
**00.30** **Pepsímörkin 2015**

### STÖÐ 3

**17.35** **The Amazing Race** *(7.12)*
**18.20** **One Born Every Minute UK**
**19.10** **Hot in Cleveland** *(21.22)*
**19.35** **Last Man Standing** *(4.22)*
**19.55** **Amercian Dad** *(16.18)*
**20.20** **Bob's Burgers** *(3.22)*
**20.45** **Brickleberry** *(4.13)*
**21.15** **Work It** *(3.13)*
**21.35** **The Bill Engvall Show** *(10.10)*
**22.05** **Drop Dead Diva** *(2.13)*
**22.45** **No Ordinary Family** *(3.20)*
**23.30** **Strike Back** *(2.10)*
**00.15** **Bob's Burgers** *(3.22)*
**01.00** **Brickleberry** *(4.13)* Bráðsmellnir teiknaðir gamanþættir um hóp misheppnaðra þjóðgarðsvarða sem sjá fyrir að garðinum þeirra verði lokað innan skamms. Gamanið hefst þegar þeim berst óvæntur liðsauki.
**01.20** **Work It** *(3.13)*
**01.45** **Tónlistarmyndbönd frá Bravó .**

### Krakkastöðin

**07.00** Strumparnir **07.25** Latibær **07.47** Elías **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.49** Tommi og Jenni **09.55** UKI **10.00** Brunabílarnir **10.22** Ævintýri Tinna **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Strumparnir **11.47** Elías **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.49** Tommi og Jenni **13.55** UKI **14.00** Brunabílarnir **14.22** Ævintýri Tinna **14.47** Ævintýraferðin **15.00** Strumparnir **15.25** Latibær **15.47** Elías **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.49** Tommi og Jenni **17.55** UKI **18.00** Brunabílarnir**18.22** Ævintýri Tinna **18.47** Ævintýraferðin **19.00** Hákarlabeita 2

### GULLSTÖÐIN

**18.30** **Friends** *(20.24)*
**19.00** **Modern Family** *(6.24)*
**19.25** **Mike & Molly** *(8.23)*.
**19.50** **The Big Bang Theory** *(1.24)*
**20.15** **Viltu vinna milljón?** *(23.30)*
**21.00** **Twenty Four** *(19.24)*
**21.45** **Covert Affairs** *(11.16)*
**22.30** **Anna Pihl** *(2.10)*
**23.15** **Sisters** *(7.22)*
**00.00** **Viltu vinna milljón?** *(23.30)*
**00.45** **Twenty Four** *(19.24)*
*(7.00 a.m. - 8.00 a.m.)*
**01.30** **Covert Affairs** *(11.16)*
**02.10** **Anna Pihl** *(2.10)*
**02.55** **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

### BÍÓSTÖÐIN

**09.00** **The Last Station**
**10.55** **Grown Ups 2**
**12.35** **Justin Bieber's Believe**
**14.05** **I Am**
**15.25** **The Last Station**
**17.20** **Grown Ups 2**
**19.00** **Justin Bieber's Believe**
**20.35** **I Am** Vönduð heimildarmynd frá leikstjóranum Tom Shadyac sem ferðaðist um heiminn og ræddi við helstu hugsuði okkar tíma og trúarleiðtoga um hvað hefur farið úrskeiðis í heiminum í dag og hvað við getum gert til þess að snúa við þeirri þróun og bæta lífsgæði okkar. Meðal viðmælenda eru Desmond Tutu og Noam Chomsky.
**22.00** **The Da Vinci Code**
**00.55** **Exam**
**02.35** **Rampart**
**04.20** **The Da Vinci Code**

### ÍNN

**14.00** Frumkvöðlar **14.30** Græðlingur **15.00** Íslands Safari **15.30** Siggi Stormur **16.00** Hrafnaþing **17.00** Lífæð Íslands **17.30** Skuggaráðuneytið **18.00** Björn Bjarna **18.30** Auðlindakistan **19.00** Á ferð og flugi **19.30** Sjónvarp Kylfings **20.00** Landsbyggðin á Hrafnaþingi **21.00** Auðlindagarðurinn **21.30** Sjónvarp Víkurfrétta **22.00** Hrafnaþing **23.00** Hvíta tjaldið **23.30** Eldhús meistaranna

### RÚV

**07.00** **Morgunstundin okkar** *(22.500)*
**07.01** **Kioka**
**07.08** **Ljónið Urri** *(45.52)*
**07.18** **Kalli og Lóa** *(18.26)*
**07.30** **Lundaklettur** *(11.39)*
**07.37** **Sara og önd** *(8.40)*
**07.44** **Róbert bangsi** *(22.26)*
**07.54** **Vinabær Danna tígurs** *(33.40)*
**08.05** **Hæ Sámur** *(11.52)*
**08.12** **Elías** *(11.52)*
**08.23** **Sigga Liggalá** *(11.52)*
**08.36** **Kúlugúbbarnir** *(7.26)*
**09.01** **Finnbogi og Felix** *(8.30)*
**09.23** **Sígildar teiknimyndir** *(22.30)*
**09.30** **Herkúles** *(8.13)*
**09.52** **Millý spyr** *(18.78)*
**09.59** **Klaufabárðarnir** *(2.70)*
**10.07** **Hrúturinn Hreinn** *(2.10)*
**10.20** **Enginn má við mörgum** *(3.5)*
**10.50** **Besta mataræði heims** *(2.2)*
**11.35** **Kengúru-Dundee**
**12.30** **Á sömu torfu**
**12.45** **Matador** *(11.24)*
**14.10** **Ísland - Svartfjallaland** *(Forkeppni HM kvenna í handbolta)* Bein útsending.
**16.15** **Handboltalið Íslands**
**16.30** **Táknmálsfréttir**
**16.40** **Ísland - Svartfjallaland**
**18.40** **Í sátt og samlyndi**
**19.00** **Fréttir**
**19.20** **Íþróttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.40** **Ferðastiklur** *(7.8)* *(Hálendið - austan Kreppu)* Lára Ómarsdóttir ferðast ásamt föður sínum um Vesturöræfi, Brúaröræfi og Möðrudalsöræfi.
**20.25** **Öldin hennar** *(24.52)*
**20.30** **Ljósmóðirin** *(6.8)*
**21.25** **Baráttan um þungavatnið** *(6.6)*
**22.10** **Hárið**
**00.05** **Návist** *(2.5)*

### SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**10.40** **The Talk**
**11.20** **The Talk**
**12.00** **Dr. Phil.**
**13.20** **Dr. Phil**
**14.00** **Cheers** *(22.26)*
**14.25** **Hotel Hell** *(2.8)*
**15.15** **Læknirinn í eldhúsinu** *(2.8)*
**15.40** **The Biggest Loser** *(16.27)*
**16.30** **The Biggest Loser** *(17.27)*
**17.20** **My Kitchen Rules** *(9.10)*
**18.05** **Parks & Recreation** *(20.22)*
**18.30** **The Office** *(12.27)*
**18.55** **Top Gear** *(3.6)*
**19.45** **Gordon Ramsay Ultimate Home Cooking** *(13.20)*
**20.15** **Scorpion** *(22.22)*
**21.00** **Law & Order** *(19.23)*
**21.45** **American Odyssey** *(4.13)*
**22.30** **Penny Dreadful** *(7.8)*
**23.15** **The Walking Dead** *(7.16)*
**00.05** **Rookie Blue** *(2.13)*
**00.50** **CSI. Cyber** *(12.13)*
**01.35** **Law & Order** *(19.23)*
**02.20** **American Odyssey** *(4.13)*
**03.05** **Penny Dreadful** *(7.8)*
**03.50** **Pepsi MAX tónlist**

### Golfstöðin

**08.00** Golfing World 2015 **08.50** PGA Tour 2015 **14.20** PGA Special: Tour Life **14.45** Inside the PGA Tour **15.10** Golfing World 2015 **16.00** PGA Tour **22.00** Golfing World 2015 **22.50** PGA Tour 2015 - Highlights **23.45** Dagskrárlok

### HRINGBRAUT

**11.00** Þjóðbraut *(e)* **11.45** Grillspaðinn *(e)* **12.00** Sjónarhorn *(e)* **12.30** Lífsins list *(e)* **13.00** Lífsstíll *(e)* **13.30** Kíkt í skúrinn *(e)* **14.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar *(e)* **15.00** Heimsljós *(e)* **15.30** Kvennaráð *(e)* **16.15** Mannamál *(e)* **17.00** Atvinnulífið *(e)* **17.30** 433.is *(e)* **18.00** Ritstjórarnir *(e)* **18.30** Þjóðbraut *(e)* **19.15** Grillspaðinn *(e)* **19.30** Fólk með Sirrý *(e)* **20.30** Sjónarhorn *(e)* **21.00** Mannamál *(e)* **21.45** Helgin *(e)* **22.15** Kvennaráð *(e)* **23.00** Lífsins list *(e)* **23.30** Atvinnulífið *(e)*

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


BYLGJAN
989
AUKATÓNLEIKAR
Ásgeir
ELDBORG Í HÖRPU 16. JÚNÍ KL. 23:00
MIÐASALA Á MIÐI.IS
ASGEIRMUSIC.COM

# Sumar útsala

MEIRA Á dorma.is

## HÆGINDASTÓLAR

mikið úrval – frábært verð

### TAMPA

hægindastóll





Stillanlegur hægindastóll. Svart, brúnt, grátt og ljóst leður á slitflötum. 80x90 H:105 cm.

Fullt verð: 99.900 kr.

Aðeins 79.900 kr.

### TUCSON

hægindastóll





Stillanlegur hægindastóll. Svart, brúnt, rautt og beigelitað leður á slitflötum. 85x90 H:104 cm.

Fullt verð: 99.900 kr.

Þú finnur Dormabæklinginn á dorma.is

Aðeins 79.900 kr.

Holtagörðum
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100

Afgreiðslutími
Mán. til fös. frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16
www.dorma.is

DORMA

Láttu drauminn rætast





vísir

Fáðu þér appið!
www.fasteignir.is




# DAGSKRÁ

LAUGARDAGUR

## STÖÐ 2

**06.10 Simpson-fjölskyldan**
**06.35 Myndbönd**
**07.00 Barnaefni Stöðvar 2**
**10.25 Villingarnir**
**10.50 Loonatics Unleashed**
**11.10 Tommi og Jenni**
**11.35 Beware the Batman**
**12.00 Bold and the Beautiful**
**13.45 Britain's Got Talent**
**15.20 Mr Selfridge**
**16.10 Hið blómlega bú 3**
**16.45 ET Weekend**
**17.30 Íslenski listinn**
**18.00 Sjáðu**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Sportpakkinn**
**19.05 Lottó**
**19.10 Bestu Stelpurnar**
**19.35 A Walk In the Clouds**
**21.15 Out of the Furnace** Spennumynd frá 2014 sem segir frá bræðrunum Russell og Rodney sem hafa búið við slæman kost alla tíð og dreymir um betra líf. Þegar Russell lendir í fangelsi missir Rodney fótfestuna og leiðist út í afbrot í slagtogi við ofbeldisfulla glæpaklíku.
**23.10 Loss of a Teardrop Diamond** Kvikmyndin er byggð er á handriti Tennessee Williams og segir sögu Fisher Willow sem snýr heim til Memphis eftir nám erlendis. Moldríkur faðir hennar er illa liðinn plantekrueigandi og orðspor hans gerir Fisher erfitt fyrir.
**00.50 Unforgiven**
**02.55 The Other End of the Line**
**04.45 The Double**

## SPORT

*besta sætið*

**08.45 Kazakhstan - Tyrkland**
**10.25 Króatía - Ítalía**
**12.05 Ísland - Tékkland**
**13.45 Meistaradeild Evrópu -** Fréttaþáttur
**14.15 Lettland - Holland**
**15.55 Armenía - Portúgal** Bein útsending
**18.05 Goðsagnir - Pétur Ormslev**
**18.40 Danmörk - Serbía** Bein útsending
**20.55 Armenía - Portúgal**
**22.40 Demantamótaröðin - New York**
**00.40 UFC Now 2015**
**01.30 UFC Countdown**
**02.00 UFC 188. Velasquez vs. Werdum** Bein útsending frá UFC 188.

## SPORT 2

*enski boltinn*

**09.40 Wales - Belgía**
**11.20 Premier League World**
**11.50 Eiður Smári Guðjohnsen**
**12.30 Chelsea - Wigan**
**12.55 Willum Þór Þórsson**
**13.25 Manstu**
**14.10 Wales - Belgía**
**15.55 Írland - Skotland** Bein útsending
**18.10 Chelsea - Barcelona**
**18.40 N-Írland - Rúmenía** Bein útsending
**20.45 Írland - Skotland**
**22.25 PL Classic Matches. Chelsea - Liverpool, 2001**
**22.55 N-Írland - Rúmenía**

## BÍÓSTÖÐIN

**08.05 Anchorman . The Legend of Ron Burgundy**
**09.40 Multiplicity**
**11.35 Dying Young**
**13.25 As Cool as I Am**
**15.00 Anchorman . The Legend of Ron Burgundy**
**16.35 Multiplicity**
**20.25 As Cool as I Am**
**22.00 X-Men. Days Of Future Past**
**00.10 Grudge Match**
**02.05 The Grey**
**04.00 X-Men. Days Of Future Past**

## STÖÐ 3

**17.35 Junior Masterchef Australia**
**18.25 The Bill Engvall Show**
**18.45 The World's Strictest Parents**
**19.45 One Born Every Minute UK**
**20.35 Bob's Burgers** *(2:22)* Skemmtileg teiknimyndasería um mann sem rekur hamborgarastað og skrautlega fjölskyldu hans.
**21.00 Amercian Dad** *(15:18)* Ellefta teiknimyndaserían um Stan og fjölskyldu hans frá höfundum Family Guy. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins.
**21.20 Cougar Town** *(2:13)* Fimmta syrpa þessara frábæru gamanþátta með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar, einstæðrar móður unglingsdrengs.
**21.45 The Listener** *(1:13)* Þriðja serían af þessum dulmögnuðu spennuþáttum um ungan mann sem nýtir skyggnigáfu sína til góðs í starfi sínu sem sjúkraflutningamaður.
**22.30 Revolution**
**23.15 Work It**
**23.35 Bob's Burgers**
**00.00 Amercian Dad**
**00.25 Cougar Town**
**00.45 The Listener**
**01.30 Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.49** Tommi og Jenni **07.55** UKI **08.00** Brunabílarnir **08.22** Ævintýri Tinna **08.47** Ævintýraferðin **09.00** Strumparnir **09.25** Latibær **09.47** Elías **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.49** Tommi og Jenni **11.55** UKI **12.00** Brunabílarnir **12.22** Ævintýri Tinna **12.47** Ævintýraferðin **13.00** Strumparnir **13.25** Latibær **13.47** Elías **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.49** Tommi og Jenni **15.55** UKI **16.00** Brunabílarnir **16.22** Ævintýri Tinna **16.47** Ævintýraferðin **17.00** Strumparnir **17.25** Latibær **17.47** Elías **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Elías og Fjársjóðsleitin

## GULLSTÖÐIN

**17.25 Friends**
**17.50 Modern Family**
**18.10 Mike and Molly**
**18.35 The Big Bang Theory**
**19.00 Sælkeraferðin**
**19.20 Stelpurnar** *(3:20)*
**19.45 Without a Trace** *(16:24)* Önnur syrpa þessara vinsælu glæpaþátta sem fjallar um sérstaka deild innan FBI sem rannsakar mannshvörf með Anthony LaPaglia í aðalhlutverki.
**20.30 The Secret Circle** *(22:22)* Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem flytur til smábæjar í Washington og er tekin inn í leynifélag unglinga sem búa allir yfir óvenjulegum hæfileikum.
**21.10 Anna Phil** *(1:10)* Stöð 2 Gull rifjar upp dönsku þáttaröðina um lögreglukonuna Önnu Pihl sem reynir að sameina einkalíf og erilsamt starf á Bellahojstöðinni í Kaupmannahöfn.
**21.55 Covert Affairs** *(10:16)*
**22.40 Sælkeraferðin**
**23.00 Stelpurnar**
**23.20 Without a Trace**
**00.05 The Secret Circle**
**00.45 Anna Phil**
**01.30 Covert Affairs**
**02.15 Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## ÍNN

**17.00** Hvíta tjaldið **17.30** Eldhús meistaranna **18.00** Hrafnaþing **19.00** Hvíta tjaldið **19.30** Eldhús meistaranna **20.00** Hrafnaþing **21.00** Lífæð Íslands **21.30** Stjórnarráðið **22.00** Björn Bjarna **22.30** Auðlindakistan **23.00** Á ferð og flugi **23.30** Ferðafélagsþættir **00.00** Landsbyggðin á Hrafnaþingi.

## RÚV

**07.00 Morgunstundin okkar**
**10.20 Heilabrot**
**10.50 Maðurinn og umhverfið**
**11.20 Kökugerð í konungsríkinu**
**11.50 Útsvar**
**12.55 Silkileiðin á 30 dögum**
**13.40 Golfið**
**14.10 Ferðastiklur**
**14.55 Bækur og staðir**
**15.05 Áhrifakonur heimsins**
**15.55 Á götunni**
**16.25 Ástin grípur unglinginn**
**17.10 Táknmálsfréttir**
**17.20 Franklín og vinir hans**
**17.43 Unnar og vinur**
**18.05 Hið ljúfa líf**
**18.25 Drekasvæðið**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.20 Íþróttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Enginn má við mörgum** *(3:6)*
**20.15 Rokkarinn** *(The Rocker)* Bandarísk gamanmynd um seinheppinn gaur í rokkhljómsveit sem fær uppgjafarokkara og frænda sinn til liðs við sig til að auka vinsældir hljómsveitarinnar.
**21.55 Krafan** *(The Claim)* Áhrifamikil og rómantísk mynd sem gerist árið 1867 á tímum gullæðis í Sierra Nevada-fjöllunum í Bandaríkjunum.
**23.55 Græna svæðið** *(Green Zone)*
**01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**10.25 The Talk**
**12.25 Dr. Phil**
**13.45 Cheers**
**14.10 30 Rock**
**14.35 Parks & Recreation**
**14.55 Reckless**
**15.40 Coldplay. Ghost Stories**
**16.30 The Voice**
**18.00 Psych**
**18.45 Scorpion**
**19.30 Jane the Virgin**
**20.15 Eureka** *(7:14)* B
**21.00 Lost Girl** *(7:13)*
**21.50 The New World** Dramatísk stórmynd með Colin Farrell, Q'orianka Kilcher og Christopher Plummer í aðalhlutverkum.
**00.05 Fargo**
**00.55 Unforgettable**
**01.40 CSI**
**02.25 Eureka**
**03.15 Lost Girl**
**04.05 Crank 2**
**05.45 Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00 PGA Tour 2015**
**11.00 PGA Tour 2015 - Highlights**
**11.55 Golfing World 2015**
**12.45 US Open 2002**
**16.35 Inside The PGA Tour 2015**
**17.00 PGA Tour 2015**
**22.00 PGA Tour 2015**

## HRINGBRAUT

**00.00** Helgin **00.30** Kvennaráð **01.15** Lífsins List **01.45** Tara og Trixin **02.00** Helgin **02.30** Kvennaráð **03.15** Lífsins List **03.45** Tara og Trixin **04.00** Helgin **04.30** Kvennaráð **05.15** Lífsins List **05.45** Tara og Trixin **06.00** Helgin **06.30** Kvennaráð **07.15** Lífsins List **07.45** Tara og Trixin **08.00** Helgin **08.30** Kvennaráð **09.15** Lífsins List **09.45** Tara og Trixin **10.00** Fólk með Sirrý **11.00** Þjóðbraut **11.45** Grillspaðinn **12.00** Sjónarhorn **12.30** Lífsins List

**13.00** Lífsstíll **13.30** Kíkt í skúrinn **14.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar **15.00** Heimsljós **15.30** Kvennaráð **16.15** Mannamál **17.00** Atvinnulífið **17.30** 433.is **18.00** Ritstjórarnir **18.30** Þjóðbraut **19.15** Grillspaðinn **19.30** Fólk með Sirrý **20.30** Sjónarhorn **21.00** Mannamál **21.45** Helgin **22.15** Kvennaráð **23.00** Lífsins List **23.30** Atvinnulífið

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

Afmælistónleikar

19. september 2015

# MAGGI EIRÍKS
# 70 ára



Reyndu aftur

Braggablús

Elska þig

Vegurinn heim

Samferða

Ó, þú

Magnús Eiríksson fagnar sjötíu ára afmæli sínu með stórtónleikum í Eldborg, þann 19. september. Dregnir verða fram gimsteinar, konfektmolar og blúsaðar perlur úr óviðjafnanlegu lagasafni Magnúsar sem fyrir löngu er samofið þjóðarsál Íslendinga. Nýir og gamlir vinir líta við s.s. KK, Ellen Kristjánsdóttir, Valdimar Guðmundsson, Pálmi Gunnarsson o.fl. Hljómsveit ásamt strengjasveit leikur undir stjórn Þóris Úlfarssonar.

**Ómissandi tónleikar fyrir ómissandi fólk.**

## Aukatónleikar

**Kl. 21 – Uppselt**

**Kl. 17 – Aukatónleikar**

**Miðasala hafin á aukatónleika: harpa.is | 528 5050 | tix.is**

HARPA

DÆGURFLUGAN

**NÆRMYND**



# Nanna Hermannsdóttir

**Nemi og aktívisti**

Nanna Hermannsdóttir er ein þeirra sem staðið hafa að brjóstabyltingunni Free the Nipple sem vart hefur farið fram hjá fólki. Í dag fer fram önnur lota byltingarinnar á Austurvelli þar sem Nanna fer fremst í flokki berbrystinga.

**Adda Þóreyjar og Smáradóttir**
**vinkona**



Nanna er einfaldlega æðisleg manneskja. Hún er mögnuð kona sem er rosalega kraftmikil og býr yfir gríðarlega mikilli orku. Nanna er þessi týpa sem er alltaf til í að gera allt fyrir alla í kringum sig. Nanna var mín hægri hönd í Free the nipple-brjálæðinu og stóð eins og klettur með mér þar.

**Sunna Ben**
**vinkona**



Hún Nanna er ótrúlega dugleg, eldklár og hefur verið að gera magnaða hluti, svo sem í Free the nipple-byltingunni allri. Nanna er sannarlega mikið Twitter legend, og þar lágu einmitt leiðir okkar saman, en hún er mjög virk á þeim miðli. Nanna er hávær í baráttunni og hefur gert svo mikið fyrir málstaðinn og heldur ótrauð áfram.

**Natan Þóreyjar og Kolbeinsson**
**vinur**



Nanna er einhver opnasta manneskja sem ég hef á ævinni kynnst. Hún er hress, skemmtileg og sannkölluð stórstjarna á samfélagsmiðlunum, þar sem hún lætur sannarlega til sín taka. Við kynntumst einmitt á Twitter. Hún á mjög auðvelt með að kynnast nýju fólki.









**ÞRÖNG Á ÞINGI** Líkt og sjá má á þessari mynd var talsvert þröngt í blæjubílnum, en fullvaxta karlkyns sankti bernharðshundur er 77-100 kíló að þyngd. MYND/KARTAN HREINSSON

# Á vissum tímapunkti frussurigndi hundaslefi

**Igor, JR og Gucci vöktu athygli í nýju tónlistarmyndbandi Úlfs Úlfs við lagið Brennum allt. Þar má sjá þá á rúntinum í blæjubíl með rapparanum Kött Grá Pje.**

Þrír stæðilegir sankti bernharðshundar vöktu athygli fyrir stórleik í nýju myndbandi við Brennum allt með hljómsveitinni Úlfur Úlfur en lagið má finna á nýútkominni breiðskífu hennar, Tveimur plánetum.

Hundarnir, sem heita Igor, JR og Gucci, sjást í myndbandinu þeytast um í blæjubíl og í göngutúr með rapparanum Kött Grá Pje en lagið er unnið í samstarfi við hann.

Hann ber hundunum vel söguna og segir þá prýðis samstarfsmenn þrátt fyrir talsverða munnvatnsframleiðslu.

„Fyrir mig var það ósköp átakalaust og að flestu leyti indælt,“ segir hann léttur um samstarfið. „Hins vegar slefuðu þeir mikið í hárið á mér. Á vissum tímapunktum svona frussurigndi yfir mig,“ segir hann glaður í bragði og auðheyrt er að það hefur ekki farið mikið fyrir brjóstið á honum.

„Það eina var að þeir komust eiginlega ekki fyrir í bílnum, það var mjög tæpt. En þeir voru mjög elskulegir og góðir. Felldu sig ágætlega við mig sem angaði allur af kattalykt,“ segir hann hress. „Mér fannst erfiðara að keyra þennan ægilega trukk heldur en að vera með hundunum.“

Upptökurnar stóðu yfir í nokkra tíma og var Guðný Vala Tryggvadóttir, eigandi hundanna og hundaræktunarinnar Sankti-Ice, á staðnum við upptökurnar ásamt aðstoðarkonu.

„Hún Guðný og konan sem var með henni eru rétt fyrir utan mynd allan tímann að gilligilla blessaða hundana til þess að halda þeim góðum,“ segir hann en auk þess að fara á rúnt í blæjubíl tóku hundarnir ríflegan göngutúr ásamt rapparanum og fengu því vafalítið talsverða hreyfingu út úr deginum.

Kött Grá Pje útlokar ekki að hann muni einhvern tíma fá sér sankti bernharðshund þótt það verði ekki í nánustu framtíð. „Ég held að kisan mín yrði frekar óánægð með það. Ég á litla kisu sem er frek á mig. En ég gæti vel hugsað mér það einhvern tíma seinna þegar hún er orðin gömul og skeytingarlaus um mig því þeir voru algjört æði.“

Guðný Vala eignaðist sinn fyrsta sankti bernharðshund árið 1997, þá sautján ára gömul, og segir áhugann meðfæddan.

Myndbandið, sem leikstýrt er af Magnúsi Leifssyni, er frumraun þeirra Igors, JR og Gucci fyrir framan tökuvélarnar. „Þetta var þeirra fyrsta tónlistarmyndband og vonandi ekki það síðasta,“ segir hún glöð í bragði.

Hún hælir sömuleiðis Kött Grá Pje og tekur undir að hann hafi



**TIL FYRIRMYNDAR** Hér má sjá Guðnýju, Kött Grá Pje, hundana og leikstjórann Magnús Leifsson við upptökur. MYND/KJARTAN HREINSSON

> **Hinsvegar slefuðu þeir mikið í hárið á mér. Á vissum tímapunktum svona frussuringdi yfir mig.**
> *Kött Grá Pje*

þurft að þola talsvert slef við upptökurnar. „Það var svolítið heitt þarna og undir lokin voru þeir nú farnir að vera svolítið blautir eins og maður segir,“ segir hún hlæjandi og bætir við: „Hann var engin pempía, við getum alveg sagt það.“

gydaloa@frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# Jibbí jei!

## Body Butter og Sturtugel í risapakkningum

# með 25% afslætti

dagana 13. - 16. júní




### Body Butter í risakrukku

Val er milli 8 eftirfarandi vörutegunda sem allar eru **400**ml: Argan oil, Coconut, Moringa, Olive, Pink grapefruit, Satsuma, Mango og Shea

**Verð nú: 3.960 kr.**

Verð áður: 5.290 kr.

### Sturtugel í risabrúsa

Val er milli 6 eftirfarandi vörutegunda sem allar eru **750**ml: Argan oil, Mango, Moringa, Olive, Pink grapefruit og Strawberry

**Verð nú: 2.615 kr.**

Verð áður: 3.490 kr.

25% afsláttur




THE BODY SHOP®

KRINGLUNNI, SMÁRALIND, GLERÁRTORGI

588 7299 564 6552 462 7299

# HELGARTILBOÐ










# GERUM ÞAÐ SKEM



















BK KLÚBBTILBOÐ

**BROIL KING gasgrill GEM SUPER**, 8,8 kW, ryðfrítt stál brennarakerfi, aðal eldunarsvæði er 49x32,5 cm, 3 brennarar.

39.995 kr.

50657518 Almennt verð: 49.995 kr.

BK KLÚBBTILBOÐ

**BROIL KING Gasgrill MONARCH 320**, 8,8 kW, ryðfrítt brennarakerfi, aðal eldunarsvæði er 57x37cm, 3 brennarar.

64.995 kr.

50657510 Almennt verð: 69.995 kr.

BK KLÚBBTILBOÐ

**OUTBACK Hunter gasgrill**, 3 brennarar, 11,88 kW.

54.995 kr.

50630086 Almennt verð: 64.995 kr.

BK KLÚBBTILBOÐ

**Sláttuorf BC139**, fjórgengismótor, 0,7 kW, 43 cm sláttubreidd.

24.995 kr.

53323120 Almennt verð: 29.995 kr.

# SUMARHÁTÍÐ BYKO




## Sumarhátíð í öllum verslunum BYKO í dag frá kl. 13-15.

**Boðið upp á pylsur, gos og safa.**

**Sundpokar, buff og nammi fyrir ungu kynslóðina.**

**BYKO Breidd:**
**Andlitsmálari, blaðrari og ráfari frá**
**SIRKUS ÍSLAND.**







**HELGARTILBOÐ**




**25% AFSLÁTTUR**

**Kjörvari 14**, viðarvörn, margir litir, 4 l.

**3.745**kr.

86332040-9040
Almennt verð: 4.995 kr.

**HELGARTILBOÐ**




**25% AFSLÁTTUR**

**Stéttvari**, gljáandi eða mattur, 4 l.

**4.474**kr.

86880040-140
Almennt verð: 5.965 kr.

**HELGARTILBOÐ**




**25% AFSLÁTTUR**

**Hálkuvari, 1 l.**

**1.496**kr.

86880010
Almennt verð: 1.965 kr.



**SPEKTER** pallavírbusti.

**3.465**kr.

84163500



**XTRA-pensill**, 120 mm.

**2.495**kr.

58365522

**HELGARTILBOÐ**




**Kjörvari pallaolía.**

**3.595**kr.

86363040-540
Almennt verð: 4.795 kr.

**Kjörvari pallaolía,**
glær, græn, hnota, fura, rauðfura eða rauðviður, 4 l.

**25% AFSLÁTTUR**

**SPEKTER** pallaskrúbbur.

**2.995**kr.

84105030

byko.is

SUMARLEIKUR BYKO VERÐUR Í GANGI Í ALLT SUMAR - VERTU MEÐ

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177

Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

## BAKÞANKAR

Bergs Ebba
@bergurebbi



# Klói og #réttsýnin

Hér fer fram spurningaleikur. Ímyndið ykkur eftirfarandi aðstæður:

**MJÓLKURSAMSALAN,** MS, vill bæta ímynd sína. Stjórnendur þar á bæ ákveða að láta flaggskip sitt, sjálfa kókómjólkina, fara fyrir ímyndarherferð sem mun standa yfir allt árið 2016. Klói köttur, andlit kókómjólkurinnar, er dubbaður upp í mismunandi gervi á kókómjólkurfernunum eftir því hvaða mánuður á í hlut. Gervin eiga að endurspegla íslenska þjóðarvitund.

Í febrúar er Klói í búningi sjómanns, skeggjaður og úfinn, til að tákna frumkvöðlana sem reru til fiskjar á útmánuðum á meðan Ísland var enn bændasamfélag. Í júní er Klói í gervi Jóns Sigurðssonar, til að minnast fæðingardagsins 17. júní, sem einnig er þjóðhátíðardagur Íslendinga. Í ágúst er ákveðið að fernan skuli prýdd Klóa klæddan dragi – í þröngum kjól með varalit. Þetta er gert til að tákna sameiningarmátt hinsegingöngunnar sem haldin er ár hvert í ágúst og er stór hluti íslenskrar nútímamenningar.

**SPURNINGALEIKURINN** er eftirfarandi. Hvað af eftirfarandi myndir þú gera í ljósi þessara upplýsinga:

A) Tryllast yfir kattarþvætti MS.
B) Fagna framlagi MS til íslenskrar þjóðmenningar.
C) Tryllast yfir því að klæðskiptingur prýði fernu drykkjar sem höfðar til barna.
D) Fagna því að Klói köttur sé í dragi enda eyði það fordómum gagnvart klæðskiptingum.
E) Hefja herferð þar sem fólk er hvatt til að skipta alfarið yfir í Nesquick #BoyKöttumKöttinn.
F) Fara í herferð gegn herferðinni sem hvetur fólk til að drekka Nesquick því það er framleitt af Nestlé sem drap börn í Afríku með þurrmjólk á 9. áratugnum #FokkNestlé #ÉgSýgAðeinsKlóa.
G) Hvetja fólk til að róa sig og að aðgát skuli höfð í nærveru sálar.
H) Benda á að Klói sé fórnarlamb í málinu.

**YKKUR** kann að þykja þetta kjánalegur leikur en að mínu mati fer hann fram á hverjum einasta degi á okkar annars ágæta landi.




YFIRBURÐIR
Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðallestur á tölublað 18–49 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.– mar. 2015

Allt sem þú þarft ...



# Sumarið þitt er blómlegt

Þegar þjóðhátíð er framundan er gott að fara að huga að sparifötunum til að geta skartað sínu fegursta. Það er ekki síður gaman að fegra umhverfið og litrík sumarblóm setja garðinn, svalirnar, pallinn og hvaða útisvæði sem er í sannkallaðan sparibúning. Á sumarmarkaði IKEA fæst breitt úrval af fjölbreyttum sumarblómum og fylgihlutum. Leyfðu sumrinu þínu að springa út!

**GARÐLILJA** sumarblóm. Ýmsir litir **1.590,-**

**GRÄSET** blómapottur. B25×L72, H40cm. Svart **6.950,-**

íslenskt **895,-/10 í pk.**
**STJÚPUR** sumarblóm. Ýmsir litir

TILBOÐ
**ÖSTLIG** blómapottar B37×L37, H40cm. Ýmsir litir **2.990,-/stk.**
*Verð áður ~~6.950,-~~*

**KOKOSNÖT** gróðurmold. 15l Kókoshnetutrefjar og hýði **590,-**

TILBOÐ
**ÖSTLIG** blómapottar Ø34, H50cm Ýmsir litir **1.990,-/stk.**
*Verð áður ~~4.950,-~~*

íslenskt
**SNÆDRÍFA** sumarblóm **1.290,-**

**1.890,-**
**SÝPRUS** H120cm. Sígrænt

**3.450,-/stk.**
**SOCKER** blómakassar m/festingu B19×L54, H12cm. Ýmsir litir

íslenskt **895,-**
**SÓLBOÐI** sumarblóm

TILBOÐ
**GRÄVA** blómapottar. Ø48, H35cm Ýmsir litir **1.690,-/stk.**
*Verð áður ~~2.950,-~~*

**SOCKER** blómapottar með festingu B23×L34cm. Blómapottar Ø10,5, H20cm. Hvítt **4.950,-**

íslenskt
**SKRAUTNÁL** sumarblóm **995,-/10 í pk.**

íslenskt
**TÓBAKSHORN** sumarblóm Ýmsir litir **995,-**

íslenskt
**FLAUELSBLÓM** sumarblóm Ýmsir litir **1.290,-/10 í pk.**

© Inter IKEA Systems B.V. 2015

**VEITINGASTAÐURINN** **995,-**
*Á matseðli í júní*
Hálfur grillaður kjúklingur með frönskum, hrásalati og sósu
*Bættu okkar einstöku heimagerðu chilisósu á kjúklinginn fyrir 100 kr.*

IKEA®

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**



## NORD

9




Staður fyrir sælkera sem gera kröfur. Dýrindis matur, framleiddur á staðnum úr ferskasta hráefninu hverju sinni.

## RAMMAGERÐIN

10




Ein elsta gjafavöruverslun landsins, stofnuð 1940. Íslensk hönnun og handverk frá hundruðum aðila um allt land.

## 66° NORÐUR

11




Í nýrri og stærri verslun 66°NORÐUR er að finna veglegt úrval útivistarfatnaðar fyrir börn og fullorðna sem er sérstaklega hannaður fyrir íslenska náttúru og veðurfar.

## BLÁA LÓNIÐ

12




Húðvörur byggðar á einstöku samspili náttúru og vísinda. Vörurnar eru unnar úr einstökum jarðsjó Bláa Lónsins og náttúrulegum innihaldsefnum hans: kísil, þörungum og steinefnum.

## PURE FOOD HALL

13




Dásamlegar sælkeravörur í hæsta gæðaflokki frá Íslandi, Frakklandi og fleiri löndum. Allar gjafirnar fyrir vini og fjölskyldu erlendis á einum stað.

## AIRPORT FASHION

14




Glæsileg tískufataverslun með áherslu á vandaðan tískufatnað frá þekktum íslenskum og erlendum fatahönnuðum.

## #wheninKEF

*Ferðalög eru uppbrot og ævintýri. Tími til að njóta þess sem lífið býður upp á. **KEF** er upphafsreiturinn, staður til að láta ýmislegt eftir sér. **#wheninKEF** …*

15-1047 - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# STÖÐUGUR VÖXTUR
# SPENNANDI FRAMTÍÐ

*Frá því flugstöðin á Keflavíkurflugvelli var vígð 1987 hefur ótrúlega margt breyst. Fjöldi farþega um flugvöllinn hefur fimmfaldast á þessum tíma og mikil uppbygging átt sér stað á flugvellinum. Á næstu árum gera spár ráð fyrir enn meiri vexti og að heildarfjöldi farþega verði orðinn um sjö milljónir árið 2020. Alls fljúga tuttugu flugfélög til og frá Íslandi í sumar og áætlaður farþegafjöldi er 4,5 milljónir.*

*Isavia hefur brugðist við þessari fjölgun farþega með stækkun mannvirkjanna sem hefur farið fram í nokkrum áföngum og mun halda áfram næstu árin.*

*Hér eru ýmsar skemmtilegar staðreyndir um þróun Keflavíkurflugvallar, flugstöðvarinnar og fleiri fróðleiksmolar um starfsemina.*

**1987**
Flugstöðin er vígð. **22.000 m²** að stærð.

**15. APRÍL 1987**
Fyrstu farþegarnir fara í gegn. Þeir koma frá Chicago með DC-8.

**1988**
Farþegafjöldi um flugstöðina á árinu: **806.179.**

**1996**
Farþegafjöldi um flugstöðina á árinu: **1.024.650.**

**25. MARS 2001**
Suðurbygging opnuð. Schengen-samstarfið tekur gildi. Flugstöðin stækkar um **16.000 m².**

**2002**
Farþegafjöldi um flugstöðina á árinu: **1.219.405.**

**2006**
Sjálfvirkniväðing í innritun hefst.

**1. JÚLÍ 2006**
Farþegafjöldi nær **tveimur milljónum.**

**VOR 2007**
Verslunar- og veitingarými stækkað og innritunarborðum fjölgað úr 30 í 44. Flugstöðin orðin **56.000 m².**

**2009**
Besti flugvöllur Evrópu samkvæmt þjónustukönnun Airport Council International.

**2011**
Besti flugvöllur Evrópu, í flokki minni flugvalla, samkvæmt þjónustukönnun Airport Council International.

**2013**
**3.209.848** farþegar fara um flugvöllinn með 20 flugfélögum.

**2014**
Flugvöllurinn aftur valinn sá besti í Evrópu og tekinn inn í heiðurshöll Airport Council International.

**2015**
Nýtt og betra verslunarsvæði opnað í flugstöðinni.

**2016**
Núverandi stækkunarvinnu, sem hófst 2014, lýkur. Suðurbyggingin stækkar um **5.000 m².** Spá fyrir 2020 gerir ráð fyrir sjö milljónum farþega og 12–15 milljónum 2040.

**2040**
Þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar gerir ráð fyrir að á næstu 25 árum verði stærð flugstöðvarinnar tvöfölduð og bætt við einni flugbraut.

## FJÖLGUN FLUGFÉLAGA UM KEFLAVÍKURFLUGVÖLL

*Í áætlunarflugi í sumaráætlun*




## FJÖLGUN FARÞEGA UM KEFLAVÍKURFLUGVÖLL




**6.500.000**
**TÖSKUR FÓRU Í GEGNUM KEFLAVÍKURFLUGVÖLL**
*ÁRIÐ 2014*